Andri Snær loksins með skáldsögu

Eiginkonan harðasti gagnrýnandinn ▶28

DRAUMURINN RÆTTIST

Með samning við hönnunarrisa

▶74

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ

28. september 2013

228. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2012

PÓLITÍKIN, HRUNIÐ OG ÍSLAND GOT TALENT

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir gerir upp við fortíðina um leið og hún horfir til framtíðar. Hún styður enn Sjálfstæðisflokkinn og býst við að Kristján Arason hefði ekki þurft að hætta í pólitík ef hlutverkum þeirra væri víxlað. ▶22

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

UPPGJÖR BJÖRNS ZOËGA

Gafst upp á stjórnvöldum, sagði upp og ætlar að einbeita sér að læknastörfum. ▶12

MAMMA ANGÓLA FÉKK NÝTT NÝRA

Ana María Unnsteinsson í góðum bata. ▶74

HAGRÆTT UM TUGI MILLJARÐA

SÉRBLAÐ UM GRAND HÓTEL REYKJAVÍK FYLGIR BLAÐINU Í DAG

Grand Hótel Reykjavík

ÖLLHÁRSNYRTITÆKI

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

byggtogbúið | Kringlunni

AF ÖLLU HJARTA

FRÉTTIR 2→13

EKKI RÁÐ Á TANNLÆKNI 4
Tvöföldun hefur orðið á fólki í tekjulægsta hópnum sem ekki hefur efni á tannlæknaþjónustu.

500 MILLJARÐAR 6
Reykjavík Geothermal hefur gert 500 milljarða samning um jarðvarmavinnslu í Eþíópíu.

LAMAÐUR FÆR EKKI FULLAR BÆTUR 6
Maður sem járnteinar stungust í gegnum við fall við sumarbústað fær ekki óskertar bætur vegna ölvunar segir héraðsdómur.

„Reynsla okkar er klárlega sú að eftir því sem ríki eru opnari verður ábatinn meiri, jafnvel hliðarábatar sem ekki höfðu verið ráðgerðir.“ **8**

Angel Gurría, framkvæmdastjóri OECD, var á alþjóðlegri ráðstefnu í gær inntur eftir áliti sínu á stöðu Íslands og íslensks samkeppnisumhverfis innan gjaldeyrishafta.

SKOÐUN 16→18

PUND JÓNASAR 16
Þorsteinn Pálsson um gjaldmiðla.

UPP ÚR SVARTHOLINU 18
Svala Ísfeld Ólafsdóttir um SÁÁ.

ÓSK UM SAMSTARF 18
Þorsteinn Víglundsson um Evrópusambandsmál.

HELGIN 20→44

PYKJUM FUNDVÍS Á STJÖRNUR 20
Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík (RIFF) sem hófst í tíunda sinn á fimmtudag, segir hátíðina komna á kortið sem eina af mörgum áhugaverðum kvikmyndahátíðum í Evrópu.

MIKLAR ÖFGAR Í ALLRI UMRÆÐUNNI 22
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra, segir algerlega vanhugsað hjá ríkisstjórninni að slíta aðildarviðræðunum við ESB. Hún er í nýju starfi innan Samtaka atvinnulífsins og kveðst frjálsari þar en í landsmálapólitíkinni.

GAMLIR FLÖSKUHÁLSAR HAMLA NÁMI 32
Fjölmargir iðnnemar komast ekki að í vinnustaðanámi. Nám margra tefst um mislangan tíma, aðrir snúa sér að öðru eftir langa leit.

ÖRSNAUÐUR SJÚKLINGUR SKAL PRÆLA Í JÁRNUM 40
Illugi Jökulsson rakst í fornum plöggum á söguna um Helga Guðmundsson sem uppi var á 18. öld, og fannst sárt til að vita að útlenskur embættismaður Danakóngs sýndi þeim vesaling meiri skilning en Íslendingar sjálfir.

MENNING 58→74

THIS IS SANLITUN FÆR TVÆR STJÖRNUR 54
Gagnrýnandi Fréttablaðsins segir myndina áferðarfallega en ekki besta verk Róberts I. Douglas.

SPORT 68

HVER FÆR GULLSKÓINN Í ÁR? 68
Úrslitin eru ráðin á toppi og botni en það er enn mikil spenna í baráttunni um markakóngstitilinn í Pepsi-deild karla í fótbolta. Atli Viðar vantar gullskóinn til að fullkomna safnið.

ATLI VIÐAR Í ÚRVALSHÓP 69
FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson varð um síðustu helgi sjöundi leikmaðurinn sem nær að eiga fimm tíu marka tímabil í efstu deild á Íslandi.

FIMM Í FRÉTTUM KATTARFÁR, MÓTMÆLI OG TÍU ÞÚSUND KRÓNUR

Félagarnir Annþór Kristján Karlsson og **Börkur Birgisson** mættu í málsmeðferð í Hæstarétti Íslands á þriðjudaginn. Þeir breyttu út af vananum og komu án þess að hylja sig, enda ekki heimilt að hylja sig í Hæstarétti. Börkur kom þó skilaboðum áleiðis, „sekur uns sakleysi er sannað?“ Þegar stórt er spurt.

Hin danska **Susanne Alsing** var á leiðinni til Bandaríkjanna þegar klóku læðunni Nuk tókst að flýja úr einkaþotu hennar á Reykjavíkurflugvelli. Alsing fékk björgunarsveitir til að leita að kisu og lofaði hverjum þeim sem fyndi Nuk 100 þúsund krónum í fundarlaun. Kisi fannst þó örfáum dögum síðar, rétt hjá flugvélinni.

Og það var hart barist í Garðahrauni þar sem um þrjátíu Hraunavinir stöðvuðu framkvæmdir. Ástæðan er sú að Hraunavinir hafa stefnt Vegavinnunni fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem þeir telja enga heimild fyrir framkvæmdunum. Enginn dómur hefur gengið í málinu en framkvæmdir eiga engu að síður að hefjast.

Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra ákvað í vikunni að leggja fram frumvarp á Alþingi í von um að afturkalla nýleg lög um náttúruvernd. Þetta þótti umdeilt vægast sagt, ekki síst í ljósi þess að lögin gengu í gegnum ítarlega endurskoðun á síðasta kjörtímabili.

➜ Seðlabanki Íslands tilkynnti svo um nýjan tíu þúsund króna seðil í vikunni. Það eru í sjálfu sér engar gleðifréttir, enda til vitnis um verðbólgu í landinu. Seðillinn er þó hinn glæsilegasti, Jónas Hallgrímsson prýðir seðilinn ásamt hinni rammíslensku lóu. Og spaðarnir hlaða í tíu þúsund króna búntin.

Leikskólabarni býðst ekki grænmetisfæði

Leikskóli í Kópavogi neitar að útbúa grænmetisrétti fyrir barn en móðir þess verður að koma með mat að heiman. Samtök grænmetisæta segja málið lýsa skilningsleysi á aðstæðum grænmetisæta og að athugasemdum verði komið á framfæri.

SAMFÉLAGSMÁL „Þetta er skrítið viðhorf,“ segir Sigrún Jóelsdóttir, en þriggja ára sonur hennar fær ekki grænmetisfæði á leikskóla sínum í Kópavogi. Deildarstjóri leikskólasviðs Kópavogsbæjar staðfestir að ekki sé komið til móts við foreldra sem óska eftir því að börnin sín fái grænmetisfæði að öðru leyti en að foreldrum er boðið að senda börnin með nesti í skólann.

SIGRÚN JÓELSDÓTTIR

„Ég er í fyrsta lagi hissa, enda þykir þetta ekki tiltökumál víðast annars staðar. Og er náttúrulega hluti af því að samþykkja ólíkan lífsstíl fólks,“ segir Sigrún um stefnu Kópavogsbæjar í þessum málum.

HJÁLMAR HJÁLMARSSON

Sigrún brást við með því að senda bæjarfulltrúum Kópavogsbæjar bréf um þetta efni. Hjálmar Hjálmarsson, bæjarfulltrúi Næst besta flokksins, lagði því fram fyrirspurn á síðasta bæjarráðsfundi þar sem hann spurði hvort það væri rétt að leikskólastjórum væri ekki heimilt að bjóða grænmetisfæði ef foreldrar óskuðu eftir því sérstaklega, en það eru meðal annars svörin sem Sigrún hefur fengið.

SIGVALDI ÁSTRÍÐARSON Formaður Samtaka grænmetisæta segir það furðulega stefnu að börn geti ekki verið á grænmetisfæði á leikskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í samtali við deildarstjóra leikskólasviðs Kópavogsbæjar, Sesselju Hauksdóttur, kemur fram að samkvæmt handbók skólastjórnenda sé þetta frekar regla heldur en undantekning.

„Ef sérþarfir valda miklum tilkostnaði eða mikilli vinnu matráðs, þá skulu foreldar koma með mat að hluta til eða öllu leyti í skólann fyrir barnið,“ segir Sesselja. Hún segir að matargjald sé síðan endurskoðað í svona tilvikum.

Sesselja segir þó afar fátítt að foreldrar óski eftir því að börnin fái eingöngu grænmetisfæði: „þetta er allavega í fyrsta skiptið í 22 ár sem ég heyri af slíku,“ segir hún. Sesselja útilokar þó ekki að foreldrar hafi komist að samkomulagi við einhverja leikskóla vegna fæðismála, það sé leikskólastjóra að meta slíkt í hvert skipti. Í handbók fyrir skólastjórnendur séu reglurnar þó nokkuð skýrar; foreldrar þurfa að koma með matinn að heiman.

„Þetta er furðuleg stefna sveitarfélags,“ segir Sigvaldi Ástríðarson, formaður Samtaka grænmetisæta, en hann segir stjórn samtakanna munu koma mótmælum á framfæri við Kópavogsbæ á næstunni vegna málsins.

„Þetta sýnir auðvitað ákveðið skilningsleysi á aðstæðum grænmetisæta og það sem verra er þá fer sá skilningur þverrandi að auki,“ segir Sigvaldi við að lokum.

valur@frettabladid.is

Sæti Gísla Marteins í borgarstjórn verður ekki fyllt af Jórunni Frímannsdóttur:

Hildur tekur sæti í borgarstjórn

STJÓRNMÁL Hildur Sverrisdóttir varaborgarfulltrúi tekur sæti Gísla Marteins Baldurssonar í borgarstjórn. Þetta staðfesti hún í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég er mjög spennt,“ sagði Hildur. „Ég hef verið í umhverfis- og skipulagsráði með Gísla Marteini þannig að ég tel mig vera mikið inni í þessu máli,“ útskýrir hún og bætir við að þau Gísli hafi jafnan verið sammála um borgarsýnina. Hún segist hlakka til þess að taka sæti hans en að vissulega sé eftirsjá að Gísla Marteini úr borgarmálunum. „Ég geri ráð fyrir því að fyrsti borgarstjórnarfundurinn minn verði á þriðjudaginn.“

HILDUR SVERRISDÓTTIR

JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Ástæðan fyrir því að Hildur fékk sætið er sú að Jórunn Frímannsdóttir varaborgarfulltrúi ákvað að gefa ekki kost á sér.

„Ég get staðfest það að ég ætla ekki að halda áfram,“ sagði hún. „En þetta var ekki auðveld ákvörðun. Ég gaf mig fram til þessara starfa á sínum tíma og finnst ekkert auðvelt að ákveða að hætta því.“ Jórunn segir sérstaka stöðu vera uppi í flokknum og í pólitík almennt.

„Almenningur er uppgefinn og pólitíkusar einskis metnir,“ segir Jórunn. „Ég er ekki að segja að það sé ekki ástæða fyrir því en þetta er ekkert sérstaklega spennandi vettvangur akkúrat núna.“

Aðspurð segir Hildur Sverrisdóttir það hafa komið sér á óvart að Jórunn skyldi ekki halda áfram. „Ég gerði ráð fyrir því að hún tæki þetta sæti.“

- nej

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

OPNUM Í DAG KL. 10^{00}

nýja og glæsilega lágvöruverðsverslun í Vallakór, Kópavogi

40% afsláttur

998 kr. kg

Hámark 4 pk. á mann meðan birgðir endast!

Verð áður ~~1669~~ kr. kg

Ungnautahakk

40% afsláttur

Hámark 4 pk. á mann meðan birgðir endast!

399 kr. pk.

Verð áður ~~679~~ kr. pk.

Weetos heilhveitihringir, 500 g

26% afsláttur

1698 kr. kg

Hámark 4 pk. á mann meðan birgðir endast!

Verð áður ~~2298~~ kr. kg

ÍM kjúklingabringur

38% afsláttur

149 kr. kg

Verð áður ~~243~~ kr. kg

Bananar

55% afsláttur

Hámark 4 pk. á mann meðan birgðir endast!

249 kr. pk.

Verð áður ~~549~~ kr. pk.

Driscolls jarðarber, 250 g

Hámark 4 pk. á mann meðan birgðir endast!

399 kr. stk.

Verð áður ~~599~~ kr. stk.

Dr.Oetker tradizionale pizzur

Opnunartilboð aðeins í Vallakór

21.09.2013 → 28.09.2013

100.000

Hin danska Susanne Alsing hét 100.000 krónum í fundarlaun fyrir köttinn Nuk. Hún fann hann svo sjálf.

1%

Ferðaþjónustan fær aðeins 1% af rannsóknarfé íslensku atvinnuveganna

400.000.000

Raforkusala í gegnum nýjan sæstreng gæti skilað þjóðarbúinu 40 milljörðum árlega, að mati GAMMA.

MINNST 72 LÉTUST í árásinni á Westgate-verslunarmiðstöðina í Naíróbí.

72

584.000.000

Harpa tapaði 584 milljónum í fyrra. Útlitið er betra í ár.

1,5

Lögreglumaður sem ákærður er fyrir harkalega handtöku á Laugavegi er krafinn um 1,5 milljónir í bætur.

6 ÍSLENDINGAR hafa verið dæmdir í samtals 54 ára fangelsi í fíkniefnamál í Danmörku.

Deiliskipulag samþykkt:

Skipulag til borgarstjórnar

STJÓRNMÁL Meirihluti borgarstjórnar samþykkti að vísa breytingu á deiliskipulagi vegna byggingu Stúdentagarða við Brautarholt. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði gegn málinu og bókuðu að rétt hefði verið að taka tillit til mjög skýrra athugasemda sem bárust við deiliskipulagið. Í bókun Besta flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sagði meðal annars: „Borgarbúar eiga fyrst og fremst að geta treyst á skipulag sem stuðlar að lífvænlegri borg þar sem ólíkum samgönguháttum er gert jafn hátt undir höfði.“ - vg

ÁLFTABORG Börn stinga sig á þyrnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skaðlegur runni við leikskóla:

Vilja fjarlægja þyrnirósarunna

STJÓRNSÝSLA Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks vilja láta fjarlægja þyrnirósarunna af lóð leikskólans Álftaborg við Safamýri sem fyrst. Á síðasta borgarráðsfundi beindu þeir því til skrifstofu framkvæmda og viðhalds að runnarnir yrðu teknir hið fyrsta. Ástæðan er sú að runnarnir hafa valdið meiðslum á börnum. Þá verði athugað hvort unnt sé að bæta aðstæður á umræddri lóð fyrir yngstu börnin í leikskólanum. Málinu var frestað. - vg

Tvöfalt fleiri lágtekjumenn hafa ekki efni á tannlækni

Frá hruni hefur fjölgað um helming í hópi tekulágra sem telja sig ekki hafa efni á að fara til tannlæknis. Einungis í Lettlandi og Búlgaríu er fleira lágtekjufólk sem leitar ekki til tannlæknis vegna efnahags.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég velti því fyrir mér hvort tannlækningar séu fyrir alla eða einungis þá efnameiri,“ segir Börkur Thoroddsen, tannlæknir og varaformaður Tannlæknafélags Íslands.

Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, hefur birt tölur á bloggi sínu um hve stór hluti lágtekjufólks neitaði sér um tannlækningar á árinu 2011 vegna kostnaðar við þær. Lágtekjufólk eru þau 20 prósent einstaklinga 16 ára og eldri sem hafa lægstu tekjurnar í þjóðfélaginu. Tölurnar er fengnar frá Hagstofu Evrópu og eru frá 31 ríki. Samkvæmt þeim er Ísland aftarlega á merinni, eða með þriðju verstu stöðuna í Evrópu. Hér á landi neitar fimmtungur lágtekjufólks sér um tannlækningar. Það er einungis í Lettlandi og Búlgaríu þar sem fleiri neita sér um tannlækningar. Næstir á eftir Íslendingum eru Rúmenar, Ítalir, Portúgalar, Eistar og Kýpverjar.

„Þarna sér merki kreppunnar og hinnar miklu skerðingar kaupmáttar sem varð hér á landi með hruni krónunnar 2008 til 2009,“ segir Stefán og bendir á að eftir hrun hafi tekjulágum sem neita sér um tannlæknaþjónustu fjölgað úr níu í nítján prósent.

Stefán segir að ef miðtekjufólk sé skoðað komi í ljós að tíu prósent Íslendinga í þeim tekjuhópi hafi ekki talið sig hafa fjárhagslega burði til að fara til tannlæknis. „Þarna gætir í senn lágs kaupmáttar og lítilla niðurgreiðslna á tannlækningum. Verðlag þjónustunnar gæti einnig verið frekar hátt miðað við kaupmátt almennings,“ segir Stefán.

> **Tekjulágir hópar eins og öryrkjar koma ekki til tannlæknis nema verkir og bólgur reki þá til þess.**
>
> *Börkur Thoroddsen tannlæknir*

Börkur Thoroddsen segir að tannlæknar hafi greint versnandi tannheilsu hjá fólki. „Eftir hrun hefur fólk sparað við sig tannlækningar. Fólk annað hvort kemur ekki eða frestar dýrum aðgerðum eins og krónuviðgerðum eða rótarfyllingum.“ Börkur segir að þetta geti leitt til þess að fólk missi tennur sem hefði verið hægt að bjarga. „Tekjulágir hópar eins og öryrkjar koma ekki til tannlæknis nema verkir og bólgur reki þá til þess,“ segir Börkur. Hann segir að slæm tannheilsa geti haft alvarlegar afleiðingar. „Rannsóknir benda til að bakteríur í munninum geti valdið hjarta- og æðasjúkdómum. Ef fólk fer ekki í tannhreinsun reglulega geta bakteríurnar farið út í blóðið og valdið þessum sjúkdómum,“ segir Börkur.

Hann segir að heldur hafi þó rofað til hvað barnatannlækningar varðar eftir að stjórnvöld ákváðu að hópar barna og unglinga ættu rétt á ókeypis tannlækningum. Það verði þó ekki fyrr en eftir fimm ár sem öll börn og unglingar eigi rétt á fríum tannlækningum. „Það skiptir miklu máli að börnin okkar fari út í lífið með heilar tennur,“ segir hann. johanna@frettabladid.is

HEIMILD: HAGSTOFA EVRÓPU (EUROSTAT)

SLÆM TANNHEILSA Rannsóknir benda til að þeir sem láta ekki hreinsa tennurnar reglulega eigi frekar á hættu að fá hjarta- og æðasjúkdóma.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



RÓLEGT UM HELGINA Fremur hægur vindur verður víðast hvar um helgina, þó allt að 14 m/s V-til síðdegis í dag. Bjart S- og SA- lands í dag en fer að rigna V-til. Skúrir V-lands á morgun en fer að rigna eða élja um allt land aðra nótt.



Alicante	27°	Billund	14°	Gautaborg	14°	London	19°	Orlando	29°	San Francisco	21°
Basel	25°	Frankfurt	19°	Kaupmannahöfn	14°	Mallorca	30°	Ósló	13°	Stokkhólmur	11°
Berlín	15°	Friedrichshafen	25°	Las Palmas	28°	New York	22°	París	23°		

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Við opnum nýja kynslóð útibúa í Vesturbæ

Breytt meðhöndlun á reiðufé

Öll meðhöndlun seðla verður í nýrri gerð hraðbanka þar sem m.a. er hægt að leggja inn reiðufé og greiða reikninga.

Aukin þjónusta



Með nýrri tækni hefur skapast tækifæri til að gera þjónustu bankans sérhæfðari og sveigjanlegri.

Við viljum heyra frá þér

17.
OKTÓBER

Við höldum kynningarfund í útibúinu þar sem við viljum heyra viðbrögð viðskiptavina í Vesturbæ.

Í breyttu útibúi viljum við leggja enn meiri áherslu á aukna sérhæfingu starfsfólks og sveigjanlega þjónustu.

***Það er stefna Landsbankans** að vera til fyrirmyndar á íslenskum fjármálamarkaði. Með því að ávinna okkur traust og ánægju viðskiptavina, stunda hagkvæman en arðsaman rekstur, vera hreyfiafl í íslensku samfélagi og byggja á góðu siðferði náum við því markmiði.*

Breytt Vesturbæjarútibú verður opnað í lok nóvember. Þar stígum við mikilvægt skref í átt að nútímavæðingu útibúa í takt við stóraukna netnotkun og breyttar þarfir viðskiptavina. Meðhöndlun á seðlum verður í nýrri gerð hraðbanka og er markmiðið að gera þjónustuna sveigjanlegri, aðgengi að starfsfólki betra og bankaviðskipti hagkvæmari.

Þörf viðskiptavina fyrir gott skipulag í fjármálum og trausta og ábyrga ráðgjöf hefur líklega aldrei verið meiri en nú. Við viljum því gera aðgengi að starfsfólki þægilegra, stytta biðtíma og byggja upp öflugri og sérhæfðari kunnáttu, þannig að traust ráðgjöf og persónuleg þjónusta sé ávallt í öndvegi.

Nýtt útibú er þróunarverkefni og við leggjum kapp á að hlusta eftir viðbrögðum í Vesturbæ og læra í hverju skrefi. Því hvetjum við alla viðskiptavini til að líta við, kynna sér breytingarnar og segja okkur hvernig Landsbankinn getur haldið áfram að bæta þjónustuna.

HELSTU BREYTINGAR Í VESTURBÆ

Víðtækari ráðgjöf
og persónulegri þjónusta

• • •

Öll meðhöndlun seðla verður
í nýrri kynslóð hraðbanka

• • •

Viðskiptavinir þurfa að hafa debetkort
eða hraðbankakort meðferðis þegar þeir
sinna almennum bankaviðskiptum

• • •

Starfsfólk veitir þjónustu við
og kennir á hraðbanka

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Með bjargráð eftir aðgerð:

Andstæðingar mega vara sig

FÓLK Gunnar Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóri Kópavogs, sem gekkst undir aðgerð á Landspítalanum eftir að hafa fengið hjartavírus segist í samtali við Kópavogsfréttir vera orðinn eldhress.

„Ef læknavísindin væru ekki eins og þau eru orðin í dag þá væri ég sjálfsagt steindauður," segir Gunnar, sem í var settur svokallaður bjargráður. „Hjartað í mér slær eins og Rolls Royce Turbo. Andstæðingar mínir í pólitík mega fara að vara sig." - hva

Maður sem féll ofan á járnteina, sem stungust í gegnum hann, tapaði fyrir héraðsdómi:

Tryggingafélag sýknað vegna ölvunar

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Vátryggingafélag Íslands í gær en karlmaður stefndi tryggingafélaginu til þess að fá óskertar bætur úr frítímaslysatryggingu F-plús 3 fjölskyldutryggingu. Maðurinn lenti í hryllilegu slysi í sumarbústað í nóvember árið 2009.

Maðurinn var að vinna í sumarbústað í Árnessýslu ásamt fjölskyldu. Um nóttina féll hann ofan á grunnplötu byggingar sem tengdi sumarhúsið við nýbyggingu sem þar var verið að reisa. Upp úr grunnplötu tengibyggingarinnar stóðu óvarin steypustyrktarjárn sem maðurinn féll á úr rúmlega þriggja metra hæð og stungust járnteinarnir víða í gegnum líkama hans. Alls gengu átta járn í gegnum manninn og þurfti að skera sjö þeirra í sundur með slípirokki, áður en unnt var að flytja hann með þyrlu af slysstað. Maðurinn er lamaður fyrir neðan brjóst af völdum slyssins og hlaut hann að auki margvíslega aðra áverka. Fátt er vitað um ástæður þess að hann féll, en sjálfur telur hann að hann hafi gengið í svefni. Í niðurstöðu dómsins segir að hann hafi drukkið áfengi um nóttina og að ölvun hans hafi haft áhrif á að slysið var. Þá var einnig litið til þess að svo maðurinn gæti fallið út um dyraopið þurfti hann að fara að dyrunum, taka golfpokana sem fyrir henni voru frá og opna dyrnar. Var því tryggingafélagið sýknað. - vg

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Maðurinn tapaði vegna þess að hann var ölvaður.

LITAPLANKAR Borgin setti upp planka sem lögreglan fjarlægði. MYND/DANÍEL

Misskilningur í Reykjavík:

Litríkir plankar fjarlægðir í gær

SAMFÉLAGSMÁL Litríkir plankar sem umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar festi niður á gangbraut við Laugardalshöll í gær voru fljótlega í kjölfarið fjarlægðir af lögreglu.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi segir ástæðuna hafa verið samskiptaleysi Reykjavíkurborgar og lögreglu. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sagðist ekki hafa fengið betri upplýsingar frá borginni en svo að plankarnir voru fjarlægðir. - nej

Tæplega 3 prósenta lækkun:

Framleiðsluverð lægra í ágúst

EFNAHAGSMÁL Framleiðsluverð lækkar um 2,8 prósent milli mánaða. Í ágúst var vísitala framleiðsluverðs 197,5 stig að því er greinir á vef Hagstofunnar. Vísitala fyrir stóriðju lækkaði um 5,1 prósent og var í ágúst 197,3 stig. Miðað við ágúst 2012 hefur vísitala framleiðsluverðs lækkað um 3 prósent. - nej

Reykjavík Geothermal landar 500 milljarða verki í Eþíópíu

Ríkisstjórn Eþíópíu hefur samið við Reykjavík Geothermal um 1.000 megavatta orkukaup frá jarðvarma. Áætluð fjárfesting er um 500 milljarðar króna. Virkjað verður á svæði Corbetti-eldstöðvarinnar.

IÐNAÐUR Reykjavík Geothermal hefur samið við ríkisstjórn Eþíópíu um byggingu og rekstur allt að 1.000 megavatta jarðvarmaorkuvers á háhitasvæði Corbetti-öskjunnar í Suður-Eþíópíu. Gert er ráð fyrir að virkjað verði í tveimur 500 megavatta áföngum.

GUÐMUNDUR PÓRODDSSON

Fram kemur í tilkynningu Reykjavík Geothermal að áætluð fjárfesting verkefnisins sé um 500 milljarðar íslenskra króna. Fyrirtækið, sem er íslensk-bandarískt og starfar á sviði jarðvarmanýtingar, er sagt hafa unnið síðastliðin tvö ár að orkusölusamningi við Landsvirkjun Eþíópíu (EEPCO) og ýmis þarlend ráðuneyti.

„Corbetti er virk eldstöð með svipaða öskju og víða finnst á Íslandi. Íslenskir og eþíópískir jarðvísindamenn sem hafa rannsakað svæðið ítarlega telja Corbetti vera eitt besta jarðhitasvæði heims til framleiðslu raforku," segir í tilkynningunni. Fyrstu 10 megavött raforkuvinnslunnar verða framleidd árið 2015 og 100 megavött ári síðar. Áætlað er að 500 megavatta jarðorkuver verði komið í fullan rekstur árið 2018.

Í sameiginlegri fréttatilkynningu EEPCO og Reykjavík Geothermal segir dr. Michael Debretsion, aðstoðarforsætisráðherra og stjórnarformaður EEPCO, mjög ánægjulegt að tilkynna „þetta sögulega samkomulag" við Reykjavík Geothermal.

„Þetta er mikilvægt skref fyrir EEPCO í átt að þeirri framtíðarsýn fyrirtækisins að verða leiðandi í orkuöflun og orkuútflutningi í Austur-Afríku," segir hann. „Við teljum Eþíópíu hafa yfir að ráða 10.000 megavöttum af óbeislaðum jarðvarma, sem veitir stöðugt grunnafl og fellur vel að yfir 50.000 megavöttum af virkjanlegu vatnsafli landsins."

Þá er haft eftir Guðmundi Þóroddssyni, forstjóra Reykjavík Geothermal, að með Corbetti-jarðorkuverkefninu verði Eþíópía leiðtogi í uppbyggingu jarðvarma í heiminum.

„Eþíópía hefur nokkur af bestu háhitasvæðum heims. Corbetti-jarðvarmavirkjunin verður ein sú hagkvæmasta og háþróaðasta í heiminum. Markmið okkar til langs tíma er að flytja íslenska jarðhitaþekkingu og -reynslu til Eþíópíu." olikr@frettabladid.is

VIRKT ELDFJALL Askja Corbetti-eldstöðvarinnar í Suður-Eþíópíu er sögð svipuð og víða þekkist á Íslandi. Íslenskir og eþíópískir jarðvísindamenn telja svæðið eitt það besta í heimi til framleiðslu á raforku. MYND/RG



JARÐHITAGEYMIRINN Svona sér Reykjavík Geothermal fyrir sér að virkja jarðvarma í jarðhitageymi öskjunnar á Corbetti-svæðinu í Eþíópíu. MYND/RG

Eþíópía og Corbetti-jarðhitasvæðið

Sambandsríkið Eþíópía er á svæði í norðausturhluta Afríku sem almennt er þekkt sem horn Afríku. Staðsetning landsins gagnvart Mið-Austurlöndum og Evrópu, ásamt greiðum aðgangi að helstu höfnum, ýtir undir alþjóðaviðskipti þess. Að Eþíópíu liggur Súdan í vestri, Sómalía og Djíbútí í austri, Erítrea í norðri og Kenía í suðri. Landið, sem nær yfir 1.100.000 ferkílómetra, er sambandslýðveldi níu þjóðríkja og er næstfjölmennasta ríki Afríku með yfir 94 milljónir íbúa.

TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM SKÓM**
26.-29. SEPTEMBER.

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 29. september.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Vegagerðin áréttar:

Vegstæðinu ekki breytt

FRAMKVÆMDIR Vegna frétta af lagningu nýs Álftanesvegar og deilum eigenda jarðarinnar Selskarðs við Vegagerðina vill Jón Snæbjörnsson hjá Vegagerðinni árétta að vegstæðið um land Selskarðs er óbreytt frá því sem það er í dag.

„Vegagerðin er ekki að breyta vegstæðinu í gegnum land Selskarðs. Vegsvæðið, sem veginum tilheyrir í dag, verður óbreytt eftir lagningu nýs Álftanesvegar," segir Jón. - jme

Halda áfram lagningu nýs vegar út á Álftanes en vinna þó ekki næstu daga í ósnertu hrauni:

Segir að samið hafi verið vopnahlé í viku

DÓMSMÁL Fulltrúar Vegagerðarinnar, Garðabæjar og náttúruverndarsamtaka hittu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra á fundi í gær.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að Vegagerðin ætli ekki að gera hlé á framkvæmdum við Álftanesveg næstu sjö til tíu daga, framkvæmdir haldi áfram eftir helgi. Verktakinn muni hins vegar ekki vinna í ósnertu hrauni á þessum tíma heldur einbeita sér að vinnu við aðra verkþætti.

G. Pétur segir að ráðherra hafi falið Vegagerðinni að ræða breytingu á tilhögun framkvæmdarinnar við verktakann og kynna fyrir fulltrúum náttúruverndarsamtaka í næstu viku.

Skúli Bjarnason, lögmaður Náttúruverndarsamtakanna, segir að niðurstaðan hafi verið að gera vopnahlé í viku til tíu daga.

„Við túlkum það á þann hátt að það hafi að einhverju leyti verið hlustað á okkur," segir Skúli. „Áfram stendur þó óhögguð sú krafa Náttúruverndarsamtakanna að ekki verði hróflað við hrauninu fyrr en að minnsta kosti endanleg niðurstaða í lögbannsmálinu liggur fyrir." - jme

HRAUNVINIR Mótmælendur skoða sig um í Gálgahrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

JOHN BOEHNER Ætlar að senda frumvarpið aftur til öldungadeildar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjárlög bandaríska ríkisins enn í uppnámi:

Frestur að renna út

BANDARÍKIN Repúblikaninn John Boehner, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, segist ætla að senda nýsamþykkt fjárlagafrumvarp öldungadeildar aftur til föðurhúsanna.

Þar með eru hverfandi möguleikar á að þingið nái að afgreiða frumvarpið fyrir mánaðamót, þegar frestur til þess rennur út.

Hópur repúblikana neitar að samþykkja fjárlögin nema þeim fylgi lög um afnám laga um heilbrigðistryggingar, sem Obama fékk þingið til að samþykkja eftir langa baráttu.

Renni fresturinn út, þá yrði ríkissjóður gjaldþrota um miðjan október. - gb



Óttast að stöðnun verði langvarandi

Öflug samkeppni er sögð lykillinn að því að því að lækna stöðnun efnahagslífsins. Samkeppniseftirlitið stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um samkeppnisumhverfið á Íslandi. Í nýrri skýrslu er talin hætta á að hér verði ástand svipað og varð í Japan.

EFNAHAGSMÁL Lítil arðsemi og framleiðni í íslensku atvinnulífi kallar á sérstaka árvekni að mati Samkeppniseftirlitsins.

„Sú hætta er fyrir hendi að þetta ástand leiði til meiri aðgangshindrana fyrir nýja aðila, innlenda sem erlenda, undir því yfirskyni að vernda þurfi þau félög sem nú eru starfandi hér á landi," segir í samantekt Samkeppniseftirlitsins, sem í gær stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu undir yfirskriftinni „The future ain't what it used to be". Um leið var gefin út skýrslan „Er týndi áratugurinn framundan? Öflug samkeppni læknar stöðnun."

Fram kom í framsögu Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, á ráðstefnunni að talin væri hætta á að stöðnunin sem nú ríki, og rakin sé að hluta til mikillar skuldsetningar fyrirtækja, leiði til ástands sem varð í Japan eftir kreppuna 1990 og nefnt hefur verið „týndi áratugurinn".

Frummælendur á ráðstefnunni voru sammála um að samkeppni væri leiðin til betri tíðar. Þannig sagði Páll Gunnar tvær leiðir standa til boða. Annars vegar væri leið virkrar samkeppni eða leið verndarstefnunnar sem myndi lengja kreppuna.

Í pallborðsumræðum, tók meðal annars þátt Angel Gurría, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, en hann var að auki einn frummælenda á ráðstefnunni. Gurría lagði áherslu á mikilvægi samstarfs samkeppniseftirlita til þess að takast mætti á við samráð alþjóðlegra stórfyrirtækja. Hann sagði algengt að verð á mörkuðum þar sem samkeppni væri takmörkuð væri um fjörutíu prósentum hærra en ella.

Þá áréttaði hann í pallborðsumræðum mikilvægi heilbrigðrar samkeppni fyrir vöxt og viðhald heilbrigðs hagkerfis. Þannig gæti engin nýsköpun orðið í hagkerfi þar sem enginn hvati væri til þess að gera betur. Eftirspurnin gæfi upp andann í umhverfi stöðnunar. Vegna þessa væri mjög mikilvægt að eftirlitsstofnanir hefðu þau verkfæri sem þyrfti og dygðu til þess að halda fyrirtækjum á beinu brautinni. „Fyrirtæki ganga eins langt og við hleypum þeim," sagði Gurría. Refsing eins fyrirtækis fyrir brot á samkeppnisreglum gæti orðið og yrði öðrum víti til varnaðar. „Samkeppniseftirlit þarf að bíta."

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra sagðist í umræðunum vilja draga lærdóm af barnauppeldi þegar kæmi að því að því að byggja upp heilbrigt samkeppnisumhverfi. „Börn ganga eins langt og þeim er hleypt," sagði hún og bætti við að fengist væri við óstýrilát börn með því að leiðbeina þeim og kenna. „Og með refsingu ef allt annað þrýtur," bætti hún við.

Páll Gunnar sagðist hins vegar ekki geta tekið undir samlíkingu barna og fyrirtækja. „Börnum er hægt að umbuna með ís og viðlíka meðölum til að kenna rétta hegðan, en ekkert slíkt er hægt með fyrirtæki," sagði hann. „Við þurfum tennur sem bíta. Annars hlustar enginn."

Páll Gunnar sagði hugarfarsbreytingar þörf, sér í lagi hjá hinu opinbera um að heilbrigð samkeppni væri það sem þyrfti til. „Við verðum að gera samkeppni að grundvallarhugsun á ferð okkar fram á veginn og hvernig nota má hana til þess að opna nýja markaði. Á Íslandi erum við að loka mörkuðum, einum af öðrum." olikr@frettabladid.is

FRUMMÆLENDUR OG GESTIR Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, er fremstur. Á hans hægri hönd er Angel Gurría og svo Ragnheiður Elín Árnadóttir og Ari Kristinn Jónsson frá Háskólanum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kostnaðarsöm einangrun fylgir viðvarandi gjaldeyrishöftum

„Reynsla okkar er klárlega að eftir því sem ríki eru opnari verður ábatinn meiri, jafnvel hliðarábatar sem ekki höfðu verið ráðgerðir," segir Angel Gurría, framkvæmdastjóri OECD, þegar hann er inntur eftir áliti sínu á stöðu Íslands og íslensks samkeppnisumhverfis innan gjaldeyrishafta.

Gurría segir ljóst að landið hafi þurft að bregðast við hruni bankanna, sem hafi verið hliðarverkan fjármálakreppunnar sem reið yfir heiminn og enn sé verið að fást við. Ríkið hafi aldrei haft burði til þess að bjarga bönkunum eða ganga í ábyrgðir fyrir skuldum sem námu margfaldri þjóðarframleiðslu Íslendinga. „Því varð fyrir valinu markaðslausn sem enn er verið að vinna úr."

OECD segir Gurría að vinni eftir samþykktum um frjálst flæði fjármagns. „Ísland skráði ákvörðun sína um setningu hafta hjá okkur og fallist var á röksemdir um nauðsyn þeirra. En þetta eru náttúrlega aðgerðir sem í eðli sínu eru tímabundnar og þarf á endanum að leggja af." Það segir hann ekki bara nauðsynlegt vegna þess að samþykktir eða nefnd kveði á um frelsi fjármagnsflutninga. „Heldur vegna þess að það er skynsamlegt og gott fyrir Ísland að komast aftur í eðlilegt ástand. Spurningin um hvenær það geti orðið stendur eftir og reglan er, því fyrr því betra. En auðvitað þurfa aðstæður að vera réttar þannig að ekki taki við önnur umferð óstöðugleika og upplausnar."

ANGEL GURRÍA Framkvæmdastóri OECD segir að það versta sem stjórnvöld geti gert til að treysta samkeppni sé að gera ekki neitt. Samkeppni sé neytendum mikilvæg, stuðli að bættri framleiðslu og lægra vöruverði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Smæð gjaldmiðilsins kalli á að Ísland verði á ný þátttakandi í alþjóðamörkuðum, auk þess sem smæð landsins þýði að ríkið geti aldrei varið gjaldmiðilinn áföllum. „Hinn valkosturinn er mikil einangrun og hún er líka kostnaðarsöm."

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

Á FULLRI FERÐ

TAKTU ÞÁTT Í HAUSTHAPPDRÆTTI FRÍ

Frjálsíþróttahreyfingin á Íslandi fagnar nýjum tímum með árangri sem vakið hefur athygli langt út fyrir landsteinana. Með þinni hjálp aukast möguleikar okkar til að hlúa að framförum fólks á öllum aldri í frjálsum íþróttum.

VEGLEGIR VINNINGAR OG KAUPAUKAR:

- **182 glæsilegir vinningar:** Elko, Intersport, Krónan, World Class, N1, Hótel Edda, Bílabúð Benna, Flugfélag Íslands, Lindex, Svefn og heilsa, Skólahreysti, Vodafone, Hamborgarafabrikkan, FRÍ, Líkamsræktin Bjarg og Úrval Útsýn.
- **Kaupaukamiði** fylgir hverjum happdrættismiða með veglegum afslætti hjá Svefni og heilsu, Intersport, Sambíóum og Subway. Mögulegur sparnaður nemur mun hærri upphæð en sem nemur verði happdrættismiðans.

Miðar eru til sölu hjá **frjálsíþróttadeildum** og á sölustöðum **N1** um allt land

DREGIÐ 9. DESEMBER 2013

Miðaverð aðeins **1.500 kr.**

Bílabúð Benna veitir
Frjálsíþróttasambandi
Íslands stuðning í verki

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík	Reykjanesbær	Akureyri
Tangarhöfða 8	Njarðarbraut 9	Glerárgötu 36
Sími: 590 2000	Sími: 420 3330	Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Íransforseti enn í sáttahug:

Spjallaði við Obama í síma

BANDARÍKIN, AP Ekkert lát er á vinsamlegum orðum Hassans Rúhaní Íransforseta í garð Bandaríkjanna og Baracks Obama Bandaríkjaforseta.

Fyrir sitt leyti hefur Obama fagnað sáttahug Íransforseta og sagst vona að betri tíð sé í vændum.

Þeir Obama og Rúhaní ræddust svo við í síma í gær, sem er sögulegur viðburður því langt er síðan leiðtogar ríkjanna beggja hafa talað saman. - gb

Enn óvíst hvort árásir Keníahers á gíslatökumenn í Naíróbí urðu til þess að fleiri gíslar létu lífið:

Aðgerðir hersins ollu hruni þriggja hæða

KENÍA, AP Miklar skemmdir á verslunarmiðstöðinni í Naíróbi stafa af aðgerðum keníska hersins gegn gíslatökumönnum, sem lögðu undir sig bygginguna á laugardaginn fyrir viku. Þetta viðurkenndi háttsettur kenískur embættismaður í viðtali við AP-fréttastofuna í gær.

Þegar herinn réðst til atlögu gegn gíslatökumönnum á mánudag skutu hermenn sprengjuflaugum inn í verslunarmiðstöðina. Fjórar miklar sprengingar heyrðust og þykkur reykur barst frá húsinu.

Embættismaðurinn staðfestir að sprengjuflaugunum hafi verið skotið en vill ekki staðfesta að skemmdirnar hafi stafað af þeim.

Þegar aðgerðum hersins var lokið höfðu þrjár hæðir hrunið og stórt gat blasti við á þaki byggingarinnar.

Svo virðist sem þetta hrun í hluta byggingarinnar hafi ráðið úrslitum um að gíslatökumennirnir náðust. Enn er ekki vitað hvort það hafi valdið dauða fleiri gísla.

Nú er talað um að átökin hafi kostað að minnsta kosti 67 manns lífið, en nokkuð ljóst þykir að fleiri lík muni finnast í rústunum. - gb

WESTGATE-VERSLUNARMIÐSTÖÐIN FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýjum fyrirtækjum fjölgar:

Færri gjaldþrot í ár en í fyrra

EFNAHAGSMÁL Alls voru 139 einkahlutafélög nýskráð í ágúst. Þetta er aukning frá því á síðasta ári en í ágústmánuði árið 2012 voru nýskráningarnar 122 talsins. Alls 1.308 fyrirtæki hafa verið skráð fyrstu átta mánuði ársins en árið 2012 voru þau 1.180. Þetta er 10,8 prósentustiga aukning.

Í ágúst voru tíu fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta. Fyrstu átta mánuði ársins hafa 592 fyrirtæki alls verið tekin til gjaldþrotaskipta en það er rúmlega ellefu prósentustiga lækkun frá sama tíma bili í fyrra þegar 662 fyrirtæki voru tekin til gjaldþrotaskipta. - nej

NÝ BYGGING Ef allt gengur að óskum mun Icelandair færa út kvíarnar og hefja starfsemi í Hafnarfirði. MYND/HEIÐA

Icelandair færir út kvíarnar:

Vilja 16 þúsund fermetra svæði

HAFNARFJÖRÐUR Fyrirtækið Icelandair hefur sótt um 16.000 fermetra lóð í sveitarfélagi Hafnarfjarðar. Hefur bæjarráð beint því til bæjarstjórnar sveitarfélagsins að samþykkja það að veita skuli vilyrði fyrir lóðinni. Þetta kemur fram á vefsíðu Morgunblaðsins.

Lóðin á að vera undir byggingu þar sem starfsemi tengd félaginu fer fram. Með tengdri starfsemi er átt við skrifstofur, flugherma, kennslusetur og þess háttar en ekki stendur til að flytja núverandi höfuðstöðvar fyrirtækisins. Svæðið sem um ræðir er á milli Selhellu 1 og Tjarnarvalla 15. - nej

Ótvírætt mannanna verk

Kolsvört skýrsla Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar var kynnt í gær. Hlýnun jarðar er ótvírætt af manna völdum. Ban Ki-moon, aðalritari SÞ, kallar eftir tafarlausum viðbrögðum leiðtoga heims.

UMHVERFISMÁL Niðurstaðan er afdráttarlaus og leiðtogar heimsins verða að bregðast tafarlaust við, voru skilaboð Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna (SÞ), í ræðu eftir að Vísindanefnd SÞ um loftslagsbreytingar hafði kynnt niðurstöður sínar í Stokkhólmi í gær. Hann boðar neyðarfund á næsta ári á vegum SÞ.

JOHN KERRY

BAN KI-MOON

Vísindanefndin telur hafið yfir allan vafa að athafnir manna hafi orsakað hlýnun andrúmsloftsins, og allt tal um annað eigi heima í sögubókum. Í skýrslunni segir, og fjölmargir lýsa sem miklu áhyggjuefni, að þrátt fyrir viðleitni til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þá muni hlýnun jarðar samt verða allt of mikil. Svo mikil að farið verði yfir þann þröskuld sem almennt er talið að muni ryðja af stað meiri háttar veðurbreytingum. Hörmungar verða því fylgjandi, enda hækkar sjávarborð verulega, hitabylgjur verða tíðari, þurr svæði fá enn minna vatn en nú er. Vatn verður hins vegar enn meira vandamál þar sem regn er mikið fyrir. Hröð súrnun hafsins vegna síaukinnar losunar koltvísýrings er enn annað áhyggjuefni.

Hækkun hitastigs jarðar hefur ekki aukist jafn hratt síðustu 10-15 ár og vísindamenn gerðu ráð fyrir, en nefndin segir það í engu draga úr alvarleika málsins. Þvert á móti er sagt að heimshöfin hafi dregið í sig mikið af þeirri orku sem aukin gróðurhúsaáhrif hafa valdið og sú hlýnun mun valda frekari hlýnun síðar.

Í yfirlýsingu segir John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að þeir sem afneiti niðurstöðunum, eða kjósi afsakanir frekar en aðgerðir, séu að leika sér að eldinum. Hann boðar í yfirlýsingunni vilja bandarískra stjórnvalda til að leiða baráttuna við vandann, og segir ljóst hverjar afleiðingarnar verði ef ekkert verður gert: Lífsskilyrði tugmilljóna manna séu í hættu.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, er staddur í Stokkhólmi. Hann skrifar frá fundinum að í ljósi skýrslunnar beri ríkisstjórn Íslands „umsvifalaust að aflýsa öllum áformum um borun eftir olíu norðan við Ísland. Annað væri fullkomið ábyrgðarleysi.“

Hann bætir því við að það sé eindregin krafa evrópskra umhverfisverndarsamtaka að ríki aðildarríki ESB dragi úr losun um fjórutíu prósent fyrir árið 2020, og að sett verði skýr markmið fyrir nýtingu endurnýjanlegrar orku, orkusparnað og samdrátt í losun fyrir árið 2030. svavar@frettabladid.is

NÓG KOMIÐ Veðuröfgar, af áður óþekktri stærðargráðu, verða að óbreyttu fylgifiskar veðurfarsbreytinga á næstu áratugum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

ANNA RÓSA
starfar við ráðgjöf sem grasalæknir, framleiðir vinsælar vörur úr jurtum, skrifar bækur og hefur haldið fjölda námskeiða um lækningajurtir.

KRYDDNÁMSKEIÐ SEM BRAGÐ ER AÐ!

mánudagur 7. okt. 6.900 kr.

Komdu og kynntu þér undramátt jurtanna hjá Önnu Rósu grasalækni

Fjallað verður um margar tegundir eins og túrmerik, engifer og kanil sem í dag eru vinsæl fæðubótarefni og einnig kardimommur, negul, svartan pipar og múskat. Sýnikennsla í að búa til túrmerikmjólk, sterkt kryddte (chai) og orkukúlur úr jurtum.

Nánari upplýsingar og skráning á annarosa@annarosa.is eða í síma 662 8328.

Innifalin eru námsgögn með uppskriftum og upplýsingum um lækningamátt jurta.

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 19:30 – 21:30

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979

STÖÐVUÐU VALTARA Lögregla skarst í leikinn þegar valtari ók um Kringlumýrarbraut í Reykjavík á háannatíma. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ökumanni valtara var gert að stöðva vinnuvélina:

Stöðvuðu valtara á háannatíma

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði valtara á leið sinni vestur eftir Kringlumýrarbrautinni um hádegisbilið í fyrradag.

Samkvæmt lögum er umferð hægfara dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla takmörkuð á helstu stofnleiðum á höfuðborgarsvæðinu. Þessar takmarkanir eiga þó yfirleitt við snemma morguns og síðdegis þegar umferð er þung, en umferð er einnig mjög mikil um hádegisbilið.

Ekki er ljóst hvort ökumaður valtarans hafi verið stöðvaður af þessum sökum. - vg

Þitt heimili þín stund

M-sófinn – glæsileg íslensk framleiðsla

M-sófinn hefur fengið einróma lof fyrir stílhreina hönnun og gæði. Fjölbreytt úrval áklæða í ótal litum og mismunandi stærðir gera það að verkum að M-sófinn er fullkominn fyrir heimilið þitt. Einstök gæði á frábæru verði.

2ja sæta / Verð frá 229.900 kr.
3ja sæta / Verð frá 299.900 kr.

Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 6 mánaða.

Leimu borðlampi / 109.900 kr.

Quadrant 162x78 cm / Verð frá 103.200 kr.

Omaggio vasi 20 cm / 8.390 kr.

Lalinde borð / Verð frá 49.900 kr.

Cucu 33 cm / 12.900 kr.

Pasmore stóll / Verð frá 379.900 kr.

Kastehelmi skál á fæti / 3.790 kr.

Aalto trébretti 21x25 / 7.650 kr.

Octo ljós, svart / 154.900 kr.

Manhattan teppi / 18.900 kr.

Wave soft, svart leður / 229.900 kr.*



Catifa 46 snúningsstóll / Verð frá 44.900 kr.*

*Tilboðsverð gildir út föstudaginn 4. október.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 ▪ LAUGARDAGA KL. 11–16 ▪ HLÍÐASMÁRA 1 ▪ 201 KÓPAVOGUR ▪ 534 7777 ▪ modern.is

BJÖRN ZOËGA HÆTTIR SEM FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Taldi daga uppbyggingar runna upp

Björn Zoëga sagði upp starfi sínu sem forstjóri Landspítalans í gær eftir þriggja ára starf. Hann bjóst við því að hefja uppbyggingu spítalans í haust eftir áralangan niðurskurð. Þegar þær vonir brugðust taldi hann sér ekki sætt lengur.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Björn Zoëga hefur sagt starfi sínu sem forstjóri Landspítalans lausu. Ástæðan er einföld. Björn segir að nauðsynleg uppbygging spítalans sé ekki í augsýn, og við þær aðstæður treystir hann sér ekki til að leiða spítalann lengur. Hann segist ekki ætla að verða sá embættismaður sem tekur Landspítalann fram af bjargbrúninni. „Þetta hefur verið línudans í nokkurn tíma. Spítalinn er í lagi eins og er, en það er mjög fljótt að breytast. Það eru ákveðnar vísbendingar um það, og ég hef varað við því, bæði opinberlega og í samtölum við ráðamenn," segir Björn.

Kreista blóð úr steini

„Ég sagði það fyrir tveimur árum að ef kreista eigi meira úr þessum steini þá stytti st í að það verði blóð. Þetta á ekki að koma neinum á óvart. Það liggur fyrir að uppbygging á innviðum spítalans er ekki á dagskrá. Kannski þvert á móti," segir Björn og viðurkennir að það hafi verið lýjandi að hafa allan sinn tíma í starfi staðið í blóðugum niðurskurði.

„Það er líka lýjandi að á sama tíma og stöðugildum á Landspítalanum hefur fækkað um 350, og þar að baki eru næstum sex hundruð starfsmenn, þá hefur ríkiskerfið bólgnað út. Þetta sýna gögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem kynnt voru nýlega. Ég spyr um forgangsröðun. Var staðið í niðurskurði hér á spítalanum til að gefa meira svigrúm á öðrum ríkisstofnunum. Það er einfaldlega komið að þeim tímapunkti að ef við ætlum að halda uppi flaggskipi íslenskrar heilbrigðisþjónustu þá verður að spyrna við. Það verður að fara að stýra fjármunum aftur inn í heilbrigðiskerfið og byggja innviðina upp að nýju. Eins verður annað hvort að gera við húsnæðið eða taka ákvörðun um að hefja framkvæmdir við nýjan spítala."

Hver er staðan á því verkefni?

„Ég hef grun um að það hafi verið hægt verulega á því verkefni. Það verða engar stórframkvæmdir á næsta ári, eða næstu árum. En það kæmi mér á óvart ef það yrði hætt við byggingu spítalans alfarið. Verum þess samt minnug að þetta er einn af fáum hagræðingarmöguleikum í íslensku heilbrigðiskerfi. Það sparast á þriðja milljarð á ári í rekstarkostnað. Svo vilja menn ekki fara í þá hagræðingu strax."

Ný fjárlög verða kynnt á þriðjudaginn. Veistu til þess að þar verði kynntur niðurskurður til Landspítalans.

„Ég get ekki tjáð mig um það. Þetta verður, eins og þú segir, kynnt á þriðjudaginn og ég held að tölurnar muni koma fólki á óvart."

Var búið að setja niður á blað hvað hefði þurft að bætast við fjárframlögin að lágmarki?

„Að lágmarki hefði þurft 600 til 800 milljónir til að taka hænuskref. Þar á ég ekki við um laun, heldur uppbyggingu á innviðum; smátæki, aðstöðu og kannski ráðningar í nokkrar stöður. Þar fyrir utan þarf innspýtingu til að bæta tækjakostinn. Ef það verður ekki gert blasir við algjört hrun. Við erum að nota tæki, sem verður að endurnýja á næstunni, sem eru orðin 17 til 18 ára gömul. Þetta eru einu tækin af þessari gerð á landinu, og við erum að lenda í því að gera við þau fyrir 20 til 40 milljónir. Tæki sem kosta ný 160 milljónir. Þetta nær ekki nokkurri átt."

Fjármagni var lofað

Ég heyri á þér að þú bjóst við fjármagni til að hefja uppbyggingarstarf.

„Það eru vonbrigði að hafa staðið í niðurskurði og fá ekki tækifæri til að byggja upp að nýju. Ég var bjartsýnn. Við vorum svo bjartsýn að við fengum erlendra ráðgjafa til að aðstoða okkur við þá uppbyggingu sem við töldum að stæði fyrir dyrum. Það var greiningarvinna hvar þörfin væri mest og hvernig þetta yrði gert til að nýta fjármagn með sem skilvirkustum hætti. Svo innilega trúði ég því í kringum kosningarnar að komið væri að uppbyggingartíma, að ráðist var í þá vinnu. Og kannski ekki að furða. Það kom margoft fram í kosningabaráttunni, og síðar, að það yrði gert. Báðir stjórnarflokkarnir komu hingað á spítalann og héldu þessu fram. Af formanni fjárlaganefndar voru nefndir tíu til þrettán milljarðar inn á Landspítalann. Það eru vonbrigði með efndirnar."

En skjólstæðingar þínir – sjúklingarnir. Hafa óánægjuraddir verið áberandi?

„Þvert á móti. Flestöll þau skeyti sem ég hef fengið frá fólki utan spítalans greina frá jákvæðri upplifun af því starfi sem hér fer fram. Langflestir eru ánægðir með þær breytingar sem hafa orðið á spítalanum. Fólk skrifar að þrátt fyrir niðurskurðinn mæti því jákvætt viðmót og hlýja starfsfólks. Sjúklingarnir hafa samt tekið á sig auknar byrðar. Aðstandendur hafa verið okkar helstu bandamenn í þessum hremmingum og ég held að þetta hefði ekki verið hægt ef það hefði verið með öðrum hætti. Til lengri tíma verður ekki hægt að uppfylla réttmætar kröfur fólksins í landinu nema ráðist verði í uppbyggingu."

Hefur álag starfsins tekið á fjölskylduna og tengist það uppsögn þinni?

„Þetta er búin að vera mikil vinna, og ofsalega gaman. Það er margt frábært samstarfsfólk í kringum mig. En þegar þetta hættir að vera gaman er ekki vert fyrir mig eða fjölskylduna. Fólkið mitt hefur sýnt mér mikinn skilning. Það er ekkert sjálfsagt að taka stutt sumarfrí eða ekkert frí, svo dæmi sé tekið."

NÓG KOMIÐ Björn tók við stöðu forstjóra fyrir þremur árum; í byrjun október 2010. Hann gegndi áður starfi framkvæmdastjóra lækninga á spítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Appaman Ísland á Facebook | appaman.web.is Bæjarlind 6, Kópavogi S: 519-7561 Opið: Virka daga kl. 10-18 Laugardaga kl. 12-16

ÁSGERÐUR JÓNA FLOSADÓTTIR

Fjölskylduhjálp Íslands:

Vísar fólki frá vegna fjárskorts

SAMFÉLAGSMÁL Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar, segir samtökin hafa gefið ellefu þúsund matargjafir á síðustu tólf mánuðum. Tæplega þrjátíu þúsund manns hafi notið þeirra.

Ásgerður segir ásókn í matargjafir hafa aukist svo mikið að orðið hafi að fækka þeim og vísa fólki frá. Fólk úr öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins þiggi matargjafirnar. Samtökin fá þó aðeins fé frá Reykjavík.

„Ástandið á Suðurnesjum er ferlegt. Alls voru afgreiddar 3.300 matargjafir síðasta árið án styrks frá sveitarfélögunum þar, sem þó vísa fólki í neyð til okkar. Reykjavík er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem hefur styrkt okkur undanfarið ár, það voru tvær milljónir sem fóru að mestu upp í húsaleigu," segir Ásgerður. - jme, ebg

Vinnumiðlun í Frakklandi:

Atvinnulausar konur farði sig

FRAKKLAND Konur í París sem hafa verið atvinnulausar lengi og þurfa að auka sjálfstraust sitt fá heilsdagsnámskeið í snyrtingu. Annelie Germold hjá frönsku vinnumálastofnuninni er sannfærð um að útlitið skipti miklu máli í atvinnuleit. Hún telur að rangur klæðnaður og léleg andlitssnyrting geti haft neikvæð áhrif.

Stærsta stéttarfélag Frakklands, SNU, er í sænskum miðlum sagt andvígt slíkum námskeiðum því þau byggi á rangri sýn á konur. - ibs

Fegurðarsamkeppnin Ungfrú heimur í uppnámi í Indónesíu þrátt fyrir að keppnin hafi verið færð til:

Harka mótmælenda vekur ugg á Balí

INDÓNESÍA, AP Harðskeyttir íslamistar í Indónesíu hafa vikum saman mótmælt fyrirhugaðri heimsfegurðarsamkeppni, sem halda á í dag.

Stjórnendur keppninnar hafa látið undan ýmsum kröfum gagnrýnenda. Til dæmis var hætt við að láta keppendur klæðast bikinífi, en í staðinn verða stúlkurnar með lendaklæði að þarlendum sið.

Þá þótti ekki óhætt að halda keppnina í úthverfi höfuðborgarinnar Djakarta, heldur var hún flutt til eyjunnar Balí þar sem hindúar eru í meirihluti, en ekki múslímar eins og í Djakarta.

Enn er þó talin hætta á að reynt verði að raska ró keppnishaldara í dag, þegar aðalkeppnin verður haldin í beinni sjónvarpsútsendingu.

Róttæk samtök, sem nefna sig Fylkingu verjenda íslams, hafa haldið uppi mótmælum þar sem keppnin er sögð „hórukeppni“ og keppnishaldinu sagt að fara til helvítis. Hófsamari samtök hafa einnig krafist þess að keppnin verði bönnuð. Sendiráð Bretlands, Bandaríkjanna og Ástralíu hafa varað þegna sína við því að ferðast til Balí á meðan keppnin stendur yfir. Hætta sé á stórtækum mótmælaaðgerðum eða jafnvel árásum. - gb

KEPPENDUR Hætt var við að halda keppnina í höfuðborginni Djakarta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

PETREA I. GUÐMUNDSDÓTTIR
Ráðin framkvæmdastjóri Tals.

Kynna framkvæmdastjóra:

Tap Tals nam 197 milljónum

VIÐSKIPTI Alls var 197 milljón króna á rekstri Tals á síðasta ári. Fram kemur í tilkynningu félagsins að kostnaður við innleiðingu á nýjum fjarskiptasamningi þar sem allir viðskiptavinir Tals voru fluttir af kerfum Vodafone yfir á kerfi Símans skýri tapið.

„Yfirfærslu á nýtt kerfi lauk í mars 2013 og frá því um mitt ár 2013 hefur verið jafnvægi í rekstri Tals,“ segir í tilkynningunni. Tekjur félagsins árið 2012 námu 1,8 milljörðum króna.

Þá greinir félagið frá því að Petrea Ingileif Guðmundsdóttir hafi verið ráðin nýr framkvæmdastjóri Tals í stað Viktors Ólasonar sem sagði upp störfum í júní. - óká

Samið við Regnbogabörn:

Vildu bíða álits fjölskyldusviðs

SVEITARSTJÓRNIR „Æskilegt hefði verið að fá álit forvarnarfulltrúa og fjölskyldusviðs á notagildi efnisins sem um ræðir áður en gengið er til samninga hér um,“ bókaðu fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks, þegar bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti að semja við Regnbogabörn um fræðslusíðu samtakanna á netinu. Samhliða samningnum sem bæjarstjóri eigi að gera liggi fyrir umsögn forvarnarfulltrúa og fjölskylduþjónustu.

Sjálfstæðismenn sögðust taka jákvætt í styrk eða samning við Regnbogabörn en sögðust undrast að meirihluti Samfylkingar og VG biðu ekki álits forvarnarfulltrúa og fjölskyldusviðs. - gar

Tryggja næg matvæli:

Kína leigir hlut af Úkraínu

KÍNA Kínversk fyrirtæki hafa með aðstoð kínverskra stjórnvalda keypt rétt til notkunar á fimm prósentum af Úkraínu til þess að tryggja næg matvæli handa auknum íbúafjölda. Kínversku fyrirtækin taka á leigu til fimmtíu ára þrjár milljónir hektara af akurlendi í Úkraínu en það eru tíu prósent af öllu akurlendi landsins.

Í frétt á vef Svenska Dagbladet, sem vitnar í South-China morning post og Kiyv Post, segir að Kínverjar muni aðstoða Úkraínumenn við að nútímavæða landbúnað sinn. Úkraína er einn mesti hveitiútflytjandi heims. - ibs

KÁTT Í HÖLLINNI!

TILBOÐ Á DANSKRI HÖNNUN

IDdesign

ADEINS 26.039 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

DC-3600 – 3JA SÆTA SÓFI

299.990

FULLTVERÐ: 329.990

DC 3600 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt leður á slitflötum. Stærð: 202x82 H: 85 cm. Einnig fáanlegur 2ja sæta. Fullverð kr. 279.990.

DC 4200 – 3JA SÆTA SÓFI

DC 4200 3ja sæta sófi. Svart leður á slitflötum. Stærð: 211x82 H: 85 cm. Einnig fáanlegur 2ja sæta

310.990

FULLTVERÐ 349.990

BRIGHTON – 3JA SÆTA SÓFI

BRIGHTON 3ja sæta sófi. Svart leður á slitflötum. Eikargrind. Stærð: 208x80 H: 80 cm. Einnig fáanlegur 2ja sæta leður og hornsófi. Einnig fáanlegur í dökkgráu áklæði.

279.990

FULLTVERÐ 309.990

skovby

MORRISON borðstofuborð. B:100 L:200 H:73 cm. Stækkanlegt í 358 cm með þremur stækkunum sem fylgja. Gegnheil sápuborin eik. **Gæðavara!**

349.990

FULLT VERÐ 399.990

NÝ SENDING
AF DÖNSKUM HÚSGÖGNUM

Tilboðsverð 259.990

UMBRIA SÓFAR

Umbria sófarnir eru danskir gæðasófar á góðu verði.

Hægt er að fá Umbria í áklæði og leðri í mörgum litum.

Áklæðin eru í fjórum verðflokkum og ef að óskaáklæðið er ekki til á lager getum við sérpantað fyrir þig.

Láttu starfsfólk Húsgagna-hallarinnar sýna þér áklæðisprufur og þær útfærslur sem í boði eru.

SAMAN FINNUM VIÐ ÞINN DRAUMASÓFA!

UMBRIA – TUNGUSÓFI – GRÁTT LEÐUR

UMBRIA tungusófi.
Stærð: 305x163 H: 85 cm.
Grátt, svart og hvítt leður.
Einnig fáanlegur í áklæði, margir litir.

399.990
FULLTVERÐ 469.990

FULLT, FULLT AF NÝRRI SMÁVÖRU

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Peningastefnan rennur saman við þjóðmenninguna:

Baráttan fyrir fleiri núllum

Það eru óskiljanleg mistök af hálfu Seðlabankans að halda ekki kynningarfundinn um nýja tíuþúsundkallinn í Héraðsskólanum á Laugarvatni. Eða að minnsta kosti í Þjóðmenningarhúsinu. Þessi fallegi nýi seðill sameinar nefnilega svo áreynslulaust og tígulega ávexti sérislenzks gjaldmiðils og peningastefnu annars vegar og þjóðmenningarinnar hins vegar.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Fyrir það fyrsta eru fjögur núll á seðlinum. Og baráttan fyrir fleiri núllum aftan á gjaldmiðilinn hefur lengst af verið markmið peningastefnunnar. Það hefur gengið vonum framar að rýra verðgildi krónunnar, fella gengið og ýta undir verðbólguna. Þegar Ísland sleit myntbandalagi sínu við Danmörku 1918 var ein íslenzk króna jafngild einni danskri. Núna er ein dönsk króna jafngild 2.200 gömlum íslenzkum krónum (árið 1981 var tekin sú óþjóðlega ákvörðun að skera tvö núll aftan af krónunni). Þetta þýðir að íslenzka krónan hefur rýrnað um 99,55% frá upphafi. Við getum verið stolt af því.

Ef myntbreytingin 1981 hefði ekki verið gerð væri nýi seðillinn milljónkall. Það væri mun glæsilegri vottur um árangur peningastefnunnar, með sex núllum. En fjögur núll er samt ekkert til að skammast sín fyrir.

Árið 1981 var stærsti seðillinn fimmhundruð kall. Ef amma var í stuði gátu menn fengið svoleiðis í afmælisgjöf. Fylgifiskur glæsilegrar þróunar gengis krónunnar undanfarin ár hefur verið að afmælisbörn hafa farið lítillega halloka; fimmþúsundkallinn hefur ekki verið hálfdrættingur á við fimmhundruðkallinn þegar hann leit fyrst dagsins ljós. En núna, þegar aðeins tæpur tuttugasti er eftir af verðgildi krónunnar eins og það var árið 1981, eru afmælisbörn næstum því jafnvel sett með tíuþúsundkallinn.

Og svo er það þjóðmenningarlegi parturinn. Jónas og verk hans eru eiginlega kórónan á þjóðmenningunni. Hann og félagarnir í Fjölnismönnum blésu mönnum líka einna fyrstir þann anda í brjóst að berjast fyrir sjálfstæði landsins. Framkvæmd peningastefnunnar er þáttur í þeirri baráttu, sem aldrei lýkur. Hún er sömuleiðis undir klárum áhrifum frá Jónasi, enda var hann alltaf blankur. Við megum aldrei láta deigan síga í þeirri stöðugu viðleitni að bæta við fleiri núllum.

Svo má ekki gleyma lóunni. Menn hafa eitthvað verið að æsa sig yfir því að hún hafi verið valin á seðilinn með Jónasi; hann hafi haldið miklu meira upp á þresti. Það er fallega þjóðmenningarleg deila. En valið er augljóslega úthugsað. Lóan er sá farfugl sem er bezt til þess fallinn að minna okkur á rétta og þjóðlega afstöðu til útlendinga: Þeir hafa rangt fyrir sér, við höfum rétt fyrir okkur. Við skiljum ekki útlendinga sem færa fram alls konar tilfinningarök gegn því að við skulum skjóta og borða hvali, sem eru bara syndandi matur. Og við skiljum heldur alls ekki útlendinga eins og Breta og Frakka sem skjóta og borða lóuna, þennan yndislega vorboða. Í báðum tilvikum höfum við rétta afstöðu en útlendingarnir ranga. Þess vegna hefði líka mátt hafa hval á tíuþúsundkallinum.

Það verður gaman að handleika nýja seðilinn, skynja hvernig peningastefnan beinlínis rennur saman við þjóðmenninguna og sjálfstæði gjaldmiðillinn okkar verður þjóðargersemi sem við eigum að kappkosta að varðveita.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur P. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

NÝTT NÁMSKEIÐ!

Velkomin í núið

– frá streitu til sáttar

Byggt á Mindfulness-based Cognitive Therapy sem tvinnar saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar visku.

Að þessu sinni bjóðum við upp á nýtt morgunnámskeið.

Námskeiðið er í 8 vikur á Hilton Reykjavík Nordica.

2. október

frá kl. 17.30 til 19.15

Innifalið er geisladiskur með núvitundaræfingum og handbók

Skráning er hjá Nordica Spa í síma 444 5090 og á www.nordicaspa.is

Verð: 49.000 kr.

Meðlimir Nordica Spa fá 10% afslátt

Innifalið 1 vika ókeypis aðgangur í alla opna tíma Nordica Spa, gufu og heita potta

Leiðbeinendur verða sálfræðingarnir Guðbjörg Daníelsdóttir og Herdís Finnbogadóttir.

NORDICA SPA & GYM

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Pund Jónasar

Búinn er úr bálastorku / bergkastali frjálsri þjóð.“ Þessar ljóðlínur er að finna í kvæði Jónasar, Fjallið Skjaldbreiður. Tómas sagði um Jónas að hann hefði verið vegsögumaður þjóðar sinnar á leiðinni til meiri fegurðar og frelsis. Haft er eftir Sigurði Nordal að íslenska sé það sem Jónas skrifaði og Konráð samþykkti.

Varla er unnt að lyfta einum manni til meiri vegs. Á miðvikudag í þessari viku tilkynntu handhafar fullveldisins í peningamálum að gefinn verði út tíu þúsund króna seðill tileinkaður Jónasi og með tilvitnun í ljóðið Fjallið Skjaldbreiður.

En nú er hún Snorrabúð stekkur. Verðgildi nýja seðilsins er helmingi lægra en það var þegar undirbúningur útgáfunnar hófst. Seðillinn minnir ekki á bergkastala frjálsrar þjóðar. Þvert á móti er hann tákn um haftamúr og skert frelsi.

Það er ekki í mannlegu valdi að minnka listaskáldið. En fremur er það þó fallið til að létta pund Jónasar en hitt að gera hann, að öllu án tilefnis, að helstu sýnilegu ímynd þeirrar skerðingar á frelsi fólksins í landinu sem krónan er nú um stundir.

Í síðustu viku talaði forsætisráðherra til erlendra fjárfesta á fundi í London og lagði á það allan þann þunga sem hann mátti að íslenska krónan myndi um fyrirsjáanlega framtíð gilda í viðskiptum milli Íslands og umheimsins. Þar var ekki talað ofan af bergkastala frjálsrar þjóðar því að allir vita að í þeim boðskap felst að höftin verða áfram ríkjandi eða hraðahindranir í gjaldeyrisyfirfærslum eins og farið er að kalla þau í fegurðarskyni eða tálsýnartilgangi.

Að semja með ógjaldgengan gjaldmiðil

Það eru ekki aðeins útlendingar sem þurfa að sæta því að viðskipti við Íslendinga fari fram með gjaldmiðli sem ekki er gjaldgengur. Launafólk þarf að semja um kaup og kjör með þessum sama óræða mælikvarða. Þetta er helsta ástæðan fyrir því að endurreisnin gengur hægar en óskir flestra standa til.

Sama dag og Seðlabankinn tilkynnti um nýja Jónasarseðilinn, sem rýrnaði um helming meðan hann var í vinnslu, gerðu Samtök atvinnulífsins grein fyrir stefnu sinni í komandi kjarasamningum. Markmið þeirra eru svipuð þeim sem Alþýðusambandið hefur lýst þó að nálgunin sé ekki sú sama: Kaupmátturinn þarf að byggjast á verðmætasköpun og stöðugleika. Allir vilja forðast lausnir verðbólgufroðunnar.

Í vor sem leið var það samdóma álit aðila vinnumarkaðarins að ekki væri forsenda fyrir gerð kjarasamninga til langs tíma vegna óvissu um stjórnarstefnuna. Það yrði að bíða haustsins þegar fjárlagafrumvarpið lægi fyrir. Þetta var aðvörun fremur en áfellisdómur um nýja ríkisstjórn. En sennilega lýsti þessi afstaða helst bjartsýni með fyrirvara.

Von er á fjárlagafrumvarpinu á þriðjudag. Án þess að efni þess hafi verið kynnt er það enn álit aðila vinnumarkaðarins að forsendur skorti til að gera kjarasamninga til langs tíma. Þeir telja nú að heildarstefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og peningamálum verði ekki orðin nægjanlega skýr fyrr en að ári.

Þessi ítrekaða frestun á skilyrðum til langtímasamninga þarf ekki sjálfkrafa að leiða til óskynsamlegrar niðurstöðu eða verðbólgu. En þetta segir þá sögu að ríkisstjórnin hefur ekki áunnið sér það traust sem hún þarf til að ná víðtækri samstöðu um nýja efnahagsáætlun sem varðað getur langa og torsótta leið til endurreisnar. Ekki er unnt að loka augunum fyrir þeirri þungu aðvörun sem í þessu felst.

Prófsteinn á samstarf

Samtök atvinnulífsins, Alþýðusambandið og Viðskiptaráð sendu forsætisráðherra erindi um aðild að þeirri úttekt á aðildarsamningunum við Evrópusambandið sem boðuð hefur verið. Það mál veit að ýmsum þeim lykilatriðum sem verðmætasköpun og stöðugleiki byggist á. Ekkert er því eðlilegra en að ríkisstjórnin eigi samvinnu við vinnumarkaðinn um þessa skýrslu.

Samvinna af þessu tagi gæti falið í sér að skýrslan yrði víðtækari en áformað var og þar yrði svarað fleiri spurningum. Það getur aðeins leitt til þess að hún verði gagnlegri og trúverðugri. Markmiðið hlýtur að vera það eitt að auðvelda mönnum að draga ályktanir og taka ákvarðanir.

Margir héldu að ríkisstjórnin hefði notað sumarið til þess að vinna á bak við tjöldin með aðilum vinnumarkaðarins að gerð nýrrar efnahagsáætlunar til lengri tíma. Það reyndist ekki vera. Aftur á móti hafa verið sagðar fréttir af nánu samráði forsætisráðherra við formann Verkalýðsfélags Akraness. Það virkar eins og Obama hefði kallað formann fjárlaganefndar til samráðsfundar við sig í Stokkhólmi á dögunum í stað forsætisráðherra.

Svarið við þessu erindi um sameiginlega skýrslu er fyrsti prófsteinninn sem sýnir hvers vænta má í samvinnu ríkisstjórnarinnar við launafólk og atvinnulíf.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

ÚTSALA

LÝKUR UM HELGINA!

LOKAÚTKALL - MIKIL VERÐLÆKKUN!

Innimálning 25% • Viðarvör
Flísar 30% • Rafmagnsverkfæri 20
Handverkfæri 20-40% • Eldav
Loftpressur 20-30% • Strau
Blöndunartæki 20-25% •
Handlaugar 20-25% Bað
Pottaplöntur 20-50% •
Vinnufatnaður 30-50%
Kæliskápar 25% • Frysti
Þvottavélar og þurrkarar
Klósett 20% • Örbylgjuofnar
Loftaþiljur 30% • Blómaval ýmsar vörur
Haustlaukar 20% og margt fleira!

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

10% AUKAAFSLÁTTUR AF VÖRUM Á LAGERHREINSUN

LAGERHREINSUN
markaður Skútuvogi

Flísar • Hreinlætistæki • Málningarvörur
Parket Festingavörur • Verkfæri
Fatnaður • Baðfylgihlutir • Búsáhöld
og margt fleira.

LAGERHREINSUN
~~1.500 kr/m²~~
~~750 kr/m²~~
NÚ 598 kr/m²

Veggflísar
MOYUA MARRON 27X41.5 cm
8600546

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Birt með fyrirvara um myndavíxl og innsláttarvillur, úrval getur verið misjafnt milli verslanna.

Upp úr svartholinu

SÁÁ

Svala Ísfeld Ólafsdóttir
dósent við HR

➜ Ég þakka þá hjálp sem SÁÁ hefur veitt mér og minni fjölskyldu.

Svartnætti … sálarkvalir … vonleysi … örvænting … uppgjöf … sálardauði. Þessi orð lýsa vel líðan manneskju sem horfin er ofan í svarthol neyslu ávanabindandi lyfja og áfengis. Svo djúpt er hægt að sökkva að einstaklingur missi sjónar á tilgangi lífsins og hjálpar er þörf. Vogur rétti fyrst út hönd sína til hjálpar árið 1984 og á þeim tæpu þrjátíu árum sem liðin eru hefur mörgum verið bjargað úr lífshættu með aðstoð lækna, hjúkrunarfólks og annars fagfólks á Vogi sem býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu á þessum sjúkdómi.

Síðan Vogur hóf starfsemi sína hefur sjúklingafjöldinn aukist jafnt og þétt og biðlistar lengst. Sjúklingahópurinn er fjölbreyttur, bæði varðandi aldur og kyn og neyslu sem hjálpar er leitað við. Nú stendur Vogur, þrjátíu árum síðar, frammi fyrir því að sjúklingahópurinn hefur breyst mikið og sífellt bætast ný ávanabindandi efni við. Því þarf að sníða meðferð að þörfum ólíkra aldurshópa, að kynjunum og með hliðsjón af neyslumunstri. Til að sinna þessu hlutverki og hjálpa þeim sívaxandi fjölda fólks sem leitar ásjár SÁÁ þarf meira fjármagn. SÁÁ vill geta sinnt hverjum sjúklingahópi þannig að bestur árangur náist.

Áhrifaríkasta leiðin til að vinna gegn alvarlegum afleiðingum alkóhólisma er opin og fordómalaus umræða sem auðveldar þeim sem þjást af þessum sjúkdómi að stíga út úr óttanum og leita hjálpar án hræðslu við fordæmingu og brennimerkingu. Með öflugu átaki landsmanna, til að styrkja og bæta stöðu þeirra sem þjást af alkóhólisma, sýnum við þeim skilning okkar í verki. Ég þakka þá hjálp sem SÁÁ hefur veitt mér og minni fjölskyldu í gegnum tíðina og gerir enn og hvet landsmenn til að leggja fjáröflun SÁÁ lið.

Ósk um samstarf

EVRÓPUMÁL

Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri SA

➜ Fyrstu viðbrögð forsætisráðherra við þessari beiðni valda vonbrigðum. Kannski ekki síst í ljósi þess að vonir stóðu til að ný ríkisstjórn myndi láta af þeirri átakahefð sem einkennt hefur stjórnmálin á undanförnum árum og taka upp ný vinnubrögð.

Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og Viðskiptaráð Íslands sendu forsætisráðherra bréf í vikunni þar sem óskað var eftir samstarfi um úttekt á aðildarviðræðum við Evrópusambandið, þróun ESB og valkostum Íslendinga í efnahagsmálum fram á veginn. Eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin ákveðið að ráðast í slíka úttekt.

Fyrstu viðbrögð forsætisráðherra við þessari beiðni valda vonbrigðum. Kannski ekki síst í ljósi þess að vonir stóðu til að ný ríkisstjórn myndi láta af þeirri átakahefð sem einkennt hefur stjórnmálin á undanförnum árum og taka upp ný vinnubrögð. Væntingar í þá átt eru ekki að ástæðulausu enda sagði m.a. í annarri málsgrein stefnuyfirlýsingar nýrrar ríkisstjórnar:

„Ríkisstjórnin mun leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn því sundurlyndi og tortryggni sem einkennt hefur íslensk stjórnmál og umræðu í samfélaginu um nokkurt skeið. Framfarir og bætt lífskjör á Íslandi hafa byggst á samvinnu og samheldni og til framtíðar munu Íslendingar halda áfram að leysa sameiginlega af hendi helstu verkefni þjóðfélagsins."

Þessi yfirlýsing gaf því skýr fyrirheit um betri samskipti við aðila vinnumarkaðarins en fyrri ríkisstjórn iðkaði og mikilvægt að sú verði raunin. Vissulega getur aðila greint á í veigamiklum atriðum. Ekki þarf heldur að taka fram að það er meirihluti Alþingis sem ræður för. Vönduð og opin umræða, þar sem mismunandi sjónarmið eru skoðuð vandlega, leiðir hins vegar undantekningalaust til betri og trúverðugri niðurstöðu.

Samtök atvinnulífsins ganga til slíkrar vinnu án fyrirframgefinna niðurstaðna. Úttektin sem SA, ASÍ og VÍ vilja gera með stjórnvöldum snýr ekki eingöngu að aðildarviðræðum við ESB og hvaða kostir þar eru í boði, heldur ekki síður að því að skýra aðra valkosti sem Íslendingum standa til boða í peningamálum. Niðurstaða í þeim efnum er mikilvægur þáttur í gerð komandi kjarasamninga og raunar hornsteinn nýrrar þjóðarsáttar um betri lífskjör. Þá er tómt mál að tala um afnám gjaldeyrishafta ef skýr peningastefna er ekki til staðar.

Verkefnin fram undan eru viðamikil og mikilvæg og leggja Samtök atvinnulífsins áherslu á að eiga gott samstarf við stjórnvöld við úrlausn þeirra. Samtökin treysta því að það sé gagnkvæmt.

Skoðun visir.is

2.508
ÞRIÐJUDAGUR 24. SEPTEMBER
Eigum við að leggja niður Landspítalann?
Lilja Guðlaug Bolladóttir hjúkrunarfræðingur.

843
FIMMTUDAGUR 26. SEPTEMBER
Vöndum okkur í umræðunni um einelti
Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

767
FIMMTUDAGUR 26. SEPTEMBER
Stúdentar: Afætur eða framtíð Íslands?
Sigrún Edda Sigurjónsdóttir námsmaður.

614
MÁNUDAGUR 23. SEPTEMBER
Út með ruslið
Haukur Viðar Alfreðsson pistlahöfundur.

UMMÆLI VIKUNNAR
15.09.2012 ➜ 27.09.2012

„Kirkjan hefur tekið skýra afstöðu með samkynhneigðum, réttindabaráttu þeirra, fjölskyldum og hjónabandi."

Agnes M. Sigurðardóttir biskup uppfræddi bandaríska predikarann Franklin Graham um afstöðu kirkjunnar til samkynhneigðra. Graham kom með fylgdarliði sínu við á biskupsstofu.

„Það að ráðherra skuli með þessu móti kippa löggjöfinni í heild úr sambandi held ég að sé fordæmalaust."

Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi umhverfisráðherra, segir áform Sigurðar Inga Jóhannssonar umhverfisráðherra um að afturkalla lög um náttúruvernd svik við samkomulag sem gert var á síðasta kjörtímabili.

„Þetta barn á ekki neina aðra fjölskyldu en okkur og hefur aldrei átt."

Guðmundur Valur Stefánsson, íslenskur stjúpfaðir lítillar telpu frá Mósambík, furðar sig á því að barnið megi ekki koma hingað til lands eins og aðrir í fjölskyldunni.

ALLT AÐ
60% AFSLÁTTUR



LJÓSASALA Í LUMEX
Til að rýma fyrir nýjum og glæsilegum vörum bjóðum við úrval ljósa og fylgihluta á frábæru verði í nokkra daga.

Skipholti 37
Sími 568 8388
Opið laugardaga frá 11-16

LUMEX
Síðan 1985

Stórhundakynning um helgina

FRÁ 12:00 TIL 16:00

KYNNIÐ YKKUR TEGUNDIRNAR ★
SPJALLIÐ VIÐ REYNDA HUNDAEIGENDUR
DÝRALÆKNIR ★ FÓÐURKYNNINGAR ★
RAUÐAKROSSHUNDAR ★ LUKKUPOTTAR

20% TIL 70%
AF ÖLLUM DÝRAVÖRUM

ARION · BELCANDO · Brit PREMIUM · Eukanuba · HAPPY DOG · Hill's · PRO PLAN · ROYAL CANIN

NÝ SENDING ★ FLOTTAR PLÖNTUR
3 STK ERIKUR EÐA
CALLUNUR 1.290KR

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HAUSTLAUKUM

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÓSUM

ÍS
100KR

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á

HELGIN

Pétur Jónsson tónlistarframleiðandi

Með sjö í grillútvíkkun

Yfirleitt þegar líður að helgi er ég kominn með svona sjö í grillútvíkkun og nú á ég einmitt grasfætt Galloway-nautakjöt úr Kjósinni sem bíður eftir að ég fórni því á altari græðginnar, grillinu mínu. Á milli þess að skutlast með börnin á milli afmæla og sundlauga mun ég reyna eftir fremsta megni að komast áfram í bókinni sem ég er að lesa, sem er Railsea eftir China Miéville.

Hallfríður Póra Tryggvadóttir, háskólanemi og fjöllistakona

Fagnar nýjum aldri

Um helgina ætla ég að fagna nýjum aldri en ég átti afmæli síðasta fimmtudag. Á dagskránni er meðal annars að skála á Sushisamba í góðum félagsskap, horfa á LA-þátt Hljómskálans og kíkja á RIFF.

Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur

Passar afabörnin

Ég er að passa afabörnin þrjú alla helgina, ásamt konunni minni. Ég býst við að við verðum eitthvað úti við og svo ætlum við á Skilaboðaskjóðuna með Sinfóníunni í Hörpu.

Katrín Jakobsdóttir alþingismaður

Kjötsúpa og leikhús

Í dag er fjölskyldusamvera yfir kjötsúpu hjá tengdafjölskyldu minni og ég ætla að hitta aðra vini mína bæði í kvöld og annað kvöld. Svo ætla ég með börnin í leikhús á morgun á Hættuför í Huliðsdal. Þetta er óvenju viðburðarík helgi hjá mér.

Sýningaropnun

Fuglar og fífur

Myndlist Sýningin Fuglar og fífur verður opnuð í sal íslenskrar grafíkur við Tryggvagötu 17 í Reykjavík, í dag klukkan 16. Á sýningunni eru verk eftir myndlistarkonuna Ernu Guðmarsdóttur. Notar hún margs konar tækni, málar á silki, vatnslitamyndir og olíu á striga. Myndefni sækir hún í íslenska náttúru, fjölbreytileika árstíðanna og ljóssins.

Sýningin er opin á fimmtudögum til sunnudaga milli klukkan 14 og 18 og stendur til 13. október.

Sýning í Kjarna

Áhrif frá Svövu Jakobsdóttur

Myndlist Valgerður Guðlaugsdóttir opnar sýninguna Framlenging í dag klukkan 15 í Listasal Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2.

Kveikjan er smásagan Saga handa börnum eftir Svövu Jakobsdóttur sem segir frá samskiptum móður við börn sín á súrrealískan hátt.

Flytja íslensk sönglög

Aftanblik í Tónbergi

Tónlist Tríó Aftanblik, sem skipað er Gerði Bolladóttur sópransöngkonu, Victoriu Tarevskaia sellóleikara og Katalin Lörincz píanóleikara, heldur tónleika í Tónbergi á Akranesi á morgun klukkan 16.

Á tónleikunum munu meðal annars hljóma íslensk sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns, Árna Thorsteinsson og Karl Ó. Runólfsson, aríur úr óperettum eftir Franz Lehár, rússnesk þjóðlög og verk eftir rússnesku tónskáldin Rimski Korskakov og Dmitri Kabalevski.

Aðgangseyrir er 2.000 krónur og frítt fyrir yngri en 12 ára.

GERÐUR BOLLADÓTTIR

STJÓRNANDI Hrönn Marinósdóttir hefur tekið á móti mörgum erlendum gestum í tengslum við RIFF-hátíðina síðustu ár. Hún nefnir leikstjórana Aki Kaurismäki, Milos Forman og Jim Jarmusch með þeim eftirminnilegri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þykjum fundvís á stjörnur

Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík (RIFF) sem hófst í tíunda sinn á fimmtudag, segir hátíðina komna á kortið sem eina af mörgum áhugaverðum kvikmyndahátíðum í Evrópu.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

Það er vissulega í ansi mörg horn að líta þessa dagana," segir Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF, sem hófst á fimmtudag og stendur yfir fram til 6. október næstkomandi. Þetta er í tíunda sinn sem RIFF-hátíðin er haldin og verða alls hátt í hundrað kvikmyndir frá yfir fjörutíu löndum á dagskrá hátíðarinnar.

„Nú þegar hátíðin er farin af stað felst mitt hlutverk einna helst í því að taka á móti erlendum gestum og sinna þeim, fara með þeim bíó, kynna fyrir fólki og þar fram eftir götunum. Á okkar vegum koma hátt í tvö hundruð gestir til landsins af þessi tilefni. Það eru leikstjórar og bransafólk, söludreifingaraðilar og fleiri sem tengjast kvikmyndaiðnaðinum, að ógleymdum öllum blaðamönnunum frá blöðum eins og Hollywood Reporter, Le Monde, Dagbladet í Noregi og fleirum," segir Hrönn.

Hrönn segir framgang hátíðarinnar hafa verið hraðari en vonir stóðu til þegar fyrstu RIFF-hátíðinni var hrundið af stað árið 2004. „Ef marka má umsagnir í viðurkenndum erlendum fjölmiðlum er RIFF komin á kortið sem ein af mörgum áhugaverðum kvikmyndahátíðum í Evrópu. Þetta er ekki stór hátíð á alþjóðlegan mælikvarða en dagskráin þykir áhugaverð, framsækin og skemmtileg," segir stjórnandinn og bætir við að RIFF hafi ekki síst vakið athygli fyrir að vera fundvís á upprennandi stjörnur í kvikmyndaheiminum. „Sigurmyndirnar á RIFF njóta oftar en ekki mikillar velgengni úti í heimi, eins og sýndi sig til að mynda með Beasts of the Southern Wild eftir Benh Zeitlin á síðasta ári. Þetta hefur okkur tekist með því að byggja upp góð tengsl við kvikmyndaiðnaðinn víða um heim."

Eins og áður sagði hefur Hrönn tekið á móti ógrynni erlendra gesta í tengslum við RIFF-hátíðina. Aðspurð nefnir hún þrjá leikstjóra meðal þeirra eftirminnlegustu sem hún hefur átt samskipti við síðustu árin. „Aki Kaurismäki er með eindæmum skemmtilegur maður sem talaði ekki mikið en allt sem hann sagði var fyndið. Milos Forman sýndi mér að stærstu stjörnurnar láta oft minnst fyrir sér fara, því hann var ósköp hversdagslegur og vildi helst bara vera á Hressó að drekkja viskí og reykja vindla. Jim Jarmusch var líka mjög örlátur á sjálfan sig og duglegur að miðla af reynslu sinni við gesti og gangandi, sem okkur þykir mjög mikilvægt."

Styrktartónleikarnir Stjörnuljós

Tónleikar til styrktar Hagbarði Valssyni og börnum hans í Noregi verða í Grafarvogskirkju í dag klukkan 16.

„Við viljum styrkja Hagbarð því hann hefur ekkert getað unnið frá því konan hans lést skyndilega í sumar, ófrísk að fjórða barni þeirra. Barninu var bjargað með naumindum en það varð fyrir súrefnisskorti og þarf sólarhringsumönnun," segir Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti Kirkjukórs Lágafellssóknar sem stendur fyrir tónleikunum Stjörnuljósum í Grafarvogskirkju í dag klukkan 16.

Fram koma KK, Ragnheiður Gröndal, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Hulda Björk Garðarsdóttir, Björg Þórhallsdóttir, Karlakórinn Þrestir, Vox Populi og Hjörleifur Valsson fiðluleikari auk strengjasveitar.

„Sem dæmi um skemmtileg atriði má nefna að KK syngur Vegbúann með Þröstunum og lokalagið Úr útsæ rísa Íslands fjöll verður flutt af öllum þremur kórunum og spilað á trompeta og pákur," lýsir Arnhildur.

Súfistinn selur kaffi í hléinu til styrktar málefninu og myndlistarmaðurinn Kári Sigurðsson selur myndir í sama skyni.

BÖRNIN Róbert Hólm, Regína Rós og Rakel María bera mikla umhyggju fyrir Rósu Jónu, litlu systur.

Veldu **notaðan Kia** með **lengri ábyrgð**

Kia cee'd EX 1,6
Árg. 2012, ekinn 4 þús. km,
dísil, 128 hö., sjálfskiptur,
eyðsla 5,5 l/100 km*.
▸ **Verð: 3.890.0 00 kr.**

Kia Rio EX 1,4
Árg. 2011, ekinn 24 þús. km,
bensín, 90 hö., sjálfskiptur,
eyðsla 6,4 l/100 km*.
▸ **Verð: 2.790.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
26.690 kr.

M.v. 50% innborgun og 72 mán. óverðtryggt lán á 9,7% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,37%.

Kia Sportage EX 4wd
Árg. 2011, ekinn 42 þús. km,
dísil, 136 hö., sjálfskiptur,
eyðsla 6,9 l/100 km*.
▸ **Verð: 5.390.000 kr.**

Kia cee'd Sportswagon EX 1,6
Árg. 2012, ekinn 30 þús. km,
dísil, 116 hö., 6 gíra,
eyðsla 5,6 l/100 km*.
▸ **Verð 3.190.000 kr.**

Kia cee'd LX 1,6
Árg. 2012, ekinn 41 þús. km,
dísil, 116 hö., sjálfskiptur,
eyðsla 5,6 l/100 km*.
▸ **Verð 2.850.000 kr.**

Kia cee'd Sportswagon EX 1,6
Árg. 2012, ekinn 19 þús. km,
dísil, 128 hö., 6 gíra,
eyðsla 4,3 l/100 km*.
▸ **Verð 3.890.000 kr.**

Kia Sorento EX Luxury 4wd
Árg. 2011, ekinn 30 þús. km, 198 hö.,
dísil, sjálfskiptur, eyðsla 7,4 l/100 km*.
Verð: 6.690.000 kr.
▸ **Tilboðsverð: 6.390.000 kr.**

Kia Rio LX 1.1
Árg. 2012, ekinn 40 þús. km,
dísel, 90 hö., 6 gíra,
eyðsla 3,2 l/100 km*.
▸ **Verð: 2.390.000 kr.**

* Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

KIA
The Power to Surprise

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-2493

Miklar öfgar í allri umræðunni

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra, segir algerlega vanhugsað hjá ríkisstjórninni að slíta aðildarviðræðunum við ESB. Hún er í nýju starfi innan Samtaka atvinnulífsins og kveðst frjálsari þar en í landsmálapólitíkinni. Þorgerður telur konur harðar dæmdar á þingi en karla og kveðst tilfinningavera en vonar að það nýtist henni í Ísland Got Talent.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

PORGERÐUR KATRÍN „Mér fannst afskaplega vont þegar ég var í ríkisstjórn þegar Sigríður Anna fór úr stjórninni og ég varð ein eftir með sjálfstæðisstrákunum, eins og þeir eru indælir. Hver rödd skiptir svo miklu máli."

Nýju starfi fylgir alltaf eftirvænting en líka pínulítill kvíðahnútur. Þótt ég hafi reynslu á ákveðnum sviðum er ekki eins og ég hafi höndlað heiminn allan. Það mætir manni alltaf eitthvað nýtt," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, sem er í nýrri stöðu sem forstöðumaður mennta- og nýsköpunar innan Samtaka atvinnulífsins. Hún kveðst kunna mjög vel við sig. „Það sem ég fann strax fyrsta daginn og skiptir mig miklu máli er að hér er gott fólk, kraftmikið og ekki skoðanalaust. Svo er haldið vel utan um hlutina, sem er mikilvægt upp á alla skipulagningu og stefnumótun."

Var þessi staða búin til fyrir þig?

„Nei, en hún er meðal þeirra breytinga sem fylgja nýju fólki með nýjar áherslur sem nú er við stjórn SA. Mér finnst frábært að þessi samtök, sem hafa mikilvæga rödd í íslensku samfélagi, ætli að leggja aukna áherslu á mennta- og nýsköpunarmál. Þá er ég ekki að segja að ekki hafi verið unnið vel að þeim áður. Hér er dýrmæt þekking á sviði menntamála hjá þeim starfsmönnum sem fyrir eru. Stór þáttur í starfi samtakanna er að veita fyrirtækjunum greiðan aðgang að því að mennta starfsmennina sína enda er hagur fyrirtækja að hafa ánægða starfsmenn með aukna þekkingu og hæfni. En nú á að hnykkja frekar á stefnu og skoðun samtakanna á þessu sviði. Staðan var ekki búin til fyrir mig en ég er mjög þakklát fyrir að leitað var til mín."

Hverjar eru stærstu áskoranirnar í menntamálum, að þínu mati?

„Höfum í huga að árið 2008, eftir ríflega fimm ára vinnu og mikil samskipti við sveitarfélög, kennarasamtökin og Heimili og skóla, var lögð fram ný skólastefna, með auknum sveigjanleika milli skólastiga, nýrri nálgun í kennaramenntun, eflingu iðn- og starfsmennta, minnkun brottfalls í framhaldsskólum og auknum kröfur til háskóla. Flestir gengu í takt. Síðan varð hrunið og nýja ríkisstjórnin ákvað að slá breytingunum á frest, sem ég tel að hafi verið mistök því uppstokkunar er þörf. Samtök atvinnulífsins hafa ályktað um árabil um að stytta eigi nám til stúdentsprófs, hvort sem það er gert í gegnum grunnskólann eða framhaldsskólann. Þau vilja einnig gera auknar kröfur til kennsluhátta, rekstrar og rannsókna. Við verðum alltaf að vera á tánum þegar kemur að menntamálum, rannsóknum og nýsköpun. Ég vil líka draga fram, af því ég var að gagnrýna vinstristjórnina, að hún gerði margt gott á sviði nýsköpunarmála, með betra skattalegu umhverfi fyrir litlu frumkvöðlafyrirtækin sem hafa alveg ótrúlegan sköpunarkraft og hugmyndir sem manni finnst verða að njóta framgangs. En þá komum við að gjaldeyrishöftunum, sem í dag eru helsti þrándur í Götu frumkvöðlastarfsemi á landinu. Það er gríðarlega stórt og mikilvægt mál fyrir okkur til lengri og skemmri tíma að unnið verði hratt og örugglega á höftunum. Að hætta viðræðunum við Evrópusambandið er hér ekki hjálplegt né það að skýr framtíðarstefna í peningamálum er ekki í augnsýn.

Það hefði síðan verið smart hjá ríkisstjórninni að taka því fagnandi að fara í sameiginlega og faglega skýrsluúttekt á stöðunni í viðræðunum með aðilum vinnumarkaðarins í stað þess að slá í útrétta hönd þeirra og viðleitni til uppbyggilegrar umræðu. Ég var nú að vona að þessi ríkisstjórn tæki ekki upp slagsmálaþráð gömlu ríkisstjórnarinnar við þessa mikilvægu aðila því hagsmunir allra liggja fremur saman en í sundur."

Pólitíkin skemmtilegust

Hefðir þú viljað halda áfram í landsmálapólitíkinni? „Ég dreg ekki dul á það að hún er það skemmtilegasta sem ég hef gert fram að þessu. Ég átti dýrmætan tíma í henni með ótrúlega skemmtilegu fólki sem er vinir mínir og ég held sambandi við. Ég kynntist líka fólki sem mig langar að gleyma. Pólitíkin er að mínu mati vanmetið fyrirbæri en mér finnst vont að sjá suma einstaklinga í henni verða fyrir óvæginni umræðu sem þeir eiga ekkert endilega skilið. Enn sárara er að sjá á eftir fólki úr pólitík með bullandi hæfileika eins og Gísli Marteinn. Það er eitthvað að ef Sjálfstæðisflokkurinn leyfir ekki fleiri en eina skoðun, hvað þá umræðu á tilteknum sviðum. Hin breiða skírskotun flokksins í gegnum söguna verður þá einhvern veginn svo víðs fjarri."

Þú fékkst nú aldeilis að finna fyrir umræðunni eftir hrun og það var umsátur um heimilið þitt. Hvernig leið þér þá og hvernig líður þér með þá reynslu? „Þetta er tími sem er liðinn. Hann var erfiður og hann var sár en það þýðir ekki að dvelja of mikið við hann. Það á samt eftir að gera hann upp. Eitt er að skoða aðdraganda hrunsins, sem var nauðsynlegt. Hitt er að skoða eftirfylgnina og hvort við Íslendingar séum stoltir af öllu því sem við gerðum þá. Efst í mínum huga þar er svívirðan með landsdóminn. Þar var pólitíkin í sinni ljótustu mynd að mínu mati. Hvernig hún birtist í ákveðinni friðþægingu af hálfu þeirra sem tóku við. Ég fæ kökk í hálsinn þegar ég hugsa um þetta. Þetta var erfiður tími og hann mátti alveg vera það fyrir okkur sem höfðum staðið í pólitíkinni. Ég er alls ekki að hlífa okkur. En hann var ekki endilega sanngjarn. Uppgjörið mun koma einn daginn. En ég er bara stödd á öðrum stað núna, komin í nýtt starf þar sem ég fæ tækifæri til að styðja við góð mál í þágu atvinnulífsins sem ríkisstjórnin er að berjast fyrir, nú eða stjórnarandstaðan. Ég er mun frjálsari en á þingi. Ég þarf ekki lengur að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem ég var ekki sammála innan flokksins míns en samþykkti með stóru heildarmyndina í huga. Ég hef alltaf treyst á að fyrirmyndarríkið væri þetta opna og umburðarlynda samfélag, sem byggði á frjálsum alþjóðlegum markaði, frelsi í viðskiptum og trúna á einstaklinginn. Mér finnst ekkert endilega þau baráttumál vera á oddinum þegar pólitíkin er annars vegar, ekki einu sinni hjá þeim flokki sem ég hef alltaf treyst og styð enn."

Já, styður enn? „Já. Ég treysti Bjarna, ég hef unnið með honum og veit hvaða mann hann hefur að geyma. Ég segi við fólk sem er að gagnrýna hann og Sigmund Davíð: Gefið þeim svigrúm, sýnið þeim sanngirni. En þeim verður ekki hlíft ef þeir vinda sér ekki í verkefnin sem fólk er að kalla eftir. Ég hef trú á þeim þótt þeir hafi gert stór mistök með því að hætta aðildarviðræðum við ESB. Það var heimskulegt og ekki í þágu íslenskra hagsmuna. Ætli það væri ekki tölurvert hægara að aflétta gjaldeyrishöftunum í samstarfi við Evrópusambandið og Alþjóðabankann og fleiri stofnanir en að vera einangruð? Nú, eða hafa svigrúm og stuðning við mótun nýrrar peningamálastefnu.

Hvað þýðir það fyrir íslensk heimili eða fyrirtæki að vera 10-12 ár í höftum eins og merkir hagfræðingar hafa leitt líkur að? Það er tiplað á tánum í kringum það hvaða vaxtabyrði íslensk heimili þurfa að þola. Ég var að lesa að herkostnaður við gjaldmiðilinn eins og hann er í dag væri 120-150 milljarðar á ári. Svo lætur fólk eins og það sé bara fínt að slíta aðildarviðræðunum og henda mikilvægum valkosti fyrir okkur út af borðinu. Þetta er bara fáránlegt."

Hefurðu engar áhyggjur af stöðu sjávarútvegs og landbúnaðar ef Ísland gengur í Evrópusambandið? „Ég er talsmaður öflugs íslensks sjávarútvegs og íslensks landbúnaðar. En ég vil forðast umræðuna eins og: Annaðhvort ert þú á móti Evrópusambandinu eða þú ert ekki sannur Íslendingur. Annaðhvort viltu landbúnaðarkerfi eins og það er nú eða þú ert á móti bændum. Annaðhvort ertu með flugvellinum eða á móti allri landsbyggðinni. Það eru svo miklar öfgar í allri umræðunni. Sjálf hef ég alltaf verið á móti því að færa flugvöllinn en það má alveg hlusta á röksemdir hinna sem vilja hann burt. Það er auðvitað fullt af verðmætum í Vatnsmýrinni. Við sem styðjum flugvöll þar verðum að minnsta kosti að geta svarað því hvert við viljum að byggðin þróist á höfuðborgarsvæðinu og hver eigi að bera kostnaðinn af því. Þessi öfgakennda umræða á öllum málasviðum finnst mér skemma mest í íslensku samfélagi. Það er allt „annaðhvort eða". Ég er orðin pínu þreytt á því."

Önnur krafa til kvenna en karla

Nú var Bjarni þátttakandi í vafasamri fjármálastarfsemi en ▶

PORGERÐUR KATRÍN

STJÓRNMÁLAMENN
Enn sárara er að sjá á eftir fólki úr pólitík með bullandi hæfileika eins og Gísla Marteini. Það er eitthvað að ef Sjálfstæðisflokkurinn leyfir ekki fleiri en eina skoðun, hvað þá umræðu á tilteknum sviðum.

GERUM ÖLL MISTÖK
Ég hef stundum sagt dómadagsdellu eins og þegar ég sagði blessaða danska sérfræðingnum hjá Merrill Lynch að fara í endurmenntun þegar hann var með ábendingar varðandi íslenskt efnahagslíf.

EVRÓPUSAMBANDIÐ
Svo lætur fólk eins og það sé bara fínt að slíta aðildarviðræðunum og henda mikilvægum valkosti fyrir okkur út af borðinu. Þetta er bara fáránlegt.

STAÐA KVENNA
Mér finnst skipta máli að hlustað sé á konur á þeirra eigin forsendum og að þær séu ekki alltaf viðhengi einhvers annars.

EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU

LADDI LENGIR LÍFIÐ

KVÖLDSTUND MEÐ LADDA Í EIGIN PERSÓNU

Sýningar eru hafnar!

★★★★★

„Laddi er engum líkur ...Hann er þjóðargersemi.“
- Pressan.is

„Sprenghlægileg sýning fyrir allan aldur!“
- Sirrý, Rás 2

„Á sviðinu birtist manni lítill drengur með stórt hjarta.“
- Helgi Snær Sigurðarson, Morgunblaðið.

„Stórkostleg sýning!“
- Heimir Karlsson, Bylgjan

Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sena

▶ *orðinn ráðherra yfir fjármálum landsins en þú hrökklaðist úr pólitíkinni af því að eiginmaður þinn hafði tekið lán fyrir hlutabréfum í Kaupþingi. Steinunn Valdís var lögð í einelti vegna peninga sem hún fékk í kosningasjóð en karlmenn sem svipað var ástatt um eru enn á þingi. Er sterkari siðferðiskrafa til kvenna á þingi en karla?*

„Mér finnst ekki rétt að setja þetta svona fram. Bjarni hefur verið lengi í atvinnulífinu og mér fannst sárt að sjá suma sjálfstæðismenn ekki standa með honum því þegar við horfum á sögu flokksins þá höfum við haft athafnamenn í forystu hans og það frábæra menn. Bjarni er þar engin undantekning. Ég tel Bjarna hafa gert mjög vel grein fyrir sínu máli og treysti honum til góðra verka. En já, það er gerð önnur krafa til okkar kvenna. Það er klárt."

En ef hlutverkum ykkar hjóna hefði verið snúið við og Kristján verið á þingi, heldurðu að hann hefði þurft að hætta? „Nei, nei. Hann hefði væntanlega aldrei þurft að hætta. En þetta hefur líka náð inn á sveitastjórnarstigið þar sem konur hafa þurft að hætta vegna starfs eiginmanna þeirra. Þetta er ójöfnuður milli kynjanna sem ég vona að breytist. Mér finnst skipta máli að hlustað sé á konur á þeirra eigin forsendum og að þær séu ekki alltaf viðhengi einhvers annars."

Vildir þú sjá jafnari hlutföll karla og kvenna á þingi? „Það er ekki spurning. Meðan ég var varaformaður Sjálfstæðisflokksins og fór um landið með Geir og síðan Bjarna var ég alltaf að minna á jafnt hlutfall karla og kvenna í stjórnum fulltrúaráðanna og fékk spurninguna: „Þorgerður, ætlar þú að koma núna með ræðuna um kerlingarnar?" En það skiptir máli að sem víðast sé jafnvægi milli karla og kvenna. Þetta hjal um hæfasta einstaklinginn gildir ekki lengur. Við erum með helling af hæfum konum og það væri móðgun við okkur sem störfum í flokknum ef það væri ekki kona í forystu hans. Mér fannst afskaplega vont þegar ég var í ríkisstjórn þegar Sigríður Anna fór úr stjórninni og ég varð ein eftir með sjálfstæðisstrákunum, eins og þeir eru indælir. Hver rödd skiptir svo miklu máli og fyrirmyndir eru mikilvægar. En það tímabil er liðið að einhver ein kona sé höfð sem skrautfjöður til að sýna að það sé bara allt í lagi með flokkinn. Nú eru þar sterkar konur í forystu og ég er stolt af þeim."

Hefði viljað íslenskt nafn

Þú ert að fara í sjónvarpsþátt á Stöð 2, Ísland Got Talent. Hvað kemur til? „Ég fékk símtal og var spurð hvort ég vildi vera með, hugsaði mig stuttlega um og komst að þeirri niðurstöðu að mig langaði, þetta er ólíkt því sem ég hef áður gert þótt ég hafi lifað og hrærst í kringum menningu og listir. Það styrkti mig líka í ákvörðuninni að það er toppfólk í kringum þáttinn, bæði fyrir framan og aftan myndavélina. Auðvitað hef ég fengið athugasemdir eins og að það gangi nú ekki að fyrrverandi menntamálaráðherra sé að taka þátt í svona þætti, eins og til sé einhver skilgreining á því hvað er menningarlegur þáttur. Svo hefur gagnrýnin líka verið á heiti þáttarins, Got Talent. Hún er skiljanleg. Ég hefði viljað sjá íslenskt nafn á þættinum en fyrrverandi menntamálaráðherra veit að það þarf einnig að gæta að hugverkaréttindum. Got Talent er alþjóðlegt vörumerki og við verðum að virða höfundarrétt, sama hvernig hann ber að."

Finnst þér sviðsljósið heillandi? (Hugsar sig um örstutta stund) „Ekki alltaf en það sem fylgir sviðsljósinu eru þessi hugguleg-heit þegar fólk kemur og segir: „Æ, Þorgerður, mér finnst þú hafa verið heimilisvinur í mörg ár, það er gaman að hitta þig." En það eru líka neikvæðar hliðar á því að vera þekktur. Mestu máli skiptir að vera maður sjálfur með öllum kostum og göllum. Ég geri mistök eins og aðrir. Hef stundum sagt dómadagsdellu eins og þegar ég sagði blessaða danska sérfræðingnum hjá Merrill Lynch að fara í endurmenntun þegar hann var með ábendingar varðandi íslenskt efnahagslíf sem reyndust svo réttar. Þótt ég hafi beðist afsökunar í beinni fyrir fullu Háskólabíói þá er þetta samt orðinn hlutur. Ég verð stundum að passa mig, án þess að ganga á það að vera ég sjálf. Ég fæ oft spurningar eins og „Ætlar þú að vera grimmi dómarinn eða uppbyggjandi dómarinn í þessum sjónvarpsþætti?" Ég ætla bara að vera ég og segja það sem mér finnst. Ég er mikil tilfinningavera og það hefur stundum háð mér en líka styrkt mig. Ég vona að það nýtist mér í þessum þætti."

Börnin öll fædd á kosningaárum

Nú er pabbi þinn þjóðþekktur leikari. Blundaði aldrei leikari í þér? „Nei, ég fór aldrei á leiksvið. Einhvern tíma var ég í útvarpsleikriti en ég held að tekið hafi verið yfir það. Það er nóg að hafa einn leikara í fjölskyldunni og þá er betra að hafa stórleikara eins og pabba í því. Ég er ótrúlega stolt af pabba og mömmu. Þau eru mínar fyrirmyndir í lífinu. Þótt ég hafi ekki farið sömu leið og þau í pólitík hvöttu þau mig til að hafa skoðanir og láta mér ekki standa á sama um málefni, umhverfi og einstaklinga."

Hver er móðir þín? „Móðir mín er Katrín Arason, fædd á Húsavík en ólst upp í Reykjavík. Hún vann hjá Flugmálastjórn í milli 40 og 50 ár, var ritari hjá Agnari Kofoed Hansen lengst af, menntuð úti í Danmörku. Ein af hinum hljóðu en sterku fulltrúum útivinnandi kvenna gegnum árin. Pabbi var sá sem mætti í foreldraviðtölin og beið frekar heima á daginn af því leikarar unnu þannig vinnu. En mamma er skörungur og hefur í raun haldið fjölskyldunni saman."

Ertu úr stórum systkinahópi? „Nei, við erum bara tvær systurnar. Karitas systir mín er fimm árum eldri en ég. Hún er á kafi í listum og menningu og hefði frekar getað farið í leiklist en ég. Menning er líka hluti af mínum lífsstíl og mér finnst dapurlegt að heyra umræðuna núna um að slátra öllum styrkjum til listarinnar og að listamenn séu afætur á íslensku samfélagi. Auðvitað þarf að stokka upp styrkjakerfið, það er ekki undanskilið, en eitt af því sem skiptir okkur máli er menningin og sagan. Við eigum ekki að tala um listamennina okkar af þeirri vanvirðingu sem sumir gera þegar þeir tjá sig um listamannalaun. Menningin er hluti af því sem gerir okkur að þjóð."

Hvað áttu af börnum? „Við Kristján eigum þrjú, 10, 14 og 18 ára. Fengitíminn var á fjögurra ára fresti og börnin fæddust öll á kosningaárum. Ég var með dóttur mína á brjósti þegar ég byrjaði í ráðuneytinu og tók pumpu með mér í vinnuna. Í gegnum börnin sé ég, eins og aðrir foreldrar, hversu dýrmætt það er að hafa valkosti í skólakerfinu, því einstaklingarnir eru svo mismunandi að atferli og þroska. Við erum mjög lánsöm með okkar skóla, Lækjarskóla í Hafnarfirði, og ég er þakklát þeim kennurum sem hafa verið í kringum börnin mín gegnum tíðina, sérstaklega yngsta barnið mitt sem þarf á aðstoð að halda. Þar hefur yndislegur þroskaþjálfi, hún Sigga, beinlínis aukið lífsgæði dóttur minnar. Fjölbreytni er lykilatriði í skólakerfinu og hana má ekki trassa. Eitt barnið gæti ekki farið í neitt annað en bekkjarkerfi í skólanum meðan annað gæti plummað sig hvar sem er. Valfrelsi á öllum sviðum er mín pólitík."

Hvað er það sem gefur lífinu mest gildi að þínu mati og hvar líður þér best? „Fjölskyldan gefur lífinu mest gildi. Samvera og tími með fólkinu sem maður elskar. Best líður mér í sveitinni. Mamma og pabbi keyptu jörð í Ölfusinu árið 1966, ég var þar alltaf á sumrin innan um hesta, tún, grjót og mosa. Ég ólst dálítið upp á hestbaki, á hesta en hef ekki sinnt hestamennsku að ráði í einhver ár. Þar er systir mín forkur en ég er meira dottin í golfið."

Dýrmæti frá ömmum og öfum

Hefurðu farið í upphlutinn þinn síðan þú varst skömmuð fyrir að vera í bol við hann en ekki skyrtu við opnun Þjóðminjasafnsins? „Já, já, bæði með hinni hefðbundnu skyrtu og líka bolnum sem er íslensk hönnun og mér finnst frábær. Ég ber mikla virðingu fyrir konunum í Heimilisiðnaðarfélaginu sem gerðu athugasemd við bolinn, og þeirra mikilvægu þekkingu, en það var bara miklu, miklu stærri hópur kvenna sem sagði við mig: „Nú ætla ég að fara að nota íslenska búninginn minn frá ömmu." Ég hef gaman af því að fara pínulítið út úr norminu án þess þó að virðingunni gagnvart hefðinni sé sleppt. Að varðveita menningu er líka það að þróa hana á fallegan hátt inn í nútímann. Búningurinn minn er frá ömmu Þorgerði, hún var úr Keflavík og dó úr krabbameini 34 ára árið 1940. Allt sem ég á frá ömmum mínum og öfum finnst mér dýrmætt. Ég á skáp frá ömmu Kaju og sessalón frá ömmu Þorgerði og afa Eyjólfi sem ég er nýbúin að gera upp aftur, því ég nota þessa hluti. Krakkarnir mínir tengja sig við þetta fólk, meðal annars gegnum hlutina. Tengslin við fortíðina eru þýðingarmikil þótt varðstaða um það sem var sé ekki endilega í boði. Ef við berum virðingu fyrir fortíðinni og rótum okkar þá njótum við þess að lifa í núinu og mætum sterkari inn í framtíðina – og glaðari."

FORSTÖÐUMAÐUR MENNTA OG NÝSKÖPUNAR
„Ég er komin í nýtt starf þar sem ég fæ tækifæri til að styðja við góð mál í þágu atvinnulífsins sem ríkisstjórnin er að berjast fyrir, nú eða stjórnarandstaðan."

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

PORGERÐUR KATRÍN

ÍSLAND GOT TALENT
Auðvitað hef ég fengið athugasemdir eins og að það gangi nú ekki að fyrrverandi menntamálaráðherra sé að taka þátt í svona þætti.

BÖRNIN
... ég er þakklát þeim kennurum sem hafa verið í kringum börnin mín gegnum tíðina, sérstaklega yngsta barnið mitt sem þarf á aðstoð að halda.

ERFÐAGRIPIR
Ég á skáp frá ömmu Kaju og sessalón frá ömmu Þorgerði og afa Eyjólfi sem ég er nýbúin að gera upp aftur, því ég nota alla þessa hluti.

Bílar í ábyrgð

Nýlegir bílaleigubílar í verksmiðjuábyrgð. Komdu og veldu þann sem hentar þínum þörfum best.

Skoðaðu úrvalið á benni.is

Chevrolet Captiva LT | Árgerð 2013
Sjálfskiptur | dísel | **Verð 5.490 þús. kr.**

Kaupauki með Chevrolet Captiva 2013
360.000 kr
*Toyo harðskeljadekk og dráttarbeisli innifalið

Opið virka daga 10:00 - 18:00 og laugardaga 12:00 - 16:00

Bílabúð Benna Reykjavík
Notaðir bílar • Bíldshöfða 10
Sími: 590 2035 • notadir@benni.is

Bílabúð Benna Reykjanesbær
Nýir og notaðir bílar • Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330 • notadir@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

VERÐHRUN!

RÝMINGAR SALA

BÓKAÚTGEFENDA

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ALDREI MEIRA ÚRVAL!

Fullt af hugmyndum fyrir vel skipulagða jólasveina!

BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-18 ALLA DAGA**

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!

Breki og Dreki í leikskóla
990,-

Ég er klárastur
990,-

Top Gear
990,-

Stórskemmtilega stelpubókin
990,-

Prinsessur fara í sumarfrí
990,-

Stórhættulega strákabókin
990,-



Undraheimur mannslíkamans
990,-

Fyrstu orðin og Veistu svarið
1.950,-

Angry Bird
990,-

Richard Scarry - 2 bækur
1.475,-

MIKIÐ ÚRVAL FYRIR VEL SKIPULAGÐA JÓLASVEINA

BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

HRAÐSKRE

FRUMSÝNING UM HELGINA.

OPNUNARTÍMI: Í dag milli kl. 12-16 og á morgun sunnudag milli kl. 13-16.

BMW 4 línan Coupé xDrive

Við bjóðum þér á frumsýningu þriggja nýrra og glæsilegra BMW bíla sem allir verða sýndir með BMW xDrive, skynvæddu fjórhjóladrifi. Frumsýndir verða nýr BMW 428i Coupe xDrive, nýr BMW 525d xDrive og nýr BMW 320d xDrive Grand Turismo. Einnig getur að líta nýja einstaklega glæsilega BMW X6 M útfærslu.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BMW

www.bmw.is

Hrein akstursgleði

IÐUR.

ENNEMM / SÍA / NM58539

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

KOMINN TÍMI Á ÆVINTÝRI

Andri Snær Magnason hefur verið stöðugt í sviðsljósinu undanfarin ár. Bækur hans LoveStar, Blái hnötturinn og Draumalandið hafa komið honum á kortið sem spennandi og eftirtektarverðum höfundi víða um heim. Það eru því engin smávegis tíðindi þegar hann sendir frá sér nýja bók. Tímakistan er fyrsta bók hans síðan 2006 og hún er væntanleg á næstu vikum.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Andri Snær er önnum kafinn maður. Hann er nýlentur eftir ferð til Dublin og rétt ófarinn til Berlínar þegar tekst að króa hann af eitt augnablik til viðtals. Eins og sönnum umhverfissinna sæmir kemur hann hjólandi í rigningunni og rokinu en viðurkennir þó að hann eigi reyndar bíl sem ekki sé sérlega umhverfisvænn. Eftir að hann hefur hrist af sér mestu vætuna setjumst við niður og snúum okkur að máli málanna, nýju bókinni sem heitir Tímakistan og kemur út í nóvember.

Hvernig bók er þetta? „Þetta er barna- og unglingabók sem ég vona að höfði einnig til þeirra sem eldri eru. Ég er ekki alveg búinn að komast að því hver markhópurinn er en vona að hann verði svona í kringum lesendahóp Bróður míns ljónshjarta. Sagan er á tveimur plönum, annars vegar um konung sem sigrar heiminn en er ósáttur við að geta ekki sigrað tímann, að hann fái ekki að lifa lengur en aðrir, að hann hafi ekki tíma til að njóta auðæfa sinna. Hann heimtar lausn og fær hana með afdrifaríkum afleiðingum. Hinn hlutinn gerist í samtímanum þegar fólk eignast kassa sem það getur skrúfað saman með sexkanti. Ef menn skríða inn í hann geta þeir látið tímann hverfa og sleppt þannig leiðinlegum dögum eins og mánudögum, rigningarsumrum, febrúardrunga. En þegar hagfræðingar spá mjög leiðinlegu ári og fólk ákveður að sleppa árinu - þá fer ýmislegt úrskeiðis. Og nú má ég ekki segja meira til að skemma ekki fyrir væntanlegum lesendum."

Hún er búin að vera lengi í höfðinu á þér, ekki satt? „Jú, þetta er bók sem ég ætlaði að skrifa strax eftir LoveStar en Draumalandið skaust fram fyrir og svo bættust við þrjú leikrit og heimildarmynd, þannig að þessi bók er búin að banka mjög fast mjög lengi og var orðin mjög reið við mig undir það síðasta. Það var ekki um annað að ræða en henda öllu frá sér og einbeita sér að henni. Ég er búin að vera fjögur ár að skrifa hana þótt ýmislegt annað hafi reyndar verið að fæðast samtímis."

Móralistar

Draumalandið var skrifað í ákveðnum tilgangi en hvernig hugsarðu skáldverkin þín? Eiga þau að vera einhvers konar boðskapsbækur? „Það er náttúrulega sami maður á bak við öll verkin og sá maður er að hugsa eitthvað en þetta er ekki endilega hugsað sem eitthvert lærdómsrit. Þegar höfundar troða skoðunum sínum inn í verk finnst mér það oft koma út eins og „product placement" í kvikmyndum; kókflöskunni er bara allt í einu stillt upp beint fyrir augum lesandans. Í heiðarlegri söguritun getur auðvitað verið einhver ádeila en svo ertu með persónur og þær eru aldrei einlitar. Góðu karlarnir eru ekkert endilega allir í náttúruverndarhreyfingunni og hinir ekki allir á móti henni. Það er aldrei hægt að skrifa svoleiðis sögu. Ég reyni yfirleitt bara að skrifa sögur sem mér finnst vanta og mér fannst bara vera kominn tími á ævintýri núna.."

Finnst þér að rithöfundar eigi að vera móralistar? „Ef það er þörf á því þá held ég að það sé ómóralskt að vera það ekki. Vandinn liggur auðvitað í því að gera hlutina þannig úr garði að þeir séu list. Það er ekkert mál að móralísera og hafa skoðanir en að gera þetta þannig að það fléttist eðlilega inn í söguna er flóknara mál. Stórar siðferðilegar spurningar er oft hægt að nota til að byggja upp skemmtilegan leik og það er mjög gaman að glíma við þær og leika sér með stórar spurningar í verkunum. Mér finnst líka mjög gaman að bregða nýju ljósi á hlutina. Taka einhvern hlut sem allir sjá og ganga að sem gefnum, snúa honum við og velta honum fyrir sér á annan hátt. Svo þykir mér óskaplega gaman að fikta í tungumálinu og merkingu þess."

VEGGBRATTUR „Ég hef að ýmsu leyti verið feginn að geta bakkað ofan í Tímakistuna og dregið mig aðeins í hlé. En það er ekki til frambúðar."

Besti gagnrýnandinn

Það flaug sá kvittur fyrir jólin í fyrra að þú værir með nýja bók á markaðnum þá, var það Tímakistan? „Já, ég ætlaði að reyna það en fékk hugmynd á síðustu stundu sem bætti heilli vídd við verkið og því bættist ár við skrifin með talsverðri yfirlegu. Konan mín, Margrét Sjöfn Torp, er frábær yfirlesari. Í sumar var ég búinn með síðasta kaflann og vildi bara koma bókinni frá en hún sagði bara hreint út að hann gæti orðið betri þetta væri ekki nógu gott. „Ef þú vilt klúðra sögunni og kasta fjórum árum úr lífi þínu á glæ, þá þú um það," sagði hún. Þannig að ég hlýddi og hunskaðist niður aftur um miðja nótt og kaflinn varð miklu betri. Hún er minn besti gagnrýnandi og hefur hjálpað mér mikið við allar mínar bækur. Hefur verið að lesa yfir handrit á fæðingardeildinni, í flugvélum, á jólunum og hvar og hvenær sem er. Mjög góður yfirlesari og alveg eitilhörð. Hún er í rauninni ljósmóðir verksins. Það er til ótrúlegra bóta að leyfa bókum að liggja og þetta ár sem hefur bæst við ritunartímann hefur bætt hana mikið."

Sjaldan brattari

Og hún fer með þér til Ítalíu þegar þú ferð þangað í skriftabúðir? „Já, við höfum farið fimm sinnum og dvalið á eyjunni Ustica sem er norður af Sikiley. Þetta er eyja með einu fjalli og sumarið 2012 vorum við í kofahúsi uppi á fjallinu. Það voru þrír kílómetrar til sjávar og þrír kílómetrar í bæinn þannig að við gengum upp undir ellefu kílómetra á dag og upp hálfa Esju í 40 stiga hita og misstum bæði fimm kíló. Þetta var svona fjöldskyldu „boot camp". Sumarið í sumar var líka mjög gott, ég náði ævintýralega góðri Hornstrandaferð og ég kem alveg veggbrattur inn í haustið, sérlega glaður að hafa klárað verkið. Hef eiginlega sjaldan verið brattari."

Þú hefur verið mikið á ferðinni í upplestrarferðum, á bókmenntahátíðum, kvikmyndahátíðum og ráðstefnum undanfarin ár. Bitnar þetta ekkert á fjölskyldulífinu? „Ég er á ferðinni að meðaltali einu sinni í mánuði í sambandi við eitthvað slíkt og mætti ekki vera meira enda er konan mín líka í krefjandi starfi. En svo förum við fjölskyldan oft saman út og ég er yfirleitt heima þegar krakkarnir koma heim úr skólanum þannig að þetta jafnast út."

Stórar siðferðilegar spurningar er oft hægt að nota til að byggja upp skemmtilegan leik og það er mjög gaman að glíma við þær.

Draumalandið hefur vakið athygli um allan heim og gert þig að miklum aktívista í augum fólks ertu að bakka út úr því hlutverki? „Nei, alls ekki. Ég er kominn í gang með næsta verkefni sem er byggt á efni sem ég hef fengið upp í hendurnar í gegnum þá sem ég hef kynnst í sambandi við Draumalandið. Það verður hugmynda- og staðreyndabók þannig að ég hef að ýmsu leyti verið fegin að geta bakkað ofan í Tímakistuna og dregið mig aðeins í hlé. En það er ekki til frambúðar."

AFREKASKRÁ ANDRA SNÆS

***Sagan af bláa hnettinum* hefur komið út í:**
Frakklandi, Danmörku, Svíþjóð, Færeyjum, Grænlandi, Eistlandi, Spáni, Ítalíu, Júgóslavíu, Taílandi, Grikklandi, Kóreu, Japan, Kína, Rúmeníu, Ungverjalandi, Litháen, Þýskalandi, Finnlandi, Noregi, Rússlandi, Tyrklandi, Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada, Ástralíu, Brasilíu, Portúgal, Taívan, Póllandi

Leikritið eftir *Sögunni af Bláa hnettinum* hefur verið sett á svið í fimm löndum.

***Draumalandið* hefur komið út á**
ensku, dönsku, sænsku, þýsku og japönsku

***LoveStar* hefur komið út á**
ensku, þýsku og ungversku

***Bónusljóð* hafa komið út á** þýsku

Ljóð eftir Andra hafa komið út á
hollensku, þýsku og ensku

Smásögur hafa komið út á
þýsku og norsku

VERÐLAUN OG VIÐURKENNINGAR

2013 - The Green Earth Honor Award 2013: *Sagan af Bláa hnettinum*
2006 - Íslensku bókmenntaverðlaunin: *Draumalandið: sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð* (í flokki fræðirita og bóka almenns efnis)
2006 - Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana: *Draumalandið* (í flokki handbóka og fræðibóka)
2006 - Fyrstu verðlaun fyrir tillögu að nýjum höfuðstöðvum Íslandsbanka á Kirkjusandi. Ásamt Arkitektúr.is og Einrúm arkítektar. Þáttur Andra var að leita að heimspeki hússins, sögulegum tengingum og tengslum við umhverfið.
2003 - Menningarverðlaun DV í bókmenntum: *LoveStar*
2002 - Bókaverðlaun starfsfólks bókaverslana: *LoveStar*
2002 - Vestnorrænu barnabókaverðlaunin: *Sagan af bláa hnettinum*
2000 - Heiðursverðlaun Janusz Korczak: *Sagan af bláa hnettinum*
1999 - Íslensku bókmenntaverðlaunin: *Sagan af bláa hnettinum*

TILNEFNINGAR

2013 – UKLA Book Award: *Sagan af Bláa hnettinum*
2013 - The Philip K. Dick Award: *LoveStar*
2003 - Íslensku bókmenntaverðlaunin: *LoveStar*

Eirberg

40%

Nuddpúði Shiatsu

Verð áður: 14.970 kr. 8.982 kr.

25–60%

40%

Lofthreinsitæki HEPA

16.890 kr. 10.134 kr.

40%

Nuddsæti Shiatsu SPOT

Verð áður: 52.790 kr. 31.674 kr.

25%

Rakatæki

Verð áður: 29.850 kr. 22.388 kr.

35%

Fótaspa

Verð áður: 12.945 kr. 8.414 kr.

40%

Stuðningspúði höfuð og háls

Verð áður: 5.950 kr. 3.570 kr.

35%

Nuddsæti sænskt nudd

Verð áður: 29.980 kr. 19.487 kr.

40%

TableTop-Arinn

Verð áður: 12.970 kr. 7.782 kr.

40%

Iljanuddskór

Verð áður: 13.890 kr. 8.334 kr.

25%

Djúphitahlífar endurhlaðanlegar

Verð áður: 11.950 kr. 8.963 kr.

40%

Bakbretti Back Magic

Verð áður: 7.950 kr. 4.770 kr.

40%

Infrarautt nudd

Verð áður: 2.950 kr. 1.770 kr.

25%

Mýkjandi gelsokkar

Verð áður: 3.950 kr. 2.963 kr.

60%

Magaþjálfi

9.750 kr. 3.900 kr.

Verslaðu á vefnum › Frí sending að 20 kg › 1 árs skilaréttur

Opið virka daga kl. 9 -18 og laugardaga kl. 11 -15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Nauðsynlegt að hagræða um tugi milljarða króna

Vigdís Hauksdóttir fer yfirleitt ekki í grafgötur með skoðanir sínar, en óhætt er að segja að hún sé með áhrifamestu þingmönnum Framsóknarflokksins. Hún er formaður fjárlaganefndar þar sem tekist er á um útgjöld og tekjustofna ríkissjóðs á Alþingi, situr í sérstökum hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar og var nýlega kjörin formaður Heimssýnar.

Heimir Már Pétursson
heimir@frettabladid.is

Frambjóðendur Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks töluðu ekki mikið um niðurskurð í kosningabaráttunni í vor. Á fyrstu mánuðum stjórnarsamstarfsins hafa flokkarnir hins vegar lagt áherslu á að skera þurfi mikið niður í rekstri ríkisins til að rétta af skuldugan ríkissjóð.

Vigdís segir að einnig þurfi að efla atvinnulífið og þar sé gnótt tækifæra til að fjölga störfum. „Framsóknarflokkurinn er atvinnuflokkur og í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn trúi ég því að ráðist verði í það stóra verkefni að skapa störf á almenna vinnumarkaðnum," segir Vigdís.

En hvar liggja þau störf? „Tækifærin liggja víða. Ég hef alltaf sagt að við Íslendingar eigum stærstu tækifæri í heimi með allar þessar náttúruauðlindakistur sem við ráðum yfir. Það verður að byggja þessa atvinnusköpun að einhverju leyti á þeim. Ég tek loðdýraræktina sem dæmi. Hún er mjög vaxandi atvinnugrein hér á landi. Loðdýrabændur eru að fá mikla hækkun á verði skinna á alþjóðlegum mörkuðum, þannig að það verður að gefa í þar. Þar er vaxtarbroddur sem hægt er að fara í strax en af einhverjum óútskýranlegum ástæðum virðist bankakerfið lokað fyrir þessari atvinnugrein," segir Vigdís.

Hugmyndir um raforkusæstreng eru skýjaborgir

Hún segir Íslendinga eiga gnótt af rafmagni. „Við gætum farið í stórfellda uppbyggingu varðandi útflutning á grænmeti, á gúrkum, tómötum, papriku og öðru. Þannig að tækifærin liggja víða. Við erum með nýsköpunarfyrirtæki, við erum með tæknigeirann. Við erum með mikla þróun í hliðarvörum við sjávarútveg," segir hún. Skapa verði þessum atvinnugreinum skilyrði til að dafna.

Þar nefnir Vigdís sérstaklega raforkuverð til garðyrkjubænda. „Það er óskiljanlegt að garðyrkjubændur skuli ekki fá lækkun á raforkutöxtum. Sér í lagi þegar verið er að tala um að leggja raforkusæstreng upp á fleiri hundruð milljarða króna og senda þessa hrávöru úr landi á meðan hægt er að byggja hér upp atvinnugreinar sem þurfa mikið rafmagn," segir Vigdís. Hugmyndir um raforkusæstreng séu algerar skýjaborgir. Þá verði að skoða sölu raforku út frá heimsmarkaðsverði á áli og taka ákvarðanir um fleiri álver á viðskiptalegum forsendum.

En í ljósi viðkvæms ástands á vinnumarkaði og mikils niðurskurðar á undanförnum árum, er skynsamlegt að fara í mikinn niðurskurð nú?

„Þótt þetta hafi verið kosningamál hjá hvorugum stjórnarflokknum er þetta eitthvað sem þjóðarvitundinni hefur verið kunnugt um langa hríð, vegna þess að flestir Íslendingar vita að ekki verður farið lengra í útþenslu ríkisbáknsins. Sérstaklega í ljósi þess að störfin sem töpuðust á almenna vinnumarkaðnum hafa ekki skilað sér til baka. Það töpuðust á bilinu 22-25 þúsund störf á almenna vinnumarkaðnum, sem í raun knýr hagkerfið því skatttekjurnar sem skapast á almenna vinnumarkaðnum fjármagna ríkið," segir Vigdís.

Og hún upplýsir að hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar sem hún á sæti í hafi skilað fyrstu tillögum sínum til ráðherranefndar formanna og varaformanna stjórnarflokkanna. Vigdís segir að hópurinn muni starfa út kjörtímabilið og það sé ráðherranna að vega og meta tillögur hópsins.

Stoppa þarf í risavaxið fjárlagagat

„Margar þessara tillagna ganga út á að horfa til langs tíma þannig að peningaleg hagræðing skilar sér ekki strax á fyrstu árunum. Aðrar eru með þeim hætti að hægt er að ráðast strax í þær," segir Vigdís. Hún yrði sátt ef einhverjar af tillögum hópsins kæmu til með að hafa áhrif á fjárlög fyrir aðra umræðu um þau í haust.

VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

MENNTUN **1984** Garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskóla ríkisins. **2003-2004** Nám við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst. **2007** BS-próf í viðskiptalögfræði frá Haskólanum á Bifröst. **2008** Lögfræðipróf (ML) frá Háskólanum á Bifröst. **2008** Framhaldsnám í skattarétti við Háskólann á Bifröst.

HELSTU STÖRF **1984-1991** Garðyrkjumaður, blómaskreytir og deildarstjóri í Blómavali. **1988-1991** Fyrsti fagdeildarstjóri og kennari við blómaskreytingabraut Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi. **1991-1995** Stundakennari við Garðyrkjuskóla ríkisins. **1991-1995** Eigandi Blómabúðar Reykjavíkur, Hótel Sögu. **1995-1997** Eigandi Jóns Indíafara í Kringlunni. **1998-2003** Blómaskreytir og garðyrkjufræðingur í Blómagalleríi. **2008** Aðstoðarkennari í skattarétti við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst. **2008-2009** Lögfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands. **2009** Kjörin á Alþingi.

STJÓRNMÁLAPÁTTTAKA **1997** Í stjórn nefndar á vegum iðnaðarráðuneytisins um stuðning við atvinnurekstur kvenna. **2002-2005** Í fræðsluráði Reykjavíkur. **2003-2004** Í háskólaráði Háskólans á Bifröst. **2008-2009** Varamaður í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og varamaður í framkvæmda- og eignaráði Reykjavíkur. **2013** Formaður fjárlaganefndar. **2013-** Í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar **2013** Kjörin formaður Heimssýnar í september.

Vigdís hefur verið í miðstjórn Framsóknarflokksins um árabil og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn.

En hvað eru þetta miklir fjármunir, erum við að tala um milljarða eða milljarða tugi?

„Án þess að setja fram einhverja tölu, vegna þess að það eru ráðherrarnir sem á endanum ákveða hvað af þessu verður notað og birtist að lokum í fjárlögum og í framtíðinni, framtíðarskipulagi landsins, þá erum við að tala um milljarða. Því við erum með risastórt gat á ríkissjóði og við verðum að stoppa í það. Við erum að tala um milljarða tugi," segir Vigdís, enda verkefnið gríðarlega stórt og hagræðingin muni verða á öllum sviðum til langtíma litið.

Hópur kennara og vísindamanna við þrjá helstu háskóla landsins hefur lýst áhyggjum af afdrifum 550 milljóna króna viðbótarframlags til Rannsóknarsjóðs samkvæmt fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar í allri umræðunni um niðurskurð en það er helst hámenntað fólk og iðnaðarmenn sem flúið hefur ástandið hér til annarra landa.

„Stefna Framsóknarflokksins er alveg skýr í þessu efni að styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun. Þarna erum við komin að því sem mér fannst skorta á síðasta kjörtímabili; að forgangsraða í þágu framtíðarinnar. Og þetta er gott dæmi um það sem þarf til að byggja upp atvinnulíf og þekkingu til framtíðar. Svipað og Finnar gerðu upp úr kreppunni um 1990," segir Vigdís. Þá hafi verið tekin ákvörðun til lengri tíma en eins kjörtímabils og staðið við hana.

„Þessa leið eigum við Íslendingar að fara og við höfum lagt áherslu á að forgangsraða. Hvað er okkur mikilvægast, hvar eru sóknarfærin og leggja þá áherslu á það og fé til framtíðar," segir Vigdís. „Við erum hagræðingarhópur, ekki niðurskurðarhópur. Það er verið að leggja mat á það hvar þarf að forgangsraða og hvar vaxtarmöguleikarnir eru til að skapa meiri tekjur," bætir hún við um störf hagræðingarhópsins. Stundum þurfi að eyða fjármunum til skamms tíma til að skapa tekjur til langs tíma.

Andskotinn ekki með lögheimili í Brussel

Vigdís var nýlega kjörin formaður Heimssýnar, sem berst gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Umræðan á Íslandi er oft skotgrafakennd og ekki hvað síst í þessu máli. Stundum finnst manni á málflutningi ykkar Heimssýnarfólks að þið teljið að andskotinn eigi lögheimili í Brussel, á sama tíma og við erum að stórum hluta aðilar að sambandinu, en sitjum frammi á gangi og tökum við tilskipunum frá sambandinu?

„Ég veit ekki hvar andskotinn hefur lögheimili en líklega ekki í Brussel gæti ég trúað," segir Vigdís. „Við nei-sinnar teflum alltaf fram rökum í þessari umræðu og því sem birtist okkur í fréttum á hverjum degi. Evrópusambandið sem stofnun er að ganga í gegnum mikið hnignunarskeið um þessar mundir," bætir hún við. Frá því Ísland hóf viðræður við ESB árið 2009 hafi allt farið niður á við í sambandinu.

Hún minnir á að utanríkisráðherra muni leggja fram skýrslu um málið á Alþingi í haust og þá verði tekin ákvörðun um framhaldið. Hún telur enga ástæðu til að ljúka viðræðunum og setja aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Nei, það er langt um einfaldara að þessi umsókn sé dregin til baka vegna þess að það var farið í hana á röngum forsendum," segir Vigdís. Enda öllum ljóst að það sé ekki um neitt að semja þar sem öll aðildarríki verði að gangast undir Lissabon-sáttmála ESB og varanlegar undanþágur ekki til.

Telur þú þá líklegt að lögð verði fram þingsályktunartillaga um að slíta viðræðunum?

„Það er eðlilegasti farvegurinn, líka til að taka af öll tvímæli um það að ferlinu sé formlega hætt og ég sem formaður Heimssýnar mun leggja allt kapp á að sú leið verði farin," segir Vigdís.

visir.is

Viðtalið við Vigdísi Hauksdóttur er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin** á www.visir.is

Tónlistarsjóður
Umsóknarfrestur til 15. nóvember

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr tónlistarsjóði til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 2014. Umsjón tónlistarsjóðs hefur nú færst frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til Rannís.

Hlutverk tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Upplýsingar og umsóknargögn eru að finna á www.rannis.is.
Umsóknum skal skila á rafrænu formi.

Næst verður auglýst eftir umsóknum í apríl 2014 vegna verkefna á seinni hluta árs 2014.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs auk menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
Dunhaga 5, 107 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

netto

Kræsingar & kostakjör

VERÐ SPRENGJA!

BLANDAÐ SÚPUKJÖT FROSIÐ

498 KR/KG

~~ÁÐUR 859 KR/KG~~

FJALLALAMB KÓPASKERI

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Gamlir flöskuhálsar hamla námi

Fjölmargir iðnnemar komast ekki að í vinnustaðanámi. Nám margra tefst um mislangan tíma, aðrir snúa sér að öðru eftir langa leit. Gamla meistarakerfinu er kennt um. Sérfræðingar sammælast um að umgjörð námsins þurfi endurskoðunar við. Sérstakur vinnustaðanámssjóður stjórnvalda hefur ekki náð að leysa vandann, eins og honum var ætlað.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

ANNIR Á hverju ári eru á milli sjö og átta þúsund manns sem stunda iðnnám. Margir lenda í vandræðum með að ljúka starfsnámi, en ekki er vitað hversu margir þar sem þær tölur hafa aldrei verið teknar saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Námsframvinda fjölmargra iðnnema er sett í uppnám þar sem þeir komast ekki í starfsþjálfun sem þeim er gert að ljúka. Sumir ná einfaldlega ekki að ljúka námi og eftir áralanga leit snúa sér að öðru. Þeir hverfa inn í tölfræðina yfir brottfall úr framhaldsskólakerfinu á meðan samfélagið verður af starfskröftum þeirra. Því er haldið fram að eins og í öðru námi væri sjálfsagt að iðnnemar gætu lokið bóklegu sem verklegu námi í skóla, en síðan réðu aðstæður á vinnumarkaði framhaldinu.

Methafar í löggildingu

Á bilinu sjö til átta þúsund nemendur stunda árlega starfsnám á framhaldsskólastigi. Starfsþjálfun er misveigamikill þáttur í námi þeirra eftir iðngreinum. Á Íslandi eru löggiltar iðngreinar um 60 talsins, sem er afar hátt í alþjóðlegum samanburði. Liechtenstein er það ríki sem löggildir flestar iðngreinar af þeim sem löggiltar eru hér á landi. Að auki er löggilding iðngreina algeng í Þýskalandi, sem löggildir reyndar aðeins 18 af þeim greinum sem þetta á við um hér.

Hér skal hnykkt á því að löggilding var, og er, hugsuð þannig að hún verndi almannahagsmuni. Um er að ræða neytendavernd í þágu þeirra sem kaupa verk eða þjónustu iðnaðarmanna. Á móti kemur að aðeins takmarkaður hópur manna hefur leyfi, samkvæmt lögum, til að vinna viss verk. Í því felast mikil réttindi og hefur verið nefnt að einn gallinn við kerfið felist í því að með takmörkun á fjölda iðnnema sé auðvelt fyrir þá sem fyrir starfa í greininni að hamla samkeppni á vinnumarkaði.

Meistarakerfið

Hið hefðbundna meistarakerfi byggðist á því að nemendur gerðu námssamning við meistara í þeirri iðngrein sem neminn stundaði nám. Námstíminn skiptist svo á milli starfsþjálfunar á vinnustað og iðnskóla. Hin hefðbundna skipting skólaársins var að neminn var þrjá mánuði í skóla og níu mánuði á vinnustað.

Það meistarakerfi sem við þekkjum í dag er nokkuð breytt, nú ljúka flestir nemar skólanámi og fara svo í starfsþjálfun á vinnustöðum. Starfsþjálfunartíminn er misjafn eftir iðngreinum, er frá 24 vikum upp í 126 vikur og er ekki endilega bundinn við einn vinnustað.

Til þess að geta tekið nema í starfsþjálfun þurfa fyrirtækin að fá nemaleyfi og til að fá slíkt leyfi verða þau að uppfylla skilgreind skilyrði, m.a. að það sé starfandi iðnmeistari í fyrirtækinu. Ef fyrirtækið hefur svo takmarkað starfssvið að það nær ekki yfir starfssvið viðkomandi iðngreinar er mögguleiki á að skipta starfsþjálfunartímanum milli fleiri fyrirtækja. Til að geta fylgst með starfsþjálfun nemans fylgir honum námsferilsbók þar sem skráð er niður við hvað hann vinnur, svo hægt sé að leggja mat á hvort hann hafi fengið nægjanlega víðtæka þjálfun.

Nú er spurning hvort þetta fyrirkomulag sé úrelt og hvort það hamli innstreymi í iðngreinarnar og eðlilegri þróun og framförum í iðngreinum.

Gamalt og nýtt

Þorbjörn Guðmundsson hjá Samiðn segir að á vettvangi iðngreinanna hafi verið mikið fjallað um hvort starfsþjálfun eigi og geti farið alfarið inn í skólana, eða verið á ábyrgð þeirra í samstarfi við valin fyrirtæki.

„Niðurstaðan af þeirri umræðu er að það eigi að fara báðar þessar leiðir, nýta skólann eins og hægt er en jafnframt viðhalda starfsþjálfun á vinnustöðum með ströngum skilyrðum. Þörf fyrir starfsþjálfun á vinnustöðum kann líka að vera misjöfn eftir eðli iðngreina. Einnig er nauðsynlegt að hafa í huga að starfsþjálfun á vinnustöðum er ekki eingöngu fólgin í starfinu sjálfu, hún er einnig þjálfun í vinnumenningu, þ.e. að læra að vinna og vera hluti af vinnustað og ná tökum á þeim aðstæðum sem eru til staðar hverju sinni," segir Þorbjörn.

Að mati Samiðnar eru hagsmunir stéttarfélaga iðnaðarmanna að námsframboð og framkvæmd námsins sé með þeim hætti að það laði að ungt fólk sem hefur áhuga á að starfa í iðnaði og námið sé samkeppnisfært við annað nám. „Það er ljóst að greiður aðgangur að starfsþjálfun er einn af þeim þáttum sem skipta miklu máli í því sambandi og stéttarfélögin eru vel meðvituð um það.

Samiðn hefur ákveðið að halda málþing í nóvember eða byrjun næsta árs þar sem starfsþjálfunin verður sérstaklega til umfjöllunar og ekki síst ábyrgð atvinnulífsins á henni."

Samiðn vísar því á bug að stéttarfélög iðnaðarmanna vilji halda í úrelt fyrirkomulag til að verja sína hagsmuni, þeirra hagsmunir séu að fá eðlilegt innstreymi í iðngreinarnar. Þau telja hins vegar mikilvægt að fyrirkomulag starfsþjálfunar verði endurskoðað. Í þeirri endurskoðun eigi ekki að kasta fyrir fram því sem hefur verið við lýði og reynst vel heldur nýta það sem vel hefur reynst en vera opin fyrir nýjum leiðum.

Fjármögnun

Að fjalla um að auka starfsþjálfun í skólunum verður ekki gert án þess að fjalla um fjármögnun, en fjárskortur hefur háð framþróun starfsnáms og þá sérstaklega uppbyggingu á aðstöðu fyrir starfsþjálfun innan verkmenntaskólanna, segir Þorbjörn.

„Ef það verður niðurstaðan að færa starfsþjálfun í auknum mæli inn í skólana verða að fylgja auknir fjármunir til uppbyggingar á starfsaðstöðu og vegna aukins kennslukostnaðar. Vafalaust er besta og hagkvæmasta leiðin að viðhafa blandaða leið, þ.e. að starfsþjálfun fari fram bæði innan veggja skólanna og á vinnustöðum," segir Þorbjörn.

Stéttarfélög iðnaðarmanna telja það óásættanlegt að nemar geti ekki lokið námi vegna þess að þeir komast ekki í starfsþjálfun á vinnustað og nauðsynlegt að horfa til annarra leiða ef atvinnulífið treystir sér ekki til að tryggja nemendum greiðan aðgang að nauðsynlegri starfsþjálfun.

Barn síns tíma

Jón B. Stefánsson og Baldur Gíslason, skólameistarar Tækniskólans, eru þeirrar skoðunar að núgildandi kerfi starfsnámshluta námsins sé um margt barn síns tíma sem þarfnist breytinga. Í skriflegu svari til Fréttablaðsins kemur fram að þeir telja ekki ósanngjarnt að segja að sumar iðngreinar haldi fast í núverandi kerfi. „Málið er ekki flókið. Það þarf að aðlaga kerfið að breyttum tímum. Það eru í raun engin sérstök rök gegn því að breyta þessu fyrirkomulagi."

Þeir telja mikilvægt að fyrirtækin sinni þessu verkefni og að ekki skuli færa starfsnámið frá fyrirtækjunum. Hins vegar verði skipulagið að taka breytingum og þróast í takt við tímann, er þeirra mat. „Við lítum svo á að vinnustaðanám eigi að vera óaðskiljanlegur hluti af námi nemandans, en ekki eitthvað sem byrjar þegar skólanáminu er lokið og getur þannig rofið heilstætt nám nemandans. Það á enginn munur að vera á skóla og vinnustað sem kennslustað. Ef nemandinn þarf að fara í vinnustaðanám á að líta það sömu augum og annað nám og gera sömu kröfur til vinnustaðar og skóla sem náminu sinna. Það má líklega stytta vinnustaðanámið með því að gera það skilvirkara með samvinnu skóla og atvinnulífs og skýrum markmiðum hvort heldur sem er í skóla eða á vinnustað. Skólinn fær greitt framlag með nemendum sem stunda nám í skólanum, þarf ekki það sama að gilda um vinnustaðanámið?" spyrja skólameistararnir og svara: „Það þarf að greiða vinnustaðnum fyrir þá þjónustu sem hann veitir og gera um leið kröfur til hans um það nám sem fram fer á vinnustaðnum. Þetta á ekki að vera vistun, heldur skilvirkt og skýrt afmarkað nám. Lykilorðið í þessu samhengi er samvinna á milli skóla og atvinnulífs."

Skólameistararnir segja jafnframt að samvinnan nú sé um margt ágæt. Hins vegar sé gamla kerfið margbreytilegt og þurfi samræma það. Í sumum greinum er nemandinn allt að 18 mánuði ▶



Jafnrétti er málið!

FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Jafnrétti stuðlar að virkum tækifærum á öllum sviðum í þjóðfélaginu. Verum vakandi og stöndum vörð um jafnréttið.
Jafnrétti fyrir alla!

Eftirtalin fyrirtæki styðja alla til jafnréttis:

EIMSKIP · Arion banki · SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu · Kolaportið · SIXT · MOBERG

Rafiðnaðarsamband Íslands · Securitas · Bílanaust · kemi www.kemi.is · Landsbankinn · Allianz

Oddi · Heimilistæki ht.is · Össur · Húsasmiðjan · Saffran · Ispan Gler og speglar

Vífilfell · Bónus · Lottó · Gunnar Eggertsson · CCP · Síldarvinnslan hf

Sparnaður · Mjólkursamsalan · Góa Stofnað 1968 · Mandat Lögmannsstofa · Jafnréttisstofa · Iskraft Rafiðnaðarverslun · ISS

Íslandsbanki · oddi hf · Fálkinn · KFC · Happdrætti Háskóla Íslands · HB Grandi · hti

Bílaleiga Akureyrar Höldur · HS Orka hf · N1 · Dynjandi allt fyrir öryggið · Byko · Sel

➜ Verknám í Finnlandi og á Íslandi



➜ Nemar í byggingagreinum 2007-2011



➜ Fjöldi nemenda í starfsnámi og almennu námi



á vinnustaðnum áður en formleg námslok verða en í öðrum greinum aðeins þrjá mánuði. „Það verður að breyta fyrirkomulaginu þannig að litið sé á það sem eðlilegan hluta af námi hvers og eins, og sambærilegar kröfur séu gerðar til skóla og fyrirtækja. Auðvitað virkar fyrirkomulagið upp að tilteknu marki en það eru ákveðnir flöskuhálsar í þessu, ekki síst fjöldinn og í sumum greinum er verulega erfitt að fá námspláss. Hins vegar, ef greiðsla kemur fyrir, ætti að verða auðveldara að fá fyrirtæki til að taka nema."

Tækniskólinn hefur ráðið til vinnu svokallaðan atvinnulífstengil, sem svar við þeim vanda að hluti nemenda á erfitt með að komast í starfsnám. Í þessari aðgerð stærsta iðnskóla landsins kristallast vandinn sem við er að eiga.

Vinnustaðanámssjóður

Um mitt ár í fyrra var settur á stofn sérstakur Vinnustaðanámssjóður. Honum er ætlað að veita styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi.

Hér kveður við nýjan tón, og vísar í orð Jóns og Baldurs um vandann um greiðslur til fyrirtækjanna fyrir sitt framlag til menntunar iðnnema. Af umræðum á Alþingi við lagasetninguna má ráða að hér væri komið tæki til að leysa þann vanda, að einhverju leyti alla vega, sem margir iðnnemar mæta við skólagöngu sína.

Jón og Baldur eru sammála um að sjóðurinn hafi hjálpað til en aðeins snert yfirborðið. „Sjóðurinn er einfaldlega of máttlaus. Í þessu ástandi sem við búum við fara litlir fjármunir til sjóðsins og er það vissulega von okkar að vinnustaðasjóðurinn marki skref til framtíðar og verði áhrifavaldur til breytinga," skrifa skólameistararnir og bæta við að nemandinn sé lykilatriðið og að því að taka nemanda til náms í iðn eða starfsgrein fylgi sú ábyrgð að hann geti lokið námi burtséð frá því hvar það fer fram.

Stjórnvöld ákváðu árið 2011 að verja 450 milljónum króna til vinnustaðanáms árin 2012-2014. Fyrr hafði mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutað 57 milljónum í styrki árið 2011. Um 170 nemendur nutu góðs af. En hvað eru það margir nemar sem ekki komast í starfsnám þegar þeir óska þess?

Aðkallandi spurning

Helen Williamsdóttir Gray, forstöðumaður starfsmenntadeildar hjá Iðunni fræðslusetri, segir að stutta svarið við þessari aðkallandi spurningu sé einfaldlega að það sé ekki vitað. „Við höfum beðið um þessar tölur, meðal annars frá framhaldsskólanum, en fengið misjafnar undirtektir. Ég held að þessi gögn liggi ekki fyrir í skólunum og það er skýringin. En taka þarf fram að það er ekki einfalt að fá glögga mynd af þessu, aðstæður hvers og eins eru sérstakar."

Helen tekur dæmi. Í hársnyrtiiðn sé vitað hvað margir geti komist að í vinnustaðanám. „En ef skólinn tekur inn fleiri nema en til eru pláss fyrir þá kemur upp þetta vandamál. Því miður eru nemaplássin almennt ekki nægilega vel skilgreind í iðnnáminu, þótt vissulega séu til undantekningar. Ef það væri vitað myndi það auðvelda mjög samskipti á milli skólanna og atvinnulífsins. En það er verið að reyna að skilgreina nákvæmlega hvaða fyrirtæki geta tekið nema og þá veit samfélagið hvað mörg pláss standa til boða."

Helen svarar því ekki beint hvort gamla meistarakerfið sé gengið sér til húðar. Hún spyr á móti af hverju heimurinn líti til verkmenntakerfisins í Þýskalandi þegar kemur að iðnnámi. „Svíar hentu sínu meistarakerfi með neikvæðum afleiðingum. Þeir eru núna meðal annars að skoða þá möguleika að taka upp samningsbundið nám að nýju þar sem nemi tekur hluta af sínu námi sem launamaður á vinnustað."

„Sumir segja að það eigi að henda kerfinu. Aðrir að það eigi að sníða vankanta af því kerfi sem fyrir er. Ég aðhyllist hið síðara. Það getum við gert með öflugri samvinnu skóla og atvinnulífs," segir Helen en tekur sérstaklega fram að með öllu sé ótækt að einstaklingur sitji fastur í námi vegna galla í umgjörð þess. „Það er frekar að vera hreinskilinn í upphafi og hafa takmarkanir inn í námið. Það held ég sé miklu betra en að fólk sé hálfnað á sinni vegferð og stoppi þar."

Helen segir að Norræna ráðherranefndin hafi gert menntun og vinnu að hluta af velferðaráætlun sinni, þar sem rík áhersla er lögð á starfsnám og leiðir ungs fólks úr skóla út í atvinnulífið. Þar telur hún að starfsnám eigi eftir að spila lykilhlutverk. „Einnig vil ég nefna að þar sem sterk tengsl eru milli atvinnulífs og skóla, t.d. í Þýskalandi og Austurríki, er atvinnuleysi minnst hjá ungu fólki á aldrinum 16-24 ára."

Helen segir jafnframt að í dag sárvanti íslenskar rannsóknir á þessu sviði en ef þær væru fyrir hendi myndu þær auðvelda ákvörðunartöku um uppbyggingu verkmenntakerfisins.

Vildu leggja meistarakerfið niður

Um 1970, þegar heildarendurskoðun framhaldsskólakerfisins var að hefjast, átti meistarakerfið í vök að verjast. Það hafði sætt nokkurri gagnrýni, t.d. var dregið í efa að meistarar og iðnfyrirtæki sinntu kennsluhlutverki sínu sem skyldi og að kerfið sem slíkt svaraði kröfum tímans um vandaða fagmenntun.

Í þeirri verkmenntastefnu sem hæst bar á alþjóðavettvangi, m.a. meðal sérfræðinga OECD, var lögð áhersla á verklegt og bóklegt grunnnám í skóla á breiðum grundvelli og stutt sérnám til starfa þannig að umskólun væri auðveld.

Þessi stefna kemur fram í áliti sem Verk- og tæknimenntunarnefnd lagði fram vorið 1971. Þar er lagt til að meistarakerfið verði lagt niður, öll iðnmenntun flutt inn í skólana og felld inn í samræmt kerfi framhaldsskóla og námið stytt um eitt ár, úr fjórum árum í þrjú. Nokkur sátt virtist ríkja um þessa stefnu er hún var lögð fram og í ársbyrjun 1973 var skipuð nefnd til að semja frumvarp til nýrra laga um iðnfræðslu, m.a. með hliðsjón af þessari stefnu.

Iðnfræðslulaganefnd klofnaði hins vegar í afstöðu sinni. Meirihluti hennar lét í ljós alvarlegar áhyggjur af því að fella iðnmenntunina inn í samræmt kerfi framhaldsskóla og taldi iðnnámið vanrækt á margan hátt og ekki fært um að ganga til samstarfs á jafnréttisgrundvelli við bóknámsbrautir í samræmdum framhaldsskóla. Því væri hætt við að bóknámshefð menntaskólanna næði yfirhöndinni og sérkenni starfsnáms fengju ekki notið sín.

Heimild: Skýrsla nefndar mennta- og menningarmálaráðuneytis um mótun menntastefnu, 1994.

SNÚIÐ Iðnnemar eru meðvitaðir um að það erfiðasta í náminu getur orðið að ljúka verknáminu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HEFUR LEITAÐ Í TÍU MÁNUÐI ÁN ÁRANGURS



ÍRÍS HRUND STEFÁNSDÓTTIR

„Svo hugsa ég með mér að ég er komin þetta langt í að láta drauminn minn rætast, og þess vegna megi ég ekki hætta núna.

„Þegar við byrjuðum vorum við ellefu og af þeim hópi hafa fjórir fengið samning," segir Íris Hrund Stefánsdóttir, 19 ára gamall Mývetningur sem flutti til Akureyrar árið 2010 til að hefja nám í hársnyrtiiðn við Verkmenntaskólann á Akureyri. Um jólin 2012 hafði hún lokið bóklegu námi og hafði á þeim tíma, og síðan, gert eitt og annað til að komast á samning, eins og lög gera ráð fyrir.

Íris lýsir þrautagöngu sem stendur enn þá. Fyrsta mál á dagskrá var að ganga á milli hárgreiðslustofa á Akureyri en þegar það hafði engu skilað fór Íris sérstaklega til Reykjavíkur og heimsótti 30 stofur á tveimur dögum. Þetta gerði hún eftir sérstökum lista sem hún hafði skrifað yfir allar stofur á Íslandi sem taka nema.

„Ég var í svo góðri æfingu að ég þræddi stofurnar á Akureyri á nýjan leik. Meistararnir voru allir mjög almennilegir en sögðust flestir vita hvað þetta væri erfitt. En það var engin svör að fá," segir Íris.

Það hefur verið draumur Írisar frá fyrstu tíð að vinna við hárgreiðslu. „Ég heyri oft að ég sé svo ung að ég viti ekki hvað ég vil. En ég finn þetta bara hjá mér og það er ekki komið að því að ég vilji snúa af þessari braut. En ég finn fyrir miklu vonleysi. Mamma og pabbi hvetja mig áfram og segja mér að kíkja á stofurnar. Svo hugsa ég með mér að ég er komin þetta langt í að láta drauminn minn rætast og þess vegna megi ég ekki hætta núna."

„Núna er ég í bóklegu námi til stúdentsprófs í Verkmenntaskólanum, á meðan ég bíð," segir Íris og bætir því við að menntamálayfirvöld ættu að íhuga það hvort rétt sé að taka sífellt inn nýja nema í skólana á meðan fjöldi ungs fólks sé í sömu stöðu og hún.

ÞARF AÐ TAKA MIÐ AF BREYTTUM TÍMUM

NJÖRÐUR HELGASON

„Ég vissi að þá voru sumir sem komust ekki á samning, nema hjá „Jóni frænda", þú skilur.

Njörður Helgason, húsasmíðameistari og kennari, segir umhverfi iðnnema ekki ólíkt því sem gerðist þegar hann var að læra sína iðn. „Ég vissi að þá voru sumir sem komust ekki á samning, nema hjá „Jóni frænda", þú skilur. Það er því miður svo í dag í nokkrum greinum að ungt fólk á erfitt með að komast á samning. Ekki síst í byggingagreinunum eftir að Guð blessaði Ísland."

Njörður segir að iðnnám sé í grunninn þannig að neminn læri mikið á skólabekk, en neminn verði að komast inn á vinnustað til að öðlast reynslu og víðtæka kunnáttu sem hvergi sé betra að nálgast en þar. Hann þekkir ekki persónulega dæmi þess að nemi hætti námi vegna þess að hann kemst ekki að í starfsnám en „ég þekki dæmi þess að þetta hefur þyngt leið þeirra til að ná réttindum. Sumir eru vissulega búnir með allan pakkann en komast ekki á samning fyrr en eftir einhvern ákveðinn tíma, en þá má auðvitað spyrja sig hvort hugurinn hefur leitað annað eða viðkomandi snúið sér að öðru námi."

Njörður telur ekki að umgjörð iðnnáms hafi gengið sér til húðar. En hins vegar þurfi að aðlaga kerfið að breytingum í samfélaginu.

Lífseig er mýtan um að iðnmeistarinn misnoti aðstöðu sína þegar hann tekur iðnnema, og líti á hann sem ódýrt vinnuafl. Það fari lítið fyrir kennslu þar sem iðnneminn gangi í einföld og illa þokkuð verk.

„Maður getur alveg sagt að þetta tíðkist sums staðar," segir Njörður. „En ég held að það sé minna um þetta núna en var, vegna þess að menn eru að taka nemendur sem hafa ákveðna þekkingu eftir skólann. Áður tóku menn nema beint eftir gagnfræðaskóla sem vissu lítið um viðkomandi iðn," segir Njörður og bætir við að eftirlit sé ágætt þar sem allt er fært til bókar sem viðkomandi nema er kennt.

Jóladýrðin á Hilton

Á Hilton Reykjavík Nordica og VOX Restaurant gengur jólahátíðin í garð þann **18. nóvember**.



Jólakræsingar og dansleikur á Hilton föstudags- og laugardagskvöld, 22. nóvember – 14. desember

Í ár bjóðum við gestum okkar upp á nýjar og skemmtilegar útfærslur á jólahlaðborðinu. **Pálmi og Erna Hrönn** töfra fram jólastemningu með ljúfum tónum og stilla síðan strengi með **Eyþóri Inga og hljómsveit sem leika fyrir dansi. Verð 9.400 kr.**

Jólin byrja 18. nóvember á VOX

Á VOX Restaurant verður einstakur jólamatseðill í boði fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð. Okkar sívinsælu jólahádegishlaðborð verða á virkum dögum og jólabrunch um helgar. **Verð 4.900 kr.**

Kynnið ykkur tilboð á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica: www.hilton.is
Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is

VOX RESTAURANT

Hilton REYKJAVIK NORDICA

ENNEMM / SIA / NM54643

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

FRÁBÆR helgartilboð!

50% afsláttur

849 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísahnakki, úrbeinaðar sneiðar

35% afsláttur

2989 kr. kg

Verð áður ~~4598~~ kr. kg

Ungnauta entrecote, erlent

15% afsláttur

1049 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísagúllas og grísasnitsel

HAUSTSLÁTRUN 2012

698 kr. kg

Goða súpukjöt

HAUSTSLÁTRUN 2013

ÞÚ PAKKAR sjálf(ur) í frystinn!

1098 kr. kg

Heill eða hálfur ófrosinn lambaskrokkur, sagaður

60% afsláttur

99 kr. kg

Verð áður ~~258~~ kr. kg

Íslenskar kartöflur í lausu meðan birgðir endast!

ÚRVAL af íslensku grænmeti

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

SNJALLARI INNKAUP

með símanum pínum!

APP FRÁ KRÓNUNNI

Skannaðu kóðann!

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

SUM VÍN FYLLA MANN LOTNINGU

STEINGRÍMUR SIGURGEIRSSON HEFUR FERÐAST UM HELSTU VÍNRÆKTARLÖND HEIMS OG DREYPT Á MÖRGU ÞVÍ BESTA SEM ÞAR ER BOÐIÐ UPP Á. NÚ HEFUR HANN GEFIÐ ÚT VANDAÐA BÓK UM ALLT SEM VIÐKEMUR VÍNI OG LUMAR LÍKA Á HOLLRÁÐUM FYRIR LESENDUR FRÉTTABLAÐSINS.

Áhugi minn á víni kviknaði á námsárum mínum í Þýskalandi. Ég hafði alltaf haft gaman af góðum mat en það var í Móseldalnum sem undraheimur vínsins blasti við mér. Ég lenti líka á spjalli við vínbónda í kjallara í Nuits-St. Georges í Frakklandi, smakkaði nokkur vín og það varð ekki aftur snúið," segir Steingrímur Sigurgeirsson, ritstjóri vinotek.is og víngúrú. Hann er höfundur bókarinnar Vín – frá þrúgu í glas sem Forlagið gefur út.

Vínsmökkunarárátta Steingríms hefur dregið hann þvers og kruss um helstu víngerðarsvæði Evrópu og nokkrum sinnum til Síle, Argentínu, Suður-Afríku og Ástralíu, en Nýja-Sjáland á hann eftir. Hann hlýtur að hafa tekið með sér eina og eina flösku heim. Skyldi hann kannski eiga eigin vínkjallara? „Ef þú leyfir mér að setja gæsalappir utan um „kjallara" get ég svarað játandi," segir hann hlæjandi og viðurkennir að eiga eitthvað af víni en segir kjallaraleysið visst vandamál.

Elsta vín sem Steingrímur hefur bragðað var Chateau Siran 1911. „Slík vín fylla mann lotningu," segir hann. „Þessi flaska hafði lifað af tvær heimsstyrjaldir liggjandi í sinni hillu í vínkjallaranum. Þegar hún var opnuð sýndi vínið hvað í því hafði búið, það fölnaði vissulega hratt en bjó yfir afskaplegum þokka og náði að heilla alla við borðið."

Svo er bara svo fallegt að bera vín fram í karöflu

VÍNSÉRFRÆÐINGUR„Áhugi minn á víni kviknaði á námsárum mínum í Þýskalandi. Ég hafði alltaf haft gaman af góðum mat en það var í Móseldalnum sem undraheimur vínsins blasti við mér," segir Steingrímur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

VÍN: HVAÐ? MEÐ HVERJU? HVERNIG? HVERS VEGNA?

1 Ef 20 manna veisla er í uppsiglingu, hvort er sniðugra að kaupa vín í kössum eða flöskum?

Ég mæli ávallt með því að kaupa vín í flöskum. Kassarnir njóta mikilla vinsælda enda kostur að þurfa ekki að opna heila flösku þótt ætlunin sé að fá sér vínglas með matnum við og við, auk þess sem lítraverðið er lægra en í flöskum. Á móti kemur að alla jafna eru betri vín ekki sett á kassa heldur flöskur og það er meira spennandi að kaupa ólíkar flöskur en að binda sig við þrjá lítra af miðlungsvíni.

2 Hversu mikið vín er hæfilegt að áætla á hvern gest, miðað við að hóflega sé drukkið en enginn sé í bindindi?

Magnið gæti rokkað frá rúmum þriðjungi úr flösku á mann, í nettu og stuttu standandi boði, yfir í flösku á gest ef um langt borðhald er að ræða.

3 Fer það algerlega eftir matnum sem á að bera á borð hvað best er að kaupa?

Að minnsta kosti er skynsamlegt að velta fyrir sér hvers lags vín myndi hæfa matnum best. Í sushi-veislu er ekki brilljant hugmynd að bera fram þung og mikil rauðvín né heldur fersk og sýrurík hvítvín með t-bone-steikinni. En í einhverjum tilvikum geta bæði hvít og rauð vín gengið.

4 Hvað er best að sötra með plokkfiski?

Hmm, plokkfiskur er ekki beint matur sem maður tengir við vín. Það væri hægt að bera fram hefðbundið „fiskivín" eins og Chablis, ekki síst með gamaldags klassískum plokkfiski, en hann ætti – ef hann er gratíneraður – að geta þolað gott, frekar ungt og mjúkt rauðvín sem væri borið fram við kannski 16-18 gráður. Gott Beaujolais til dæmis eða ungt Rioja-vín.

5 Er til bóta að umhella víni og hversu löngum tíma fyrir neyslu passar þá að gera það?

Í fyrsta lagi er víni umhellt til að losna við botnfall sem myndast í flestum betri rauðvínum þegar þau eldast. Flaskan er helst látin standa upprétt í sólarhring til að leyfa botnfallinu að setjast og víninu síðan umhellt varlega yfir í karöflu þar til botnfallið kemur að stútnum. En þau vín sem seld eru í vínbúðunum eru nær undantekningarlaust það ung að það er ekki farið að myndast í þeim botnfall.

Í öðru lagi þá er víni umhellt til að „opna" þau. Ef um nokkurra ára hágæðavín úr góðum árgangi, til dæmis frá Bordeaux, er að ræða mætti umhella því fjórum til sex tímum fyrir neyslu. En ungu og kröftugu Cabernet Sauvignon frá Síle getur verið fínt að gefa klukkutíma. Jafnvel korter eða hálftími gæti skipt sköpum.

Svo er bara svo fallegt að bera vín fram í karöflu.

6 Hver eru kjörhitastig vína þegar þau eru borin fram?

Almennt tel ég að hvítvín séu borin fram of köld á Íslandi og rauðvín allt of heit. Hvítvín er best að bera fram við 8-12 gráður og rauðvín 18-20 gráður. Vínin hitna líka ávallt eftir að þau eru borin fram nema auðvitað á íslenskum sumarkvöldum. Ef þú ert með lélegt hvítvín er líka hægt að hylja það með því kæla það niður úr öllu valdi.

7 Fer val á víni eftir árstíðum, til dæmis hvítt á sumrin og rautt á veturna?

Ekki endilega. Auðvitað eiga létt og fersk hvítvín vel við í sumarhita og þung og höfug rauðvín ylja á veturna. Oft borðum við líka léttari mat á sumrin, grillum fisk og kjúkling og borðum mikið af fersku grænmeti og þá er hvítvín tilvalið með. En sumarið er líka tími lambakjötsins og annars grillkjöts og það kallar á rauðvín.

Það eru, eins og með allt í tengslum við vínið, ekki til margar algildar reglur.

8 Hversu lengi geymist vín í íslenskum eldhúshita?

Eldhúsið er algengur geymslustaður fyrir vín á íslenskum heimilum en jafnframt einhver sá versti sem hægt er að hugsa sér, annars vegar út af hitastiginu og hins vegar dagsbirtunni. Ef geymslutíminn fer að skipta mánuðum ætti að finna aðrar vistarverur fyrir vínið ef manni er annt um það.

9 Hvað á að gera við vínafganga í flöskum?

Það er um að gera að skella tappanum í og geyma vínið. Flest vín þola alveg eins til þriggja daga geymslu, einkum í ísskáp. Svo er líka hægt að geyma þau aðeins lengur til að nota í matargerð. Ef ekki næst að nýta allt er tilvalið að frysta afgangana í klakaboxi og eiga þá tilbúinn skammt næst þegar vín vantar í sósuna eða pastaréttinn.

10 Skiptir lögun vínglasa miklu máli?

Já, það skiptir miklu máli hvernig glasið er í laginu, sama vínið getur verið eins og hvítt og svart í tveimur glösum. Glasið á að vera belgmikið og mjókka upp, við getum kallað það túlípanalagað. Ég nota sjálfur aðallega eina tegund af glösum – Riedel Vinum Bordeaux – bæði fyrir hvít og rauð vín og síðan verður maður auðvitað að hafa sérglös fyrir kampavín, há og mjó, sem tryggja að kolsýran fari ekki of hratt úr víninu.

11 Eru vín úr lífrænt ræktuðum þrúgum á einhvern hátt betri en þau hefðbundnu?

Ekki betri í þeim skilningi að þau bragðist betur fyrir það eitt að vera lífræn. Flestöll betri vín heimsins eru framleidd með mjög náttúrulegum hætti þótt margir vínræktendur vilji ekki afsala sér réttinum til að grípa inn í með ólífrænum aðferðum ef nauðsyn krefur. En ég hef upp á síðkastið hitt æ fleiri mjög virta vínframleiðendur sem hafa tekið upp lífefldar eða bíódýnamískar aðferðir við vínrækt og þeir vilja meina að þeir finni verulegan mun á gæðum þrúgnanna.

12 Áttu heilræði til þeirra sem ætla að halda upp á daginn eða kvöldið með kampavíni?

Í fyrsta lagi auðvitað að passa sig á að skjóta ekki tappanum á aðra gesti, það er gífurlegur þrýstingur í kampavínsflösku. Og kampavín þarf að vera vel kælt. Það er byrjað á að losa víravirkið kringum tappann. Svo er best að halda þéttingsfast um tappann með hægri hendi og flöskustútinn með þeirri vinstri og snúa varlega þannig að tappinn mjakist hægt og rólega upp. Þannig opnast flaskan með stunu en ekki hvelli.

FERÐIR

LAUGARDAGUR **28. SEPTEMBER 2013**

Kynningarblað
Ævintýralegt ferðalag til Afríku. Uppáhaldsborgin New York. Paradís á Reykjanesi.

Fjallið Kilimanjaro í Tansaníu er hæsta fjall Afríku. Það er 5.895 metra hátt. Fjölfarnasta leiðin upp fjallið kallast Kókakólaleiðin en Atli og fjölskylda hans fóru aðra og erfiðari leið sem kallast Viskíleiðin.

Ævintýraför á Kilimanjaro

NORDICPHOTOS/GETTY

Atli Lýðsson, fræðslustjóri og leiðsögumaður, hélt ásamt eiginkonu og syni til Tansaníu í vor. Þar gengu þau á hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro. Þau upplifðu undur landsins en kynntust einnig sárri fátækt í gegnum leiðsögu- og burðarmenn sína. Nú ætla þau að létta þessum vinum sínum lífið og safna útivistarfatnaði hjá vinum og kunningjum til að senda yfir hafið.

Við fjölskyldan höfum ferðast mikið alla tíð. Við konan mín, Katrín Friðriksdóttir, höfum verið töluvert til fjalla og farið í langar göngur. Þegar við eignuðumst Almar Stein fórum við strax að taka hann með okkur. Hann var bara sjö ára þegar hann gekk Laugaveginn með okkur og átta ára þegar hann gekk Kjalveg," segir Atli Lýðsson, sem ásamt Katrínu og Almari Steini ferðaðist til Afríku í vor til að takast á við fjallið Kilimanjaro.

„Við tókum þá ákvörðun þegar Almar Steinn var hálfnaður með menntaskólann að við myndum fara í útskriftarferð saman þegar hann kláraði MH og fara þá á framandi slóðir. Það var hugmynd Almars að ganga á Kilimanjaro," útskýrir Atli, en fjölskyldan skipulagði og safnaði sér fyrir ferðinni næstu tvö árin.

Þriggja vikna upplifun

Ferðalagið stóð yfir í þrjár vikur. „Við byrjuðum á því að ganga á fjallið í viku, dvöldum síðan í tæpa viku á bóndabæ í Tansaníu sem Anna Elísabet Ólafsdóttir á og lánaði okkur. Þar hugsaði fólkið hennar um okkur og við fórum í margar frábærar heimsóknir til þeirra sem bjuggu þar í kring og kynntumst ýmsum ættbálkum. Við enduðum síðan á að fara í safarí og tjaldferðalag innan um ljón og fíla í þjóðgarðinum," lýsir Atli og segir ferðalagið hafa verið algert ævintýri. „Við nutum þess að vera þrjú saman áður en Almar stígur inn í fullorðinsárin."

Atli og höfðingjaráð Masai-stríðsmannanna spá í framtíðina.

Almar, Katrín og Atli með toppinn í augsýn. MYND/ÚR EINKASAFNI

Almar með leiðsögu- og burðarmönnunum ellefu sem fylgdu fjölskyldunni upp fjallið. Hér var komið að kveðjustund.

▶ Hæðin er krefjandi

Flestir sem ganga á Kilimanjaro fara svokallaða Kókakólaleið að sögn Atla. Þar eru skálar á leiðinni og tiltölulega góður stígur. „Við völdum aðra leið sem er kölluð Viskíleiðin. Hún er eins og drykkurinn aðeins hrjúfari, brattari og kaldari. En þaðan er betra útsýni," segir Atli. Hann segir gönguna sem slíka ekki tæknilega erfiða. „Það eru mörg fjöll á Íslandi sem eru erfiðari en Kilimanjaro. Það er hæðin og lengd göngunnar sem er áskorunin."

Ellefu ungir menn

Atli segir Tansaníumenn skynsama þar sem þeir kunni að taka peninga af ferðamönnum. Þar þurfi að borga mjög hátt gjald bara fyrir að fara inn í Kilimanjaro-þjóðgarðinn. Svo sé fólk skyldað til að ráða sér ákveðinn fjölda af leiðsögu- og burðarmönnum.

„Við vorum með ellefu unga menn með okkur; tvo leiðsögumenn og níu burðarmenn," upplýsir Atli, en algert lágmark er að vera með tvo leiðsögumenn hvort sem ferðast er einn eða fleiri í hópi.

Farangur göngumanna er takmarkaður þrátt fyrir fjölda burðarmanna. „Hvert okkar þriggja mátti vera með tólf kíló fyrir utan mat og tjöld," segir Atli en á daginn báru þau sjálf dagspoka með nesti og aukafötum en burðarmennirnir tóku rest.

„Leiðsögumennirnir gengu alltaf með okkur en burðarmennirnir urðu eftir þegar við gengum af stað á morgnana og tóku niður búðirnar. Síðan tóku þeir fram úr okkur og settu niður búðirnar ofar í fjallinu. Þeir eru svo vanir þessari hæð og munaði ekkert um að hlaupa upp fjallið meðan við gengum andstutt í hænuskrefum," segir Atli hlæjandi.

Full þjónusta

Það var skrítin lífsreynsla fyrir fjölskylduna að láta ungu mennina stjana við sig. „Við höfum aldrei á ævinni haft neina þjónustu í fjallaferðum okkar og ekki einu sinni farið í ferð með leiðsögumönnum. Þeir hins vegar elduðu fyrir okkur og sáu um alla tiltekt. „Ég var stundum farinn að hjálpa þeim að taka niður tjöldin, sem er víst ekki til siðs," segir hann glettinn.

Fjölskyldan náði góðu sambandi við ungu mennina. „Þeir tala hrafl í ensku og þar sem við höfum verið mikið til fjalla áttum við margt sameiginlegt með þeim. Við lögðum okkur einnig eftir því að vera í þeirra félagsskap og þeir í okkar," segir Atli og minnist þess hlæjandi að vinir þeirra hafi kallað hann Father Christmas út af skegginu og Katrínu kölluðu þeir Mama.

Illa búnir burðarmenn

Starf burðarmannsins er erfitt og illa borgað. Það stakk Atla, Katrínu og Almar hve illa útbúnir hinir nýju vinir þeirra voru til fjallaferða. „Það var hræðilegt að sjá hvernig þeir voru búnir, í götóttum skóm og í lélegum leppum. Þeim var oft kalt enda sveiflast hitinn frá 30 gráðum og í mínus 20 gráður og oft og tíðum geisa mikil hvassviðri á toppi fjallsins. Þó vorum við búin að lána þeim allt aukadótið okkar."

Atli segir að þau hafi ekki gert sér grein fyrir fátæktinni áður en þau héldu af stað. „Okkur langaði að skilja vel við vini okkar ellefu og vildum hjálpa þeim á einhvern máta. Þeir komu með þá hugmynd að við gætum gefið þeim föt," segir Atli, en erfitt getur verið að nálgast kuldafatnað við miðbaug. „Auk þess hafa þeir ekki efni á honum."

Atli var formaður hjálparsveitar til margra ára og fjölskyldan á marga vini og félaga sem stunda útivist. „Því ákváðum við að láta nærumhverfi okkar vita að við værum að safna svona búnaði. Vonandi náum við að fylla nokkra kassa til að senda til vina okkar til að létta þeim lífið."

Aðventa 3 29. nóvember - 6. desember

Franskir og þýskir aðventutöfrar

Aðventuferðir okkar hafa svo sannarlega slegið í gegn og í þessari ferð kynnumst við einstakri aðventustemningu þriggja landa, Þýskalands, Frakklands og Sviss. Förum í spennandi og áhugaverðar skoðunarferðir.

Verð: 169.400 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Fararstjóri: Pavel Manásek

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2, 108 Reykjavík

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

Spör ehf.

Rúlletta er vinsæll leikur í spilavítum. Vinningslíkur eru þó afar litlar. NORDICPHOTOS/GETTY

Víti að varast í spilavíti

Syndaborgin Las Vegas úir og grúir af líflegum og mannmörgum spilavítum. Þar freistar fólk gæfunnar við ýmis fjárhættuspil á borð við rúllettu, blackjack og spilakassa.

Spilavíti eru hönnuð til að vera ruglandi.

Líklega gera flestir sér grein fyrir að líkurnar á sigri eru litlar en færri gera sér grein fyrir að spilavítin eru hönnuð með það í huga að alltaf halli á viðskiptavininn. Þetta er gert með með ýmsum hætti.

Fríum áfengum drykkjum er haldið að gestum spilavítisins. Þetta er gert til að skerða dómgreind þeirra og láta þá spila verr en ella.

Spilagjafarar eru vel þjálfaðir til að gera fólki erfiðara fyrir. Þeir eru snöggir í hreyfingum og rugla fólk í ríminu.

Spilavíti eru einnig hönnuð með það í huga að gera fólk áttavillt. Sumum finnst erfitt að rata í rangölum þess. Hugmyndin er að fólk gefist hálfpartinn upp og setjist við eitthvert spilaborðanna og blæði peningum.

Klukkur eru aldrei sjáanlegar í spilavíti. Þannig getur fólk ekki litið upp, séð hvað klukkan er og haft þá afsökun að nú sé hún orðin margt og tími til kominn að hætta og hátta.

Besta ráðið sem fólk getur tekið í spilavítum er að hætta þegar leik ber hæst. Líkurnar á vinningi eru afar dræmar. Ef stór pottur lendir í skauti spilarans er um að gera að hætta því enn minni líkur eru á að slíkt gerist aftur.

sumarferdir.is

VETUR 2013 | 2014

☆ Tenerife & Kanarí

- Tryggðu þér ódýrustu gistinguna í tíma!

Tenerife — Parque de las Americas ☆☆☆

Parque de las Americas er mjög vel staðsett íbúðahótel á jaðri Costa Adeje hlutans og steinsnar frá iðandi mannlífi Playa de las Americas.

frá **97.529 kr.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð 118.058 kr. fyrir 2 fullorðna. Brottför 30. janúar - vika.

Kanarí — Montemar ☆☆☆

Vel staðsett íbúðahótel á Ensku ströndinni. Fjölmargar verslanir, veitingastaðir og barir eru í næsta nágrenni. Staðsett við íbúðargötu á einum eftirsóttasta stað Ensku strandarinnar.

frá **99.516 kr.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð 112.345 kr. fyrir 2 fullorðna. Brottför 29. janúar - vika

Stökktu í sólina!

SÓL ALLAN ÁRSINS HRING Á TENERIFE OG KANARÍ!

SUMAR 10 ÁRA FERÐIR

...eru betri en aðrar

* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn.

Ferðaskrifstofa Ferðamálastofu

Hver dagur nýtt ævintýri

Leikkonan Ylfa María Edelstein kvaddi fósturjörðina og flutti vestur um haf áður en hún hafði lifað fulla tvo tugi í Laugarneshverfinu. Síðan hefur hún lifað og starfað til skiptis í Los Angeles og New York þar sem hún býr nú.

Hvað ert þú að gera í New York?

- Ég geri margt í New York því hver einasti dagur er nýtt ævintýri. Í kvöld ætla ég til dæmis að bregða mér í leikhús að sjá enska leikritið The Winslow Boy.

Hvernig er að búa í New York?

- Það er alltof dýrt.

Hvernig eru New York-búar í daglegum samskiptum?

- New York-búar eru yfirleitt mjög hjálplegir en stundum svolítið mikið að flýta sér.

Hvað hefur komið þér á óvart?

- Hvað borgin er stórkostlega falleg.

Hvaða staðir eru mest spennandi í kringum þig?

- Uppáhaldsstaðir mínir eru nýi High Line-almenningsgarðurinn sem búinn var til í kringum gamla járnbraut, Chelsea Market sem er yndislegur markaður þar sem hægt er að kaupa í matinn og fá sér gott snakk og Film Forum þar sem hægt er að sjá gamlar bíómyndir eftir Truffaut, Antonioni og Bunuel.

Er gott að versla í New York?

- Það er mjög gott að versla í New York. Hér fæst allt það besta og alltaf hægt að finna góðar útsölur.

Ylfa Edelstein, leikkona.

Hefur þú ferðast um landið?

- Já, en aðallega á milli austur- og vesturstrandar Bandaríkjanna; stórborganna New York og Los Angeles.

Hvernig eyðir þú frítímanum í New York?

- Frítíminn fer í bar methodtíma, jóga, listasöfn, skriftir og samverustundir með góðum vinum.

Það er auðvelt að gleðja munn og maga í sælkerakistu Chelsea Market.

Í New York fæst allt það besta og dýrasta í heimi en þar er einnig hægt að gera reyfarakaup á útsölum.

High Line-almenningsgarðurinn er einn af uppáhalds áfangastöðum Ylfu í New York.

Vinsælar sérferðir

Icelandair býður upp á pakkaferðir og sértilboð til ýmissa áfangastaða beggja vegna Atlantshafsins. Tilboðsferðir, borgarferðir, sérferðir, kvennaferðir, tónleikaferðir og íþróttaferðir.

Margir Íslendingar velja þann kost að fara í borgarferðir með íslenskum fararstjóra sem þekkir borgina og sögu hennar vel. Við hjá Icelandair höfum lagt upp úr því að bjóða upp á skipulagðar sérferðir með íslenskum fararstjórum," segir Svava Hjartardóttir, verkefnastjóri Icelandair Holidays. Hún segir borgarferðirnar til Parísar hafa verið sérlega vinsælar undanfarin ár og því hafi margir Íslendingar kynnst Parísarborg með Laufeyju Helgadóttur, fararstjóra Icelandair í borginni.

„Kvennaferðirnar okkar hafa notið mikilla vinsælda og margir vinkvennahópar hafa farið í slíkar ferðir til dæmis með Guddýju og Carolu til Glasgow," segir Svava glaðlega og bendir á að þær stöllur bjóði í haust upp á ferð fyrir alla til Glasgow þar sem mat og menningu borgarinnar verða gerð góð skil.

Ný og betri – konur til athafna í London kallast ný sérferð hjá Icelandair. „Í ferðinni verður fjölbreytt og skemmtileg dagskrá með þaulvönum fararstjórum, þeim Bjargeyju Aðalsteinsdóttur íþróttafræðingi og Sigrúnu Lilju sem er kennd við Gyðju," segir Svava. Þá mun Icelandair sextánda árið í röð bjóða upp á ferð til Florida á Old Car-sýninguna í Daytona með Sigurði Lárussyni. „Einnig gefst hjólamönnum og -konum kostur á að fara á hina vinsælu mótorhjólasýningu á Daytona í Florida með fararstjóranum Hafsteini Emilssyni."

Íþróttaferðirnar eru ávallt vinsælar. Það sem stendur upp úr í þeim þessa dagana að mati Svövu er dagsferð á landsleik Íslands og Noregs þann 15. október næstkomandi í Noregi. „Eins bjóðum við upp á ferðir á heimaleiki West Ham í vetur."

Í vor er margt spennandi á döfinni. „Þar má nefna New York með Hallfríði Þórarinsdóttur, Vor í Boston með Nönnu Reykdal og Vor í París með Laufeyju, auk fleiri ferða sem eru enn í vinnslu. Því má segja að það séu spennandi tímar fram undan í ferðalögum Íslendinga," segir Svava.

Borgarferðirnar til Parísar hafa verið afar vinsælar síðustu ár. Margir hafa kynnst borginni með Laufeyju Helgadóttur, fararstjóra Icelandair.

Ódýrt að borða í útlöndum

Lítið þýðir að fasta í ferðalögum erlendis til að spara aurinn því öll þurfum við að borða. Fyrir þá sem ekki kæra sig um að þræða billegar skyndibitakeðjur með tilheyrandi óhollustu marga daga í röð er ráð að fletta upp ódýrum veitingastöðum sem mælt er með af matgæðingum á netinu.

Ekki þarf að þræða skyndibitakeðjur á ferðalögum. Hægt er að gera vel við sig í mat fyrir sanngjarnt verð.

MYND/NORDIC PHOTOS GETTY

Kaupmannahöfn

Fu Wa, kínverskur veitingastaður á Jatgvej 7 fær þrjár stjörnur hjá matgæðingum síðunnar www.aok.dk fyrir ferskt dim sum. Þar kostar aðalréttur í kringum 80 krónur.

Mumbai, indverskur veitingastaður á Vigerslev Allé í Valby, fær einnig þrjár stjörnur hjá aok en kokkarnir þar eru sagðir blanda kryddin af mikilli leikni. Þar er hægt að fá aðalrétt í kringum 100 krónur danskar.

London

Taílenski veitingastaðurinn Mien Tay fær fjórar stjörnur á síðunni www.timeout.com fyrir matargerð. Þar segir þó að staðurinn muni seint fá verðlaun fyrir fallegar innréttingar, en maginn spyr ekki um það. Á Mien Tay má fá aðalrétt á bilinu 5 til 8 pund.

Stockpot, veitingastaður með ekta breskan mat á Old Compton Street, fær þó prik fyrir sjarmerandi innréttingar frá sjöunda áratugnum á sömu vefsíðu en þrjár stjörnur fyrir matinn. Þar er þó hægt að fá aðalrétt á bilinu 5 til 10 pund.

Berlín

Burgermeister við Oberbaumstrasse býður sex gerðir af hamborgurum og meðal annars tófúborgara fyrir grænmetisætur. Þar ku vera hægt að borða góðan hamborgara fyrir um það bil 4 evrur samkvæmt theguardian.com.

Haustdagur í Kaupmannahöfn. Á vefsíðunni aok.dk er að finna lista yfir ódýra veitingastaði í borginni.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

HJARTADAGUR
Alþjóðlegur hjartadagur er á morgun. Meðal dagskrárliða eru hjartadagshlaupið, hjartagangan og árveknisátak með félögum í Pepsi-deild karla. NÁNAR Á WWW.HJARTAHEILL.IS

Upprifjun fyrir SAMRÆMDU PRÓFIN í september í 4., 7. og 10. bekk
NÁMSAÐSTOÐ
Öll skólastig - Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Astmi og lungnaþemba
skerðir súrefni í blóði.
Hvað gerir SUPERBEETS?
Örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax.
30% meiri **súrefnisupptaka**
30% æðaútvíkkun betra blóðflæði,
réttur blóðsykur aukin fitubrennsla,
20% meira þrek, orka og úthald.
SUPERBEETS Rauðrófukristall
100% lífrænt og því fullkomlega öruggt.
Fæst í apótekum, heilsubúðum, World Class og Sportlíf.

Umboð: www.vitex.is

Alþjóðleg ferðaráðgjöf
IATA UFTAA Authorised Training Centre
Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa" til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is

Ferðamálaskóli Íslands
Bíldshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22

Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

AUKIN ORKA OG ALMENN VELLÍÐAN

VISTOR KYNNIR *Revolution Macalibrium er fæðubótarefni fyrir karlmenn unnið úr maca-rót. Það er örugg, náttúruleg leið til að auka orku og úthald, draga úr stressi og styrkja grunnheilsu. Þá styður maca-rótin við kynhvöt og kyngetu.*

Mér var gefinn pakki af Revolution Macalibrium í byrjun árs og get ekki annað en haldið áfram að taka það inn þar sem ég finn fyrir mjög svo aukinni orku og almennri vellíðan," segir Gaukur Eyjólfsson, matreiðslumeistari á Café Atlanta í Hlíðasmára.

Gaukur þarf að vakna fyrir allar aldir til að undirbúa matseld dagsins.

„Þá er eins gott að vera fullur orku og vel úthvíldur en það er einmitt mesta breytingin sem ég hef fundið frá því að ég fór að taka inn Revolution. Svo er maca-rót jú rótarávöxtur og ég hef mikla trú á að við eigum að fá alla okkar næringu úr matnum," segir Gaukur.

Revolution Macalibrium er unnið úr maca-rót (Lipidium Peruvianum) sem vex eingöngu hátt í Andesfjöllunum í Perú. Rótin er flokkuð sem ofurfæða og kemur jafnvægi á og styður við hormónaframleiðslu líkamans.

„Áhrif Revolution eru margvísleg. Það eykur beinþéttni og vöðvastyrk, hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfið, minnkar blóðfitu og styður við sæðisframleiðslu og kynferðislega virkni. Revolution er því kjörið fyrir karlmenn á öllum aldri," segir Guðný Traustadóttir, markaðsfulltrúi hjá Vistor.

Guðný bætir við að Revolution auðveldi einnig þyngdarstjórnun ásamt því að bæta lund og geð.

„Karlmenn vilja einfaldar lausnir og Revolution einfaldar málið. Tvö til fjögur hylki á dag tryggja ráðlagðan skammt af helstu vítamínum, ensímum, fitusýrum og lífsnauðsynlegum amínósýrum. Auk þess inniheldur Revolution mikið af virku kalki og magnesíumi, auk B1-, B2- og B12-vítamína."

Guðný bendir á að maca-rótin sé þekkt fyrir jákvæð áhrif á kynhvöt og kyngetu enda stundum kölluð náttúrulegt Viagra. „Til gamans má geta að maca-rótin var gulls ígildi hér áður fyrr og notuð sem gjaldmiðill í vöruskiptum í Perú."

Pakki af Revolution inniheldur 120 þynnupökkuð hylki sem tryggir 100 prósent virkni frá því að pakkinn er opnaður því maca-rót er afar viðkvæm fyrir sólarljósi og súrefni. Revolution inniheldur enga hormóna, er með lífræna vottun og er framleitt undir GMP með FairTrade-vottun.

Revolution Macalibrium fæst í apótekum um land allt, Heilsuhúsinu og Heilsuveri Suðurlandsbraut. Sjá nánar á www.vistor.is og á Facebook undir Revolution-Macalibrium.

ORKUMIKILL
Gaukur Eyjólfsson matreiðslumaður er fullur orku og vellíðunar eftir að hann hóf að taka inn fæðubótarefnið Revolution Macalibrium.
MYND/GVA

HVERNIG NÁST FLUGUR OG FÖST ÓHREININDI AF LAKKINU?
Vertu velkomin(n) í Málningarvörur þar sem þú hittir fyrir fagmenn og færð ráðleggingu um rétt val og notkun á hreinsiefnum fyrir bílinn.
Gerðu snjáð plast og vínil sem nýtt sé, felgurnar óaðfinnanlegar og fáðu aftur fram djúpan upprunalegan gljáa lakksins… og bíllinn þinn verður glansandi fínn sem aldrei fyrr!
Opið alla virka daga 8-18

LÁGMÚLI 9 BAKHÚS
MÁLNINGARVÖRUR
Lágmúla 9 | Sími 581 4200

LÍFRÆNT SLEIPIEFNI FYRIR ELSKENDUR

ICECARE KYNNIR *Konur, sem eru komnar á breytingaskeiðið, hafa nýlega eignast barn, verið í meðferð við krabbameini eða staðið í langtíma veikindum, eiga oft við þurrk í leggöngum að stríða.*

Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Yes-sleipiefnin séu hönnuð af tveimur konum og seld í Bretlandi og víðar. „Ummæli um vöruna hafa verið mjög jákvæð frá neytendum og hafa læknar í Bretlandi einnig mælt með því að konur sem eiga við þurrk að stríða í leggöngum noti vöruna," segir hún.

„Yes-sleipiefnin innihalda bæði olíubasa (oil-based) og vatnsbasa (water-based) sem er hægt að nota með gúmmíverjum," útskýrir Birna og bætir við að einnig sé fáanlegt Yes Baby fyrir fólk í barneignarhugleiðingum. Pakkningin inniheldur bæði sleipiefni sem eru sæðisvæn og egglospróf ásamt sleipiefnum sem er gott að nota eftir egglos.

Fjallað hefur verið um þetta nýja lífræna efni í mörgum helstu tímaritum í Bretlandi. Þar er meðal annars vitnað í orð Anne Brember, yfirhjúkrunarfræðings á krabbameinsdeild á Basingstoke og North Hants sjúkrahúsinu í Bretlandi:

„Ég finn að lífræna sleipiefnalínan Yes er kærkomin lausn fyrir skjólstæðinga okkar sem þjást af þurrki í leggöngum og á kynfærasvæði í kjölfar krabbameinsmeðferðar. Konurnar upplifa efnið á þægilegan hátt á viðkvæmri slímhúðinni auk þess sem það veitir þeim þægilega öryggistilfinningu á ný í tengslum við kynlíf."

MIKIL UMFJÖLLUN Að sögn Birnu Gísladóttur hjá Icecare hefur mikið verið fjallað um lífræna sleipiefnið Yes í tímaritum í Bretlandi. MYND/VALLI

YES-SLEIPIEFNI

- Yes-línan er sérstaklega hönnuð fyrir konur sem eiga við þurrk að stríða í leggöngum og slímhúð.
- Yes-sleipiefnin eru unnin úr lífrænum efnum og hafa hlotið lífræna vottun frá The Soil Association í Bristol í Bretlandi.
- Yes-sleipiefnin innihalda engin aukaefni eða skaðleg efni sem geta verið ertandi fyrir slímhúðina.
- Yes-sleipiefnin klístrast ekki og eru rakagefandi fyrir slímhúðina.
- Yes-sleipiefnin má bæði nota innvortis og útvortis fyrir samfarir.

Yes-sleipiefnin innihalda lífræn efni, til dæmis:
- Aloe vera
- Flax extract
- Guar-gúmmí (Guaran)

Yes-sleipiefnin eru laus við:
- Glýserín
- Hormóna
- Glycols
- Parabena
- Rotvarnarefni
- Ilmefni
- Sílikon
- Jarðolíuefni

- Arginín
- Önnur ertandi efni fyrir húð svo sem Grapefruit seed extract

Nánari upplýsingar eru á www.icecare.is. Yes-línan fæst í apótekum og heilsuverslunum.

UMSJÓNARMENN Ólafur Engilbertsson, Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsdóttir. MYND/VILHELM

UTANGARÐS-FÓLK TIL SÝNIS

SÖGULEG SÝNING *Þjóðarbókhlaðan er vettvangur utangarðsfólks næstu daga. Þar stendur yfir sýningin Utangarðs? sem lýkur á mánudaginn.*

Sýningunni Utangarðs? sem haldin er í Þjóðarbókhlöðunni lýkur næsta mánudag. Þar er fjallað um utangarðsfólk frá seinni hluta 18. aldar og fram á fyrstu ár 20. aldar. Sýndar eru gamlar ljósmyndir, handrit og skjöl sem tengjast utangarðsfólki auk þess sem teiknarinn góðkunni, Halldór Baldursson, hefur teiknað myndir af utangarðsfólki. Sigríður Hjördís Jörundsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir eru höfundar sýningarinnar en Ólafur Engilbertsson sá um hönnun hennar. Sigríður segir að miklar samfélagsbreytingar á þessum tíma hafi leitt til þess að utangarðsfólki fjölgaði enda var fjölgun lögbýla í engu samræmi við fólksfjölgun. „Valið stóð á milli þess að verða bóndi eða vinnufólk. Fyrir einstaklinga sem voru listrænir stóð valið jafnvel á milli þess að verða lélegur vinnumaður eða flakka um og reyna að hafa framfæri af leik, söng eða að teikna myndir. Enda voru margir utangarðsmanna skáld, tónlistarmenn og leikarar."

Lítið hefur verið fjallað um þennan hóp í sögubókum og á sýningum að sögn Sigríðar. „Við undirbúning notuðum við ævisagnir, frásögur fólks og sögur fólks úr sveitum landsins úr bókum frá tímabilinu 1930-1970. Á sýningunni fjöllum við um 15-20 einstaklinga sem hver fær sitt pláss." Auk þeirra fundu Sigríður og Halldóra upplýsingar um rúmlega 250 einstaklinga sem voru á flakki á 19. öldinni.

Utangarðsfólk þessa tíma var fólk á öllum aldri og af öllum gerðum að sögn Sigríðar. „Þetta fólk passaði ekki inn í samfélagið sem það tilheyrði. Margir urðu ótrúlega gamlir, jafnvel rúmlega 90 ára. Sumir eru í dag nær óþekktir eins og Halldór Hómer eða Poka-Sigga en aðrir þjóðþekktar persónur, eins og Gvendur dúllari og Sölvi Helgason."

Sýningin er haldin í anddyri Þjóðarbókhlöðu og opin í samræmi við afgreiðslutíma hússins. Ekkert kostar inn á sýninguna.

ROPA-KATRÍN Hún flakkaði milli bæja og bændur heyrðu þegar hún kom því hún ropaði oft og hátt. Hún bað um kaffi sem stöðvaði ropann að eigin sögn. Svo labbaði hún á næsta bæ og endurtók leikinn. MYND/HALLDÓR BALDURSSON

HVERNIG VÆRI AÐ KÍKJA ÚT Í KVÖLD?

Kíktu á midi.is til að sjá framboðið af tónleikum, kvikmynda -og leiksýningum og íþróttaviðburðum.

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

SALURINN

AUSTURBÆR

Borgarleikhúsið

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

HOF
MENNINGARHÚS

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

midi.is

BÍLAR & FARARTÆKI

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is

TOYOTA Yaris hybrid. Árgerð 2012, ekinn 5 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.230083. uppl. í síma 570-5220 Toyota kletthálsi

Notaðir bílar Kletthálsi
Kléttháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 570 5220
Opið virka daga 9-18, lau 12-16.
www.toyotakletthalsi.is

STÓRA BÍLASALAN



Audi A6 2.4 Árgerð 2005, ekinn 103þ.km, ssk. Flottur bíll sem er á frábæru tilboðsverði aðeins 2.100þ.kr. Raðnúmer 154628. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

bilauppbod.is

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

MERCEDES BENZ Ml 350 bluetec . Árgerð 2012, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.990.000. Rnr.990521.

KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2011, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.990436. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

BMW 325i s/d e90. Árgerð 2008, ekinn 37 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.140545.

AUDI A4 sedan 130 hö.. Árgerð 2003, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.100.000. Rnr.140788.

MERCEDES BENZ E 350 cdi 4matic . Árgerð 12/2010, ekinn 151 Þ.KM, dísel 266hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. HLAÐINN aukabúnaði. Verð 7.490.000. Rnr.160754.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

ib.is
IB ehf. Selfossi

HAUSTÚTSALA!

Til sölu Cadillac Eldorado árg 74. Verð aðeins 2,5 milljónir stgr.. Upplýsingar gefur Hafsteinn í síma 840-8282 eftir kl 15.

IB ehf
Fossnes A, 800 Selfoss
Sími: 480 8080
Getum bætt við bílum á söluskrá
www.ib.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777

TOYOTA Land cruiser 150 vx. Árgerð 2011, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.950.000. Rnr.112190.

RENAULT Megane berline disel. Árgerð 2012, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.111825.

TOYOTA Land cruiser 100 vx 35" bensín. Árgerð 2006, ekinn 154 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.500.000. Rnr.111517.

M.BENZ C c230 230 v6 (252). Árgerð 2006, ekinn 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.112031.

CHEVROLET Captiva. Árgerð 2011, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.980.000. Rnr.132939.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



STÓRA BÍLASALAN

Toyota Yaris 1.33 Sjálfskiptur - Nýr bíll Árgerð 2013. Nýr bíll - ekinn 0km. 5 ára ábyrgð. Eigum örfá stykki eftir. Verð AÐEINS 2.790.000kr. Raðnúmer 133490. Sjá nánar á www.stora.is

Toyota Yaris 1.0 Beinskiptur - Nýr bíll Árgerð 2013. Nýr bíll - ekinn 0km. 5 ára ábyrgð. Eigum örfá stykki eftir. Verð AÐEINS 2.490.000kr. Raðnúmer 133594. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

Bílar til sölu

Subaro Legacy sedan 2008, sjálfsk., 2.0L vél, sk.'14. Ekinn 79 þ.km. 18" sport álfelgur, spoiler, kastarar, dökkt gler. Áhv. Ergo 1.4 m.kr. Verð 2.2 m.kr. S. 773-6500

BMW X5 3.0D dísel, árg 2007(skr 9/07) ekinn 87þ. Umboðsbíll. Ásett 6,5m, áhv. 4,8m. Myndir á x5.is, s.8982001

Til sölu Nissan Patrol árgerð 2004. Breyttur fyrir 35" dekk, keyrður 142000km. Verð 2,6m. upplýsingar í síma 6992897

Toyota LandCruiser 120vx ,90 dísel ek. 76.000 km. Verð 7.1 m. Ath skipti. Uppls. 895-9012.

TILBOÐ KR. 1.900.

JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED. Árgerð ,06. Ek.143 Þ.KM. bensín, sjálfsk. Raðnr: 210002. GSM. 8938164

FOCUS TILBOÐ 325ÞÚS!

Ford Focus árg. ,01 ek. 140þús beinssk. 5 dyra sk.'14 sparneytin, rúmgóður. TILBOÐ 325þús S. 891 9847

Til sölu Ford Focus station. Árg.'05, ek. 155 þ. Auðveld kaup yfirtaka 700 þ. + 250 þ. stgr. Verð samtals. 950 þ. Uppl. í S:848 0880

,99 Corolla 4wd. Bskp 1.8. 165þ km. Skoð 2014.Gott eintak.Ásett 590. 8678009

Til sölu Honda Elantra, árg ,02, ek. 140 þ. Verð 370 þ. Skoðaður 2014. Uppl. í S:869 2450

Mercedes Bens C220 árg.'94, skoðaður ,14, ek.235 þ.km. Sjálsk., í góðu standi. Þarfnast smá umhyggju. Verð 380 þús. Tilboð 240 þús stgr. uppls. 898-9307.

Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000

Toyota Caren E. árg'95. Skoðuð ,14. Verð 260 þús. uppls.s. 772-4520.

Kia Sorento 2007, ekinn 130, sjálfskiptur diesel, ásett 2.9, 2.490 þús staðgr. S: 898:1904

Til sölu Isuzu Crew Cab ,98 pallbíll er á 31" dekkjum. Góður bíll. V. 580 þús. Uppl. í s. 5812929/6904944

Til sölu Polo árg. ,02. 1.4L Beinssk. Ek. 180 þús. Mikið endurnýjaður. Ný skoðaður. CD. Góð dekk. Litur svartur. V. 340 þús. Uppl. í S. 899 5189

Skoda Octavia II Combi 4x4 árg. ,06, ekinn 142 þús. 1 eigandi, verð 1290 þús, S: 825:2699

HAUSTÚTSALA!

Opel Zafira árg 2000, ek 180 þkm. Góður fyrir iðnaðarmanninn, verð 180 þús. Hyundai Accent árg 1997, ek 190 þkm, þrælgóður bíll! Fínn í skólann, verð 130 þús. S. 8973015.

250-499 þús.

SJÁLFSKIPTUR LEGACY 4X4

Subaru Legacy station 4x4. árg. ,99, ek. 211þús. km, Ssk, heilsársdekk, ný Tímareim, mjög heill og góður bíll. ásett verð 650þús. Tilboðsverð 430þús. uppl. í s:659-9696.

SUZUKI JIMNY 4X4 - SPARNEYTINN

Suzuki Jimny 4x4, beinskiptur, rauður, eyðir litlu og kemst allt ! verð 450þús. möguleiki á 100% visa/euro láni. uppl í s:659-9696

500-999 þús.

CHEROKEE LTD - FRÁBÆR BÍLL!

Jeep Grand Cherokee Limited 4.7 ekinn 119þús m. sjálfskiptur, 4x4, dráttarkrókur, leður, topplúga, Bilstein fjöðrun, skoðaður, lítur mjög vel út og í góðu ástandi. Verð aðeins 690þús. möguleiki á 100% visa/euro láni. skoða skipti. uppl í s:659-9696

Bílar óskast

STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 PÚS!

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með þening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

til sölu

Dekurbíll.

M. Bens E Kompressor árg. 2004.

Bíll í sérflokki, afar vel búinn, ek. 110 þús. m.a. leður, panorama lúga, og fl. Dekurbíll sem alltaf hefur verið í góðu viðhaldi. Verð 2.190 þús.
Uppl. í s. 897 2025

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

VIÐ TÖKUM VEL
Á MÓTI ÞÉR

JÓLA-
HLAÐBORÐ

VEISLU-
MATUR

VILLIBRÁÐA-
VEISLA

JÓLA-
BRUNCH

JÓLAHLAÐBORÐ
GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

Jólahlaðborð Grand Hótel Reykjavík verður einkar hátíðlegt í ár og margar skemmtilegar uppákomur eru fyrir gesti.

Á föstudags- og laugardagskvöldum munu þau Guðrún Gunnarsdóttir og Jón Ólafsson flytja íslensk og erlend jólalög í Gullteigi á meðan stórsöngvarinn Bjarni Ara verður með glæsilega söngdagskrá í Hvammi og Setri. Þar mun hann meðal annars flytja vel valda jólasöngva og slagara með Frank Sinatra, Tom Jones og rokkkóngnum Elvis Presley. Þá mun hinn fjölhæfi tónlistarmaður Reynir Sigurðsson töfra fram jólatóna á píanó og víbrafón fyrir matargesti og eftir matinn geta gestir fært sig yfir í Gullteig og tekið snúning undir tónum hinnar óborganlegu hljómsveitar Hafrótar.

Sjálft jólahlaðborðið svignar undan lystugum kræsingum; jólalegum forréttum, köldum og heitum aðalréttum með tilheyrandi sósum og meðlæti, og girnilegu eftirréttahlaðborði sem er að hætti matreiðslumeistara hússins.

Jólahlaðborðið er á föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum en einnig í hádeginu á föstudögum en það hefst föstudaginn 15. nóvember og stendur til 22. desember. Hópar geta pantað jólahlaðborð aðra daga vikunnar.

Komið og njótið glæsilegs jólahlaðborðs og eigið ógleymanlega stund í góðra vina hópi.

Pantanir í síma 514 8000.

JÓN ÓLAFSSON:

Hvert er þitt hlutverk í skemmtun ykkar Guðrúnar Gunnarsdóttur á jólahlaðborði Grand Hótel Reykjavík?

„Ég er undirleikari þeirrar ágætu söngkonu. Ef ég verð með míkrófón er ekki ólíklegt ég læði inn stöku kjanki eða rauli milliródd."

Hvaða jólalag er í mestu dálæti hjá þér?

„Jólanáttburður Megasar."

GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR:

Með hvaða sniði verður söngskemmtun ykkar Jóns á jólahlaðborði Grand Hótel Reykjavík?

„Hún verður góð blanda af skemmtilegheitum og hátíðleika. Við Jón höfum þekkst í áratugi og höfum sennilega svipaðan smekk á jólalögum en íslensku jólalögin verða í meirihluta enda af nógu að taka. Það er í eðli okkar að segja sögur og hlæja hátt svo þetta verður skemmtilegur kokteill með hátíðlegu yfirbragði."

Hvert er mest umbeðna óskalagið?

„Af minni reynslu eiga tvö lög sérstakan sess í jólahjörtum landans og það eru „Hvít jól" og „Jólin allstaðar". Þau verða klárlega á prógramminu og Jón er flottur söngvari svo við reynum að syngja sem mest saman."

Hvað kemur þér í jólaskap?

„Ég myndi segja smákökur og heitt súkkulaði. Það er eiginlega uppstaðan í fæðu heimilisins í desember. Ég veit að það er ekki alveg það hollasta en fyrir jólin má gera vel við sig, ekki satt?"

Hvaða jólalag er í mestu dálæti hjá þér?

„Af íslenskum jólalögum er það „Jólin allstaðar" með Ellý og Vilhjálmi en ég á einnig annað uppáhalds jólalag sem er Ó, helga nótt í flutningi sænska stórsöngvarans Jössi Björling."

BJARNI ARASON:

Hvað ætlar þú að bjóða gestum jólahlaðborðsins upp á með þinni jóladagskrá?

„Ég mun syngja falleg og þekkt jólalög í bland við gamla, góða „standarda" með Frank Sinatra, Elvis Presley, Tom Jones og Bjarna Ara. Það er aldrei að vita nema Karen mæti á svæðið og ég mun ganga á milli borða og taka trompetinn með mér til að skemmta fólki og leyfa því að taka þátt."

Hvað vilja gestir helst heyra með Bjarna Ara?

„Mest umbeðna óskalagið af mínum lögum er líklega Karen en Elvis er aldrei langt undan svo og ég sinni því líka. Af hans jólalögum er Blue Christmas vinsælast en ég syng vanalega íslensku útgáfuna sem við Björgvin Halldórsson sungum um árið og kallast Einmana um jólin."

Hvaða jólalag kemur þér í jólaskap?

„It's the most wonderful time of the year með Johnny Mathis kemur mér alltaf í jólastuð en einnig White Christmas og The Christmas Song."

Ferðu snemma í jólaskap?

„Ég er kominn í bullandi jólaskap og jólabúning um miðjan nóvember þegar ljósin fara að lífga upp á skammdegið og jólalög byrja að heyrast í útvarpinu. Þá er ofboðslega gaman að skemmta fólki í sal Grand Hótel Reykjavík því þangað koma yndislegir gestir með það eitt í huga að skemmta sér og hafa gaman."

JÓLA BRUNCH
Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

Jólabrunchinn á Grand Hótel Reykjavík er hinn hátíðlegasti og borðið er hlaðið kræsingum og þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldan er höfð í fyrirrúmi og reynt er að sjá til þess að hún geti átt notalegar stundir saman.

Börnin geta dundað sér við að skreyta piparkökur, púslað og litað í sérútbúnu jólahorni þar sem er barnagæsla. Jólasveinar koma í heimsókn og skemmta börnunum, fara í leiki og syngja jólalög og gefa börnunum lítinn glaðning úr pokum sínum.

Á brunch hlaðborðinu eru yfir 20 girnilegir réttir. Þar má nefna heimabakað brauð, salöt og álegg, ommelettur, eggjahrærur og egg benedict. Þarna má líka finna síldarsalöt, reykt nautatungusalat, reyklaxakonfekt, hunangsgljáðar kalkúnabringur, kryddlegin lambalæri og karamellaðan hamborgarhrygg.

Meðlætið er meðal annars sykurbrúnaðar kartöflur, heimalagað volgt rauðkál, eplasalat, grænar baunir og heitar sósur svo eitthvað sé nefnt.

Eftirréttirnir eru lagaðir af bökurum hótelsins og vinsælast er volga súkkulaðikakan og ris a la mande.

VIÐBURÐADAGATAL 2013
GRAND HÓTEL REYKJVÍK

OKTÓBER

Villibráðardagar 4.-6. október
Úlfar Finnbjörnsson, villibráðarsérfræðingur matreiðir.

Grand rómantík
18. - 19. og 25. - 26. október.

Brunch alla sunnudaga í október.

NÓVEMBER

Grand rómantík
Helgarnar 1.- 2. og 8. - 9. nóvember.

Jólahlaðborð hefst 15. nóvember.
Jólahlaðborðin verða á fimmtudögum, föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Guðrún Gunnars og Bjarni Ara skemmta á föstudags- og laugardagskvöldum.

Jólabrunch byrjar 17. nóvember

DESEMBER

Jólahlaðborð
Jólahlaðborðin verða á fimmtudögum, föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Guðrún Gunnars og Bjarni Ara skemmta á föstudags- og laugardagskvöldum.

Jólabrunch alla sunnudaga í desember.

Skötuveisla á Þorláksmessu, 23. desember.

Galadinner á gamlársdagskvöldi.

NÆSTUM ÞVÍ
BESTI MATUR Í HEIMI

Glæsilega skötuveislan á Grand Hótel Reykjavík er árlegur viðburður á Þorláksmessu. Ljúffengar og íslenskar veitingar verða í boði og Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, mun stýra veislunni eins og á síðasta ári.

Skötuveislan sló rækilega í gegn í fyrra og verður að sjálfsögðu endurtekin í ár. Glæsilegar og fjölbreyttar kræsingar verða á boðstólum og eins og á síðasta ári verður Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, veislustjóri. Að sögn Guðna tókst veislan sérstaklega vel. „Ég stýrði skötuveislunni á hótelinu í fyrsta skipti þá og var þetta einstaklega glæsileg veisla. Hún dreifðist um marga sali hótelsins sem voru fullir af skemmtilegu fólki. Stemningin var virkilega góð og mikil gleði í húsinu."

Hlutverk Guðna er fjölbreytt að eigin sögn. „Hlutverk mitt er meðal annars að stýra veislunni og sjá til þess að allt gangi snurðulaust fyrir sig. Síðan læt ég nokkrar skemmtilegar sögur flakka og tala auðvitað vel um skötuna og heilagan Þorlák sem var mestur Skálholtsbiskupa."

VEL KÆST SKATA ER LOSTÆTI

Sjálfur er Guðni mikill skötuunnandi en hann hefur ekki alltaf kunnað að meta hana. „Það var ekki mikil hefð fyrir skötunni á æskuheimili mínu á Brúnastöðum þegar ég ólst upp enda þótti hún ekki merkilegur matur í þá daga. Hún var þó elduð en ekki get ég sagt að mér hafi þótt hún góð. Ég fúlsaði við henni sem strákur en í dag er þetta einhver besti matur sem maður fær. Vel kæst skata með guðaveigum er lostæti."

Vinsældir skötunnar hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár og er hún nú órjúfanlegur hluti jólanna. „Fjölskyldur, vinir og samstarfsfólk hlæja saman og borða þennan þjóðarrétt Íslendinga og svo hefst helgihaldið og blessuð jólin. Það er gaman að sjá unga fólkið sem kann að meta þennan sið sem er orðinn jafn sjálfsagður og þorrablótin. Þetta er afbragðs skemmtileg hefð sem hefur myndast hér á landi. Það er líka gaman að sjá nútíma Íslendinga feta í fótspor feðra sinna og mæðra og að jafn glæsilegt hótel og Grand Hótel Reykjavík skuli vera svo grand á því að sýna sjómönnum, þjóðinni og Þorláki þann heiður."

Skötuveislan stendur yfir frá kl. 11-14 á Þorláksmessu.

FITNESSKLATTAR

335 gr speltmjöl
15 gr matarsódi
5 gr salt
2.5 gr kanill
400 gr smjör
175 gr hrásykur
200 gr púðursykur
500 gr haframjöl
4 stk egg
Vanillusykur eða dropar eftir smekk
Sesamfræ 40 gr
Graskersfræ 40 gr
Hnetur 40 gr
Sólblómafræ 40 gr
Hörfræ 40 gr
Súkkat 40 gr
Rúsínur 40 gr

Má vera minna af fræjum eða meira, eitthvað sem hægt er að leika sér með.

Allt sett í skál og hrært saman. Síðan er efninu rúllað upp og skorið niður í 70 gr bollur og þær klappaðar niður á plötu, ca. 30 stk.

Bakið í 10 -12 mín við 180 gráður.

Ingibergur Sigurðsson bakari á Grand Hótel Reykjavík

ALLT BAKAÐ Á STAÐNUM

Bakari Grand Hótel Reykjavík töfrar fram dýrindis kökur og brauð fyrir gesti á hverjum degi og bakar allt á staðnum.

„Við leggjum upp með heimalagað hér á hótelinu og allt okkar meðlæti, brauð, kökur og eftirréttir er bakað hér á staðnum," segir Ingibergur Sigurðsson, bakari.

Ingibergur sér einn um baksturinn á staðnum en segist þó fá aðstoð þegar mikið liggur við. „Við vinnum mikið saman, ég og Mæja smurbrauðsdama hjálpumst að ásamt því að kenna nemum handtökin í bakstri, kökuskreytingum og smurbrauðsgerð. Við smyrjum allt sjálf og bökum til dæmis fyrir hina ýmsu viðburði hér eins og erfidrykkjur, ráðstefnur, fundi, ættarmót og brúðkaup. Allt „hjemmelavet" eins og sagt er," segir Ingibergur.

„Við bjóðum upp á marga möguleika í veitingum sem fólk getur valið úr þegar halda á t.d. veislu eða fund. Við notum alltaf besta fáanlega hráefni í alla okkar vetingar og við vinnum allt í samvinnu við viðskiptavininn og reynum eftir fremsta megni að koma til móts við séróskir. Það eru fáar óskir óyfirstíganlegar..

FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNUHÓTEL

Á Grand Hótel Reykjavík er lögð mikil áhersla á fyrsta flokks þjónustu, veitingar í hæsta gæðaflokki og umhverfisvæna rekstrastefnu. Hótelið er stærsta og glæsilegasta ráðstefnuhótel landsins með áralanga reynslu í skipulagningu á minni og stærri ráðstefnum, fundum og veislum af ýmsu tagi.

Grand Hótel Reykjavík er sérlega fallegt hótel í rólegu umhverfi nálægt útivistarsvæðinu í Laugardal. Hótelið er fyrsta flokks ráðstefnuhótel með 311 herbergjum, 14 ráðstefnu- og veislusölum, heilsulind og veitingastaðnum Restaurant Grand.

„Sumarið 2007 tókum við í notkun nýjan 14 hæða turn sem tengdur er við hótelið með glerbyggingu. Þar er móttakan og anddyrið ásamt Miðgarði," segir Ingólfur Kristinn Einarsson hótelstjóri. Í nýbyggingunni bættust við 209 herbergi sem öll er rúmgóð og vel útbúin líkt og eldri herbergin. „Almennt eru herbergin um 27,5 til 50 fm, með stóru baðherbergi sem bæði er með baðkari og sér sturtuklefa og hita í gólfi. Herbergin eru fallega innréttuð með öllum nútíma þægindum og fríu internet sambandi", upplýsir Ingólfur og bendir á að á 13. hæð séu tvær glæsilegar forsetasvítur.

Í turninum eru einnig tvö fundarherbergi með óviðjafnanlegu útsýni og tveir veislusalir og ekki amalegt að ræða þar málin.

TILVALIÐ FYRIR RÁÐSTEFNUR

„Hótelið er stærsta ráðstefnuhótel landsins og leggjum við mikla áherslu á að geta tekið á móti bæði stórum og smáum hópum við öll tækifæri," segir Ingólfur.

Á hótelinu eru 14 ráðstefnusalir og fundarherbergi sem taka frá tveimur og upp í 470 manns í sæti. Stærsti salurinn Gullteigur er 345 fm. Að sögn Ingólfs eru salirnir búnir nýjasta og fullkomnasta tæknibúnaði.

Við eigum stóran hlut í funda- og ráðstefnumarkaðnum og í gegnum hótelið fer að meðaltali rúmlega 200 þúsund manns á ári, bæði innlendir og erlendir gestir sem nýta sér aðstöðu okkar og veitingar.

STÖÐUGAR ENDURBÆTUR

Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um náms- og rannsóknarstyrk fyrir árið 2013.

Styrkurinn nemur 1.250.000 kr.

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi.
Verkefnið skal tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2013.

Nánari upplýsingar á www.fraedslunet.is og www.hfsu.is.

Þjónustumaður óskast á kæliverkstæði

Expert ehf. óskar eftir að ráða til starfa vélfræðing, vélvirkja, vélstjóra eða mann með mikla reynslu í faginu. Starfið felur í sér viðhald og uppsetningu véla og tækja tengt kæli- og frystibúnaði, auk annarra tilfallandi verkefna.
Við leitum að laghentum og sveigjanlegum starfsmanni sem fellur vel að góðum hóp starfsfólks okkar. Grunnþekking í kælitækni er nauðsynleg og viðkomandi þarf að hafa góða færni í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá á netfangið **expert@expert.is**
en fullum trúnaði er heitið við umsækjendur.

Umsóknarfrestur er til 7. október næstkomandi.
Nánari upplýsingar gefur Pétur Ingi Pétursson í síma 517-4000 eða 660-2961

Expert ehf. sérhæfir sig í viðhaldi og eftirliti með kælibúnaði. Hjá félaginu starfar samhentur hópur starfsmanna með langa starfsreynslu og þekkingu. Fyrirtækið er með starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri og er lögð áhersla á framúrskarandi þjónustu og gæði í öllum störfum.

expert
ÞJÓNUSTA • ÞEKKING • VIÐGERÐIR

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Sölufulltrúar í söluver

– 365 miðlar óska eftir öflugum sölufulltrúum.

Við leitum að kátu og skemmtilegu fólki sem kann að spjalla og hefur áhuga á að vinna í lifandi og spennandi umhverfi. Um er að ræða hlutastarf. Starfið fellst í sölu á vörum og þjónustum 365

Hæfniskröfur:
• Áhugi á sölumennsku.
• Áhugi á sjónvarpi, snjallsímum, spjaldtölvum og tækni.
• Ábyrgð og heiðarleiki.
• Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
• Sjálflærðir sölumenn eru velkomnir.



Áhugasamir vinsamlegast sækið um á www.365.is. Störf hjá 365, merkt „Söluver“.
Nánari upplýsingar veitir Benedikt Freyr, benediktj@365.is.

365

Vélsmiðir

MEST

Skipasmiðjusamtakið MEST í Færeyjum:
Auglýst verður eftir vönum vélsmiðum til allar almennrar vélsmiðavinnu hjá Skipasmiðjusamtakinu MEST í Færeyjum, til næstu 3-6 mánuða.
Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda inn skriflega umsókn ásamt ferilsskrá og afriti af sveinsbréfi og öðrum prófskírteinum til
MEST P/f J.C.Svabosgøta 31. P.O Boks 64 FO-100 Tórshavn, eða með tölvupósti á **mm@mest.fo,**
Nánari upplýsingar veitir Mouritz Mohr, framkvæmdastjóri í síma **+298 791130**.

SPENNANDI STÖRF HJÁ SAMGÖNGUSTOFU

Mannvirkja- og leiðsögusvið
- Sérfræðingur í stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnum vegna hafnarmannvirkja
- Sérfræðingur í stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnum tengd leiðsögu á sjó

Rekstrarsvið
- Bókari í fjármáladeild
- Matráður

Samhæfingarsvið
- Deildarstjóri öryggisáætlunardeildar

Siglingasvið
- Sérfræðingur í deild skírteina og skráninga í Kópavogi
- Sérfræðingur í deild skírteina og skráninga á Ísafirði
- Sérfræðingur í skipaeftirliti

Umferðarsvið
- Hópstjóri umferðareftirlits

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á vef Samgöngustofu. Umsóknarfrestur er til og með 14. október 2013. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Samgöngustofu, www.samgongustofa.is undir laus störf eða senda tölvupóst á netfangið atvinna@samgongustofa.is.

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 160 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit með flugi, siglingum, og umferð. Þá sinnir stofnunin öryggiseftirliti með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á heimasíðu www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa
Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

TJARNARBÍÓ

VILTU VINNA Í SKAPANDI UMHVERFI?

TJARNARBÍÓ AUGLÝSIR EFTIR FRAMKVÆMDASTJÓRA OG TÆKNISTJÓRA

FRAMKVÆMDASTJÓRI TJARNARBÍÓS

Um er að ræða 75% starf. Viðkomandi hefur yfirumsjón með daglegum rekstri Tjarnarbíós. Má þar helst nefna; bókanir á húsnæðinu, samningagerð við leigutaka, markaðsmál, yfirumsjón með uppfærslu heimasíðu og á öðrum vefsvæðum. Jafnframt sinnir hann uppgjöri á viðburðum við leigutaka, fjármálum og bókhaldi, starfsmannahaldi, launaútreikningum, samskiptum við opinbera og erlenda aðila. Framkvæmdastjóri heyrir beint undir stjórn Menningarfélags Tjarnarbíós (MTB) og vinnur náið með leigutökum þegar kemur að markaðssetningu og ímynd Tjarnarbíós. Framkvæmdarstjóri tekur þátt í því að móta listræna stefnu hússins. Jafnframt sinnir framkvæmdastjóri upplýsingagjöf til Reykjavíkurborgar. Starfið krefst oft óhefðbundins vinnutíma.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af því að starfa við rekstur og starfsmannahald.
- Þekking á skapandi greinum.
- Framúrskarandi í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Almenn tölvukunnátta (samfélagsmiðlar, uppfærsla á heimasíðu ásamt greinargóðri þekkingu á ritvinnslu og töflureikni).
- Hæfileiki til að tjá sig á íslensku og ensku í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til 14. október.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 15. nóvember.

TÆKNISTJÓRI TJARNARBÍÓS

Um er að ræða 50% starf. Tæknistjóri er umsjónaraðili með ljósa,- hljóð og kvikmyndabúnaði Tjarnarbíós. Viðkomandi þarf að sinna útleigu á listviðburðum hvað varðar kennslu á búnað ásamt því að fylgja eftir þeim reglum sem settar eru um notkun og meðferð tækja. Einnig að sinna tilfallandi störfum í samráði við framkvæmdastjóra Tjarnarbíós er varðar annarskonar útleigu en listviðburði. Starfið er fjölbreytt og margþætt og hefur tæknistjóri yfirumsjón með skipulagningu æfinga/viðburða í sal og þjónustar fasta leigjendur húsnæðisins. Vinnutími er breytilegur en starfið krefst oft óhefðbundins vinnutíma.

Hæfniskröfur:

- Menntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af hljóð- og ljósahönnun/stýringu.
- Þekking á tæknibúnaði hússins en upplýsingar um hann má finna á www.tjarnarbio.is undir flipanum Um Tjarnarbíó.
- Framúrskarandi í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Almenn tölvukunnátta.

Umsóknarfrestur er til 21. október.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. nóvember 2013.

Umsóknir skulu sendar á tjarnarbio@leikhopar.is Nánari upplýsingar veitir Gunnar Gunnsteinsson: leikhopar@leikhopar.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

Sjúkraþjálfari

Laus er til umsóknar 100 % staða sjúkraþjálfara til að starfa með hópi fagfólks sem myndar öflugt lungnateymi á Reykjalundi. Viðkomandi mun sinna hluta af starfi sínu á miðlægri sólarhringsdeild

Hæfniskröfur eru:
- Íslenskt starfsleyfi.
- Góð og almenn færni í mannlegum samskiptum og samvinnu.

Auk þess er æskilegt að umsækjandi hafi reynslu af lungnasjúkraþjálfun og teymisvinnu.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi SSÞ og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings SSÞ og Reykjalundar.

Skriflegum umsóknum ásamt menntunar- og starfsferilsskrá skal skila **fyrir 6.október 2013** til Sigrúnar Benediktsdóttur, forstöðusjúkraþjálfa, sem einnig gefur upplýsingar um starfið í síma 585 2160 eða í gegnum netfangið **sigrunben@reykjalundur.is**

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í nóvember eða eftir nánara samkomulagi.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

BAUHAUS er ein stærsta verslanakeðjan á byggingasviði í Evrópu og rekur yfir 220 verslanir í 15 Evrópulöndum. BAUHAUS er frumkvöðull að hugmyndafræðinni **„allt undir einu þaki“**. Markmið BAUHAUS er að geta boðið viðskiptavinum sínum mikið vöruúrval, faglega ráðgjöf, góða þjónustu og gæðavörur á góðu verð á einum stað. BAUHAUS hefur verið starfrækt í rúm 50 ár og hefur fyrir löngu sannað tilveru sína með gríðarlegu vöruúrvali, gæðavöru, faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu.

BAUHAUS®

Allt fyrir hús, heimili og garða

Við leitum að öflugri viðbót við okkar frábæra hóp starfsmanna, í eftirfarandi stöður:

Garðyrkjumaður í Garðaland

Verkefnin þín verða fyrst og fremst umsjón og ráðgjöf til viðskiptavina um gróður og garða, ásamt sölu og þjónustu á þessum vöruflokkum. Einnig er garðyrkjumaður lykilmaður í ráðgjöf um innkaup á gróðurvörum fyrir deildina og mun vinna náið með deildarstjóra að skipulagi innkaupa.

Hægri hönd Vörumóttökustjóra (Logistic Leader)

Verkefnin verða mörg og ólík, allt frá því að tæma gáma og taka á móti vörum, yfir í að sinna gæðaeftirliti með sendingum sem berast og að sjá til þess að unnið sé rétt og skipulega í vörumóttökunni. Þegar vörumóttökustjórinn er fráverandi, þá ert það þú sem berð ábyrgð á allri starfseminni í vörumóttökunni.

Þjónustufulltrúi á upplýsingaborð

Þjónustufulltrúinn er andlit okkar út á við, það fyrsta sem mætir viðskiptavinum okkar. Hann sinnir ýmis konar upplýsingagjöf til viðskiptavina, sem og margvíslegri annarri þjónustu. Þjónustufulltrúinn hjálpar líka til við kassaafgreiðslu þegar annríki er. Hann hefur ekki síst mikilvægu eftirlitshlutverki að gegna og þarf að taka á sig nokkra ábyrgð.

Frekari upplýsingar finna áhugasamir inn á heimasíðu okkar **www.bauhaus.is**, undir flipanum **Um Bauhaus/Atvinna í Bauhaus.**

Þangað skal einnig beina umsóknum.

Umsóknarfestur er til 4. október 2013

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Spennandi verkefni hjá ÍAV

Vegna aukinna umsvifa í Noregi og á Íslandi óskar ÍAV eftir að ráða starfsmenn í eftirtalin störf:

Noregur - Stavanger

Öryggiseftirlit

Starfssvið:
- Umsjón með öryggismálum á verkstað
- Þjálfun starfsmanna í öryggismálum
- Gerð og eftirfylgni öryggisferla
- Samskipti við öryggisfulltrúa verkkaupa

Hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af öryggiseftirliti á vinnusvæðum er nauðsynlegt
- Góð enskukunnátta
- Gott vald á norðurlandamáli er nauðsynlegt

Innkaupastjóri

Starfssvið:
- Innkaup og vörustjórnun
- Samningagerð og samskipti við birgja
- Kostnaðareftirlit og reikningshald

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða verkfræði
- Reynsla og þekking af verktakamarkaðinum er mikill kostur
- Góð enskukunnátta
- Gott vald á norðurlandamáli er kostur

Birgðastjóri

Starfssvið:
- Umsjón og eftirlit með birgðastöðu
- Utanumhald birgðalista
- Móttaka vöru og reikninga frá birgjum

Hæfniskröfur:
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Aukin ökuréttindi og vélaréttindi
- Góð enskukunnátta
- Gott vald á norðurlandamáli er kostur

Verkstjóri jarðgangagerðar

Starfssvið:
- Skipulagning jarðgangagraftar og vaktstjórn
- Dagleg stýring verkefna

Hæfniskröfur:
- Reynsla af sambærilegum störfum er skilyrði
- Réttindi til að starfa við jarðgangagerð er skilyrði
- Góð enskukunnátta
- Gott vald á norðurlandamáli er kostur

Noregur - Holmestrand

Húsasmiðir

Óskað er eftir að ráða samhentan hóp húsasmiða í tímabundið verkefni á verkstað okkar í Holmestrand í Noregi.

Ísland - Reykjanesbær

Bifvélavirki / Vélvirki

Óskað er eftir að ráða bifvélavirkja / vélvirkja til starfa á vélaverkstæði félagsins í Reykjanesbæ. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af viðgerðum á stórum vinnuvélum.

ÍAV er alhliða verktakafyrirtæki með starfsemi á Íslandi og í Noregi.

Hjá fyrirtækinu starfar samheldinn hópur um 240 starfsmanna.

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum mannvirkjagerðar m.a. virkjana- og hafnarframkvæmdir, vega- og brúargerð, jarðganga- og jarðvinnuframkvæmdir auk alhliða byggingaframkvæmda.

Nánari upplýsingar vegna verkefna í Noregi veitir Dagmar Viðarsdóttir mannauðsstjóri í síma 530 4200.

Nánari upplýsingar vegna starfa bifvélavirkja veitir Þórmar Viggósson verkstæðisstjóri í síma 660 6225.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasvæði okkar www.iav.is - laus störf, fyrir 1. október næstkomandi.

ÍAV

Við breytum vilja í verk

ÍAV hf.| Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | sími 530 4200

www.iav.is

bsi. ISO 9001 Quality Management
FM 512106

FMOS
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ hóf starfsemi 2009 í bráðabirgðahúsnæði, en flytur nú í lok árs 2013 í nýtt 4000 m2 skólahúsnæði. Nú eru um 260 nemendur og 25 starfsmenn í skólanum. Gert er ráð fyrir að eftir 2-3 ár verði nemendur um 500 og starfsmenn um 50. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi og leggur áherslu á að vera í góðum tengslum við umhverfi sitt, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ. Skólinn er framhaldsskóli með áfangasniði þar sem í boði eru stúdentsbrautir, styttri starfsnámsbrautir, almenn námsbraut og sérnámsbraut. Helstu áherslupunktar í kennsluháttum skólans eru fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og áhersla á leiðsagnarmat.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ auglýsir eftir umsjónarmanni fasteignar

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ auglýsir eftir umsjónarmanni fasteignar. Í starfinu felast mjög fjölbreytt verkefni; umsjón með húsinu og allt sem því fylgir, s.s. ýmis hússtjórnarkerfi, þjónusta við nemendur og starfsmenn, uppröðun og tilfærsla húsgagna, umsjón með ræstingum, smáviðgerðir, innkaup og sendiferðir. Einnig að vera tengiliður við kerfisstjóra skólans og annað sem til fellur í samstarfi við stjórnendur.

Leitað er að starfsmanni með menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfinu. Hann þarf að vera vel tölvufær, hafa mikla færni í samskiptum, hafa frumkvæði og vera sjálfstæður í vinnubrögðum.

- Starfshlutfall 100%
- Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Ráðið verður í stöðuna sem fyrst.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Guðbjörgu Aðalbergsdóttur skólameistara í netfangið **gudbjorg@fmos.is** eða Guðrúnu Guðjónsdóttur aðstoðarskólameistara í netfangið **gudrun@fmos.is**. Einnig er hægt að senda umsóknir í pósti: **Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Brúarlandi, 270 Mosfellsbær.**

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 7. október.

Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir skólameistari í netfanginu **gudbjorg@fmos.is** eða í síma 864-9729 og aðstoðarskólameistari í netfanginu **gudrun@fmos.is** eða í síma 845-8829. Á vef skólans: **www.fmos.is** má einnig finna ýmsar upplýsingar um skólann.

Skólameistari

VERKEFNASTJÓRI

NORRÆNA FÉLAGIÐ LEITAR AÐ VERKEFNASTJÓRA Í TÍMABUNDIÐ STARF
fyrir Snorra- og Snorra-plús verkefnin á árinu 2014.
Í starfinu felst m.a. heildarumsjón með skipulagningu, kynningu fjármögnun og framkvæmd verkefnanna ásamt tilfallandi störfum fyrir Þjóðræknisfélag Íslendinga og Norræna félagið.

Hæfniskröfur:
- BA, BS eða MA próf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi og góð enskukunnátta
- Reynsla af gerð og framkvæmd fjárhagsáætlana
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af alþjóðastarfi og þekking á málefnum Vestur-Íslendinga er kostur

Um er að ræða hálft starf frá 1. nóvember n.k. og fullt starf frá 1. janúar 2014. Nánari upplýsingar veitir Ásta Sól Kristjánsdóttir, verkefnastjóri, í síma 551-0165 eða 534-0017.
Netfang astasol@snorri.is
Umsóknir berist til Snorrasjóðs c/o Norræna félagið, Óðinsgötu 7, 101Reykjavík í síðasta lagi 7. október n.k.

Snorraverkefnið er samstarfsverkefni Þjóðræknisfélags Íslendinga og Norræna félagsins, sjá nánar á www.snorri.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laust 100% starf í faghópnum íslensk skráning og bókfræðistjórn.
Faghópurinn annast skráningu, lyklun og flokkun íslensks safnkosts, viðhald nafnmyndaskrár og sér um íslenska útgáfuskrá.

Helstu verkefni
- Skráning, lyklun og flokkun
- Vinna við efnisorð
- Vinna við nafnmyndastjórnun
- Þátttaka í átaks– og þróunarverkefnum með öðrum söfnum og Landskerfi bókasafna

Menntunar- og hæfniskröfur
- BA eða MLIS-próf í bókasafns– og upplýsingafræði
- Skráningarleyfi í Gegni er kostur
- Þekking og áhugi á tónlist er kostur
- Nákvæm vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta

Upplýsingar um starfið veitir Ragna Steinarsdóttir, sviðsstjóri aðfanga- og skráningarsviðs, ragnas@landsbokasafn.is, s. 525-5703.
Umsóknir merktar „Skráning" sendist til Eddu G. Björgvinsdóttur, starfsmannastjóra, edda@landsbokasafn.is, s. 525-5698.
Umsóknarfrestur er til og með **6. október 2013**.

Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

Hugbúnaðarsérfræðingur

UT deild Kópavogsbæjar sér um rekstur og þróun á upplýsingatækni allra sviða og stofnana Kópavogsbæjar. Helstu hugbúnaðarlausnirnar eru Microsoft Dynamics NAV, SAP, OneSystems, Mentor, S5, Eplica og SharePoint.

Hugbúnaðarsérfræðingur
Hugbúnaðarsérfræðingurinn sér um að stýra verkefnum sem tengjast nýjum útgáfum og/eða séraðlögunum á hugbúnaði fyrir Kópavogsbæ. Starfið er mjög fjölbreytt og sérfræðingurinn þarf að geta stýrt mörgum ólíkum verkefnum samtímis í samvinnu við forstöðumann UT deildar, þróunaraðila og fjölmarga notendur.

Hugbúnaðarsérfræðingurinn þarf að geta greint þarfir notenda, forgangsraðað þörfum, samið við þróunaraðila um útfærslur og prófað lausnirnar áður en þær eru teknar í notkun. Framundan eru verkefni sem tengjast áframhaldandi þróun þjónustugáttar fyrir íbúa, uppbygging á vöruhúsi gagna fyrir stjórnendur og uppfærsla á mannauðs- og fjármálalausnum bæjarins.

Menntunar
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Góð þekking og reynsla af þróun hugbúnaðar.
- Reynsla og geta til að stýra verkefnum.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt.

Umsóknarfrestur er til 20. október 2013.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Ingimar Þór Friðriksson, forstöðumaður UT deildar, í síma 570-1582 eða á **ingimar@kopavogur.is**

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Kópavogsbær
kopavogur.is

Hárgreiðslufólk óskast!

Glæsileg "ný" hárgreiðslustofa byggð á gömlum grunni óskar eftir hárgreiðslufólki.

Vinsamlegast sendið inn upplýsingar á sigrun8m@gmail.com

KOMPANY fyrirtækjaráðgjöf

Rúnar Gíslason, Hdl.
Í samstarfi við Fasteignasöluna Bæ • Ögurhvarfi 6 • 203 Kópavogi

Fyrirtæki í auglýsinga- og prentiðnaði

FRUM

Til sölu er áhugavert fyrirtæki í fullum rekstri, með eða án húsnæðis. Starfsemin felst m.a. í eftirfarandi: Auglýsingagerð fyrir blöð og tímarit, nafnspjöld, vinnustaðaskírteini, bréfsefni og reikningar, kynningarbæklingar, bækur, handbækur, tímarit, dreifibréf og önnur prentvara.

Auðvelt að flytja hvert á land sem er.

Nánari upplýsingar gefur Óskar Traustason
Sími 659 2555 eða oskar@fasteignasalan.is

Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin í desember, janúar, febrúar og mars ef næg þátttaka fæst:

Í matreiðslu, framreiðslu, bakaraiðn og kjötiðn í desember. Umsóknarfrestur er til **1. nóvember.**

Í byggingagreinum í desember – janúar. Umsóknarfrestur er til **1. nóvember.**

Í málmiðngreinum í janúar - mars. Umsóknarfrestur til **1. desember.**

Í snyrtigreinum í janúar - febrúar. Umsóknarfrestur er til **1. desember.**

Í bílgreinum í janúar - febrúar. Umsóknarfrestur er til **1. desember.**

Í hönnunar- og handverksgreinum í janúar - febrúar. Umsóknarfrestur er til **1. desember.**

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í desember 2013.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: **www.idan.is** og á skrifstofunni.

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2
105 Reykjavík
Sími: 590 6400
Bréfsími: 590 6401
www.idan.is

IÐAN fræðslusetur

Ritstjóri - Blaðamaður

Sjálfstætt starfandi reynslumikill blaðamaður og ritstjóri getur bætt við sig verkefnum. Hlutastarf kemur til greina. Vanur hvers konar textagerð og upplýsingamiðlun s.s. þýðingum, útgáfu tímarita og umsjón heimasíðna. Vinsamlega sendið fyrirspurnir merktar **„Textagerð"** á netfangið icelandpress@gmail.com

Skaftárhreppur skipulags-og byggingarfulltrúi

Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi
Breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022

Í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr.123/2013 er hér með auglýst eftir athugasemdum við greinargerð skipulagsverkefnis og tillögu að breyttu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Viðfangsefni breytingarinnar er að breyta afmörkun þjónustustofnunnar (S9) þar sem er gert ráð fyrir þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri og breytist afmörkun opins svæðis Ú2 til samræmis og svæði V4 er fellt út. Afmörkun svæðanna er breytt í samræmi við þá starfsemi sem á að vera í húsinu, hönnun húss og uppfyllingar.

Greinargerð og uppdráttur skipulagstillögu liggur frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingamála í Skaftárhreppi, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri, og á heimasíðu Skaftárhrepps **www.klaustur.is. Frá 1.október** til og með **15.nóvember.** Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til **kl. 15:00, föstudaginn 15.nóvember 2013.**
Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast samþykkir henni.

Fh.Skipulags-og Byggingarfulltrúa
Vigfús Þór. Hróbjartsson
Fulltrúi á sviði skipulags-og byggingarmála
Skaftár- og Mýrdalshreppi

"Creating a safe industrial world"

NAUST marine og OMRON kynna

Christian Balle frá Omron mun halda kynningu á öryggisbúnaði fyrir iðnaðar- og framleiðslufyrirtæki þriðjudaginn **8. október** nk.

Fyrirhuguð dagskrá:

10.00-10.05	Kynning
10.05-10.20	Hvað er Omron
10.20-11.30	ISO 13849 - skilningur og notkun
11.20-12.00	Kynning á Sistema
12.00.12.45	Hlé
12.45-13.45	Forritun öryggisstýringa (Programmable Safety)
13.45-14.30	Öryggishlið og fleira

Fyrirspurnir og tilkynningar um þátttöku berist til: birgir@naust.is eða í síma 4148080 fyrir 3. október.

Verslunarhúsnæði Til Leigu í Borgartúni

Vorum að fá í einkaleigu **1.026m²** verslunar- og lagerhúsnæði á besta stað í Borgartúni. Húsnæðið er til afhendingar um miðjan september og stendur leigjendum til boða frí leiga fram að áramótum. Það er því til mikils að vinna.

Um er að ræða fullbúið verslunarhúsnæði á tveimur hæðum, nánar tiltekið verslunar- og skrifstofuaðstaða á jarðhæð (493m²), en lager- og starfsmannaaðstaða í kjallara **(533m²).** Athugið að möguleiki er að taka húsnæðið á leigu í einingum.

Verslunarhæðin er björt með góðum gluggum á 3 vegu, rafdrifinni göngudyr, hjólastólaaðgengi, góðri lýsingu í loftum og slitsterkum gólfefnum. Fullbúið öryggiskerfi er í húsnæðinu með fjölda myndavéla. Öflugar tölvulagnir. Sérmerkt einkastæði við verslun og næg bílastæði á lóð.

Lagerhúsnæðið er með aðkomu að aftanverðu um innkeyrsludyr, en jafnframt er beint aðgengi úr verslun á lagerinn sem og í allan kjallarann. Lofthæð í kjallara eru rúmir **3m².**

Verð: tilboð

Frí leiga fram að áramótum !

Áhugasamir pantið skoðun, eða leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum Leigulistans.

s. 511-2900

LEIGULISTINN
LEIGUMIÐLUN

BORGIR
FASTEIGNASALA

RÉTTINGAR OG SPRAUTUN.

Gamal gróið verkstæði til sölu.
Hægt að ganga inn í einingu í fullum rekstri. 6 manns í vinnu eins og er. Mjög vel staðsett í Reykjavík.

Upplýsingar gefur Ægir c/o Borgir Fasteignasala í s. 588.2030 og 896-8030

Stakfell
:: 535_1000

Grétar Haraldsson
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali

Aðalheiður Karlsdóttir
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk

Vatnsstígur – 101 Rvk

Ein glæsilegasta útsýnisíbúð landsins á 16. hæð á frábærum stað í Skuggahverfinu í Reykjavík. Gólfhiti. Sér stæði í bílageymslu. Íbúðin er fullbúin og innréttuð á glæsilegan máta. Arinn í stofu og suður svalir.
Sjón er sögu ríkari.
Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur s: 535-1003

Stakfell fasteignasala, Þórunnartúni 2 (Skúlatúni 2)

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Hraunás - Garðabær – Glæsilegt einbýli

Glæsilegt vel staðsett einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Ásahverfi í Garðabæ. Húsið er skráð samkvæmt fmr 302,9 fm á tveimur hæðum, þarf af bílskúr 40,6 fermetrar. Einstaklega fallegt óhindrað útsýni er úr húsinu að Bessastöðum , Snæfellsjökli og víðar. Glæsilegur verðlaunagarður. Eign í sérflokki. Glæsilegar innréttingar og gólfefni.
Verð 128 millj.
Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi gsm 896 0058.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póst dreifing

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vífilfell

Vífilfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjarvöru. Vörumerkjaflóra Vífilfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola Company þar fremst í flokki.

Við bjóðum upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og tækifæri til starfsþróunar.

Yfirmaður vöruhúss

Vífilfell óskar eftir að ráða yfirmann vöruhúss í Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Rekstur vöruhúsa í Reykjavík
- Innleiðing, viðhald og stýring ferla er varða móttöku, geymslu og afhendingu á fullunnum vörum og hráefnum
- Stjórnun starfsmanna, þ.m.t. þjálfun
- Umsjón með upplýsingakerfum og birgðahaldi
- Vinna með gæða, umhverfis- og öryggismál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnun vöruhúsa skilyrði
- Þekking á vöruhúsa og handtölvukerfum
- Reynsla af mannaforráðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði í starfi

Gildi Vífilfells eru traust, virðing, frumkvæði og agi

Skriflegar umsóknir
ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf óskast sendar á netfangið
vifilfell@vifilfell.is
Nánari upplýsingar um starfið veitir
Vala Rún Gísladóttir, yfirmaður vöruhúss og innkaupa
vala@vifilfell.is
Umsóknarfrestur er til og með **7. október 2013**

VESTURBYGGÐ Tálknafjörður

Byggingarfulltrúi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur auglýsa eftir kröftugum einstaklingi til þess að veita sinna starfi byggingarfulltrúa og vera yfirmaður tæknideildar. Leitað er eftir verkfræðingi, tæknifræðingi eða byggingarfræðingi með mikla reynslu á sviði skipulags- og byggingarmála.

Byggingarfulltrúi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps hefur yfirumsjón með skipulags-og byggingarmálum og öllum verklegum framkvæmdum og viðhaldi á vegum sveitarfélaganna. Forstöðumaðurinn hefur forystu um faglegan undirbúning við mótun stefnu á sviði skipulags- og byggingamála á hverjum tíma og er skipulags-og byggingarnefndum, bæjar-og sveitarstjóra og sveitarstjórnum til ráðgjafar á því sviði og sér um að lögum og reglugerðum varðandi skipulags-og byggingarmál sé framfylgt. Hann ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, eftirliti með viðhaldi, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála sbr. 8 gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulags laga nr. 123/2010 er skilyrði.
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum, byggingarreglugerð er æskileg.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er æskileg.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, framsýni og skipulagshæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Launanefndar sveitarfélaga.
Umsóknarfrestur er til og með **7. Október nk.**

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn til **baejarstjori@vesturbyggd.is.** Umsókninni þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir hæfni til starfans út frá ofangreindum hæfnikröfum. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina a.m.k. 2 umsagnaraðila í umsókn sinni.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar s. **450-2300.**
Öllum umsóknum verður svarað

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Capacent Ráðningar
KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS
capacent

Úlfarsbraut 116
113 Reykjavík
Glæsilegar fimm herbergja íbúðir

Stærð: 145,5 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2010
Fasteignamat: 12.850.000

RE/MAX Lind

Sunnudaginn 29. september milli 16:00-16:30

Verð: 39.900.000

RE/MAX LIND kynnir einstaklega fallegar og vandaðar fimm herbergja íbúðir með stæði í bílageymslu á fyrstu og annarri hæð með stórum svölum í nýju og viðhaldslitlu fjölbýli. Um er að ræða þrjár íbúðir í þessu fallega og vel staðsetta lyftuhúsi en aðeins eru níu íbúðir í húsinu.
Vandaðar innréttingar frá HTH hvítlakkaðar/gráar með góðu skápaplássi og góðri eyju í eldhúsi. Ísskápur og uppþvottavél fylgja öllum íbúðum. Sömu innréttingar á baði/ baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með sturtubaðkari og upphengdu salerni, Fjögur rúmgóð svefnherbergi, öll með hvítlökkuðum fataskápum. Rúmgóð og björt stofa með gólfsíðum gluggum og útgengi út á stórar svalir. Parket frá Birgisson á gólfum/flísar á votrýmum. Stæði í bílageymslu, sér geymsla á jarðhæð og þvottahús innan íbúðar.

Allar frekari upplýsingar veitir Hannes í síma 699 5008 eða hannes@remax.is

Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Kristín
Sölufulltrúi
8244031
kristin@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Starhólmi 12
200 Kópavogur
Fallegt einbýli með aukaíbúð

Stærð: 285,3 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1972
Fasteignamat: 57.550.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Sunnudaginn 29. september 17:00-17:30

Verð: 59.500.000

LAUST VIÐ KAUPSAMNING. Mjög fallegt og vel staðsett, einbýli við Starhólma í Kópavogi, með aukaíbúð á neðri hæð. Húsið hefur verið mikið endurnýjað og fengið gott viðhald. Fallegt útsýni, stór garður, timburverönd í suður, 5 svefnherbergi, arinn, mjög fallegt endurnýjað eldhús frá Hegg , mikið skápapláss, Qvarts borðplata, Miele tæki. Borðstofa og stofa eru samliggjandi og rúmgóðar, arinn, parket á gólfum. Fallegt útsýni er til norðurs úr eldhúsi og borðstofu. Sjónvarpsherbergi út frá holi með parketi og innfelldri lýsingu.
Gengið úr sjónvarpsherbergi út á afgirta timburlagða verönd. Tvö rúmgóð svefnherbergi eru á hæðinni. Baðherbergi er flíslagt í hólf og gólf með baðkari og sturtu.
Á jarðhæð er flísalögð forstofa ásamt þremur rúmgóðum herbergjum með parket á gólfi.

Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Kristín
Sölufulltrúi
8244031
kristin@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Vogatunga 10
200 Kópavogur
Tveggja íbúða hús

Stærð: 231,2 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1969
Fasteignamat: 40.850.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Bókið skoðun hjá Hannesi s: 699 5008

Verð: 46.900.000

RE/MAX LIND kynnir fallegt raðhús á góðum stað í suðurhlíðum Kópavogs. Á efri hæð er rúmgóð stofa með útgengi út á suðursvalir og fallegu útsýni. Eldhús með upprunalegri innréttingu. Sér svefnálma þar sem eru þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Á neðri hæð er sérinngangur og er rýmið nýtt í dag sem aukaíbúð. Stofa, eldhús og rúmgott svefnherbergi. Baðherbergi er flísalagt með sturtu, endurnýjað árið 2009. Allar nánari upplýsingar veitir Hanns í síma 699 5008.

Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Kristín
Sölufulltrúi
8244031
kristin@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Laugarnesvegur 80
105 Reykjavík
Góð staðsetning - útleigu herbergi

Stærð: 92,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1959
Fasteignamat: 19.950.000

RE/MAX Lind

Sunnudaginn 29. september 15:00-15:30

Verð: 27.900.000

REMAX LIND kynnir fjögurra herbergja íbúð á annari hæð við Laugarnesveg í Reykjavík. Útsýni til Esjunnar og Akrafells. Stutt í þjónustu og verslun, skóla, leikskóla, Laugardalslaugina og helstu umferðaræðar. Eldhús er með flísum á gólfi og upprunalegri innréttingu. Stofa er rúmgóð með flísum á gólfi. Tvö rúmgóð svefnherbergi annað með flísum á gólfi og hitt með parketi og útgengi á svalir. Baðherbergi er flísalagt með upprunalegum skápum. Í kjallara er herbergi sem í dag er í útleigu.

Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Kristín
Sölufulltrúi
8244031
kristin@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Suðurhlíð 38A
105 Reykjavík
Glæsileg þakíbúð

Stærð: 128,4 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2003
Fasteignamat: 39.300.000

RE/MAX Senter

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 29. SEPT. KL: 16:00 til 16:30

Verð: 0

Lýsing eignar: Stórglæsileg 128.4fm 3herb.íbúð ásamt 145fm svölum. Eignin er á þriðju hæð í þessu einstaklega vel staðsetta húsi með frábæru útsýni.Íbúðin er með sérsmíðuðum innréttingum,svefnherbergin er tvö og stofurnar mjög rúmgóðar með útgengi á stórar suðvestursvalir. Tvö bílastæði fylgja í lokaðri bílageymslu.

Allar nánari upplýsingar um eignina veitir Gunnar Sverrir í síma 8622001 gunnar@remax.is

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Klapparholt 3, 220 Hafnarfj
LAUST VIÐ KAUPSAMNING
Óviðjafnanlegt útsýni á besta stað

Stærð: 208,6 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1992
Fasteignamat: 45.550.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Sunnudaginn 29. september milli kl 17:00 og 17:30

Verð: TILBOÐ

RE/MAX Lind kynnir í einkasölu fallegt einbýli með innbyggðum bílskúr á einum besta stað í Hafnarfirði með óviðjafnanlegu útsýni yfir fjörðinn og golfvöllinn. Á neðri hæð hússins er komið inn í flísalagða forstofu, fallegt eldhús með vandaðri innréttingum og rúmgóð borðstofa en þaðan er útgengt út á stóra verönd með góðri skjólgirðingu. Björt stofa með sérlega fallegum arni, stórkostlegt útsýni úr stofu. Á hæðinni er einnig flísalögð gestasnyrting og innangengt í bílskúr. Gengið er upp fallegan teppalagðan stiga uppá efri hæð hússins en þar er opið sjónvarpshol, útgengt út á svalir. Rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi og tvö barnaherbergi samkvæmt teikningum en annað barnaherbergið er í dag nýtt sem þvottaherbergi með góðu skápaplássi en upphaflega var gert ráð fyrir þvottaherbergi í geymslu innaf bílskúr. Stórt og mikið baðherbergi með vandaðri innréttingu, stóru nuddbaðkari og sturtuklefa en innaf baðherbergi er gert ráð fyrir gufubaði sem í dag er nýtt sem geymsla. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300, thorey@remax.is - Remax Lind.

Þórey Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
663 2300
thorey@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Glitvangur 21
220 Hafnarfjörður
Fallegt einbýli við hraunið

Stærð: 376,9 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1978
Fasteignamat: 57.100.000

RE/MAX Alpha

Ársæll Ó. Steinmóðsson
Sölufulltrúi
0
as@remax.is

Mánudaginn 30 sept. kl.17.15-18 | **Verð: 59.000.000**

FALLEG EIGN VIÐ HRAUNJAÐARINN - VERIÐ VELKOMIN Í OPIÐ HÚS
Fallegt einbýli á rólegum stað við hraunið. Um er að ræða forstofu þvottahús, stórt eldhús, stofa, borðst., hol, nýuppgert baðherbergi og fjögur svefnherb. ásamt tvöföldum bílskúr. Í kjallara er ósamþ. þriggja herb. íbúð. GÓÐAR LEIGUTEKJUR. Einnig 40 fm rými í kjallara með mikla möguleika. Sólstofa er 40 fm og ekki í fm tölu. Húsið hefur verið mjög vel haldið við. Uppl. veitir Ársæll í síma 8966076 eða as@remax.is eftir kl. 14 á sunnudag.

Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
4777777
haukurhalldors@remax.is

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

Ljósaberg 42
Hafnarfirði
Glæsilegt einbýli á rólegum stað

Stærð: 259,6 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1987
Fasteignamat: 53.700.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Þórunn Pálsdóttir
Sölufulltrúi
773 6000
thorunnp@remax.is

Sunnudaginn 29.sept. kl 17:00-17:30 | **Verð: 59.900.000**

REMAX Lind kynnir, glæsilegt fimm svefnherbergja einbýli á rólegum stað í Setbergshverfi í Hafnarfirði. Mikil lofthæð og frábært skipulag. Samliggjandi miðrými, stofa og arinstofa. Tvö baðherbergi, falleg hjónasvíta, einstök suðurverönd með steyptum potti. Stór tvöfaldur bílskúr. Sjón er sögu ríkari ! Allar frekari upplýsingar veitir Þórunn Pálsdóttir sölufulltrúi/byggingarverkfæðingur MBA í síma 773-6000

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Vindakór 16
203 Kópavogur
Glæsileg 4ja herbergja með útsýni

Stærð: 122,5 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 27.450.000

RE/MAX Lind



Stefán Jarl
Sölufulltrúi
8929966
stefan@remax.is

Sunnudaginn 29 sept. kl.15-15.30 | **Verð: 33.400.000**

Rúmgóða 4ja herbergja 122,5 m2 íbúð á efstu hæð í nýlegu lyftuhúsi.
###Skipti möguleg á stærri eign### Virkilega vel skipulögð og vönduð íbúð. Parket er hvíttuð eik. Frágangur er til fyrirmyndar og ná allir skápar og innréttingar í eldhúsi til lofts. Eignin er staðsett stutt frá Hörðuvallaskóla (500 m), leikskólunum Aðalþingi (250 m) og Kór (500 m). Einnig er stutt í Kórinn íþróttamiðstöð (300 m)
Stutt í útivistarsvæði og gönguleiðir umhverfis Elliðavatn.

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Klappakór 1B
203 Kópavogur
Glæsileg sérhæð á vinsælum stað

Stærð: 155,2 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2006
Fasteignamat: 35.350.000

RE/MAX Lind

Stefán Jarl
Sölufulltrúi
8929966
stefan@remax.is

Bókið skoðun 892-9966/stefan@remax.is | **Verð: 43.500.000**

Stórglæsileg og vel skipulögð sérhæð með einstöku útsýni.
Sér inngangur og stæði í bílageymslu. Stórar suðusvalir ásamt minni norðursvölum. Gólfefni:Eikar plankaparket, flísar úr Álfaborg. Innréttingar eru frá G.K.S. Þær eru úr eik og er spónninn sérvalin fyrir íbúðina. Lamir og skúffubrautir eru af vandaðri gerð. Fataskápar eru með eikarspón og ná upp í loft. Innihurðar eru frá Víkurás og einnig með eikarspón. Lofthæð er meiri en venja er og hurðir af yfirstærð.

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Nónhæð 1
210 Garðabær
VANTAR ALLAR STÆRÐIR EIGNA

Stærð: 61,6 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1991
Fasteignamat: 15.000.000

RE/MAX Alpha



Þórdís Davíðs
Sölufulltrúi
8621914
thordis@remax.is

EIGNIN SELDIST Á 5 DÖGUM | **Verð: 19.900.000**

MIKIL SALA OG VANTAR ÞAR MEÐ ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR Á SKRÁ.
Vantar mikið á svæði 104, 105 og 108
Vantar einbýli í Grafarvogi fyrir skipti á raðhúsi í Foldahverfi
3ja-4ra herb. í Borgarhverfi í Grafarvogi.
Fyrir 55+ í Lækjasmára
Ef þú ert með eitthvað af þessu hringdu þá í mig í síma 8621914 eftir kl.16 á sunnudaginn, einnig næst

Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
4777777
haukurhalldors@remax.is

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

Grettisgata 82
101 Reykjavík
Falleg eign í hjarta Reykjavíkur

Stærð: 93,1 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1930
Fasteignamat: 21.450.000

RE/MAX Alpha

Þórdís Davíðs
Sölufulltrúi
8621914
thordis@remax.is

Mánudaginn 30.september kl.17:30-18:00 | **Verð: 30.000.000**

EKKI MISSA AF ÞESSARI EIGN - VERIÐ VELKOMIN Í OPIÐ HÚS
Einstaklega vel staðsett 3ja herb. íbúð á hæð í þríbýli. Íbúðin samanst. af forstofu, svefnherb, borðst, stofu, eldhúsi, baðherbergi og salerni. Íbúðin er að hluta í upprunal. stíl - hátt til lofts og fallegir loftlistar. Eldhúsið er sérlega rúmgott með upprunalegri eldhúsinnréttingu sem er í mjög góðu standi.
Fallegur sameiginlegur garður er bakatil. Uppl. veitir Þórdís í síma 8621914 eða thordis@remax.is eftir kl.16 á sunnudag

Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
4777777
haukurhalldors@remax.is

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

Jófríðarstaðavegur 19
220 Hafnarfjörður
Einstaklega fallegt einbýlishús

Stærð: 256,9 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1985
Fasteignamat: 49.650.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Fjörður

Víglundur
Sölufulltrúi
891-9981
viglundur@remax.is

Sunnudag 29.sept milli 14:00 til 14:30 | **Verð: 53.900.000**

Re/max Fjörður kynnir mjög fallegt tvílyft einbýli/tvíbýli með innbyggðum bílskúr samtals 257 fm og bílskúr þar af 39,1fm.Íbúð á neðrihæð 86,8fm og Íbúð á efrihæð 131fm Gróðurhús í garði er ekki með í fermetratölu. Mjög góð staðsetning og gott útsýni.
Allar nánari uppls gefur Víglundur í síma 891-9981 eða viglundur@remax.is eða Páll Lögg.fasteignasali pallb@remax.is

Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
861 9300
pallb@remax.is

RE/MAX Fjörður - Lækjargata 34d - 220 Hafnarfjörður - Sími: 519 5900 - www.remax.is

Suðurhvammur 1
220 Hafnarfjörður
Fallegt einbýlishús

Stærð: 236,8 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1981
Fasteignamat: 49.400.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Fjörður

Víglundur
Sölufulltrúi
891-9981
viglundur@remax.is

Sunnudaginn á milli 16:00 og 16:30 | **Verð: 54.900.000**

Remax Fjörður kynnir Virkilega fallegt og vel við haldið einbýli á þessum vinsæla stað í Hafnarfriði.
Húsið er skráð alls 236,8 fm og þar af er bílskúr 79,8 fm.
Lýsing: forstofa, hol, sjónvarpshol, 3 svefnherbergi,tvö baðherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og rúmgóður blískúr, og að auki er útigeymsla(skúr). Virkilega fallegur og snyrtilegur garður. Allar nánari uppls gefur Páll Guðmundsson í síma 8619300 eða pallb@remax.is

Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
861 9300
pallb@remax.is

RE/MAX Fjörður - Lækjargata 34d - 220 Hafnarfjörður - Sími: 519 5900 - www.remax.is

Furuás 29
221 Hafnarfjörður
Frábær staðsetning

Stærð: 249 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 51.200.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Fjörður



Kristján
Sölufulltrúi
854-3004
kristjang@remax.is

Sunnudaginn á milli 14:00 og 14:30 | **Verð: 57.900.000**

RE/MAX Fjörður kynnir: Frábærlega vel staðsett einbýlishús innst í botlanganum í Furuás. Húsið er byggt árið 2007, á vel staðsettri hornlóð og er útsýnið úr húsinu einstakt með fjallasýnina óhindraða úr stofu og eldhúsi. Húsið er nánast tilbúið en þó án gólfefna nema á forstofu og baðherbergi.Húsið er skráð 249.1 fm þar af bílskúr 36,9 fm.
Allar nánari uppls gefur Páll Guðmundsson lögg.fasteignasali í síma 861-9300 eða pallb@remax.is

Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
861 9300
pallb@remax.is

RE/MAX Fjörður - Lækjargata 34d - 220 Hafnarfjörður - Sími: 519 5900 - www.remax.is

Skipasund 11
104 Reykjavík
Falleg risíbúð

Stærð: 69,9 fm
Fjöldi herbergja: 3-4
Byggingarár: 1947
Fasteignamat: 18.850.000

RE/MAX Borg



Margrét Gunnarsdóttir
Sölufulltrúi
6913555
margret@remax.is

Sunnudaginn kl. 16.00-16.30 | **Verð: 22.900.000**

Grindavík og nágrenni er líka sannkölluð útivistarparadís að sögn Þorsteins. „Það er búið að leggja mikla vinnu í gerð göngu- og hjólastíga. Hér eru margar skemmtilegar gönguleiðir, til dæmis fornar þjóðleiðir. Búið er að leggja malbikaðan göngu- og hjólreiðastíg milli Grindavíkur og Bláa lónsins. Á miðri leið stendur fjallið Þorbjörn sem er mjög vinsæll áfangastaður útivistarfólks enda hæfilega hátt fyrir flesta. Sífellt fleiri leggja leið sína hingað til þess að fara á brimbretti og þá er Festarfjall vinsæll staður fyrir svifvængjaflug. Einnig mætti nefna fjórhjólaferðir en þær njóta stigvaxandi vinsælda hér. Svo er auðvitað stutt í vinsælasta ferðamannastað landsins, Bláa lónið.“ Tjaldstæði bæjarins hefur einnig vakið mikla athygli enda ekkert til sparað til að gera það eitt glæsilegasta tjaldsvæði landsins.

Það verkefni sem Þorsteini finnst þó mest spennandi á Reykjanesi um þessar mundir er nýstofnaður Jarðvangur, Reykjanes Geopark, sem er sjálfseignarstofnun sem sveitarfélögin á Suðurnesjum stofnuðu. „Hugmyndin á bak við samtökin er að koma á tengslum milli ólíkra svæða með áhugaverðar jarðminjar, miðla upplýsingum og reynslu, leysa sameiginleg vandamál og koma svæðunum á framfæri.“

Hægt er að ferðast á ódýran hátt um heiminn sé maður skipulagður.

Skipuleggðu fríið með góðum fyrirvara

Ef hægt er að komast ódýrt flugleiðis héðan frá Íslandi til London er möguleiki á ódýru fríi hvar sem er í heiminum. Easyjet er til dæmis með hausttilboð um þessar mundir til Alicante, Mallorca og Faro frá Gatwick-flugvelli, Luton og Stansted. Þeir segja að verðið sé frá 40 pundum, sem gerir tæpar átta þúsund krónur hvor leið. Hins vegar veltur allt á því að ódýrustu sætin séu enn til svo betra er að vera tímanlega að panta.

Bókunarvélar á netinu gera fólki sem vill ferðast á eigin vegum auðvelt að fara um allan heim á hagstæðustu kjörum. Alltaf er þó best að skipuleggja ferðalagið með mjög góðum fyrirvara, þannig fást ódýrustu fargjöldin og hótelgisting. Fólk ætti því helst að bóka sumarfríið í janúar. Hótel í Evrópu eru til dæmis mun ódýrari í júní en ágúst og oft eru tilboð á bókunarvefjum þegar bókað er snemma.

Bæði Icelandair og Wow bjóða tilboð til London af og til sem upplagt er að nýta sér til að komast í ódýrt í sumarfrí. Mörg erlend flugfélög fljúga einnig til Íslands, sérstaklega yfir sumarmánuði, en hægt er að bóka ferðir langt fram í tímann. Það gildir sem sagt alltaf að vera vel skipulagður til að fá hagstæðasta verðið.

Skíðaveisla

VITA í vetur

Ítalía – Austurríki og Ameríka

Ljósmyndari: Randy Lincks

Ítalía – eingöngu með VITA

Allir vinsælustu skíðastaðirnir: Selva, Madonna di Campiglio, Val di Fiemme og Paganella

Verð frá 124.900 kr.*

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á Garni Christiania í Madonna 18. – 25. janúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*** Verð án Vildarpunkta 134.900 kr.**

Flugáætlun:
8., 18., og 25. janúar
1., 8., 15. og 22. febrúar

Austurríki – Dalirnir 3 – Flachau

Fallegur skíðabær með aðgengi að Ski-Amadé, einu besta skíðasvæði austurísku Alpanna.

Verð frá 169.900 kr.*

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með hálfu fæði á hótel Unterberghof 25. janúar – 1. febrúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

*** Verð án Vildarpunkta 179.900 kr.**

Flugáætlun:
25. janúar
1., 8. og 15. febrúar

Aspen - Colorado

Aspen – frægasti skíðastaður heims, sem allir skíðamenn þurfa að prófa einu sinni á ævinni.

Verð frá 229.900 kr.*

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótel Aspen 4. – 12. febrúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

*** Verð án Vildarpunkta 239.900 kr.**

Flugáætlun:
1., 4. og 15. febrúar
2. mars

Vail - Colorado

Vail í Klettafjöllum, stærsta samfellda skíðasvæði í Bandaríkjunum.

Verð frá 298.800 kr.*

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótel Vail Marriott 4. – 12. febúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

*** Verð án Vildarpunkta 308.800 kr.**

Flugáætlun:
1. og 4. febrúar
2. mars

ÍSLENSKA SIA.IS/ VIT 65872 09/13

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP

Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið

SKÁLAÐ Á BJÓRHÁTÍÐ

Nú stendur yfir bjórhátíð vítt og breitt um Þýskaland. Í München er búist við að sjö milljónir manna taki þátt í hátíðarhöldunum. Í fyrra drukku gestir 7,9 milljónir lítra af bjór og borðuðu 520 þúsund kjúklinga, 124 þúsund pylsur, 118 naut og 92 kálfa. Um tólf þúsund manns starfa við Oktoberfest. Einn lítri af bjór kostar 10 evrur eða um 1.600 krónur.

Þeir sem vilja taka þátt í bjórhátíðinni þurfa að panta hótel með góðum fyrirvara þar sem öll gistipláss í borginni eru uppseld þessa dagana. Hótelverð hækkar á meðan á bjórhátíðinni stendur.

Í sumum tjöldum þar sem hátíðin fer fram hefur fólk pantað borð með löngum fyrirvara og það getur því verið erfitt fyrir þá sem mæta á staðinn að fá sæti. Í nóvember er opnað fyrir borðpöntun næsta árs en fólk fær að vita í apríl hvort það hafi verið heppið. Best er að koma að degi til fyrir þá sem ekki hafa pantað borð með fyrirvara. Flestir mæta á laugardeginum og þá er oft gríðarlegur fjöldi og erfitt að komast um.

Því fleiri sem ferðast saman þeim mun betra er að panta borð áður. Að koma á bjórhátíð í Þýskalandi er fyrir fullorðna eins og Disneyland fyrir börnin, segja þeir sem til þekkja.

Á SLÓÐUM JANE AUSTEN

Á þessu ári eru 200 ár liðin frá því bókin Pride and Prejudice (Hroki og hleypidómar) eftir Jane Austen kom út en hún er í miklu uppáhaldi hjá mörgum. Í tilefni afmælisins hafa ferðamenn flykkst til Bath í Englandi þar sem hægt að feta í fótspor skáldkonunnar, fara í göngutúra, heitt bað í baðhúsum borgarinnar, fá sér eftirmiðdagste í anda Darcy eða njóta menningarinnar í borginni.

Jane Austen bjó í Bath um tíma en hún var ekkert sérlega hrifin af borginni, taldi hana snobbaða.

HEIMILISLAUSIR LEIÐSÖGUMENN

Barcelona hefur bryddað upp á þeirri nýbreytni að fá heimilislaust fólk til að leiða ferðamenn um borgina sögufrægu. Þetta er hluti af verkefni sem miðar að því að auka lífsgæði atvinnulausra og heimilislausra borgara, auk þess sem yfirvöld telja að ferðamenn geti fengið glænýja sýn á borgina með þessum hætti. Í Barcelona eru um þrjú þúsund heimilislausir en stefnan er að leiðsögumenn úr þeirra röðum muni leiða túrista um leynda hluta borgarinnar sem vanalega eru ekki sýndir ferðamönnum. Þetta á að opna augu fólks fyrir sögu borgarinnar, sem er bæði fögur en einnig grimm.

Hugmyndin er byggð á svipuðu verkefni fyrir heimilislausa sem var sett af stað í Bretlandi. Ferðirnar hefjast í október og verða í boði bæði á spænsku og ensku.

Boðið verður upp á þá nýbreytni í Barcelona að heimilislausir leiða ferðamenn um skuggastræti borgarinnar.

flugrútan
Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kauptu miða núna á www.flugrutan.is
Alltaf laus sæti.

BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is

ISO 14001 Environmental Management
EMS 582904

VAKINN Umhverfisflokkuð ferðaþjónusta Environmental Class Gull - Gold
VAKINN Viðurkennd ferðaþjónusta CERTIFIED Travel Service

Skannaðu strikamerkið með snjallsímanum og kynntu þér áætlunina.

Fjölskyldufjör á Fiskislóð 39 í dag

Næg bílastæði og kaffi á könnunni

Yfir 3500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

RISAlagersala

OPIÐ ALLA HELGINA kl. 10–19

Bækur frá 99 kr.

SÝNISHORN AF TILBOÐUM

BOLLAKÖKUR RIKKU OG HEIMSRÉTTIR RIKKU
Verð: 1.690 kr.

LÆRÐU AÐ TEIKNA HERRAMENN
Verð: 990 kr.

ÞEGAR ÖLLU ER Á BOTNINN HVOLFT – INNBUNDIN
Verð: 99 kr.

HVAR ER VALLI NÚNA?
Verð: 990 kr.

SKURÐGOÐIÐ MEÐ SKARÐ Í EYRA OG KRABBINN MEÐ GYLLTU KLÆRNAR
Verð: 990 kr.

Pylsur og djús kl. 13–16

Gjafapoki fyrir börnin*


Candy floss kl. 13–16

Andlitsmálning kl. 14–16

Skoppu og Skrítlu-ís

Skoppu og Skrítlu-blöðrur*

*meðan birgðir endast

Gildir aðeins á Risalagersölu Forlagsins, FISKISLÓÐ 39, 101 Reykjavík

1.000 kr.

Ávísunin gildir sem 1.000 kr. afsláttur ef keyptar eru bækur fyrir 5.000 kr. eða meira. Ekki er heimilt að nota fleiri en eina ávísun í hverri sölufærslu.

RISALAGERSALA FORLAGSINS STENDUR TIL OG MEÐ 6. OKTÓBER 2013

555777788 123 **Gildir til 6. október 2013**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla helgina kl. 10–19**

ÖRSNAUÐUR SJÚKLINGUR SKAL ÞRÆLA Í JÁRNUM

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson rakst í fornum plöggum á söguna um Helga Guðmundsson sem uppi var á 18. öld, og fannst sárt til að vita að útlenskur embættismaður Danakóngs sýndi þeim vesaling meiri skilning en Íslendingar sjálfir.

Hið milda íslenska sveitasamfélag fyrri alda, þegar þjóðin var samhent og stéttlaus, allir unnu saman að velferð hvers einstaklings og hlýddu á fallega og kristilega húslestra, góðsemi sveif yfir vötnunum, gantast á engjunum, réttlæti og friður í baðstofunni, ekkert að óttast nema árans dönsku kaupmennina með sitt maðkaða mjöl og dönsku embættismennina á Bessastöðum sem sátu um að kúga frjálsborna Íslendinga, en þeir stóðu æ svo vel saman gegn hinu vonda valdi frá útlöndum, sjálfstætt fólk!

Þetta er saga úr því samfélagi.

Leyfi til að flakka

Maður hét Helgi og var Guðmundsson, upprunninn fyrir austan fjall. Skömmu fyrir 1780 birtist hann fyrst í heimildum rúmlega tvítugur og illa farinn af holdsveiki sem þá var landlæg á Íslandi. Helgi hafði misst alla fingur og tær og var ef til vill flogaveikur í ofanálag. Með hvaða hætti þessi vesalingur hafði orðið til og vaxið úr grasi, það vitum við ekki. Þegar á hann er fyrst minnst í skjölum, þá er hann altént algjör einstæðingur og engin leið að segja hvort hann átti einhvern tíma fjölskyldu. Vísast voru foreldrar hans dánir, þetta voru erfiðir tímar. Eða kannski höfðu þau hrakið hann burt frá einhverju örreitiskoti þar sem þau hafa hokrað. Hvort heldur er, þá bjó í Helga Guðmundssyni ótrúlegur lífskraftur þrátt fyrir ömurlegan sjúkdóm og hörmulegt líf í alla staði. Þrátt fyrir mikla bæklun flakkaði hann víða um Suður- og Vesturland, þótt hann væri að nafninu til niðursetningur á bænum Svarfhóli í Flóa.

Að vera niðursetningur þýddi að vegna fátæktar, sjúkdóma, ævsku eða elli gat viðkomandi ekki séð fyrir sér sjálfur og var þá upp á sinn fæðingarhrepp kominn. Hreppurinn setti hann þá niður á þeim bæ í sveitinni sem bauðst til að taka hann að sér fyrir minnstan pening. Oft var viðurværi niðursetninga ömurlegt, þrátt fyrir hið milda samfélag sem ýmsir trúa enn að hafi verið við lýði í íslenska sveitasamfélaginu. Helgi var einn þeirra óheppnu og hann lagðist í flakk til að reyna að hafa að éta. Og þótt flakk væri í rauninni bannað á Íslandi, þá var Helgi svo heppinn að hafa í fórum sínum vegabréf frá hreppstjóra sínum í Árnessýslu um að vera „heiðarlegur og sannur ölmusumaður Guðs“ eins og það var orðað. Hann hafði því leyfi til að flakka.

Aumkunarverður spítalamatur

Danski guðfræðingurinn Harboe hafði komið til Íslands 1741 til að reyna að koma skikki á menntun fermingarbarna, sem var í ólestri hjá Íslendingum. Harboe fannst mjög margt að í hinu íslenska sveitasamfélagi og leitaðist við að bæta úr skák. Hann fékk vald til þess því hann gegndi í nokkur ár biskupsembætti á Íslandi meðan biskupar landsins voru dauðir. Meðal annars vildi Harboe reyna að vinna á fjölda flakkara og hafði þá kveðið á um þessi vegabréf sem Íslendingar fóru svo fljótlega að kalla „sníkjupassa“. Þau áttu að vera örþrifaráð ef ekki tækist með neinu móti að halda ómögum og niðursetningum í sinni sveit. Í stað þess að koma þeim þá upp á kant við lög áttu þeir að fá leyfi til að flakka um sveitir og betla. Harboe hafði kveðið sérstaklega á um að passa þessa skyldi gefa út með sérstakri samviskusemi, en ekki láta kunningsskap ráða eða mútur. Passana mætti aðeins gefa út í sex mánuði í senn og þá á sumrin, og var hugsunin sú að þegar tíð

HIÐ SAMHENTA SVEITASAMFÉLAG?

væri góð gæti flakk niðursetninganna losað fátæka húsbændur við að halda þeim uppi – einmitt á þeim árstíma þegar þeir höfðu mesta möguleika á að lifa af betli sínu.

En íslenskir embættismenn voru fljótir að spila á þetta. Nú nokkrum áratugum eftir að Harboe var á Íslandi voru flakkarar fleiri en nokkru sinni fyrr.

Og þar var á meðal hinn holdsveiki Helgi Guðmundsson. Um áramótin 1780-71 stal hann hrossi þar í Flóanum og lét slátra því sér til matar. Skömmu seinna var hann aftur tekinn fyrir að ætla að stela tveimur kindum. Mál hans fór nokkrar umferðir í íslenska dómskerfinu en að lokum úrskurðaði dómur undir forsæti Magnúsar Ólafssonar varalögmanns að hann skyldi húðstrýkjast hrottalega, þrátt fyrir sjúkdóm sinn og neyð, og svo þrælka í járnum ævilangt í nýja fangelsinu í Reykjavík. Ári seinna kom hins vegar til skjalanna útlenskur embættismaður Dana á Bessastöðum. Myndi hann ekki reynast Íslendingnum verst af öllum? Onei. Stiftamtmaður var Lauritz Thodal, raunar norskur að ætt en í þjónustu Danakóngs. Thodal sýndi meiri mannúð en allir þeir íslensku pótintátar sem hingað til höfðu sýslað með mál Helga. Hann taldi ekki eftir sér að skrifa sjálfum kónginum um málið og má efast um að kóngur hafi nokkru sinni fengið bréf um jafn lítilmótlegan þegn.

Thodal kannaðist raunar við Helga sem oft hafði betlað á Bessastöðum. Sagði hann Helga vera „aumkunarverðan spítalamat“ og „lifandi hræ“ og taldi hann dæmi um vaxandi tilhneigingu íslenskra hreppstjóra og sýslumanna til að koma af sér erfiðum ómögum, munaðarlausum börnum, gamalmennum, bækluðum og „útlifuðum mönnum“ með því að senda þetta fólk á vergang með betlipassa, í stað þess að sjá fyrir því samkvæmt íslenskum lögum og tilskipunum konungs. Í sumum sýslum séu 100-120 lögverndaðir betlarar af þessu tagi. Fjöldinn sé slíkur að þeir svelti oft heilu hungri og freistist því til þjófnaða, en íslenskir hreppstjórar og sýslumenn dæmi þá vægðarlaust í tugthús til að losna við þá af framfæri sínu. Þess séu jafnvel dæmi að hreppstjórar og bændur með ómaga á framfæri sínu svelti þá vísvitandi til að þeir neyðist til að stela sér til matar og síðan sé hægt að fangelsa þá. Margir drengir á aldrinum 15-17 ára hafi verið dæmdir í tugthús að undanförnu en hafi í raun engin heimili átt, verið hungraðir og máttfarnir og jafnvel brjóstveikir og með kuldabólgu. Þrír slíkir hafi lognast út af úr vesaldómi og örbirgð á innan við einu ári.

Peir allra fyrstu sem máttu drepast

Sú sýsla sem harkalegast gangi fram í að ákæra og reka af höndum sér þurfalinga sé Árnessýsla, segir Thodal, og sé kominn tími til að konungur taki í taumana. Þá átelur hann íslenska dómara fyrir að hafa ekki tekið fram að Helgi hafi stolið vegna hungurs og í heild hafi verið óhæfa að þessi bæklaði maður væri dæmdur til að erfiða í járnum í tugthúsi. Framfærslusveit hans og -sýsla hafi hvorki útvegað honum fastan samastað né séð honum fyrir lífsviðurværi og því í raun þvingað hann til að stela. Thodal leggur að lokum til að Helgi skuli hýddur fyrir þjófnaðina svo mikið sem veikur líkami hans kunni að geta þolað (það er að segja ekki neitt) en síðan verði hrepp hans og sýslu skipað að útvega honum „blífanlegan“ samastað þar sem séð verði fyrir nauðsynjum hans, skv. lögum. Verði hann aftur sekur um þjófnað skuli hann enn hýddur en húsbændur hans þá um leið sektaðir fyrir vanrækslu.

Atarna var mildilega á máli tekið, og öðruvísi en ætla mætti miðað við sögurnar um kúgarana útlensku á Bessastöðum. En þó verður enginn happí end á þessari sögu. Málið var brátt úr sögunni af sjálfu sér. Árið eftir hófust sjálf Móðuharðindin. Munið þið eftir myndunum af öskuskýinu undir Eyjafjöllum um árið? Reynið að sjá fyrir ykkur holdsveikan, flogaveikan, örmagna, glorsoltinn og máttvana Helga Guðmundsson brjótast um í þeim mekki. Vesælir flakkarar eins og Helgi voru áreiðanlega þeir allra fyrstu sem máttu drepast einhvers staðar úr hungri milli þúfna þegar sá hryllingur allur upphófst.

Kjararáðstefna VM 2013

Verður haldin dagana **4. til 6. október 2013** á **Hótel Selfossi**. Ráðstefnan er lokaundirbúningur fyrir komandi kjarasamningagerð.

Á ráðstefnunni verða kjaramál félagsmanna VM rædd og verðlagning þeirra inn í hagkerfið metin.

Félagsfundur verður haldinn samhliða kjararáðstefnunni laugardaginn 5. okt. kl. 14:30 á Hótel Selfossi.

Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar má finna á heimasíðu VM, www.vm.is.



- okkur er annt um þinn hag

HARBOE

HOLDSVEIKI

„Þess séu jafnvel dæmi að hreppstjórar og bændur með ómaga á framfæri sínu svelti þá vísvitandi til að þeir neyðist til að stela sér til matar og síðan sé hægt að fangelsa þá. Margir drengir á aldrinum 15-17 ára hafi verið dæmdir í tugthús að undanförnu ... og þrír slíkir hafi lognast út af úr vesaldómi og örbirgð á innan við einu ári.“

Electronics
Fashion

noontec

NOONTEC ER KOMIÐ TIL ÍSLANDS !

Hágæða tískuheyrnatólin frá Noontec sem eru að slá í gegn erlendis fást nú í öllum verslunum Tölvulistans. Vinsæl hönnun og einstakur hljómur á sanngjörnu verði.

noontec ZORO
Wireless Hi-Fi Headphone

Samanbrjótanleg með ferðapoka
Samanbrjótanleg svo fari lítið fyrir þeim á ferðalagi. Ferðapoki fylgir. Fyrirferðalítil og þægileg.

Þráðlaus með Bluetooh
Það er ótrúlega þægilegt að þurfa engar snúrur og geta spilað tónlist beint úr símanum í gegnum Bluetooth.

Þrír vinsælir litir
Zoro eru harðgerð og hönnuð fyrir mikla notkun. Piano glansáferð. Svört, rauð og hvít.

Bluetooth

Zoro eru þráðlaus með nýjustu Bluetooth tækni sem skilar meiri styrk og tærari hljóm. Engar snúrur að flækjast fyrir þegar þú spilar tónlistina beint úr símanum. HD afspilun í gegnum snúru sem fylgir.

KYNNINGARVERÐ 19.990

OPIÐ Í DAG
11-16

tl.is
TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

JÓN ATLI TIL FRAKKLANDS

Les Editions Noir sur Blanc hefur keypt útgáfurétt-inn á Börnunum í Dimmuvík eftir Jón Atla Jónasson. Rétturinn gildir til útgáfu í Sviss, Lúxemborg og Frakklandi.

FÆRT TIL BÓKAR

Sigurganga Sjóns í Bandaríkjunum

Skáldið Sjón hefur heldur betur verið að gera það gott í Bandaríkjunum undanfarið. Farrar, Straus & Giroux, sem er eitt virtasta forlag Bandaríkjanna og þar með heimsins, gaf samtímis út þrjár bækur Sjóns – sem er afar fáheyrt. Bækurnar Rökkurbýsnir, Argóarflísin og Skuggabaldur hafa þegar vakið gríðarlega athygli og fengið frábæra dóma. Verk hans hafa nú verið þýdd á 25 tungumál.

Sjón fór utan og heimsótti fjórar borgir á vesturströnd Bandaríkjanna; Seattle, Portland, San Fransisco og Santa Barbara. Þar hélt hann fyrirlestra og fór í ótal viðtöl, þar á meðal heilsíðuviðtal í Newsweek. Einn helsti bókmenntagagnrýnandi Bandaríkjanna, Alan Cheuse, fjallaði um verk hans á NPR-útvarpsstöðinni. Í New York var síðan útgáfuviðburður í Scandianvia House þar sem Björk kynnti hann til leiks og enski rithöfundurinn Hari Kunzru tók við hann viðtal. Um það var skrifað í The Paris Review.

„Það er mjög gefandi og ögrandi að sjá verk sín gefin út fyrir jafn kröfuharða bókmenntalesendur og er að finna í Bandaríkjunum," segir Sjón. „Upplestrarferðin var einmitt sérstaklega fróðleg þegar kom að því að hitta þetta fólk í mörgum af þeim frábæru bókabúðum sem enn standa vörð um bókina og eru á móti studdar af dyggum viðskiptavinum sínum sem versla þar og mæta á viðburði."

Hvers vegna heldurðu að bandarískir lesendur hrífist svo mjög af verkum þínum? „Bandarískar bókmenntir fjalla gjarnan um líf og sögur fólks í smærri plássum í því gríðarstóra landi, og ég komst að því að höfundi sem segir sögur frá litlu landi langt í burtu er velkomið að láta á þær reyna líka."

Ritdómarnir í stórblöðum USA og Kanada hafa allir verið mjög umfangsmiklir, upp í heilsíður. Ritdómar í veftímaritum hafa einnig verið umfangsmiklir og fjallað um allar þrjár bækurnar og kynnt höfundinn til leiks. Nýjast er það að frétta af áhuga erlendra útgefanda á verkum Sjóns að útgáfurétturinn að nýju skáldsögunni hans, Mánasteini sem ekki er komin út, hefur þegar verið seldur til Finnlands og Danmerkur. - fsb

SJÓN Bækur hans hafa vakið hrifningu í BNA.

Alltaf að ögra viðteknum hugmyndum

Ódáinsakur – helgifesta þjóðardýrlinga nefnist nýútkomin bók eftir Jón Karl Helgason prófessor. Þar rekur hann hvernig nokkrir einstaklingar, íslenskir og erlendir, hafa náð þeim status að verða þjóðardýrlingar og varpar ljósi á það ferli sem að baki liggur. En hvað er þjóðardýrlingur?

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Oft eru líka stjórnmálamenn svona svolítið veikir fyrir því að snerta ódauðleikann og baða sig í honum …

Þjóðardýrlingar eru eins konar þjóðartákn líkt og fáninn og skjaldarmerkið. Mín hugmynd er að kannski hafi þjóðríkin tekið upp þá hefð sem ríkust er hjá kaþólsku kirkjunni að nýta ákveðna einstaklinga til að verða holdgervingar viðtekinna hugmynda og hugsana. Þetta er gert með því að safna saman leifum af lífi tiltekinna karla og kvenna og er auðvitað áþreifanlegast þegar verið er að safna saman beinaleifum eða eigum, varðveita húsnæði eða eitthvað slíkt. Svo er þetta líka gert með því að endurgera líkama í styttum eða mynd á peningaseðlum eða varðveita afmælisdag með því að gera hann að hluta af almanaki þjóðríkisins."

Það eru ekki margir Íslendingar sem náð hafa þeim status, er það? „Nei, Jón Sigurðsson skorar flest stig á þessum kvarða. Afmælisdagur hans er þjóðhátíðardagur okkar. Hann er á öllum seðlum sem vatnsmynd, komst fyrstur á frímerki og það eru hús á tveimur stöðum þar sem verið er að minnast lífs hans. Kjólfötin hans eru meira að segja á Þjóðminjasafninu. En ef maður skoðar þetta í evrópsku samhengi á þetta náttúrulega við um fjölmarga."

Hvenær eru menn opinberlega búnir að ná þessum status? „Það eru margir kallaðir en fáir útvaldir en hugmynd mín er sú að þegar opinberar stofnanir þjóðríkisins, ráðuneyti, þing, seðlabanki eða skólakerfi og svo framvegis, eru farnar að taka minningu einstaklings svona upp á sína arma sé um raunverulegan þjóðardýrling að ræða."

Eru þessir útvöldu einstaklingar ekki stundum notaðir til að upphefja einhverja ákveðna hugmyndafræði sem er stjórnvöldum þóknanleg? „Í víðasta skilningi er þetta náttúrulega leið til að skapa þjóðum sameiginlegar minningar. En svo er í raun-inni hægt að nýta þessa einstaklinga í ólíkum pólitískum tilgangi og oft eru líka stjórnmálamenn svona svolítið veikir fyrir því að snerta ódauðleikann og baða sig í honum, það er að segja tengja sig við svona minningu. Mig langar að vekja athygli á því hver formin eru og hvaða ferli á sér stað. Manni finnst að þegar einhver hefur verið tekinn inn á svona opinberan ódáinsakur sé það bara náttúrulegt og sjálfsagt og óhjákvæmilegt, en að baki liggur oft mjög flókið ferli og hápólitískt. Eitt af því sem ég er að skoða þarna er hvers vegna Jónas Hallgrímsson er þjóðardýrlingur en ekki til dæmis Bjarni Thorarensen sem var alveg eins líklegt að yrði í þessu hlutverki ef maður skoðar umræðuna um þá á nítjándu öld."

Þú snertir þarna við ýmsum viðkvæmum málum, er meiningin sú að ögra viðteknum hugmyndum? „Já, ég er alltaf að því. Maður reynir alltaf að hafa smábrodd í því sem maður gerir. Viðtökurnar getur hins vegar aldrei neinn séð fyrir."

ÞJÓÐAR-DÝRLINGAR Jón Karl segir Jón Sigurðsson skora hæst Íslendinga á kvarða þjóðar-dýrlinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÍSLENSKA ÓPERAN

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á HARPA.IS
MIÐASÖLUSÍMI 528 5050

WWW.OPERA.IS

SÝNINGARDAGAR
Frumsýning 19. 10. 2013
2. sýning 25. 10. 2013
3. sýning 2. 11. 2013
4. sýning 10. 11. 2013
5. sýning 16. 11. 2013
6. sýning 23. 11. 2013

FRUMSÝNING 19. OKT. 2013

CARMEN

EFTIR GEORGES BIZET

SÝNT Í ELDBORG Í HÖRPU

Óbirt smásaga Hemingways í Guardian

Smásaga sem Hemingway skrifaði árið 1924 en aldrei var birt hefur loks komið fyrir sjónir lesenda.

Sagan heitir „My Life in the Bull Ring with Donald Ogden Stewart" og var skrifuð eftir ferð Hemingways til Spánar og fyrstu upplifun hans af nautaati. Hann heillaðist af því við fyrstu sýn og það varð upphafið að ævilöngu ástarævintýri. Sagan birtist á vefsíðu breska blaðsins The Guardian í gær og þar geta áhugasamir kynnst nýrri og flippaðri hlið á Hemingway.

➜ Sagan heitir „My Life in the Bull Ring with Donald Ogden Stewart".



ERNEST HEMINGWAY

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA

Tilboðin gilda laugardag og sunnudag

Helgartilboð

50% AFSLÁTTUR

TC Pepperoni
~~verð áður 398 kr. pk.~~
199 kr. pk.

Deep Pan Pepperoni
~~verð áður 398 kr. pk.~~
199 kr. pk.

NAMMILAND

50% afsláttur

í Nammilandi Iceland á laugardögum og sunnudögum!

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Konráð og félagar á ferð og flugi 63

Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meira ruglið," sagði Kata. „Hér stendur: fylgdu öllum línunum með blýanti án þess að fara yfir aðra línu eða lyfta blýantinum frá blaðinu. Auðvitað er þetta ekki hægt," bætti hún við. "Það sér hver heilvita manneskja." En Lísaloppa var ekki eins viss. Hún rýndi í teikninguna og sagði svo. „Réttu mér blýant, ég held að það sé hægt að leysa þessa þraut."

Getur þú leyst þessa þraut?



Brandarar

Tveir tómatar voru að ganga yfir götu
Þá kom bíll á fleygiferð og var alveg að fara að keyra yfir annan þeirra.
Þá stökk hann yfir bílinn og eyðilagði brandarann.

„Hvernig vissi pabbi þinn að við stálumst á bílnum hans í gærkvöldi?"
„Manstu eftir stóra, feita og sköllótta karlinum sem við vorum næstum því búin að keyra yfir ?"
„Já, hvort ég man."
„Það var pabbi!"

„Pabbi! Hvar er Eiffelturninn?"
„Það veit ég ekki, sonur sæll. Spurðu hana mömmu þína, það var hún sem tók til síðast."

Allur ágóði af sölu BLEIKA POKANS
rennur til Krabbameinsfélags Íslands.

*BIO pokinn er framleiddur úr maíssterkju og eyðist upp í náttúrunni.

Bleiki pokinn
- til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands

Oddi

Hafðu samband við sölumenn Odda
í síma 515 5000

Oddi – Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Gátur

1. Bakkabræður voru þrír. Einn hét Gísli, annar hét Eiríkur, en hvað hét sá þriðji?
2. Þegar ferðast er með strætó er eins gott að fara rétt að, því oft þarf ekki mikið til að strætóbílstjórar verði alveg óðir. Hvort á maður að fara inn að aftan og út að framan, eða inn að framan og út að aftan?
3. Hvort er nafnið Salín nafn á konu eða karli.
4. Í sögunni um litlu stúlkuna með eldspýturnar segir frá fátækri stelpu sem selur litlar eldspýtur en salan, hún er treg. Stelpan þorir ekki heim vegna þess að þá verður hún barin. Hvernig fer fyrir stúlkunni í lok sögunnar?
5. Hvað segir kurteist og vel upp alið fólk þegar einhver hnerrar?
6. Ísland er í Evrópu, svona að mestu leyti, en í hvaða heimsálfu er Indland?
7. Geta gíraffar þrifið á sér eyrun með tungunni?

(Spurningar úr spurningaspilinu Spurt að leikslokum fyrir 7-12 ára.)

SVÖR

1. Helgi. **2.** Inn að framan og út að aftan. **3.** Kona (En nafnið Stalín er nafn á fræguum karli.) **4.** Hún deyr (Fryst í hel í vetrarkuldanum. **5.** "Guð hjálpi þér." (Það eru hins vegar ekki til neinar reglur um hvað á að segja þegar einhver prumpar.) **6.** Asíu. **7.** Já, og fara létt með það.

UNGUR LIÐSSTJÓRI Magnús Máni fylgdist grannt með því þegar Porsteini Má Ragnarssyni var skipt inn á völlinn í leik KR og Vals um síðustu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hefur verið liðsstjóri í hundrað leikjum KR

Hinn tíu ára gamli fótboltastrákur Magnús Máni Kjærnested er liðsstjóri hjá meistaraflokki KR sem tekur við Íslandsmeistaratitlinum í dag. Hann hefur farið til útlanda með liðinu og ferðast úr Grafarholtinu í Vesturbæinn á æfingar.

Hvernig kom það til að þú gerðist liðsstjóri hjá KR? Pabbi minn þurfti að lýsa leik í sjónvarpinu og spurði Lúlla, sem var þá aðalliðsstjóri, hvort ég mætti vera með honum einn leik. Sú pössun varð síðan að starfi.

Hvað er skemmtilegast og leiðinlegast við að vera á hliðarlínunni? Skemmtilegast að vinna leiki en leiðinlegast að tapa leikjum.

Hvert er uppáhaldsliðið þitt fyrir utan KR? Liverpool.

Tekurðu þátt í æfingum og leikjum? Ég er í öllum leikjum og er stundum að fylgjast með æfingum.

Hvað hefurðu verið liðsstjóri í mörgum leikjum? Ég held að leikirnir séu orðnir um hundrað frá 2011.

Hefurðu fengið að fara til útlanda með meistaraflokki KR? Já, ég fór til Finnlands í Evrópukeppnina í fyrra.

Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn? Það er mjög erfitt að segja því allir eru þeir góðir vinir mínir, en ég verð víst að nefna eitt nafn og það er Kjartan Henry Finnbogason.

Ætlarðu að fagna titlinum í dag? Já, það ætla ég að gera með öllum vinum mínum og stuðningsmönnum í KR.

Æfirðu fótbolta sjálfur? Já, ég er að fara á yngra ár í 5. flokki KR og sigraði á Goðamótinu á Akureyri í vor.

Langar þig að verða fótboltamaður þegar þú verður stór? Já, markmiðið mitt er að verða atvinnumaður.

Í hvaða skóla og bekk ertu? Ég er í 5. bekk í Ingunnarskóla uppi í Grafarholti en læt það ekki stoppa æfingarnar því ég er harður KR-ingur.

Hvað er skemmtilegast og leiðinlegast í skólanum? Mér finnst skemmtilegast í íþróttum og stærðfræði en leiðinlegast er nákvæmlega ekkert.

VERÐLAUNASJÓNVÖRP

PHILIPS

ambi light · Pixel Plus HD · Full HD LED · Pixel Precise HD · 300 Hz Perfect Motion Rate · SmartTV · Wi Fi Certified · skype · Easy 3D

- Örþunnt LED háskerpu sjónvarp með Incredible Contrast
- Pixel Plus HD örgjörvi tryggir hágæða Philips myndgæði
- 300 Hz Perfect Motion Rate gerir hröðustu myndir skarpar og skýrar
- Glæsileg hönnun með örþunnum ramma
- Snjallsjónvarp með þráðlausu neti sem opnar heim afþreyingar á netinu
- Ambilight baklýsing gefur aukna upplifun
- Simply Share - einfalt að skoða efni af tölvum og senda efni yfir á spjaldtölvur og síma
- MyRemote - hægt að nota spjaldtölvur og síma til að fjarstýra tækinu
- Easy 3D svo hægt er að horfa á efni í þrívídd - 2 gleraugu fylgja

65 YEARS AS A LEADING TV BRAND

EISA AWARD Best Product 2013-2014
GREEN TV
Philips 50PFL5008

32″	42″	47″	50″
Philips 32PFL5008T	Philips 42PFL5008T	Philips 47PFL5008T	Philips 50PFL5008T
VERÐ 149.995	VERÐ 184.995	VERÐ 269.995	VERÐ 299.995
FRÁBÆRT VERÐ	FRÁBÆRT VERÐ	FRÁBÆRT VERÐ	FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gott verð í öllum verslunum Bónus

398
krónur 2 ltr.

398
krónur 2 ltr.

398
krónur 2 ltr.

498
krónur 2 ltr.

50 KR AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 309 KR.

259
krónur400ml

BÓNUS RJÓMI 400 ml 259 KR.
50 KR AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 309 KR.

598
krónur 400g

Sænsk súkkulaðikaka
FRÁBÆR EFTIRRÉTTUR

Ali

ALI FORELDUÐ
SPARERIBS/GRÍSARIF

998
krónur kg

798
krónur 400gr.

LÍFRÆNT KAFFI 400 gr
Malað eða baunir
Íslensk framleiðsla.

279
krónur 200g

OS RIFINN PIZZAOSTUR 200 g
60 KR AFSLÁTTUR.
VERÐ ÁÐUR 339 KR.

Frosin forelduð PEKINGÖND

MATUR FYRIR CA. FJÓRA

2998
krónur. pk.

FROSIN FORELDUÐ **ÚRBEINUÐ PEKINGÖND**
U.Þ.B. 600g 24 PÖNNUKÖKUR OG HOISIN SÓSA

98
krónur 2 ltr

139
krónur 2 ltr

198
krónur 1.5 ltr

139
krónur 330ml

998
krónur 32 stk.

FRÁ AMERÍKU
VÍNBER RAUÐ OG GRÆN

698
krónur kg

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gott verð í öllum verslunum Bónus

NÝ SLÁTRAÐ

FERSKUR HÁLFUR LAMBAHRYGGUR
LUNDAPARTURINN

FERSKT 100% ÍSLENSKT

1898 krónur kg

NÝ SLÁTRAÐ

FERSKT LAMBALÆRI

FERSKT 100% ÍSLENSKT

1459 krónur kg

FERSKUR 100% ÍSLENSKUR KJÚKLINGUR

FERSKT 100% ÍSLENSKT

759 krónur kg

KJÖRFUGL *HEILL* FERSKUR KJÚKLINGUR

1998 krónur kg

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

FERSKT 100% ÍSLENSKT

ÍSLANDS LAMB

NÝ SLÁTRAÐ

Ali

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR

FERSKT 100% ÍSLENSKT

695 krónur kg

HAUST SLÁTRUN 2012

K.S FROSIÐ *1.FL* LAMBASÚPUKJÖT

759 krónur kg.

FROSINN SAGAÐUR LAMBABÓGUR

HAUST SLÁTRUN 2012

598 krónur kg

98 krónur kg

Frosin lambalifur

2998 krónur kg

Frosið lambafillet

1498 krónur kg. FERSKT 100% ÍSLENSKT

UNGNAUTA**HAKK**

2298 krónur kg. FERSKT 100% ÍSLENSKT

UNGNAUTA**SNITSEL**

2298 krónur kg. FERSKT 100% ÍSLENSKT

UNGNAUTA**GÚLLAS**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

1. Sukksökk og rotnunarrótleysiskelda (13)
10. Kjöftug hefur það heldur betra en málgefinn (8)
11. Kynþáttur setur karl í skúffu (11)
13. Höfuðsókn Habsborgaraklerks í gúmmilaði (10)
14. Fram rangala með Báru í árásinni (11)
15. Víst hvæsir hann vegna umtalsverðrar (9)
16. Pressa rjómalituð sólblóm (7)
18. Sigliði þrátt fyrir flatfótinn? (7)
20. Kenna kúgunarkerfið við pabba þess (11)
22. Her eyðir þeim sem aflóga eru (9)
23. Venjuleg beygja afhjúpar eðlilega dreifingu (11)
28. Hér ku harmur gína við galgopa (9)
29. Ætli úðinn ali á innileikanum? (8)
31. Smíðaði girðingu (5)
32. Skaut skika undir Evrópuríki (7)
35. Sé sólarhringa fara í samninga á ákveðnum tíma (8)
36. Sefandi eirðarleysi (4)
37. Hvar ég bý, Jóna? Í löngu brunnu kvikmyndahúsi (7)
39. Stór og alveg extra dýrðleg (8)
40. Ískaldir ofnar hvar þú hreinsar hræin (7)
41. Finn búð og búðarvarning fyrir Sölku (7)
42. Eggjagrjót veit á sárindi (6)
43. Rólegar rugla með gráðuna (7)
44. Sauðaþarmarnir eru eins og græðgin (8)

LÓÐRÉTT

1. Grip innri rödd fyrir skjólstæðing Amnesty International (13)
2. Út gerist að innan (11)
3. Dásamaði rútíneraða mærðina (11)
4. Mögnuð telur til viðbótar (11)
5. Verkið skít fyrirfram (9)
6. Sé völvubelju, sú er stíf og heimtar pensil pilsvargsins (12)
7. Vill að krakkar komi krakka undir (8)
8. Krafsar og bullar um daginn og veginn (7)
9. Píði ískalda reiði (5)
12. Gól næri gaman með tónlist (9)
17. Óveðurssál á fleygiferð (9)
19. Er slíkt níðrit nauðsynlegt í námi? (8)
21. Étandi lokkar meintar (7)
24. Læknadóp drepur hvorki of né van (10)
25. Sú síða síða endar í túnfæti Njarðar (9)
26. Búinn er samstæðusjóður og skepnur því ekki á húsi (10)
27. Drap 50 í fjórgang fyrir farartæki (8)
28. Spilverkið segir Stóar-Bassa föður Sturlu (9)
30. Skoðun lymskudrjúgs jötuns er sú sem gildir (8)
33. Er loðnalöpp íslensk jurt eða norskar eyjar? (7)
34. Grópskelin vísar á falsaðan við (7)
38. Óþekkt skutluðu nafnlausum (5)



F	Y	R	I	R	L	E	I	T	■	S	■	Á	■	S	Æ	T	J	Ó	N
R	■	O	■	E	■	I	■	J	Ó	N	A	T	A	N	■	R	■	S	■
A	U	Ð	H	Y	G	G	J	A	■	E	■	A	■	Æ	R	U	S	T	A
M	■	H	■	N	■	N	■	R	E	F	S	K	Á	K	■	N	■	I	■
F	R	Æ	Ð	I	M	A	N	N	■	I	■	A	■	Ó	T	T	U	N	A
A	■	N	■	T	■	R	■	A	F	L	Í	F	A	R	■	U	■	N	■
R	Ó	S	A	R	Ó	T	A	R	■	E	■	Æ	■	Ó	■	R	Ú	T	A
A	■	N	■	É	■	A	■	Á	L	F	A	L	A	N	D	■	T	■	T
S	K	A	R	Ð	■	K	■	S	■	N	■	I	■	U	■	■	U	■	Ó
K	■	■	Æ	■	S	■	L	■	V	I	N	N	U	M	Ö	N	N	U	M
R	J	Ú	K	A	N	D	I	■	O	■	Ý	■	N	■	L	■	G	■	T
E	■	■	A	■	Ö	■	Ð	■	R	■	T	■	A	F	Æ	T	U	N	A
F	U	L	L	T	R	Ú	A	L	Ý	Ð	R	Æ	Ð	I	Ð	■	N	■	L
■	N	■	L	■	U	■	G	■	S	■	Ú	■	S	P	I	K	A	Ð	A
■	D	■	I	■	L	E	I	Ð	A	R	L	A	G	I	Ð	■	R	■	■
F	A	N	N	E	Y	■	G	■	■	■	O	■	A	■	■	S	V	E	R
■	N	■	U	■	K	■	T	O	P	P	F	L	U	G	A	■	É	■	E
S	L	Æ	M	S	K	A	■	F	■	■	A	■	K	■	G	E	L	T	I
■	Á	■	■	■	J	■	■	Á	L	I	Ð	N	U	■	A	■	A	■	Ð
S	T	I	G	L	A	U	S	T	■	■	I	■	R	O	T	P	R	Ó	A

Lausnarorð síðustu viku var
HÆSTIRÉTTUR

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Fórnargjöf Leynd eftir L. Marie Adeline frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Auðbjörg Erlingsdóttir, Reykjavík.**

LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist fagurt foldarskart. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi **2.** október næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „**28.** september“.

XYLITOL
10 PIECES
WRIGLEY'S
Extra
SWEET MINT
sugarfree gum
white
BORÐA
DREKKA
TYGGJA
WRIGLEY'S
Extra
Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

SIGURLAUGAR JAKOBSDÓTTUR
Strikinu 12, Garðabæ,
áður til heimilis á Akureyri.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans Kópavogi.

Gunnar Valur Guðbrandsson
Matthildur Guðbrandsdóttir
Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Margrét Jóhannsdóttir
Baldur Björnsson
Björn Eiríksson

†

Elsku maðurinn minn, faðir okkar, bróðir, tengdasonur og mágur,

ANDRÉS SVAVARSSON
Þingási 45, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk hinn 23. september verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju í Grafarholti fimmtudaginn 3. október kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja heiðra minningu hans er bent á Heilavernd, s. 862 8104.

Þóra Stephensen
Örvar Andrésson
Dagbjört Andrésdóttir
Guðni B. Svavarsson
Þórir Stephensen
Elín Stephensen
Ólafur Þ. Stephensen
Viðar Gíslason

Kristín Ólafsdóttir
Dagbjört G. Stephensen

Halldóra Traustadóttir

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar,

GUÐJÓNS JÓNSSONAR
frá Fagurhólsmýri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild 11E á Landspítala við Hringbraut, auk allra þeirra aðila sem aðstoðuðu hann í veikindum hans.

Guðrún Jónsdóttir
Þuríður Jónsdóttir
Sigurgeir Jónsson
Sigríður Jónsdóttir

†

Elskuleg kona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐNÝ SIGURBJÖRG RAGNARSDÓTTIR
Pósthússtræti 1, Reykjanesbæ,

lést laugardaginn 14. september. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum innilega auðsýnda samúð.

Þorbjörn Kjærbo
Guðni Björn Kjærbo
Jóhann Rúnar Kjærbo
barnabörn og barnabarnabörn.

Elísabet Þórarinsdóttir

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

ÚTVARPSSTJÓRINN Í upphafi fannst mörgum sú hugmynd að setja á fót sérstaka KR-útvarpsstöð fráleit, segir Höskuldur Höskuldsson. KR-útvarpið er enn starfandi fimmtán árum síðar og fagnar 400. útsendingu sinni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vesturbæingar treysta röddum KR-útvarpsins

KR-útvarpið stendur fyrir sinni 400. útsendingu á dag, en stöðin fagnar fimmtánda starfsári sínu í ár. Grípa þurfti til ráðstafana til að þessa tímamótaútsending bæri upp á dag mikils fagnaðar í Vesturbænum, en KR-ingar fá Íslandsmeistarabikarinn afhentan í dag.

„Í upphafi grunaði okkur alls ekki að útsendingarnar yrðu svona margar. Almennt fannst fólki það hálfrugluð hugmynd að fara af stað með svona íþróttaútvarp en við ákváðum að prófa og nú er svo komið að KR-útvarpið er orðið hluti af því stóra batteríi sem það er að vera KR-ingur," segir Höskuldur Höskuldsson, útvarpsstjóri KR-útvarpsins sem sendir út á tíðninni 89,3. 400. útsending KR-útvarpsins fer fram í dag, en í ár fagnar útvarpið jafnframt 15. starfsári sínu. Dagskráin er óvenju viðamikil af þessu tilefni en hún hefst klukkan átta fyrir hádegi og stendur yfir til fimm um daginn, að loknum leik KR og Fram á KR-vellinum, en þá taka KR-ingar við Íslandsmeistarabikarnum sem liðið tryggði sér um síðustu helgi.

Grípa þurfti til ráðstafana til að þessa tímamótaútsending KR-útvarpsins, sú 400. í röðinni, bæri upp á þessum degi mikils fagnaðar í Vesturbænum, en stöðin stendur alla jafna fyrir útsendingum á leikdögum meistaraflokks félagsins. „Það leit allt út fyrir að 400. útsendingin yrði ekki fyrr en á næsta ári. Í tilefni af Íslandsmeistaratitlinum og góðum árangri í sumar ákváðum við þó að blása til sóknar og bæta við tveimur útsendingum í vikunni þar sem við rifjuðum upp sumarið með leikmönnum og þjálfurum og gerðum fleira skemmtilegt. Hátíðardagskráin í dag hefst svo með morgunþættinum Þar gala gaukar í umsjón Þrastar Emilssonar og Óttarrs Magna Jóhannssonar, svo tekur við þátturinn Tveir með öllu og mikið af steiktum, sem ég sé sjálfur um ásamt Kristni Kjærnested og Páli Sævari Guðjónssyni, og loks sér „landsliðið" okkar um upphitun fyrir leikinn gegn Fram sem Bjarni Felixson lýsir af sinni landsþekktu snilld," segir Höskuldur, en Bjarni Felixson gekk til liðs við KR-útvarpið fyrir nokkrum árum og lýsir útvarpsstjórinn Bjarna sem happafeng fyrir dagskrárgerðina. „Áður en Bjarni kom til okkar höfðu ýmsir aðrir séð um að lýsa leikjum í KR-útvarpinu en í raun og veru vorum við alltaf að bíða eftir honum."

Með „landsliðinu" á Höskuldur við hóp fólks sem inniheldur marga sem starfað hafa á helstu fjölmiðlum landsins og hafa lagt KR-útvarpinu lið á þessum fimmtán árum síðan stöðin fór í loftið árið 1999. Þeirra á meðal eru téður Þröstur Emilsson, Bogi Ágústsson og börnin hans Ágúst og Þórunn Elísabet, Haukur Hólm, Hallgrímur Indriðason, Felix Bergsson, Freyr Eyjólfsson, Egill Helgason, sem var viðriðinn KR-útvarpið í upphafi, og fleiri, en sjálfur hefur Höskuldur gegnt stöðu útvarpsstjóra frá upphafi. „Þetta eru raddir sem fólk treystir og meðal annars vegna óeigingjarnrar vinnu alls þessa fólks hefur þetta gengið upp í öll þessi ár. Allt er þetta gert í sjálfboðavinnu en við höfum líka notið góðs stuðnings nokkurra fyrirtækja sem vilja halda KR-útvarpinu gangandi. Það er hluti af því að vera stórveldi," segir Höskuldur.

> ➜ Áður en Bjarni kom til okkar höfðu ýmsir aðrir séð um að lýsa leikjum í KR-útvarpinu en í raun og veru vorum við alltaf að bíða eftir honum.

Útvarpsstjórinn hyggst ekki liggja á liði sínu heldur fagna Íslandsmeistaratitlinum með leikmönnum og stuðningsmönnum félagsins í dag, kvöld og jafnvel nótt. „26. Íslandsmeistaratitillinn kallar á mikinn fögnuð í nokkrar vikur en auðvitað er alltaf gaman að vera KR-ingur," segir Höskuldur.

kjartan@frettabladid.is

†

Hjartans þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför föður okkar og tengdaföður,

STEINS E. GUNNARSSONAR.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 13-E á Landspítalanum fyrir einstaka umhyggju og hlýhug.

Kristbjörg Áslaugsdóttir
Friðbjörn A. Steinsson
Björgvin Þ. Steinsson
Svana Steinsdóttir

Halldís Hallsdóttir
Sigrún Anný Jónasdóttir
Sigurður Guðmundsson

†

Innilegar þakkir sendum við öllum sem heiðruðu minningu

SIGRÍÐAR GUÐMUNDSDÓTTUR

og sýndu okkur samhug við andlát og útför. Þökkum öllum sem önnuðust hana og studdu.

Guðmundur Ingvarsson
Aðalbjörg Ingvarsdóttir
Ingvar Ingvarsson
og fjölskyldur.

Ólöf Ólafsdóttir
Vignir Einarsson
Herdís Andrésdóttir

Spaugstofan

HITTIR ALLTAF Í MARK!

LAUGARDAGSKVÖLD KL. 19:30

SKEMMTIPAKKINN

Margfalt meiri skemmtun á aðeins **7.990 kr.**

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

margfalt skemmtilegri!

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN ANNAS BJÖRNSSON
Hamrabergi 7,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 25. september. Jarðsungið verður frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 4. október kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans á deild 11-E. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa Krabbameinsfélagi Íslands að njóta þess.

Fyrir hönd aðstandenda
Beta Guðrún Hannesdóttir
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýju vegna andláts elskaðrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

JÓNHEIÐAR GUNNARSDÓTTUR (JÓNU)
Kirkjulækjarkoti, Fljótshlíð.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Lundi á Hellu fyrir frábæra umönnun.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR
áður Mosfellssveit, Svíþjóð og Freyjugötu 11,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 9. september. Útförin fer fram í kyrrþey.

Elsa Smith
Páll (Bobbý) Lárusson
Ólafur Lárusson
Dóróthea Lárusdóttir
Lórenz Lárusson
Árni K. Lárusson
Örn Smith
Elisabet Larusson
Kristina Larusson
Guðmundur Einarsson
Pia Larusson
Katarina Larusson
og fjölskyldur.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

BJÖRG H. FINNBOGADÓTTIR
frá Ólafsvík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þriðjudaginn 24. september. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 12. október kl. 14.00.

Finnbogi H. Alexandersson
Svanhildur Alexandersdóttir
Stefán Alexandersson
Lára Alexandersdóttir
Örn Alexandersson
Atli Alexandersson
og barnabörn.
Sigríður M. Halldórsdóttir
Marinó H. Sveinsson
Laila Michaelsdóttir
Aðalheiður Eiríksdóttir
Elfa Eydal Ármannsdóttir

†

Ástkær eiginkona mín,

GUÐFINNA STEINSDÓTTIR
áður búsett á Siglufirði,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri fimmtudaginn 26. september. Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Júlíus Gunnlaugsson.

†

Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir og bróðir,

GARÐAR ÓSKAR PÁLMASON
málarameistari,
Háaleitisbraut 153,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 18. september sl. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á hjúkrunardeild 4V á Grund fyrir alúð og umhyggju.

Guðrún Árnadóttir
Margrét Aðalsteinsdóttir og fjölskylda
Hjördís Björk Magnúsdóttir og fjölskylda
Guðmundur H. Pálmason

PETTA GERÐIST: 28. SEPTEMBER 1968

Bítlarnir koma Hey Jude á toppinn

Breska hljómsveitin The Beatles kom laginu Hey Jude í fyrsta sæti breska vinsældarlistans á þessum degi árið 1968. Lagið var það lengsta sem hefur náð fyrsta sæti listans, sjö mínútur að lengd, og það met stendur enn. Smáskífan seldist í átta milljónum eintaka næstu árin á eftir.

Paul McCartney samdi lagið um það leyti sem John Lennon var að skilja við konu sína Cynthiu. Upphaflega byrjaði lagið á orðunum Hey Jules en ekki Hey Jude og átti McCartney þar við son þeirra Johns og Cynthiu, Julian. Með laginu vildi hann hugga drenginn, sem tók skilnaðinum afar illa.

Hlakkar mikið til að hitta borgarstjórann

Kvikmyndin Burning Bush verður frumsýnd á Evrópsku kvikmyndahátíðinni, EFFI, sem haldin er í Bíó Paradís. Leikstjórinn Agnieszka Holland verður viðstödd sýninguna.

Kvikmyndin Burning Bush verður sýnd á Evrópsku kvikmyndahátíðinni, EFFI, sem haldin er í Bíói Paradís. Leikstjóri myndarinnar, Agnieszka Holland, verður viðstödd sýninguna á morgun og eftir myndina verður leikstjóraspjall sem Þóra Tómasdóttir stýrir.

Burning Bush er framlag Tékklands til Óskarsverðlaunanna í ár en Agnieszka á þrjár tilnefningar að baki til verðlaunanna, meðal annars fyrir mynd sína In Darkness sem einnig er sýnd á hátíðinni.

Holland hefur gert fjölda kvikmynda um pólitísk efni og myndir hennar hafa fengið góða dóma. Hún er ein af fáum konum sem hafa vakið mikla athygli fyrir myndir sínar í Hollywood. Agnieszka leikstýrði einnig þremur þáttum í þáttaröðinni The Wire.

Eins og einhverjir ef til vill muna setti Jón Gnarr það sem skilyrði fyrir þá sem vildu fara í samstarf með honum í borgarstjórn að þeir hefðu horft á The Wire.

Holland segist hafa lesið um áhuga borgarstjórans á þáttunum og heyrt af þessum skilyrðum sem hann setti fyrir stjórnarmyndun. Hún hlakkar til að hitta borgarstjórann. „Það er augljóst að hann er sérlega vel gefinn maður og það gefst ekki oft tækifæri á að hitta jafn augljóslega gáfaðan stjórnmálamann sem er auk þess með góðan kvikmyndasmekk.“

Agnieszka og Jón Gnarr munu hittast í dag við sýningu kvikmyndarinnar In Darkness. Myndin verður sýnd með sjónlýsingu fyrir blinda og sjónskerta. Þau Agnieszka og Jón eru verndarar verkefnisins „Ísland og Pólland fyrir auknu aðgengi að menningu“.

Hugmyndina að Burning Bush sem sýnd verður á morgun segir Agnieszka komna frá ungu fólki í Tékklandi. Myndin, sem er sannsöguleg, er byggð á atburðum sem leiddu til þess og komu í kjölfar þess að Jan Palach, ungur háskólanemi í Prag, kveikti í sjálfum sér árið 1969 til þess að mótmæla hernámi Sovétríkjanna í Tékklandi. Á þessum árum var kommúnisminn ríkjandi í Tékklandi eins og í fleiri löndum Evrópu. Myndin fjallar um hvernig farið var með mál Jan í framhaldinu og hvernig yfirvöld í Tékklandi reyndu að sverta mannorð Jan. Ung kona, lögfræðingurinn Dagmar Burešová, tók að sér að verja fjölskyldu Jan í málaferlum í kjölfar atburðarins.

„Ég var sjálf búsett í Prag á þessum tíma og Jan var jafngamall og ég. Þetta er mikilvægur kafli í sögu Tékklands sem ekki hafa verið gerð nógu góð skil í kvikmyndagerð,“ segir Agnieszka. Það var 26 ára gamall Tékki sem skrifaði söguna og fleira ungt fólk kom að gerð handritsins. „Það er mikilvægt að sagan er skrifuð af ungu fólki sem vill segja þessa sögu. Það hefur lítið verið rætt um kommúnismann og afleiðingar hans í Tékklandi og annars staðar.“

Hún bendir í þessu samhengi á að það hafi verið gerður fjöldi mynda um seinni heimsstyrjöldina en minna um það hvernig það hafi verið að lifa við kommúnismann og áhrif hans á þjóðir Evrópu.

Agnieszka man vel eftir ástandinu sem var á þessum tíma. „Það er mikilvægt að minna á og sýna hvernig fólk á þessum tímum var tilbúið að berjast gegn ríkjandi ástandi. Jafnvel þótt það vissi að það myndi þurfa að greiða hátt verð fyrir það. Eins og í tilfelli Jan, sem lét lífið til þess að vekja athygli á málstaðnum,“ segir hún.

Myndin hefur hlotið góðar viðtökur í Tékklandi. „Það kom mér talsvert á óvart og sýnir líklega best hversu mikil áhrif myndin hefur haft þar í landi að Tékkar ákveða að senda hana sem sitt framlag til Óskarsverðlaunanna, þrátt fyrir að ég sé pólsk en ekki tékknesk,“ segir Agnieszka.

hannarun@frettabladid.is

LEIKSTJÓRI Mynd Agnieszku Holland, Burning Bush, er framlag Tékka til Óskarsverðlaunanna í ár.
MYND/KAROLINA PORYZATA

Hallveig gestur hádegistónleika

Hallveig Rúnarsdóttir kemur fram með píanóleikaranum Antoníu Hevesi.

Hallveig Rúnarsdóttir sópran er gestur hádegistónleika í Hafnarborg þriðjudaginn 1. október næstkomandi. Hallveig kemur fram ásamt Antoníu Hevesi píanóleikara og flytur aríur úr óperunum Rusalka eftir Dvorák, Faust eftir Gounod, Cosi fan tutte og Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart.

Hallveig Rúnarsdóttir nam söng við Tónlistarskólann í Reykjavík og Guildhall School of Music and Drama í London þaðan sem hún útskrifaðist með láði sumarið 2001. Hallveig hefur sungið óperuhlutverk hjá Íslensku óperunni og víðar. Hún hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim og hefur sungið margoft með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk fjölda annarra hljómsveita bæði hér á landi og erlendis.

Antonía Hevesi píanóleikari hefur frá upphafi verið listrænn stjórnandi hádegistónleika í Hafnarborg og valið með sér marga af fremstu söngvurum landsins.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og standa yfir í um hálfa klukkustund. Þeir eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir.

SÓPRAN Hallveig Rúnarsdóttir hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EMMY VERÐLAUNIN 2013

BESTU ÞÆTTIRNIR ERU Á STÖÐ 2 Í VETUR

Á nýafstaðinni Emmy-verðlaunahátíð fengu þættir á Stöð 2 öll helstu verðlaunin, eins og svo oft áður. Þín bíður því ekki aðeins glæsilegasta innlenda dagskrá frá upphafi, heldur fjöldi erlendra verðlaunaþátta. Við lofum góðum vetri á Stöð 2.

Bestu dramaþættir:	**Breaking Bad**
Besti aðalleikari í dramaþáttum:	**Jeff Daniels, The Newsroom**
Besta aðalleikkona í dramaþáttum:	**Claire Danes, Homeland**
Bestu grínþættir:	**Modern Family**
Besti aðalleikari í grínþáttum:	**Jim Parsons, The Big Bang Theory**
Besta aðalleikkona í grínþáttum:	**Julia Louis-Dreyfus, Veep**

HOMELAND · THE NEWSROOM · Breaking Bad · modern family · the BIG BANG THEORY · VEEP

SKEMMTIPAKKINN
Margfalt meiri skemmtun á aðeins **7.990 kr.**

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

margfalt skemmtilegri!

habitat

HABITAT
KILO sófaborð
Tilboðsverð 6.950 kr.
Áður 11.800 kr.

HABITAT
KILO hliðarborð
Tilboðsverð 3.950 kr.
Áður 6.900 kr.

HABITAT
BALTHAZAR sófi
Tilboðsverð 139.000 kr.
Áður 195.000 kr.

HABITAT
ANEMONE gólfmotta
Tilboðsverð 4.680 kr.
Áður 7.800 kr.

HABITAT
TRIPOD lampafótur
Tilboðsverð 7.500 kr.
Áður 12.500 kr.
ATH. Skermur
ekki innifalinn í verði

ETHNICRAFT - OAK SHADOW sjónvarpsskenkur
Tilboðsverð 89.400 kr.
Áður 149.000 kr.



ETHNICRAFT - OAK borðstofuborð
Tilboðsverð159.000 kr.
Áður 265.000 kr.

UMBRA
Skóhilla
Tilboðsverð 4.680 kr.
Áður 7.800kr.



UMBRA
FLUTTERBYE veggskraut
Tilboðsverð 3.540 kr.
Áður 5.900 kr.

PORTOBELLO stóll
Tilboðsverð 16.900 kr.
Áður 24.500 kr.

HABITAT
DENVER panna
Tilboðsverð 7.500 kr.
Áður 12.500 kr.

Gerum hús að heimili | TEKK COMPANY og HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400
Opið fös. og lau. kl. 11-18 og sun. kl. 13 - 18.

Hvítlaukspressa
Tilboðsverð 2.750 kr.
Áður 5.500 kr.

KYNNING Á MATVÖRUM FRÁ NICHOLAS VAHÉ

UMBRA
NUMBRA veggklukka
Tilboðsverð
7.500 kr.
Áður 12.500 kr.

HABITAT
KURA
lampaskermur
Tilboðsverð
7.500 kr.
Áður 12.500 kr.

Misstir þú af afmælis(til)boði?

Öll tilboðin úr afmælisleiknum með 40-50% afslætti

VINTAGE LÍNAN ÖLL Á
40%
AFMÆLISAFSÆTTI

VINTAGE BORÐ
160x90
Verð: 47.400 kr.
Áður: 79.000 kr.

UMBRA
FLIP snagi
Margir litir!
Tilboðsverð
3.900 kr.
Áður 7.200 kr.

Aðeins þessa helgi!

KAFFI OG KRUÐERÍ ALLA HELGINA

PATCH leðursófi
Tilboðsverð 99.000 kr.
Áður 189.000 kr.

Ósýnilega hillan
Tilboðsverð 1.740 kr.
Áður 2.900 kr.

TEKK COMPANY

Vefverslun á www.tekk.is

BAUGAKÓR 11 - 203 KÓP

OPIÐ HÚS - SUNNUDAG KL: 16:00-16:30
BAUGAKÓR 11 - ÍBÚÐ 206.

Glæsileg 5 herb. endaíbúð í litlu fjölbýli. Íbúðin er 140,4 fm samtals. Vönduð gólfefni og innréttingar. Stæði í bílageymslu. Lyfta er í húsinu. Fjögur svefnherbergi. **V. 39.9millj.**

Hafðu samband
SIGURÐUR FANNAR GUÐMUNDSSON
Sölufulltrúi. Sími 897 5930

ÍRIS HALL
Löggiltur fasteignasali

LANDMARK
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS
ÍRIS HALL - Löggiltur fasteignasali

Heill heimur

STYRKURINN FELST Í MÝKTINNI

Heill heimur stendur fyrir ráðstefnu um omega fitusýrur
Fimmtudaginn 10. október, kl. 13-17 í Salnum, Kópavogi

Michael A. Crawford er margverðlaunaður fyrir störf sín og eftirsóttur fyrirlesari um allan heim. Hann hefur m.a. rannsakað áhrif fitusýra á heilann og þroska hans og stýrir Institute of Brain Chemistry and Human Nutrition í Imperial College í London.

„Maðurinn er náttúrulega goðsögn og mjög skemmtilegur fyrirlesari. Hann útskýrði flókna hluti á örfáum mínútum svo allir í salnum skildu“.
Hjúkrunarfræðingur sem hlýddi á Michael í London sl. vor

12.30 **Móttaka og skráning**
13.00 **Setning**
13.10 **Opnunaratriði**
13.15 **Hvaðan koma omega 3, -6 og 9 fitusýrurnar?**
Guðrún V. Skúladóttir, vísindamaður við HÍ
13.40 **DHA is the master of DNA**
Michael A. Crawford, PhD, SSB, FRCPath, Imperial College of London
14.40 **Omega-3 og hjartað**
Axel F. Sigurðsson, hjartalæknir
15.05 Kaffihlé
15.30 **Fæðan hefur áhrif á hegðun okkar og líðan**
Michael Clausen, barnalæknir og sérfr. í ofnæmissjúkdómum barna
15.55 **Eru tengsl milli neyslu á omega-3 og krabbameins í blöðruhálskirtli?**
Jóhanna Eyrún Torfadóttir, rannsóknarsérfr. í lýðheilsuvísindum við HÍ
16.20 **Bólguvarnir með omega-3 fitusýrum og öðrum náttúruefnum**
Sigmundur Guðbjarnason, prófessor emeritus
16.45 **Ráðstefnuslit**

Verð kr. 4.900 (kr. 4.500 ef skráð er fyrir 1. október)

Nánari upplýsingar á www.heillheimur.is
Skráning á heillheimur@heillheimur.is eða í síma 697 4545

LYSI now PUREPHARMA

HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA



JBL Cinema SB200

JBL by HARMAN

HELSTU KOSTIR
- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Harman Display Surround tækni
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Einfalt í uppsetningu

Bluetooth

VERÐ 59.990

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

SUDOKU

LÉTT

	6			8	1		9	2
4		1			2			
		3			6	8		4
	5	6	1				4	
	4				5		7	
7		2	8				5	
	1			2			3	5
3			7					6
8		5		1				

MIÐLUNGS

5		9			1		2	
		8		2			4	7
	4	6			7			
				6	3	7		
	5		8			1	3	
	9		7		2			4
			1	3				
9			2		4			
3				9	8		1	

PUNG

6							7	
		4	2				5	
8					4			3
	4	2	3		1			8
	1			2		5	3	
							1	2
	8		7		3			
9			8					6
	5		9					

9	2	6	4	3	7	1	5	8
7	3	4	5	1	8	6	9	2
8	5	1	2	6	9	3	4	7
1	4	8	7	5	6	2	3	9
2	6	3	1	9	4	8	7	5
5	7	9	3	8	2	4	6	1
3	1	7	8	4	5	9	2	6
4	9	5	6	2	1	7	8	3
6	8	2	9	7	3	5	1	4

1	2	4	8	6	9	5	3	7
6	7	9	5	3	1	8	4	2
3	5	8	7	4	2	9	6	1
9	8	7	6	2	4	3	1	5
2	6	1	3	5	8	4	7	9
5	4	3	9	1	7	6	2	8
7	3	5	1	9	6	2	8	4
4	1	6	2	8	5	7	9	3
8	9	2	4	7	3	1	5	6

2	3	6	1	4	7	9	5	8
7	9	1	8	2	5	6	4	3
4	5	8	6	3	9	7	2	1
6	7	3	2	5	1	8	9	4
8	2	9	3	7	4	1	6	5
5	1	4	9	6	8	2	3	7
9	4	7	5	8	2	3	1	6
1	6	5	7	9	3	4	8	2
3	8	2	4	1	6	5	7	9

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS Eftir Frode Øverli



HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes

BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Heimurinn er hættulegur staður. Ekki vegna fólksins sem er illgjarnt heldur vegna fólksins sem gerir ekkert í því.“

Albert Einstein



KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. margskonar, **6.** í röð, **8.** mælieining, **9.** umfram, **11.** tveir eins, **12.** upp-skafningsháttur, **14.** verður, **16.** bardagi, **17.** sönghópur, **18.** æðri vera, **20.** eldsneyti, **21.** nabbi.

LÓÐRÉTT
1. óforsjálni, **3.** tveir eins, **4.** blóm, **5.** hár, **7.** snið, **10.** kverk, **13.** hryggur, **15.** þjappaði, **16.** temja, **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. ýmsu, **6.** Im, **8.** mól, **9.** auk, **11.** Il, **12.** snobb, **14.** skalt, **16.** at, **17.** kór, **18.** guð, **20.** mó, **21.** arða.
LÓÐRÉTT: 1. flas, **3.** mm, **4.** sólblóm, **5.** ull, **7.** munstur, **10.** kok, **13.** bak, **15.** tróð, **16.** aga, **19.** ðð.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Ingi Tandri Traustason (1817) vann Þóri Benediktsson (1942) í 4. umferð b-flokks Gagnaveitumótsins – Haustmóts TR.

Hvítur á leik

20. **Bb1! Hf6?** (20...Ba3 hefði verið skást en hvítur er samt með auð-unnið eftir 21. Dd3 De7 22. Dxg7+ Kxg7 23. Rxd7) **21. Dd3 Ba3 22. Dh7+.** Svartur gafst upp. Ingi Tandri er efstur í b-flokki ásamt Jóni Trausta Harðarsyni og Hallgerðu Helgu Þor-steinsdóttur.
www.skak.is. EM ungmenna hefst á sunnudaginn.

ADHD samtökin 25 ára

ATHYGLI

JÁ TAKK!

SKILNINGUR SKIPTIR MÁLI

STUÐNINGUR SKAPAR SIGURVEGARA!

ADHD endurskinsmerki með teikningu eftir Hugleik Dagsson eru til sölu á heimasíðu ADHD samtakanna og á sölustöðum N1. Allur ágóði endurskinsmerkjanna rennur óskiptur til ADHD samtakanna.

Endurskinsmerkið kostar 1.000 kr.

ADHD samtökin, Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, sími 581-1110, www.adhd.is

N1

LÍFSINS GANGA MEÐ ADHD

25 ára afmælisráðstefna ADHD samtakanna
á Grand Hótel 25. og 26. október 2013

Nánari upplýsingar um afmælisráðstefnu ADHD samtakanna á www.adhd.is

Hryllingurinn sem hreif mig

Í næstu viku frumsýnir Leikfélag Akureyrar Sek, nýtt verk eftir Hrafnhildi Hagalín leikskáld. Verkið byggir á Rifshæðarselsmálinu, dómsmáli frá fyrri hluta 19. aldar, sem höfundurinn segir í raun krassandi í ljótleika sínum.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

LEIKSKÁLD Hrafnhildur Hagalín fékk hugmyndina að nýjasta leikritinu sínu, sek, þegar hún var veislustjóri í afmæli hjá vinkonu systur sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Í raun og veru hef ég aldrei haft sérstaklega mikinn áhuga á sagnfræði heldur hef ég alltaf verið meira fyrir það sem er hér og nú og koma skal. En persónurnar sem komu að þessu máli hreyfðu við mér," segir Hrafnhildur Hagalín leikskáld. Nýtt verk eftir hana, Sek, verður frumsýnt hjá Leikfélagi Akureyrar næsta föstudag, 4. október.

Sek byggir á íslensku dómsmáli frá fyrri hluta 19. aldar og atburðum sem áttu sér stað á bænum Rifshæðarseli á Melrakkasléttu. Leikskáldið segir að um nokkurs konar ástarþríhyrning hafi verið að ræða, að málið í heild sinni einkennist af miklum ástríðum og svikum og sé í raun krassandi í ljótleika sínum. „Hjónin á býlinu voru með vinnumann sem konan átti í ástarsambandi við, en hjónin áttu líka átta ára gamla dóttur sem vinnumaðurinn misnotaði. Faðir stelpunnar kærði vinnumanninn og málið fór fyrir dóm, en það sem mér þykir einna áhugaverðast varðandi þetta mál er sú staðreynd að móðirinn varði vinnumanninn, ástmann sinn, gegn litlu dóttur sinni fyrir dómstólum. Móðirin, Jórunn, tók málstað vinnumannsins og því er þetta í senn hórdómsbrot og misnotkunarmál," útskýrir Hrafnhildur.

Dramatíkin hentaði vel

Aðspurð telur Hrafnhildur líklegt að Rifshæðarselsmálið sé með fyrstu málunum af þessu tagi sem fóru fyrir dómstóla hér á landi, í það minnsta hafi slíkt verið býsna óalgengt á þeim tíma sem atburðirnir áttu sér stað.

„Þetta mál kom til mín með dálítið skondnum hætti," segir Hrafnhildur og rifjar upp að hún hafi gegnt hlutverki veislustjóra í afmæli hjá Hildi Biering, vinkonu systur sinnar, sem þá hafði nýlokið við gerð BA-ritgerðar í sagnfræði við Háskóla Íslands sem fjallaði um barnavernd á 19. öld.

„Ég fór að kynna mér lífshlaup Hildar og þar á meðal þessa BA-ritgerð, þar sem hún vitnar í þetta gamla dómsmál. Mér þótti málið svo áhugavert að ég bað hana um að fá að lesa öll dómsskjölin. Hildur varð við því, sendi mér meðal annars gömlu dómabókina sem hún hafði lesið yfir og rýnt í, og bætti við upplýsingum eftir því sem á leið. Það er því heilmikil sagnfræðileg vinna sem liggur þarna að baki og ég á Hildi mikið að þakka," segir Hrafnhildur og bætir við að það hafi tekið hana annan eins tíma að finna málinu farveg sem hentaði verkinu.

„Ég sá strax að dramatíkin hentaði vel fyrir leikrit, en ég vildi nota réttarhöldin eins mikið og hægt var, til að mynda beinar tilvitnanir úr þeim, og þurfti því að finna yfirheyrslunum búning sem væri hægt að klæða þær í fyrir sviðið. Mig langaði til að endurlífga persónurnar, frekar en að búa til atriði með fólki á sauðskinnsskóm. Tungumálið þótti mér líka magnað og það kveikti í mér, svo kjarnyrt og fallegt og mörg orð sem við notum ekki lengur en skiljum eða hafa jafnvel breytt um merkingu."

Suzukifiolinistene í Hallgrímskirkju

Suzukifiolinistene, 25 manna hópur fiðlunemenda frá Osló, halda tónleika í Hallgrímskirkju sunnudaginn 29. september kl. 16.00 í samvinnu við Íslenska Suzukisambandið. Gestir á tónleikum eru íslenskir Suzuki-fiðlunemendur frá skólum í Reykjavík og Selfossi. Hópurinn leikur einnig í Hörpu mánudaginn 30. september kl. 14.00

Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

Pagað um málið

Við undirbúning og skriftir dvaldi Hrafnhildur í mánuð á bænum Ytra-Álandi í Þistilfirði, steinsnar frá Melrakkasléttu, í bændagistingu í sumar.

„Melrakkasléttan er magnað svæði, hráslagalegt og mikilfenglengt í senn þarna á nyrsta odda Íslands. Dýralífið, brimið sem gengur upp á strandirnar og rekaviðurinn um allt. Þetta er mjög sérstakt, ólíkt öllu öðru á Íslandi en samt svo íslenskt," segir Hrafnhildur. „Það má segja að ég hafi fengið svæðið beint í æð. Vinnumaðurinn í verkinu flakkaði mikið um á þeim tíma sem verkið gerist á og dvaldi meðal annars á sama bæ og ég var á í tvö ár, þannig að ég var þarna á viðeigandi söguslóðum, sem mér þótti nauðsynlegt. Ég hafði heldur enga innsýn í sveitalíf, bændamennsku eða búskap þar sem ég er úr Vesturbænum í Reykjavík og var sem barn í sjávarplássi fyrir vestan á sumrin, en þarna fékk ég til dæmis að kynnast sauðburði. Svo var líka mikil upplifun að fá að sitja og spjalla við stórgáfað heimilisfólkið sem gat sagt mér eitt og annað úr sveitinni."

Sjálf hafði Hrafnhildur aldrei heyrt af Rifshæðarselsmálinu fyrr en hún las BA-ritgerð Hildar Biering og segir málið í raun þess eðlis að ekki þurfi að koma á óvart að margir hafi frekar viljað þegja um það en vekja á því athygli. „Þegar það spurðist út að ég væri að skrifa um þetta mál komu margir að máli við mig og spurðu hvernig í ósköpunum mér dytti eiginlega í hug að skrifa um þessa atburði. Meðal þeirra var sagnfræðingur sem þekkti til málsins, sem sagðist ekki skilja í mér að vilja færa eitt hryllilegasta mál Íslandssögunnar á svið. Ég svaraði því til að málið hefði hrifið mig einmitt vegna þess að það væri svo hryllilegt," segir leikskáldið.

Leikstjóri Sek er Ingibjörg Huld Haraldsdóttir, sem útskrifaðist úr náminu Fræði og framkvæmd við Listaháskóla Íslands árið 2011. Meðal fyrri verkefna Ingibjargar er uppsetning á verki Jon Fosse, Ég er vindurinn, í Þjóðleikhúskjallaranum á síðasta ári og útskriftarverkefni hennar var uppfærsla á Kamelljóni fjárhirðisins eftir Ionesco. Hrafnhildur segist hafa hrifist af vinnubrögðum leikstjórans í þeirri uppsetningu. Það var sérstök áferð og taktur í sýningunni sem mér fannst bera vitni um næma tilfinningu fyrir tæmingu og texta. Mér leist því vel á að vinna með Ingibjörgu þegar stungið var upp á henni. Svo hef ég alltaf verið hrifin af Fosse, sem er alls ekki allra, og fannst það djarft af svo ungum leikstjóra að velja slíkt verk til uppsetningar þótt ég hafi því miður ekki séð þá sýningu.

Netleikhúsið lukkast vel

Sek er fimmta verk Hrafnhildar fyrir svið, en hún vakti verulega athygli fyrir sitt fyrsta leikrit, Ég er meistarinn, sem sýnt var hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1990. Fyrir það verk hlaut Hrafnhildur meðal annars Leikskáldaverðlaun Norðurlanda árið 1992 og hefur leikritið verið þýtt á ellefu tungumál og sýnt víða um heim.

Önnur sviðsverk Hrafnhildar eru Hægan, Elektra og Norður sem sýnd voru í Þjóðleikhúsinu árin 2000 og 2004 og leikgerð á Sölku Völku eftir Halldór Laxness sem Leikfélag Reykjavíkur setti á svið 2005. Hrafnhildur hefur einnig skrifað talsvert fyrir útvarp og sjónvarp, auk þess að þýða leikrit, skrifa texta við danssýningar og ýmislegt fleira. Þá stofnaði hún netleikhúsið Herbergi 408 ásamt Steinunni Knútsdóttur árið 2008 og hafa þær unnið saman að tveimur uppsetningum á þeim vettvangi.

„Herbergi 408 hefur lukkast vel og vakið heilmikla athygli, en það er tilraunaverkefni með margmiðlun og býður áhorfendum upp á marga og nýja möguleika til þess að njóta leikhússins," segir Hrafnhildur. „Steinunn samstarfskona mín heldur því fram að þetta sé fyrsta og jafnvel eina netleikhúsið í Evrópu og þótt víðar væri leitað," bætir hún við og segir að Herbergi 408 sé með annað verkefni í burðarliðnum, stórt samstarfsverkefni nokkurra landa.

Kom hress frá Spáni

Áður en Hrafnhildur gerðist leikskáld lauk hún burtfararprófi í klassískum gítarleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1986. Hún afréð þó að leggja tónlistina á hilluna en tekur enn í gítarinn af og til, auk þess sem hún hefur sinnt gítarkennslu eins og eiginmaður hennar, Pétur Jónasson gítarleikari.

Fjölskyldan bjó á Spáni í nokkur ár, fyrst í um hundrað manna þorpi nálægt Granada og síðar í höfuðborginni Madríd, en flutti heim í kjölfar fjármálahrunsins. „Við komum heim hress og bjartsýn og mættum heldur vondaufum Íslendingum," segir Hrafnhildur og hlær, en hjónin lærðu bæði á gítar á Spáni á sínum tíma, tala reiprennandi spænsku og kunnu vel við sig þar syðra. „Spánn er hálfgert heimaland okkar beggja og það var gamall draumur að búa þar aftur í einhvern tíma. Þegar ég var yngri var ég líka fararstjóri í sólarlandaferðum á Benidorm og Costa Del Sol. Það var gaman en líka lýjandi, því oft var ansi skrautlegt ástand á ferðalöngum á þessum tíma. Það hefur þó skánað, en versta ferðin sem ég man eftir var eldriborgaraferð þar sem ekkert var verið að slaka á í skrallinu. Áfengið bættist auðvitað ofan á ýmsa aðra kvilla og í þessum ákveðna túr týndu gömul hjón bæði tönnunum sínum. Konan týndi efri gómnum og maðurinn þeim neðri og ég þurfti að fara með þau til tannsmiðs til að láta smíða nýtt stell upp í þau. Mig langaði mikið til að skipta á tönnunum þeirra en lét nú ekki verða af því. Svo gerðist það í annarri slíkri ferð að það dó maður, en konan hans sendi líkið bara heim til Íslands og sagðist ekki taka í mál að maðurinn eyðilegði ferðalagið fyrir sér."

KLASSÍSKT JÓLAHLAÐBORÐ Á BORG RESTAURANT

JÓLAHLAÐBORÐIN OKKAR HEFJAST ÞANN 22. NÓVEMBER.
BOÐIÐ VERÐUR UPP Á HLAÐBORÐ MEÐ KLASSÍSKU SNIÐI ÞAR SEM ALLAR HELSTU DÁSEMDIR JÓLANNA VERÐA Á BOÐSTÓLNUM.

HÁDEGISHLAÐBORÐ: 4.900 KR.

KVÖLDHLAÐBORÐ:

SUNNUDAGA TIL FIMMTUDAGA: 7.900 KR.
FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA: 8.900 KR.

GETUM TEKIÐ VIÐ ALLT AÐ 200 MANNA HÓPUM.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 578-2020
OG Á INFO@BORGRESTAURANT.IS

BORG RESTAURANT

PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 578-2020 - INFO@BORGRESTAURANT.IS

WWW.BORGRESTAURANT.IS

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR 28. SEPTEMBER

Opnanir

13.00 Gallerí Fabúla er með formlega opnun í dag til klukkan 17. Fabúla er listamannarekið gallerí með keramikmuni, textíl, myndverk og skarthönnun. Gallerí Fabúla er til húsa á Geirsgötu 7, Gamal Höfnin í Reykjavík.

14.00 Breski landslagsmálarinn Simon Rivett opnar myndlistarsýningu í Populus tremula. Simon, sem kemur frá Newcastle, dvelur í gestavinnustofu Gilfélagsins um þessar mundir. Sjá nánar á www.simonrivett.co.uk.

15.00 Tvær sýningar opna í Listasafni Árnesinga í dag. Sýningarnar nefnast Hliðstæður og andstæður.

15.00 Einkasýning Valgerðar Guðlaugsdóttur opnar í Listasal Mosfellsbæjar, Þverholti 2, undir heitinu Framlenging. Kveikjan að sýningunni er smásagan Saga handa börnum eftir Svövu Jakobsdóttur.

Upplestur

14.00 Síðasta laugardag hvers mánaðar flytur Café Lingua sig upp í Gerðubergssafn. Rithöfundarnir Mazen Maarouf, sem er frá Palestínu, og Juan Roman, sem kemur frá Kólumbíu, spjalla um 1001 nótt.

Málþing

11.00 Málþing Reykjavíkur Akademíunnar fer fram í dag frá klukkan 11 til 15 í sal Reykjavíkur Akademíunnar í JL-Húsinu Hringbraut 121. Njörður Sigurjónsson, Viðar Halldórsson, Margrét Elísabet Ólafsdóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir munu kynna rannsóknir sínar, ræða kenningalegar undistöður og aðferðafræðilega nálgun.

Tónlist

16.00 Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran og gítarleikarinn Francisco Javier Jáuregui halda útgáfutónleika í dag í tilefni útgáfu geislaplötunnar English and Scottish Romantic Songs for Voice and Guitar.

22.00 KK og Maggi Eiríks leika og syngja á Café Rosenberg í kvöld. Aðgangseyrir er 2000 krónur.

Fyrirlestrar

11.00 Málþing Reykjavíkur Akademíunnar fer fram í dag á milli 11 og 15 í sal Reykjavíkur Akademíunnar í JL-Húsinu Hringbraut 121. Almennt skráningargjald krónur 2.500. Skráningargjald fyrir félaga í RA krónur 1.500.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? SUNNUDAGUR 29. SEPTEMBER

Félagsvist

14.00 Spilað verður félagsvist í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Kvikmyndir

15.00 Ljóshærð og ástfangin, Lásky jedné plavovlásky, tékknesk kvikmynd frá árinu 1965 er sýnd í MÍR salnum, Hverfisgötu 105. Leikstjóri Milos Forman. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

Dansleikir

20.00 Dansað verður í félagsheimili eldri borgara í Stangarhyl 4 í kvöld. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1500 krónur fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

Tónlist

19.30 Sigrún Eðvaldsdóttir og félagar leika strengjakvartetta eftir Beethoven, Arriaga og Brahms í Norðurljósasal Hörpu á vegum Kammermúsíkklúbbsins. Nánar á kammer.is

Leiðsögn

15.00 Guðrún Atladóttir, sýningarstjóri, leiðir gesti um sýninguna Kona málar konur Jóhanna Kristín Yngvadóttir Hraunfjörð í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni.

Samkoma

19.00 Spilað verður bridge í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Saga ungra elskenda

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran og gítarleikarinn Francisco Javier Jáuregui halda tónleika í Salnum í dag klukkan fjögur.

„Við komum í nótt en töskurnar okkar komu ekki og maðurinn minn er að kaupa sér föt fyrir myndatökurnar en ég að máta föt af mömmu. Vona bara að kjóllinn minn komi í tæka tíð! Við erum þó með gítarinn með okkur og nóturnar og ég með mínar í hausnum," segir Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran glaðlega. Hún heldur tónleika í Salnum í dag ásamt eiginmanni sínum, gítarleikaranum Francisco Javier Jáuregui. Tilefnið er nýútkominn geisladiskur, English and Scottish Romantic Songs for Voice and Guitar, sem EMEC Discos á Spáni gefur út og Naxos dreifir á heimsvísu.

„Á tónleikunum veljum við lög af disknum þannig að úr verði ljóðaflokkur," segir Guðrún Jóhanna. „Við segjum sögu ungra elskenda með sönglögum sem 19. aldar Lundúnabúar voru gagnteknir af og síðan skosk þjóðlög við ljóð eins og Oh, my love is like a red, red rose og Auld lang syne." Hún segir mörg ensku laganna fyrst hafa verið flutt með hljómsveit, en fljótlega verið gefin út líka með gítarútsendingum og lifað lengur meðal almennings fyrir bragðið.

TÓNLISTARPARIÐ Francisco Javier Jáuregui gítarleikari og Guðrún Jóhanna mezzósópran.

Javier leikur á óvenjulegan átta strengja hörpugítar í Vínarstíl sem smíðaður var fyrir hann nýlega, eftir fyrirmynd J. G. Stauffer frá árinu 1829.

gun@frettabladid.is

Sólskins fjörefnið

Ný bók full af fróðleik um gagnsemi D-vítamíns

Allar frumur
líkamans kalla á þetta
einstaka fjörefni.

Ef **D-vítamínbúskapurinn**
er í lagi líður okkur betur og
líkaminn blómstrar.

D-vítamín byggir upp
varnarkerfi líkamans og leggur
grunn að góðri heilsu.





LIFANDI
MARKAÐUR

Hágæða D-2000IU vítamín
frá NOW fylgir fyrstu 200 seldu eintökunum
í Lifandi markaði
Fákafeni, Borgartúni og Hæðasmára.

Salka

salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík

Þessa bók þurfa allir að lesa

Vnr. 83004222
HARRIS rúlla, bakki og penslasett.
1.290 kr.

Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla og skaft, 25 cm.
1.850 kr.

Vnr. 58761012
Málningarfata, 12 l.
499 kr.

Vnr. 84100160
FIA málningar-rúlla og bakki, 25 cm.
990 kr.

Vnr. 86620040/3737
KÓPAL glitra, innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 l.
5.990 kr.

MYGLU-SVEPPA-PRÓF

IAQ Pro

ER HEILSA ÞÍN Í HÆTTU?

Einfalt í notkun

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

AÐEINS 5 MÍN. MYGLU-SVEPPA-PRÓF

Vnr. 41132003
MYGLUSVEPPAPRÓF
4.690 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

Vnr. 68583100
LUX strákústur með skafti, 40 cm.
899 kr.

Vnr. 55900055
Laufhrífa, plast, 24 teina.
1.350 kr.

Vnr. 53521026
Sorppokar, svartir, 750x1150 mm, 25 stk.
890 kr.

Vnr. 68546500
LUX verkfærakista, 70 stk. af verkfærum.
29.990 kr.

Vnr. 68393974
LUX PROMO verkfærabox, 50 cm.
1.590 kr.

Vnr. 77700654
FICHER verkfæra-box, 51 cm.
3.990 kr.

Vnr. 72320100
TACTIX verkfæra-box, 50 cm.
2.890 kr.

Vnr. 72320104
TACTIX verkfærabox 30,5 cm, glært.
1.690 kr.

Vnr. 38913500
Járnhillur með tré-plötum 45x90x180 cm. Hver hilla þolir 265 kg.
9.990 kr.



Vnr. 50170181
Trappa með þremur þrepum, þolir 120 kg þunga.
3.695 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Vnr. 65103031
Kaffivél fyrir malað kaffi. 2 bollar fylgja með.
3.990 kr.

Vnr. 42378856
MELISSA brauðrist.
1.990 kr.

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is

Vnr. 42374683
MELISSA töfrasproti, hvítur.
1.990 kr.

Vnr. 41120762
Glös, 4 stk.
690 kr.

Vnr. 41119004
Panna með loki, 28 cm.
3.990 kr.

Vnr. 65103242
Eldhúsvog með 1,2 l skál.
2.990 kr.

SILIKONFORM

Vnr. 41120713
Kökuform pudding, rautt eða svart.
1.590 kr.

Vnr. 50006004
ABC duftslökkvitæki með mæli og bílfestingu, 2 kg.
4.890 kr.

Vnr. 50006013
Eldvarnarteppi, 1x1 l.
2.990 kr.

ÖRUGGARA HEIMILI!

Vnr. 50005035
Jóníkur reykskynjari, 9V rafhlaða fylgir, 14x12 cm, með prufuhnapp og gaumljósi.
995 kr.

Vnr. 50005926
Gasskynjari 230V F911
7.490 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Ráðstefna um stjórnun klasa

Cluster Excellence: Strategy and Steps for Development

Miðvikudag 2. október á Grand hótel Reykjavík

Rannís efnir til ráðstefnu um stjórnun klasa í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannsóknasetur um stefnu og samkeppnishæfni við HÍ. Ráðstefnan fer fram á ensku.

Ráðstefnustjóri: Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

DAGSKRÁ

8:00 **Skráning og kaffi**

8:30 **Opnunarávarp**
Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra

08:40 **Cluster Excellence: Strategy and Steps for Development**
Runólfur Smári Steinþórsson, Rannsóknasetri um stefnu og samkeppnishæfni við Háskóla Íslands

09:00 **Icelandic Cluster Management and Future of Clusters**
Hákon Gunnarsson, Íslenska jarðvarmaklasanum

09:15 **Management with Cluster Excellence: How to Design a Competitive Strategy for Clusters?**
Ekin Taskin, Director, Aegean Exporters' Associations

09:30 **Cluster Programmes in Iceland, Experience and Support**
Hannes Ottósson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

09:45 **Kaffihlé**

10:05 **Cluster Activities and Output**
Aylin Gel, Cluster manager of ESSIAD-Association of the Aegean Industrialists and Businessmen of Refrigeration

10:35 **Cluster in Renewable Energy**
Bartłomiej Piotrowski, Subcarpathian Renewable Energy Cluster

11:00 **Cluster Policy in Iceland, the way ahead**
Elvar Knútur Valsson, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

11:15 **Afhending "Bronze Label of the European Cluster Excellence Initiative" Viðurkenning til íslenskra klasastjóra fyrir árangur**
Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

11:35 **The Strengths and Weaknesses of Icelandic Clusters**
Þorvaldur Finnbjörnsson, Rannís

11:50 **Spurningar og umræða**

Ráðstefnan er öllum opin og án endurgjalds. Áhugasamir skrái sig á rannis@rannis.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands · Háskóli Íslands · rannís www.rannis.is



Reykjavík International Film Festival 26. SEPT. - 6. OKT. 2013

Endurtekið efni

BÍÓ ★★☆☆☆

Svona er Sanlitun / This Is Sanlitun
Leikstjóri: Róbert I. Douglas
Leikarar: Carlos Ottery, Christopher Loton, Ai Wan
RIFF-HÁTÍÐIN

Gary er enskur undirmálsmaður sem flyst búferlum til Kína til að vera nálægt fyrrverandi eiginkonu sinni og syni. Frank er hrokafullur lygalaupur sem hefur búið þar lengi og tekur Gary undir verndarvæng sinn. Barnsmóðirin á erfitt með að treysta Gary, vill sem minnst af honum vita og fundir feðganna enda flestir með ósköpum.

Svona er Sanlitun er fjórða mynd leikstjórans Róberts Douglas en hans fyrsta, Íslenski draumurinn frá árinu 2000, er líklega mín uppáhalds íslenska kvikmynd. Hér er bakað eftir sömu uppskrift en eitthvað hefur klúðrast í ofninum.

Aðalleikarinn er ágætur og myndin er nokkuð áferðarfalleg en á köflum leiddist mér hreinlega. Vandamálið tel ég að liggi í handritinu. Húmorinn er of ýktur og hið lágstemmda ekki nógu áhugavert. Í Íslenska draumnum var vandræðagangurinn drepfyndinn og hádramatískur á víxl. Hér er hann hvorki né. **Haukur Viðar Alfreðsson**

NIÐURSTAÐA: Douglas hefur gert þetta áður og mun betur.

THIS IS SANLITUN Kvikmynd Róberts I. Douglas er áferðarfalleg en húmorinn of ýktur.

Togstreita á milli bræðra

BÍÓ ★★★☆☆

Mistaken for Strangers
Leikstjóri: Tom Berninger
RIFF-HÁTÍÐIN

Leikstjóri Mistaken for Strangers, Tom Berninger, er yngri bróðir Matts Berninger, söngvara bandarísku hljómsveitarinnar The National. Í byrjun myndarinnar, árið 2010, er The National á leið í sitt stærsta tónleikaferðalag til þessa. Söngvarinn ákveður af góðmennsku sinni að ráða litla bróður sem aðstoðarmann sveitarinnar á ferðalaginu og notar hann tækifærið og gerir heimildarmynd í leiðinni. Í myndinni skyggnist Tom á bak við tjöldin hjá þessari vinsælu rokksveit en fyrst og fremst fjallar hún um samband hans við hinn fræga bróður sinn. Matt er sá sem hefur náð langt í lífinu en Tom er kærulaus letingi sem hefur áorkað litlu sem engu.

Gaman er að fylgjast með samskiptum þeirra og greinilegt að litli bróðir á frekar erfitt með að sætta sig við hlutskipti sitt. Þó að myndin risti ekki djúpt er hún áhugaverð og gefur manni ágæta innsýn inn í lífið á tónleikaferðalögum og togstreitu á milli tveggja ólíkra bræðra.

Freyr Bjarnason

NIÐURSTAÐA: Áhugaverð mynd sem gefur góða innsýn inn í lífið á tónleikaferðalögum og togstreituna á milli tveggja bræðra.

MISTAKEN FOR STRANGERS Heimildarmyndin Mistaken for Strangers fjallar um samband Berninger-bræðranna.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK |

ALICIA Svefnsófi

KOMINN AFTUR Í HÖLLINA

AÐEINS 10.514 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

119.990
FULLT VERÐ: 139.990

ALICIA Svefnsófi B 163 D 83 H 78 cm. Dýnustærð 130x199 cm.
Litir: Rautt, dökkgrátt, grænt, svart, ljósgrátt og rósótt slitsterkt áklæði.

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 &
Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18, laugard. 11-16, sunnud. LOKAÐ EITT SÍMANÚMER 558 1100

SIGURINN KOM Á ÓVART Hafþór Valsson er aðeins 17 ára og er fyrsti strákurinn til að sigra í Elite Model Look-keppninni á Íslandi.

EFNILEG Berglind Pétursdóttir sigraði einnig í keppninni í gærkvöldi en hún er á leið til Kína á næstunni.

Kringluferð endaði í fyrirsætukeppni

Hafþór Valsson fór í Kringluna að fá sér pitsu og varð fyrsti karlkyns sigurvegari Elite Model Look.

„Ég er enn þá alveg í sjokki. Þetta er svo ótrúlegt. Ég vaknaði klukkan átta í morgun [í gær] og hef ekkert getað sofið síðan," segir hinn 17 ára gamli Vestmannaeyingur Hafþór Valsson sem ekki er kominn niður á jörðina eftir atburði fimmtudagsins. Hafþór bar sigur úr býtum á Elite Model Look-keppninni í gærkvöldi ásamt Berglindi Pétursdóttur.

Keppnina segir hann hafa verið ákaflega góða upplifun en að aðdragandinn að sigrinum hafi verið skondinn.

„Ég var bara að fara í Kringluna að fá mér Dominos og kaupa mér jakka en var þá píndur af vini mínum að skrá mig í keppnina. Mér datt ekki í hug þegar ég fór til Reykjavíkur að ég myndi enda sem Elite-kappi."

Í ár fengu strákar í fyrsta sinn að taka þátt í keppninni en yfir 300 manns mættu í prufur. Alls voru tólf strákar og jafn margar stúlkur valin til að taka þátt í úrslitakeppninni. Hafþór stundar nám við framhaldsskólann í Vestmannaeyjum en segist nú fljótlega vera á leið til London til þess að reyna fyrir sér í bransanum og vonandi næla sér í samning. „Ég hef aldrei hafa áður sinnt módelstörfum en ætli maður reyni ekki fyrir sér í þessu," segir Hafþór glaður í bragði.

- mmm

DAGSKRÁ 26.9–6.10 2013 ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK Í TÍU ÁR **RIFF** HÁSKÓLABÍÓ – TJARNARBÍÓ – NORRÆNA HÚSIÐ www.riff.is Reykjavík International Film Festival 10

LAUGARDAGUR - 28. SEPTEMBER

TÍMI	STAÐUR	MYND
13.00	Tjarnarbíó	Leiðangur á enda veraldar
14.00	Norræna húsið	Indverskt sumar
	Háskolabíó 4	Saga af börnum og kvikmyndum
	Háskólabíó 1	Bjartir dagar framundan
	Háskólabíó 2	Árans Åmål
	Háskólabíó 3	Mannauður
15.00	Tjarnarbíó	Íslenskar stuttmyndir 2 **Q&A**
16.00	Norræna húsið	Hvarfpunktur
	Háskólabíó 4	Ást, Marilyn
	Háskólabíó 1	Stund gaupunnar **Q&A**
	Háskólabíó 2	Gámur
	Háskólabíó 3	Litla Odessa
18.00	Tjarnarbíó	Ég er að anda
	Norræna húsið	Framtíðin ástin mín
	Háskólabíó 4	Þegar kvölda tekur í Búkarest eða efnaskipti
	Háskólabíó 2	Búðin **Q&A**
	Háskólabíó 3	Nakin Lulu
18.15	Háskólabíó 1	Við erum bestar! **Q&A**
19.30	Tjarnarbíó	EBM GMG
20.00	Norræna húsið	Grimmur grænn eldur:...
	Háskólabíó 4	Hjálpræðisherinn **Q&A**
	Laugardalslaug	Sundbíó: Airplane
	Háskólabíó 2	Rauð þráhyggja
20.30	Háskólabíó 3	Slysaskot **Q&A**
21.15	Tjarnarbíó	Fljót breytir um stefnu
22.00	Háskólabíó 2	Kaldavatn
22.15	Norræna húsið	SRF FLB: **Q&A**
	Háskólabíó 3	Til suðurs
22.30	Háskólabíó 4	Gráðugir ljúgandi bastarðar
00.00	Háskólabíó 1	Við erum það sem við erum
	Háskólabíó 2	Kynlíf, eiturlyf og skattar
	Háskólabíó 3	Ungfrú Ofbeldi
	Háskólabíó 4	Ríki 194

SUNNUDAGUR - 29. SEPTEMBER

TÍMI	STAÐUR	MYND
13.00	Tjarnarbíó	Tveir elskhugar
14.00	Norræna húsið	Stuttmyndir fyrir börn **ÓKEYPIS**
	Háskólabíó 4	Peter Brook-Línudans
15.00	Tjarnarbíó	Vélin sem lætur allt hverfa
	Háskólabíó 1	September
	Háskólabíó 3	Landfræðingurinn sem drakk burtu hnöttinn sinn
16.00	Norræna húsið	Álöldin
	Háskólabíó 4	Enzo Avitabile, tónlistarlíf
17.00	Tjarnarbíó	Valentínusarvegur
	Háskólabíó 1	Innflytjandinn
	Háskólabíó 2	Við erum bestar
17.30	Háskólabíó 3	Nestisboxið
18.00	Norræna húsið	Virðast ókunnugir
	Háskólabíó 4	Betlehem
19.00	Tjarnarbíó	Íslenskar stuttmyndir 3 **Q&A**
	Háskólabíó 1	Aðeins elskendur eftirlifandi
	Háskólabíó 2	Frjálst fall
	Háskólabíó 3	Týnda myndin
20.00	Norræna húsið	Mitt Afganistan - lífið innan bannsvæðisins
	Háskólabíó	Slysaskot **Q&A**
		Bíó hjá Hrafni Gunnlaugssyni
21.00	Háskólabíó 2	Snertur af synd
21.15	Háskólabíó 1	Aska **Q&A**
	Háskólabíó 3	Hljóðbrjótur
22.00	Norræna húsið	Æska til spillis
	Háskólabíó 4	Sóðaleg stríð
23.30	Haskólabíó 1	Ungfrú Ofbeldi
	Háskólabíó 2	Kyrralífsmynd

RÚV DHL WOW air Síminn Reykjavík Media

freebird

Haust / Vetur / 2013

Þetta er aðeins brot af fallegu og rómantísku haust 2013. Íslensk hönnun.

Freebird, Laugavegi 46 s:571-8383
WWW.FREEBIRDCLOTHES.COM

Kiana / 19.990

Vera / 19.990

Viper / 48.990

Biana / 18.990

Leona / 26.990

Mia / 79.990

Nana / 17.990

Figa / 18.990

Skipt um skoðun

BAKÞANKAR
Karenar Kjartansdóttur

JÓN GNARR fór óskaplega í taugarnar á mér þegar hann tilkynnti fyrst að hann vildi verða borgarstjóri. Mér fannst enginn tími fyrir grín rétt eftir hrun og vildi helst að samansúrraðir nirflar og íhaldsmenn tækju við stjórnartaumum næstu áratugi. Jón byrjaði svo feril sinn á að segja okkur sem bjuggum á Melunum að borga hærra gjald en aðrir borgarbúar fyrir að láta tæma ruslaföturnar okkar. Pirringurinn svall í æðum mér. Ég varpaði öndinni léttar stuttu síðar, ástæðan var ekki að ég væri komin í Garðabæ og því komin undan stjórn Jóns heldur að ég áttaði mig á að ég hafði haft rangt fyrir mér.

ÍMYND mín af góðum borgarstjóra var af eins konar ofurembættismanni. Sjarmerandi manneskju, með ofurskilning á fjármálum, djúpa þekkingu á bókmenntum og sögu sem aldrei léti hanka sig á nokkrum hlut. Jón Gnarr var ekki þannig manneskja – eiginlega bara allt öðruvísi.

JÓN virðist aldrei vita neitt um tölur, svarar ekki andstæðingum með sniðugu stærilæti og það er auðvelt að reka hann á gat. Það voru samt hann og uppreisnarafliið Besti flokkurinn sem komu á friði í borginni eftir margra ára erjur og bruðl. Jón leggur línurnar en lætur þá sem betur kunna til verka framkvæma og höfðar til þess góða í fólki en æsir það ekki upp með skætingi. Vissulega grunar mig að hann glími við Jesúkomplexa en það er svo sem flott að vilja líkjast honum. Jesú töffari, líklega bara anarkisti, sem sendi ríkjandi öflum fingurinn, beitti ekki ofbeldi heldur hlýju og talaði fyrir réttindum þjóðfélagshópa sem litið var niður á.

GOTT dæmi um sniðugheit borgarinnar undir stjórn Jóns er gangbraut í regnbogalitum við Laugardalshöll þar sem andstæðingur réttinda samkynhneigðra flytur fyrirlestur á trúarhátíð um helgina. Ég vil að trúuðum sé sýnd virðing sem öðrum en mannfyrirlitning er aldrei réttlætanleg. Hefði Jesú verið borgarstjóri hefði hann líklega brugðist eins við svona trúarsamkomu.

SAMBÍÓIN

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

FERSKASTA MYND ÁRSINS
everyone loves a happy ending
DON JON
ÖGRANDI KOMÍDÍA EINS OG ÞÆR GERAST BESTAR

MARK STRONG OG JAMES MCAVOY Í FLOTTRI SPENNUMYND
A KNOCK-OUT ACTION MOVIE
EMPIRE
FRÁ FRAM LEIÐANDANUM RIDLEY SCOTT
PUNCH

"HRESSASTA, LÍFLEGASTA OG LITRÍKASTA FJÖLSKYLDUMYNDIN SEM ÞÚ FINNUR Á ÞESSU ÁRI. BETRI EN FYRRI."
AULINN ÉG 2
T.V. - BÍÓVEFURINN/S&H

"EIN SÚ SVALASTA ÁR."
RIDDICK

Á TOPPNUM Í USA 3 VIKUR Í RÖÐ
BUTLER

Disney FLUGVÉLAR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D OG 3D

PARANOIA

THE CONJURING

ÁLFABAKKA
DON JON kl. 5:50 - 8 - 10:10
DON JON VIP kl. 3:40 - 8
WELCOME TO THE PUNCH kl. 5:50 - 8 - 10:10
WELCOME TO THE PUNCH VIP kl. 5:50 - 10:10
RIDDICK kl. 8 - 10:30
PARANOIA kl. 8
AULINN ÉG ÍSL.TAL 3D kl. 1:30 - 3:40 - 5:50
AULINN ÉG ÍSL.TAL 2D kl. 2 - 4 - 6
AULINN ÉG ENSTAL 2D kl. 1:30 - 5:50
THE CONJURING kl. 10:20
FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 3D kl. 1:30 - 3:40
FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D kl. 1:30 - 3:40
WE'RE THE MILLERS kl. 8 - 10:30
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL.TAL 2D kl. 3:40

KEFLAVÍK
DON JON kl. 8 - 10
THE BUTLERS kl. 5
RUNNER RUNNER kl. 8
WELCOME TO THE PUNCH kl. 10
AULINN ÉG 2 ÍSL.TAL 3D kl. 1:30 - 3:40
AULINN ÉG 2 ENSTAL 2D kl. 5:50
FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D kl. 2

EGILSHÖLL
DON JON kl. 5:50 - 8 - 10:10
WELCOME TO THE PUNCH kl. 8 - 10:20
RIDDICK kl. 5:30 - 8 - 10:30
THE BUTLER kl. 5:20 - 8
AULINN ÉG ÍSL.TAL 3D kl. 1:30 - 3:40
AULINN ÉG ÍSL.TAL 2D kl. 1 - 3:10 - 5:50
FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D kl. 1 - 3:10
THE CONJURING kl. 10:40
CITY OF BONES kl. 3:10
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL.TAL 2D kl. 1

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
DON JON kl. 5:50 - 8 - 10:40
WELCOME TO THE PUNCH kl. 10:30
THE BUTLER kl. 2 - 5 - 8 - 10:10
CITY OF BONES kl. 8
FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 3D kl. 1:30 - 3:40 - 5:50
FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D kl. 1:30 - 3:40

AKUREYRI
DON JON kl. 6 - 8
WELCOME TO THE PUNCH kl. 10:10
RIDDICK kl. 10:40
THE BUTLER kl. 8
CITY OF BONES kl. 5:30
FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 3D kl. 2 - 4
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL.TAL 2D kl. 2

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna
EVRÓPSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ
EUROPEAN FILM FESTIVAL ICELAND
19 - 29 SEPTEMBER 2013

BÍÓ PARADÍS & EVRÓPUSTOFA
þakka fyrir frábærar viðtökur á Evrópskri kvikmyndahátíð.

Hátíðinni lýkur Sunnudaginn 29. sept. með sýningu á **BURNING BUSH**, *röð þriggja þátta eftir hína pólsku leikstýru AGNIESZKU HOLLAND.*

Vegna fjölda áskoranna halda vinsælustu kvikmyndir hátíðarinnar áfram í sýningum í Bíó Paradís, en það eru eftirtaldar kvikmyndir:

LA GRANDE BELLEZZA, OH BOY & CHILDS POSE

Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB
Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS

SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

RUNNER RUNNER
LÚXUS
RIDDICK

L
LÚXUS
T.V. - BÍÓVEF.
AULINN ÉG 2

Hross í oss
"SKEMMTILEGASTA ÍSLENSKA KVIKMYND SEM ÉG HEF SÉÐ LENGI!"
- BERGSTEINN SIGURÐSSON, DJÓLAEYJAN RUV
„MENNINGARLEGT AFREK!"
★★★★
-S.G., MBL

Blue Jasmine
Woody Allen
★★★★½
„STERK MYND SEM SPYR ÁLEITINNA SPURNINGA"
-S.B.H., MBL
"EIN BESTA MYND ÁRSINS!"
- T.V., BÍÓVEFURINN/S&H

SMÁRABÍÓ *LAUGARDAGUR **SUNNUDAGUR 5%
RUNNER RUNNER kl. 5.45 - 8 - 10.35
RUNNER RUNNER LÚXUS kl. 1** 3.30 - 5.45 - 8 - 10.35
RIDDICK kl. 8 - 10.35
HROSS Í OSS kl. 4 - 6 - 8
AULINN ÉG 2 2D kl. 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.45
AULINN ÉG 2 3D kl. 1 (TILBOÐ) 3.20*
MALAVITA kl. 8
BLUE JASMIN kl. 5.45
THIS IS US 3D kl. 3.20
ELYSIUM kl. 10.25
PERCY JACKSON kl. 1 (TILBOÐ)
2 GUNS kl. 10.15
STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL kl. 1 (TILBOÐ)

HÁSKÓLABÍÓ 5%
RIFF Í HÁSKÓLABÍÓ
UPPLÝSINGAR UM SÝNINGARTÍMA Á RIFF.IS

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS
RUNNER RUNNER kl. 6 - 8 - 10 / DIANA kl. 8
THIS IS US 3D kl. 4 / MALAVITA kl. 10
AULINN ÉG 2 2D kl. 2 / AULINN ÉG 2 3D kl. 4 - 6
STRUMPARNIR 2 2D kl. 2

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075 5%
ÍSL OG ENS TAL
AULINN ÉG 2
FORSÝNING
about Time
DIANA
MALAVITA

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Laugardagur	Sunnudagur	
RUNNER RUNNER	6, 8, 10.10	6, 8, 10	12
DIANA	8	8, 10.30	12
AULINN ÉG 2 - ÍSL	1.50, 4 3D	1.50, 4 3D	L
AULINN ÉG 2 - ÍSL	1.50, 4, 6 2D	1.50, 4, 6 2D	L
DESPICABLE ME 2 - ENS	1.50, 4, 6, 8 2D	1.50, 4, 6, 8 2D	L
MALAVITA	10.20	10.10	16
ABOUT TIME	10 - FORSÝNING		10

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
SÝND Í 2D OG 3D
TILBOÐ KL. 1.50
ÍSL OG ENSTAL
AULINN ÉG 2
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBÍÓIN
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D
AULINN ÉG 2
FLUGVÉLAR
Svali
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D OG 3D
SPARBÍÓ

KL. 13 SMÁRABÍÓ Í 2D OG 3D
AULINN ÉG 2

TILBOÐ Í SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
BÚIÐ YKKUR UNDIR ÓÞEKKTIR!
2D
STRUMPARNIR 2
KL. 13 SMÁRABÍÓ

BÍÓ ★ PARADÍS
AÐEINS 1 SÝNING
BURNING BUSH (14)
ALLIR ÞRÍR HLUTAR SAMAN MEÐ EINU HLÉI - 3X80 MÍN.
29/09 : 16.00
LEIKSTJÓRASPJALL MEÐ AGNIESZKU HOLLAND Í UMSJÓN ÞÓRU TÓMASDÓTTUR
EUROPA CINEMAS Evrópustofa ÍSLANDS
SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

SNJALLSJÓNVARP FRÁ

Panasonic

Panasonic TXL42E6

GLÆSILEG HÖNNUN

Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+

169.990

Framúrskarandi myndgæði
100Hz Backlight Blinking tryggir flöktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfinnanlega.

Viera Connect WiFi snjallsjónvarp
Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen" getur notandinn aðlagað að sínum þörfum hvað birtist á skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.

„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an atrractively slim design" cnet – Editors choice

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner Panasonic

Fá FH-ingar verðlaun ellefta sumarið í röð?

FH og Stjarnan spila í dag úrslitaleik um annað sæti Pepsi-deildar karla þegar liðin mætast á Kaplakrikavelli klukkan 14.00 en lokaumferðin fer öll fram á sama tíma. FH hefur verið í efstu tveimur sætum deildarinnar undanfarin tíu ár (sex sinnum Íslandsmeistari og fjórum sinnum í 2. sæti) eða frá og með árinu 2003. Freyr Bjarnason, sem lék 200. leik sinn fyrir FH um síðustu helgi, er eini leikmaðurinn sem hefur unnið öll þessi verðlaun. FH er með eins stigs forskot á Stjörnuna og nægir því jafntefli. Bæði liðin hafa tryggt sér þátttökurétt í Evrópukeppninni. Aðrir leikir dagsins eru: ÍBV-Þór, Breiðablik-Keflavík, ÍA-Fylkir, KR-Fram og Víkingur Ó-Valur.

Lundúnaslagur og van Persie snýr aftur

FÓTBOLTI Andre Villas-Boas, stjóri Tottenham, jók spennuna fyrir viðureign liðsins gegn grönnunum Chelsea á fundi með blaðamönnum. Portúgalinn sagði samband sitt við Jose Mourinho, kollega og landa hjá Chelsea, ekki lengur náið. Villas-Boas var hægri hönd Mourinhos í velgengninni hjá Porto, Chelsea og Inter.

„Samband okkar var frábært bæði faglega og persónulega en svo er ekki lengur," sagði Villas-Boas. Hann sagðist þó ekki missa svefn yfir því. Spurður um samband þjálfaranna sagði Mourinho það ekki koma neinum við nema þeim tveimur.

Stuðningsmenn Manchester United geta tekið gleði sína á nýjan leik því Robin van Persie er mættur aftur eftir fjarveru vegna meiðsla. David Moyes, stjóri United, staðfesti að Hollendingurinn myndi koma við sögu. Skotinn fékk uppreisn æru með deildarbikarsigri á Liverpool í vikunni.

Mesut Özil gæti lagt upp mark fyrir Arsenal þriðja deildarleikinn í röð eða opnað markareikninginn í heimsókn til Wales. Lærisveinar Michaels Laudrup eru særðir eftir tap gegn b-deildarliði Birmingham í deildarbikarnum en fjölmargir sterkir leikmenn voru hvíldir. - ktd

HEITUR Gylfi Þór Sigurðsson kemur vafalítið við sögu hjá Spurs eftir mörkin tvö gegn Norwich í síðustu umferð.

NORDICPHOTOS/GETTY

Keflavík og KR í úrslitaleikinn

KÖRFUBOLTI Keflavík og KR tryggðu sér sæti í úrslitaleik Lengjubikars karla þegar liðin unnu undanúrslitaleiki sína í Ljónagryfjunni í Njarðvík í gærkvöldi.

Keflavík burstaði Snæfell, 96-70, þar sem liðið var komið með 20 stiga forskot í fyrsta leikhlutanum og eftir það var aldrei spenna í þeim leik.

KR vann sex stiga sigur á Grindavík, 76-70, eftir að hafa unnið lokakafla leiksins 15-4. KR missti niður tíu stiga forskot í 3. leikhluta en kláraði leikinn vel.

Úrslitaleikirnir í Lengjubikarnum fara báðir fram í Ljónagryfjunni á sunnudagskvöldið. Haukar og Valur mætast í kvennaleiknum klukkan 17.00 en karlaleikurinn hefst síðan klukkan 19.15. - óój

SPORT HD

10.00 Æfing, Singapúr-kappaksturinn
Sport
Laugardagur
11.45 Tottenham - Chelsea
Sport 2
14.00 KR - Fram
Sport
14.00 Man. Utd - West Brom
Sport 2
14.00 Fulham - Cardiff
Sport 3
14.00 Aston Villa - Man. City
Sport 4
14.00 Hull - West Ham
Sport 5
14.00 Southampton - Crystal Palace
Sport 6
16.00 Pepsi mörkin
Sport
16.30 Swansea - Arsenal
Sport 2
20.00 Real Madrid - Atletico Madrid
Sport
00.30 Adonis Stevenson - Tavoris Cloud
Sport
Sunnudagur
12.30 Stoke - Norwich
Sport 2
15.00 Sunderland - Liverpool
Sport 2
15.15 Flensburg - Füchse Berlin
Sport

MARKAHÆSTU LEIKMENN PEPSI-DEILDAR KARLA FYRIR LOKAUMFERÐINA Í DAG

12 MÖRK

Viðar Örn Kjartansson

22 ára framherji Fylkis
21 leikur/1.887 mínútur

SKÓR Í SKÁPNUM ENGINN

HITASTIGIÐ
3 MÖRK Í SÍÐUSTU 4 LEIKJUM

MÖRK Í FYRRI LEIKNUM
0 MÖRK Á 90 MÍNÚTUM Á MÓTI ÍA (HEIMA)

12 MÖRK

Gary John Martin

22 ára framherji KR
21 leikur/1.678 mínútur

SKÓR Í SKÁPNUM ENGINN

HITASTIGIÐ
5 MÖRK Í SÍÐUSTU 4 LEIKJUM

MÖRK Í FYRRI LEIKNUM
0 MÖRK Á 90 MÍNÚTUM Á MÓTI FRAM (ÚTI)

11 MÖRK

Atli Viðar Björnsson

33 ára framherji FH
18 leikir/1.044 mínútur

SKÓR Í SKÁPNUM
TVEIR SILFURSKÓR, EINN BRONSSKÓR

HITASTIGIÐ
5 MÖRK Í SÍÐUSTU 4 LEIKJUM

MÖRK Í FYRRI LEIKNUM
0 MÖRK Á 17 MÍNÚTUM Á MÓTI STJÖRNUNNI (ÚTI)

10 MÖRK

Hólmbert Aron Friðjónsson

20 ára framherji Fram
20 leikir/1.599 mínútur

SKÓR Í SKÁPNUM ENGINN

HITASTIGIÐ
1 MARK Í SÍÐUSTU 5 LEIKJUM

MÖRK Í FYRRI LEIKNUM
1 MARK Á 90 MÍNÚTUM Á MÓTI KR (HEIMA)

LEIKMENN MEÐ 9 MÖRK **CHUKWUDI CHIJINDU** 27 ára í Þór, 17 leikir/1.321 mínúta. **HÖRÐUR SVEINSSON** 30 ára í Keflavík, 20 leikir/1.537 mínútur. **HALLDÓR ORRI BJÖRNSSON** 26 ára í Stjörnunni, 20 leikir/1.800 mínútur. **BJÖRN DANÍEL SVERRISSON (Í BANNI Í DAG)** 23 ára í FH,21 leikur/1.875 mínútur.

Hver þeirra fær gullskóinn?

Lokaumferð Pepsi-deildar karla fer fram í dag. Úrslitin eru ráðin á toppi og botni en það er enn mikil spenna í baráttunni um markakóngstitilinn. Atli Viðar Björnsson á möguleika á að fullkomna skósafnið sitt.

FÓTBOLTI KR-ingar eru Íslandsmeistarar, Víkingur og ÍA eru fallin í 1. deild og bæði FH og Stjarnan hafa tryggt sér sæti í Evrópukeppninni að ári. Það er því ekki mikið undir hjá liðunum í lokaumferð Pepsi-deildar karla en markahæstu mennirnir eru aftur á móti ekki búnir að segja sitt síðasta í baráttunni um gull-, silfur- og bronsskóinn.

Fjórir leikmenn eiga raunhæfa möguleika á því að fá tilnefninguna markakóngur en Framarinn Hólmbert Aron Friðjónsson er þó ekki í sterkri stöðu enda tveimur mörkum á eftir efstu mönnum og í heimsókn hjá Íslandsmeisturum KR.

KR-ingurinn Gary Martin er markahæstur og verður alltaf hærri en Viðar Örn Kjartansson verði þeir jafnir því Englendingurinn hefur spilað í mun færri mínútur. Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, hefur tekið hann fjórtán sinnum út af í sumar, sem kemur sér vel núna. Viðar hefur aðeins verið tekinn einu sinni út af og það á 87. mínútu.

Gary Martin hefur verið sjóðheitur enda með fimm mörk í síðustu fjórum leikjum en Viðar Örn Kjartansson hefur skorað jafnt og þétt í allt sumar og er með þrjú mörk í síðustu fjórum leikjum.

Sá allra heitasti í deildinni síðustu vikurnar hefur hins vegar verið FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson, sem hefur skorað fimm mörk á síðustu 130 mínútum eða mark á 26 mínútna fresti.

Atli Viðar er einn af markahæstu leikmönnum efstu deildar frá upphafi og enginn hefur skorað fleiri mörk fyrir FH í efstu deild. Atla vantar hins vegar gullskóinn til að fullkomna safnið. Hann fékk silfurskóinn 2009 og 2011 og bronsskóinn 2010. Atli Viðar missti af gullskónum fyrir fjórum árum þrátt fyrir að vera með þriggja marka forskot fyrir lokaumferðina því KR-ingurinn Björgólfur Takefusa skoraði fimm mörk í lokaumferðinni. Sumarið 2010 skoraði Atli Viðar jafnmörg mörk og þeir markahæstu en lék þá fleiri leiki.

Hér á síðunni eru upplýsingar um markahæstu leikmenn deildarinnar en þar er hægt að sjá tölur yfir leiki og spilaðar mínútur í sumar en það eru einmitt þær tölur sem ráða röðinni skori leikmenn jafnmörg mörk.

ooj@frettabladid.is

SILO svefnsófi með tungu

Nú aðeins kr. 119.900
Fullt verð 139.900

NÚ MEÐ 20.000 kr. AFSLÆTTI

Stærð: 228 x 162 cm
H. 83 cm. Dökkgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna.

Holtagörðum
Pöntunarsími 512 6800

DORMA

DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI
Dalsbraut 1 á Akureyri og í Reykjavík

OPIÐ: VIRKA DAGA FRÁ KL. 10.00-18.00 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 11.00-17.00

REIMAR Á SIG SKOTSKÓNA Það hefur bara einn leikmaður skorað fleiri mörk fyrir eitt lið en Atli Viðar, sem hefur skorað 88 mörk fyrir FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Atli Viðar inn í klúbbinn

FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson varð um síðustu helgi sjöundi leikmaðurinn sem nær að eiga fimm tíu marka tímabil í efstu deild á Íslandi.

FÓTBOLTI Aðalmælikvarðinn á frammistöðu framherja í íslensku deildinni hefur ávallt verið miðaður við það hvort þeir nái tíu mörkum á sumri. 158 sinnum hafa leikmenn náð að brjóta tíu marka múrinn frá því að deildaskipting var tekin upp árið 1955 en það eru bara sjö kappar sem hafa náð þessu höfuðmarkmiði fimm sinnum.

Sjöundi félaginn bættist í klúbbinn um síðustu helgi þegar Atli Viðar Björnsson skoraði sitt 10. og 11. mark í Pepsi-deildinni í sumar. Hann var þá að ná fimmta tíu marka tímabili sínu á sex árum og það þrátt fyrir að missa af talsverðum hluta tímabilsins vegna meiðsla.

Matthías Hallgrímsson var stofnmeðlimur klúbbsins þegar hann skoraði fimmtán mörk á sínu fyrsta ári með Val sumarið 1980 en kappinn hafði þá áður átt fjögur tíu marka tímabil með Skagamönnum.

Sigurlás Þorleifsson bættist í hópinn tveimur árum síðar og ári síðar varð Ingi Björn Albertsson þriðji meðlimurinn. Guðmundur Steinsson komst í klúbbinn 1990 og varð síðan sá fyrsti til að ná sex tíu marka tímabilum ári síðar. Hörður Magnússon (1994) og Tryggvi Guðmundsson (2008) voru þeir einu sem höfðu komist í klúbbinn á síðustu 22 árum.

Atli Viðar setti met á árunum 2008 til 2011 þegar hann varð sá fyrsti til að rjúfa tíu marka múrinn fjögur sumur í röð en alls skoraði Atli Viðar 52 mörk á þessum fjórum tímabilum.

Atli Viðar náði aðeins að spila tíu leiki í fyrra og hefur verið að glíma við meiðsli í sumar alveg eins og þá. Endasprettur hans hefur hins vegar verið magnaður. Hann hefur skorað fimm mörk í síðustu fjórum leikjum og það þrátt fyrir að byrja aðeins einn þeirra.

Atli Viðar varð á sunnudaginn sjötti elsti maðurinn sem nær því að brjóta tíu marka múrinn en aðeins þeir Tryggvi Guðmundsson (tvisvar sinnum, ÍBV 2011 og FH 2008), Atli Eðvaldsson (KR 1991), Jónas Grani Garðarsson (Fram 2007) og Helgi Sigurðsson sem voru eldri.

Tryggvi Guðmundsson, markahæsti leikmaður efstu deildar, skoraði 41 mark eftir að hann komst á sama aldur og Atli Viðar er nú. Þeir voru sem sagt með jafnmörg mörk á þessum tímapunkti á ferli sínum. Hvort Atli Viðar komist í hundrað marka klúbbinn er önnur saga.

ooj@frettabladid.is

5 x 10 marka klúbburinn

GUÐMUNDUR STEINSSON - 6 TÍMABIL
Fram, 1984 - 10 mörk
Fram, 1985 - 10 mörk
Fram, 1986 - 10 mörk
Fram, 1988 - 12 mörk
Fram, 1990 - 10 mörk
Víkingur, 1991 - 13 mörk

TRYGGVI GUÐMUNDSSON - 6 TÍMABIL
ÍBV, 1993 - 12 mörk
ÍBV, 1995 - 14 mörk
ÍBV, 1997 - 19 mörk
FH, 2005 - 16 mörk
FH, 2008 - 12 mörk
ÍBV, 2011 - 10 mörk

ATLI VIÐAR BJÖRNSSON - 5 TÍMABIL
FH, 2008 - 11 mörk
FH, 2009 - 14 mörk
FH, 2010 - 14 mörk
FH, 2011 - 13 mörk
FH, 2013 - 11 mörk

HÖRÐUR MAGNÚSSON - 5 TÍMABIL
FH, 1989 - 12 mörk
FH, 1990 - 13 mörk
FH, 1991 - 13 mörk
FH, 1993 - 13 mörk
FH, 1994 - 10 mörk

SIGURLÁS PORLEIFSSON - 5 TÍMABIL
ÍBV, 1977 - 12 mörk
ÍBV, 1978 - 10 mörk
Víkingur, 1979 - 10 mörk
ÍBV, 1981 - 12 mörk
ÍBV, 1982 - 10 mörk

INGI BJÖRN ALBERTSSON - 5 TÍMABIL
Valur, 1972 - 11 mörk
Valur, 1976 - 16 mörk
Valur, 1977 - 15 mörk
Valur, 1978 - 15 mörk
Valur, 1983 - 14 mörk

MATTHÍAS HALLGRÍMSS. - 5 TÍMABIL
ÍA, 1971 - 11 mörk
ÍA, 1973 - 12 mörk
ÍA, 1975 - 10 mörk
ÍA, 1978 - 11 mörk
Valur, 1980 - 15 mörk

DAGSKRÁ

SUNNUDAGUR

Stöð 2 kl. 21.40

Boardwalk Empire

Fjórða þáttaröð af þessari marg—verðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkarlsins Nucky Thompson, sem réð lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum snemma á síðustu öld.

Í KVÖLD

Ísþjóðin

SJÓNVARPIÐ KL. 19.40 Páttaröð um ungt og áhugavert fólk. Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti hefur heldur betur slegið í gegn. Plata hans Dýrð í dauðaþögn er að koma út á ensku í Bandaríkjunum og Evrópu og því annasamir tímar fram undan.

Law & Order

SKJÁR EINN KL. 21.15 Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York-borg.

The Amazing Race

STÖÐ 3 KL. 19.00 Skemmtileg keppni þar sem nokkur tveggja manna lið eru í kapphlaupi um heiminn. Liðin heimsækja 30 borgir í fjórum heimsálfum og dramatíkin ræður ríkjum frá upphafi til enda.

Bylgjan kl. 12.20

Bjarni Ara

Bjarni Arason stendur vaktina á Bylgjunni alla sunnudaga kl. 12.20-16.00. Bjarni hefur verið í útvarpi um árabil og er einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar.

LUNDÚNASLAGUR
AF DÝRARI GERÐINNI!

André Villas-Boas og vel mannað lið Tottenham tekur á móti José Mourinho og stórskotaliði Chelsea sem er fyrir neðan Tottenham á töflunni. En það gæti svo sannarlega breyst um helgina. Það verður allt lagt í sölurnar, því þetta er leikurinn um London!

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

SPORT 2
enski boltinn

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Villingarnir
07.45 UKI
07.50 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Algjör Sveppi
10.10 Ben 10
10.30 Ofurhetjusérsveitin
10.50 Batman
11.35 Spaugstofan
12.00 Nágrannar
13.45 Logi í beinni
14.35 Beint frá messa
15.20 Veistu hver ég var?
16.05 Hið blómlega bú
16.45 Broadchurch *(7:8)*
17.35 60 mínútur
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.55 Sportpakkinn *(5:30)*
19.10 Næturvaktin
19.35 Sjálfstætt fólk *(4:15)* J
20.15 Ástríður *(3:10)* Nú eru liðin tvö ár frá því við skildum við Ástríði og félaga.
20.45 Broadchurch *(8:8)* Magnþrunginn spennuþáttur sem fjallar um rannsókn á láti ungs drengs.
21.40 Boardwalk Empire *(3:12)*
22.35 Al Capone and The Untouchables Einstakur heimildarþáttur um Al Capone.
23.25 The Daily Show: Global Editon
23.50 Nashville *(14:21)*
00.35 Suits
01.20 The Americans
02.10 The Untold History of The United States
03.10 Be Cool
05.05 Ástríður
05.30 Fréttir

SPORT
besta sætið

07.40 Pepsí-mörkin
10.10 Pepsí deildin
11.50 Real Madrid - Atletico Madrid
13.30 Almeria - Barcelona
15.10 Pýski handboltinn Bein útsending frá leik Flensburg og Füchse Berlin.
16.35 Samsung Unglingaeinvígið 2013
17.30 La Liga Report
18.05 Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur
18.35 Pýski handboltinn Útsending frá leik Flensburg og Füchse Berlin
19.55 Pepsí deildin
21.35 Pepsí-mörkin
00.05 Aston Villa - Tottenham

SPORT 2
enski boltinn

09.00 Swansea - Arsenal
10.40 Fulham - Cardiff
12.20 Stoke - Norwich Bein útsending
14.50 Sunderland - Liverpool Bein útsending
17.00 Man. Utd - WBA
18.40 Tottenham - Chelsea
20.20 Stoke - Norwich
22.00 Sunderland - Liverpool
23.40 Aston Villa - Man. City

INN

14.00 Frumkvöðlar **14.30** Evrópumál **15.00** Eldhús meistaranna **15.30** Græðlingur **16.00** Hrafnaþing **17.00** Stjórnarráðið **17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur ,tækni og kennsla **19.00** Veiðin og Bender **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn **22.00** Hrafnaþing **23.00** Úrsus og félagar **23.30** Eldað með Holta

STÖÐ 3

14.30 The Choice
15.15 Junior Masterchef Australia
16.05 The Great Escape
16.45 Celebrity Apprentice
18.10 It's Love, Actually *(3:10)*
18.30 Mindy Project *(3:24)*
18.50 Mad
19.00 The Amazing Race *(4:12)*
19.50 Offspring *(3:13)*
20.35 The Vampire Diaries *(4:22)*
21.20 Zero Hour *(4:13)* Spennandi þáttaröð í anda The Da Vinci Code.
22.05 Graceland *(3:13)*
22.50 Justified *(3:13)*
23.30 The Amazing Race
00.15 Offspring
01.00 The Vampire Diaries
01.40 Zero Hour
02.25 Tónlistarmyndbönd

krakkar

07.00 Könnuðurinn Dóra **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Elías **07.58** Áfram Diego, áfram! **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Hello Kitty **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Svampur Sveinsson **11.46** Elías **11.58** Áfram Diego, áfram! **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Hello Kitty **15.00** Svampur Sveinsson **15.22** Áfram Diego, áfram! **15.46** Elías **15.58** Könnuðurinn Dóra **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.56** Rasmus Klumpur **17.01** Latibær **17.25** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Hello Kitty

GULL

17.55 Strákarnir
18.25 Friends
18.45 Seinfeld
19.10 Modern Family
19.35 Two and a Half Men *(10:24)*
20.00 Viltu vinna milljón?
20.40 Nikolaj og Julie *(2:22)* Stöð 2 Gull rifjar upp þessa vinsælu dönsku þáttaröð.
21.25 Anna Pihl *(2:10)* Stöð 2 Gull rifjar upp dönsku þáttaröðina um lögreglukonuna Önnu Pihl.
22.10 Prime Suspect *(2:2)* Stöð 2 Gull rifjar upp þessa bresku og vinsælu þætti.
23.55 Men in Trees *(14:19)*
00.40 Lois and Clark *(14:22)*
01.25 Viltu vinna milljón?
02.05 Nikolaj og Julie
02.50 Anna Pihl
03.35 Prime Suspect
05.20 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

08.40 The Chronicles of Narnia: The Voyage of the Dawn Treader
10.30 Benny and Joon
12.05 The Marc Pease Experience
13.30 The Dilemma
15.20 The Chronicles of Narnia: The Voyage of the Dawn Treader
17.10 Benny and Joon
18.45 The Marc Pease Experience
20.10 The Dilemma
22.00 Contraband
23.50 The Goods: Live Hard, Sell Hard
01.20 Harry Brown
03.05 Contraband

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
10.25 Ævintýri Merlíns
11.10 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni *(4:6)*
11.40 Hljómskálinn *(4:4)*
12.10 Attenborough - 60 ár í náttúrunni – Viðkvæma Jörð *(3:3)*
13.05 Undur lífsins – Heimurinn stækkar *(3:5) (Wonders of Life)*
13.55 EBBA-verðlaunin 2013
15.30 Þursaflokkurinn og Caput Upptaka frá tónleikum Þursaflokksins og Caput í Laugardalshöll í febrúar í fyrra.
16.50 Þegar illskan brýst fram
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Poppý kisuló
17.40 Teitur
17.50 Kóalabræður
18.00 Stundin okkar
18.25 Basl er búskapur
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni *(5:6) (Ásgeir Trausti)* Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti hefur heldur betur slegið í gegn.
20.10 Útúrdúr Í þáttunum er fjallað um klassíska- og samtímatónlist í víðum skilningi.
21.00 Hálfbróðirinn *(5:8) (Halvbroren)* Norskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Lars Saabye Christensen sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir hana.
21.50 Njósnarar í Varsjá *(1:2) (Spies of Warsaw)*
23.20 Brúin *(1:10) (Broen II)*
00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
11.15 Dr. Phil
12.40 Kitchen Nightmares
13.30 Secret Street Crew
14.20 Save Me
14.45 Rules of Engagement
15.10 30 Rock
15.35 Happy Endings
16.00 Parks & Recreation
16.25 Bachelor Pad
17.55 Rookie Blue *(7:13)*
18.45 Unforgettable *(2:13)*
19.35 Judging Amy *(7:24)* Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
20.20 Top Gear *(4:6)*
21.15 Law & Order: Special Victims Unit *(5:23)* Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York-borg.
22.00 Dexter *(2:12)* Lokaþáttaröðin af þessum ódauðlegu þáttum.
22.50 The Borgias *(2:10)* Alexander situr sem fastast á páfastóli en sótt er að honum úr öllum áttum. Björn Hlynur Haraldsson leikur aukahlutverk í þáttunum.
23.40 Málið
00.10 Under the Dome
01.00 Hannibal
01.45 Flashpoint
02.30 Dexter
03.20 Excused
03.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport **08.30** Alfred Dunhill Links Championship **12.30** Alfred Dunhill Links Championship **16.30** Inside the PGA Tour **16.55** Alfred Dunhill Links Championship **20.55** Alfred Dunhill Links Championship **00.55** Eurosport

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Helgi syngur Hauk

ásamt

THE CAPITAL DANCE ORCHESTRA

frá Berlin

Eldborg í Hörpu 11.október



Uppselt!

auka tónleikar

kl. 23.00 föstudaginn 11. októkber sama dag

Sérstakir gestir:

Sigríður Thorclacius

Björgvin Halldórsson

Bogomil font

Þú getur nálgast þinn miða á:

harpa.is og midi.is

DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

Bradley Cooper

„Ég notaði skó númer 44 þegar ég var tíu ára gamall, þannig að ég hélt ég myndi verða 207 sentímetra hár. Markmiðið var að geta troðið á körfu. Ég endaði með því að verða 185 sentímetra hár og nota skó númer 46,5."

Leikarinn Bradley Cooper fer með eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni Limitless sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld klukkan 20.15.

Stöð 3 kl. 11.30

Miss World

Miss World-keppnin er sýnd í beinni útsendingu á Stöð 3 í dag. Keppnin fer fram á Balí í Indónesíu en Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir laganemi tekur þátt í keppninni fyrir Íslands hönd. Sigríður Dagbjört vann keppnina Ungfrú Reykjavík árið 2011. Ellý Ármanns og Marín Manda lýsa keppninni fyrir áhorfendum og fá til sín Tönju Ýr Ástþórsdóttur, Ungfrú Ísland 2013, auk annarra valinkunnra gesta.

Rás 2 kl. 15.00

Grínistar hringborðsins

Í þættinum Grínistar hringborðsins leiða íslenskir grínistar saman hesta sína, ráðast með háði að fáránleika tilverunnar, stinga með atgeirum fíflagangsins á kýlum þjóðfélagsins og senda eitraðar gleðiörvar út í þjóðfélagið. Umsjónarmaður þáttarins er Þorsteinn Guðmundsson.

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir **07.25** Villingarnir **07.50** Hello Kitty **08.00** Algjör Sveppi **09.30** Scooby-Doo! **09.50** Lukku láki **10.15** Loonatics Unleashed **10.40** Young Justice
11.05 Big Time Rush
11.45 Bold and the Beautiful
13.25 Ástríður
13.55 Heimsókn
14.15 Um land allt
14.40 Sjálfstætt fólk
15.15 ET Weekend
16.00 Íslenski listinn
16.30 Sjáðu
17.00 Pepsí-mörkin
18.15 Ávaxtakarfan
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.50 Íþróttir
18.57 Lottó
19.05 Næturvaktin
19.35 Spaugstofan Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Siggi Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku.
20.05 Beint frá messa Tónleikaröð í umsjá Bubba Morthens.
20.45 Veistu hver ég var? Laufléttur og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Sigga Hlö.
21.25 Snow White and the Huntsman Mögnuð mynd þar sem klassíska sagan um Mjallhvíti og vondu stjúpmóðurina lifnar hér á hvíta tjaldinu á eftirminnilegan hátt. Kristen Stewart og Charlize Theron í aðalhlutverkum.
23.35 Ronin Írskur lýðveldissinni ræður harðsvíraða málaliða til þess að hafa uppi á ferðatösku sem er í vörslu fyrrverandi KGB-njósnara.
01.30 The Help
03.55 Columbus Day
05.25 Spaugstofan
05.55 Fréttir

SPORT
besta sætið

12.30 Spænsku mörkin
13.00 Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur
13.30 Pepsí deildin 2013 Bein útsending frá leik KR og Fram í lokaumferð Pepsi deild karla í knattspyrnu.
16.00 Pepsí-mörkin 2013
18.30 Pepsí deildin 2013
20.20 Pepsí-mörkin 2013
22.50 Almeria - Barcelona
00.30 Real Madrid - Atletico Madrid

SPORT 2
enski boltinn

09.40 Match Pack Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar.
10.10 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
11.05 Enska úrvalsdeildin - upphitun
11.35 Tottenham - Chelsea Bein útsending
13.45 Man. Utd. - WBA Bein útsending
16.15 Swansea - Arsenal Bein útsending
18.30 Fulham - Cardiff
20.10 Aston Villa - Man. City
21.50 Hull - West Ham
23.30 Southampton - Crystal Palace

INN

17.00 Úrsus og félagar **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Úrsus og félagar **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur ,tækni og kennsla. **23.00** Veiðin og Bender **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

STÖÐ 3

11.30 Miss World 2013 Bein útsending frá Balí þar sem keppnin um titilinn ungfrú Heimur fer fram. Lögfræðineminn Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir tekur þátt fyrir Íslands hönd.
14.00 Hart of Dixie *(3:22)*
15.00 The X-Factor US *(5:26)*
16.20 The X-Factor US *(6:26)*
17.05 The Amazing Race *(3:12)*
17.50 Offspring *(2:13)*
18.35 The Cleveland Show *(3:21)*
19.00 Miss World 2013
21.30 Golden Boy *(3:13)* Bandarísk þáttaröð um ungan lögreglumann sem öðlast skjótan frama.
22.15 Intruders Ógnvekjandi spennutryllir þar sem raunveruleikinn og ímyndun skarast.
23.55 The Vampire Diaries *(3:22)*
00.35 Zero Hour
01.20 Miss World 2013
03.55 Golden Boy
04.40 Tónlistarmyndbönd

krakkar

07.00 Könnuðurinn Dóra **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Elías **07.58** Áfram Diego, áfram! **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Hello Kitty **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Svampur Sveinsson **11.46** Elías **11.58** Áfram Diego, áfram! **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.56** Rasmus Klumpur og félagar **13.01** Latibær **13.25** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Hello Kitty **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Svampur Sveinsson **15.46** Elías **15.58** Áfram Diego, áfram! **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.56** Rasmus Klumpur og félagar **17.01** Latibær **17.25** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Hello Kitty **19.00** Sammy's Adventures

GULL

17.55 Strákarnir
18.25 Friends
18.45 Seinfeld
19.10 Modern Family
19.35 Two and a Half Men *(9:24)*
20.00 KF Nörd Rómantíkin knýr dyra í þessum þætti um KF Nörd.
20.40 Pressa *(2:6)*
21.25 Entourage *(7:12)*
21.55 Fringe *(15:20)* Olivia Dunham alríkisfulltrúi og feðgarnir Walter og Peter Bishop hafa komist á snoðir um að hin dularfullu mál sem þau fengu inn á borð til sín væru öll nátengd.
22.45 KF Nörd
23.25 Pressa
00.10 Entourage
00.40 Fringe
01.30 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

08.10 Charlie and the Chocolate Factory
10.05 Just Wright
11.45 Everything Must Go
13.20 Limitless
15.05 Charlie and the Chocolate Factory
17.00 Just Wright
18.40 Everything Must Go
20.15 Limitless
22.00 After.life
23.45 Tenderness
01.25 Honeydripper
03.30 After.life

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
10.30 Útsvar
11.35 Með okkar augum *(6:6)*
12.05 Kastljós
12.25 Mótorsport
12.55 Golfið
13.25 Kiljan
14.10 Djöflaeyjan
14.40 Útúrdúr Í þáttunum er fjallað um klassíska- og samtímatónlist í víðum skilningi og leitast við að kynna hana á skemmtilegan, aðgengilegan og fjölbreyttan hátt.
15.30 Íslandsmótið í handbolta *(ÍR-Akureyri)* Bein útsending
17.30 Táknmálsfréttir
17.40 Bombubyrgið *(4:26) (Blast Lab)*
18.10 Ástin grípur unglinginn *(77:85)*
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Ævintýri Merlíns *(5:13)*
20.30 Hljómskálinn Þáttaröð um íslenska tónlist fleytifull af skemmtilegheitum og fjöri. Sigtryggur Baldursson og félagar fara yfir víðan tónlistarvöll og yfirheyra goð og garpa íslenskrar tónlistarsögu.
21.05 Hraðfréttir Benedikt og Fannar líta yfir atburði liðinnar viku.
21.15 Indiana Jones og kóngsríki kristallshöfuðkúpunnar *(Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull)* Í þessari mynd fer kappinn Indiana Jones til Perú að leita að fornum grip sem býr yfir slíkum áhrifamætti að sjálfstæði Vesturveldanna kynni að vera í hættu ef hann lenti í röngum höndum.
23.20 Glansmynd *(Lymelife)*
00.55 Löghlýðni borgarinn *(The Law Abiding Citizen)*
02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
10.00 Dr. Phil
12.05 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
12.35 Gordon Behind Bars
13.25 Design Star
14.15 Judging Amy
15.00 The Voice *(1:13)*
17.30 America's Next Top Model *(3:13)*
18.15 The Biggest Loser *(14:19)* Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form á ný.
19.45 Secret Street Crew *(4:6)* Ofurdansarinn Ashley Banjo stjórnar þessum frumlega þætti þar sem hann æfir flóknar dansrútínur með ólíklegasta fólki.
20.35 Bachelor Pad *(3:7)* Sjóðheitir þættir þar sem keppendur úr Bachelor og Bachelorette eigast við í þrautum sem stundum þarf sterk bein til að taka þátt í.
22.00 The Truman Show
23.40 Dumb and Dumberer Gamanmynd frá árinu 2003 sem fjallar um það þegar Harry og Lloyd.
01.10 Rookie Blue
02.00 The Borgias
02.50 Excused
03.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport **08.35** Golfing World **09.25** Golfing World **10.15** LPGA Highlights **11.35** PGA Tour - Highlights **12.30** Alfred Dunhill Links Championship **16.30** Inside the PGA Tour **16.55** Alfred Dunhill Links Championship **20.55** Alfred Dunhill Links Championship **00.55** Eurosport

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

ego dekor

CARLO Leðurhornsófi
Litir: Hvítt eða Svart
Stærð: 300x210cm
Verð: 398.000,-

GLERSKÁPUR
Breidd:160cm Hæð:208cm
Verð: 229.000,-

Stækkanlegt Borð
212(304)cm x 106cm
Verð: 159.000,-

APOLLO Tungusófi
288 x 198cm
verð: 219.300,-



SÓFABORÐ
Stærð: 120x60cm.
Verð: 39.900,-

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

FOREX Tungusófi
Stærð: 270x165cm
Verð: 186.150,-

SKENKUR
Breidd: 160cm Hæð: 125cm
Verð: 138.000,-

PISA Tungusófi
Stærð: 300x170cm
Verð: 232.200,-

BRISTOL Tungusófi
Stærð: 312x200cm
Verð: 246.600,

CHANARAL Armstóll
Verð: 45.000,-

VERONA Armstóll
Verð: 35.000,-

PRESTON Stóll
Verð: 25.900,-

JASMINE Stóll
Verð: 25.900,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

FEGURÐARDROTTNING HITTIR SÖNGVARA BLUE

Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, sem er nú stödd á Balí og tekur þar þátt í fegurðarsamkeppninni Ungfrú heimur, kiknaði í hnjáliðunum á æfingu fyrir stóra kvöldið í gær. Þar sem hún stóð baksviðs, í þjóðbúningi Balí, vindur sér að henni enginn annar en Duncan úr hljómsveitinni Blue. „Hvort finnst þér þú kynæsandi eða asnaleg í þessum búningi?“ spurði söngvarinn Sigríði, sem segist hafa verið aðdáandi hljómsveitarinnar frá tólf ára aldri.

Úrslitakvöldið fer fram í kvöld og mun hljómsveitin Blue koma fram og spila. **- nej**

„Við sækjum sama hofið og ég fríka út í hvert sinn sem ég sé hana. Ég er svo mikill njörður,“

SAGÐI LEIKKONAN **NATALIE PORTMAN** Í VIÐTALI VIÐ ELLE OG Á PAR VIÐ LEIKKONUNA JENNIFER GREY SEM FÓR MEÐ AÐALHLUTVERKIÐ Í DIRTY DANCING. PORTMAN ER MIKILL AÐDÁANDI MYNDARINNAR OG GREY.

DAMIEN RICE Á ÍSLANDI

Írski tónlistarmaðurinn **Damien Rice** er staddur hér á landi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Talið er að hann hafi dvalið hér í nokkrar vikur og sé að vinna að nýrri plötu.

Rice, sem er mikill Íslandsvinur, hefur komið hingað til lands nokkrum sinnum áður og kom meðal annars fram á tónlistarhátíðinni Bræðslunni árið 2008 og á Náttúrutónleikunum sem haldnir voru í Laugardalnum á sínum tíma.

Ekki liggur ljóst fyrir hversu lengi Rice mun dvelja hér á landi eða hvort tónleikar séu á döfinni. **- glp**



AFTUR Í TOPMODEL

Kristinn Óli Hrólfsson rekur hárgreiðslustofuna Mugshot í Kaupmannahöfn ásamt Mike Nielsen. Þeir félagar voru nýverið fengnir til að taka að sér að breyta útliti keppenda í sjónvarpsþáttunum Danmarks næste topmodel sem sýndir eru á Kanal 5. Kristinn Óli og Mike gerðu slíkt hið sama í fyrra og er þetta í fyrsta sinn sem hárgreiðslustofu er boðið aftur í þáttinn. Þátturinn sem Kristinn og Mike komu fram í var sýndur á fimmtudag. **- sm**

Borgarleikhúsið óskar eftir að ráða starfsfólk í leikgervadeild

Hárgreiðslumenntaðir starfsmenn - Hæfniskröfur:
Reynsla af meðhöndlum á hárkollum
Kunna skil á tímabilum í hárgreiðslu (period hárgreiðsla)
Reynsla af leikhúsvinnu

Leikhúsförðunarfræðingur - Hæfniskröfur:
Reynsla af leikhúsvinnu
Menntun í leikhúsförðun

Um er að ræða hlutastörf á kvöldin og um helgar.
Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Vinsamlegast sendið starfsferilsskrá á netfangið: **umsokn@borgarleikhus.is**

Umsóknarfrestur er til og með **3. október n.k.**

SAMSTARF MEÐ HAY Snæfríð Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir hönnuðu dagatal sem fæst nú hjá systurfyrirtæki Hay, Wrong for Hay. Hay er eitt stærsta hönnunarfyrirtæki heims um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Seldu Hay réttinn að dagatali næstu árin

Snæfríð Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir hönnuðu dagatal fyrir nokkrum árum. Wrong for Hay selur nú dagatalið undir sínu nafni.

„Þetta kom þannig til að hönnuðurinn Sebastian Wrong kom hingað til lands í tengslum við Design Match, sem er á vegum Hönnunarmiðstöðvar og Hönnunarmars. Design Match er ætlað að koma á tengslum á milli íslenskra vöruhönnuða og erlendra aðila og þannig kynntumst við Wrong. Hann hóf nýverið samstarf við danska hönnunarfyrirtækið Hay og hannar systurlínu undir nafninu Wrong for Hay, dagatalið okkar verður selt undir því nafni,“ segir Snæfríð Þorsteins um samstarf sitt og Hildigunnar Gunnarsdóttur við hönnunarrisann Hay. Snæfríð og Hildigunnur hönnuðu umrætt dagatal fyrir um fimm árum en samningurinn við Hay er nýr af nálinni.

„Það eru mörg ár síðan dagatalið leit fyrst dagsins ljós. Við höfum gefið það út árlega í nokkur ár og breytt útlitinu í hvert sinn okkur til gamans. Dagatalið er „ríffidagatal“, maður rífur dagana af og sér árið tætast upp,“ útskýrir Snæfríð.

Danskur risi

Hönnunarfyrirtækið Hay var stofnað árið 2002 og frumsýndi sína fyrstu línu á hönnunarmessunni IMM í Köln árið 2003. Markmið Hay var að skapa fallega hönnun í anda sjötta áratugarins en með nútímalegum blæ.

Fyrirtækið rekur þrjár verslanir í Danmörku og eina í Noregi auk þess sem vörur þeirra fást í verslunum víða um heim, þar á meðal hér á landi. Hönnun þeirra má gjarnan finna á síðum hönnunartímarita og er stóllinn J77 á meðal þeirra þekktustu vara.

Spurð nánar út í samninginn við Wrong for Hay segir Snæfríð að fyrirtækið hafi tryggt sér einkarétt á dagatölunum næstu fimm árin en þær halda réttinum á Íslandi. „Við fáum svo prósentu af hverri sölu. Hay hefur verið á þvílíkri siglingu undanfarið og eru með öfluga dreifingu á vörum sínum. Þetta er því ansi þétt dreifikerfi sem við dettum inn í.“

Snæfríð er vöruhönnuður að mennt og Hildigunnur er grafískur hönnuður. Þær hafa starfað lengi saman og vinna einkum við grafíska hönnun. Aðspurð segir Snæfríð að þær stöllur mundu gjarnan vilja halda samstarfinu við Hay áfram, standi það til boða. „Þetta er það fyrirtæki sem við hefðum helst viljað vinna með. Við sjáum svo hvernig þetta samstarf fer,“ segi hún að lokum. sara@frettabladid.is

HUMAR 2.600 kr.kg
Laxaflök beinlaus og flott
Súr Hvalur
Opið laugardaga 10-15.00
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

LEIKTÆKNISKÓLI
Magnúsar Jónssonar & Þorsteins Bachmann

Námskeið í hagnýtri og skapandi leiklist

Michael Chekhov tækni • Þjálfun líkama og raddar
Textagreining • Hugleiðsla og slökun
... og margt fleira

Nýtt námskeið frá 8. október til 12. nóvember 2013
Kennsla fer fram öll þriðjudagskvöld frá kl. 19.30 til 23.00

Magnús og Þorsteinn eru meðal reyndustu leikara sinnar kynslóðar með áratuga reynslu af vinnu við leikhús, kvikmyndir og sjónvarp.

Leiktækniskólinn er á Facebook, þar má nálgast frekari upplýsingar.
Skráning og fyrirspurnir á **leiktaekniskolinn@gmail.com.** Aldurstakmark 18 ára.

Mamma Angóla í nýrnaígræðslu

Móðir Unnsteins og Loga úr Retro Stefson gekkst undir nýrnaígræðslu í Svíþjóð.

Ana Maria Unnsteinsson, móðir bræðranna Unnsteins Manuels og Loga Pedro Stefánssona úr hljómsveitinni Retro Stefson, er nýkomin heim til Íslands eftir að hafa gengist undir nýrnaígræðslu í Gautaborg í Svíþjóð.

„Þetta gekk bara mjög vel,“ segir Unnsteinn Manuel spurður út í aðgerðina, sem var framkvæmd fyrir viku. Þeir Logi Pedro fóru út til Svíþjóðar með móður sinni og voru henni til halds og trausts.

Þetta var þriðja nýrnaaðgerðin sem Ana Maria gekkst undir og að sögn Unnsteins stóð hún sig eins og hetja. Hún dvaldi á sjúkrahúsinu í eina viku og flaug svo heim með sonum sínum á fimmtudag.

Líklega hafa flestir heyrt Önu Mariu getið sem Mömmu Angóla en hún er umfjöllunarefni samnefnds poppsmells Retro Stefson sem var eitt vinsælasta lag sumarsins 2010. **- fb**

ANA MARIA Mamma Angóla gekkst undir vel heppnaða nýrnaígræðslu í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

➜ Ana Maria flutti til Íslands árið 1995 eftir að hún komst að því að hún væri með nýrnasjúkdóm.

Egill Árnason™

Wenge Elegance
ásamt 160 öðrum tegundir í boði

Baltic Wood

EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG

NÝJUNG



35% Sterkara lakk

Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekkist fyrir viðargólf í dag.

Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.

30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.

Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórri smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.

Baltic Wood™

Egill Árnason Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland

NÆRMYND

Katrín Jónsdóttir

knattspyrnukona og læknir.

FORELDRAR: Jón Óttarr Karlsson og Ingigerður Torfadóttir

Katrín er ein ástsælasta knattspyrnukona Íslands og lék sinn síðasta landsleik fyrir þjóðina síðastliðinn fimmtudag gegn Sviss. Hún býr í Svíþjóð, er læknir og er í sérnámi. Hún er gift Þorvaldi Makan Sigbjörnssyni.

Katrín er einstök manneskja, einlæg og heiðarleg. Hún hefur einstaka leiðtogahæfileika án þess að vera of ýkt í því og er frábær leiðtogi. Hún er frábær íþróttamaður og öðrum íþróttamönnum fyrirmynd. Það eru allir jafnir fyrir Katrínu, hvort sem þeir hafa spilað 300 landsliðsleiki eða engan. Hún er ein af þessum fullkomnu, með gáfurnar, íþróttahæfileikana og metnaðinn.

Margrét Lára Viðarsdóttir, *vinkona og liðsfélagi.*

Hún er ofboðslega metnaðarfull í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur enda sést það best á árangri hennar í öllu sem hún gerir. Hún er ákaflega einbeitt og gerir miklar kröfur til sjálfrar sín og er með allt á hreinu. Það er eitt að vera góð í fótbolta en annað að standast alla samkeppnina í svona mörg ár og hún gerði það svo sannarlega enda sló hún leikjametið með landsliðinu. Katrín hætti á toppnum og getur borið höfuðið mjög hátt.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, *fyrrverandi landsliðsþjálfari.*

Katrín vandar ávallt til verka í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún er samviskusöm, dugleg og vinnusöm. Hún er ábyrgðarfull, skipulögð og vill hafa hlutina á hreinu. Hún er einnig mjög skörp, stundvís, kurteis og er góð fyrirmynd. Katrín er mikil fjölskyldumanneskja, vinur vina sinna og á frábæran eiginmann sem styður vel við bakið á henni. Katrín er manneskja sem vill ná árangri og gerir það.

Jón Óttarr Karlsson, *faðir Katrínar.*

GAVIK borðlampi. Matt gler. H21cm. Ýmsir litir **1.990,-**
Verð áður: 2.690,-

SPARSAM sparperur E14 7 W. Hvítt
995,-/2 í pk. ~~1.190,-~~

JANSJÖ LED USB lampar Svart/hvítt

PATRULL næturljós m/birtuskynjara Ýmsir litir **795,-/stk.**
Verð áður: 995,-

Er kveikt á perunni á þínu heimili?

ÅRSTID vegglampi Skermur Ø16cm. Nikkelhúðað/hvítt **2.990,-**

Nýtt

995,-

LEDARE LED ljósapera E27 400 lm. Kúlulaga. Hvítt
LED ljósaperur nota allt að 85% minna af orku og endast um 20 sinnum lengur en glóperur, eða u.þ.b. 25.000 klst.

2.990,-

JONOSFÄR hengiljós H23cm. Ýmsir litir

IKEA PS 2012 LED vegglampi. Ýmsir litir **8.990,-**

VIKT LED vegglampi B10×D8, H12cm Hvítt **6.990,-**

SPARSAM sparperur E27 20 W **995,-/stk.** ~~1.190,-~~

JANSJÖ LED ljóskastari m/klemmu. H40cm. Ýmsir litir **1.990,-**

HALOGEN ljósaperur GU10 35 W **750,-/4 í pk.**
Verð áður 895,-

SMILA MÅNE vegglampi B31×D7, H22cm. Gult **1.690,-**

KNUBBIG borðlampar Ø11cm. Ýmsir litir

HEKTAR gólflampi H180cm. Stál **12.990,-**

KLABB borðlampi. Ál/drappað B24×D13, H44cm **5.690,-**
Verð áður: 5.990,-

© Inter IKEA Systems B.V. 2013

VEITINGASTAÐURINN
695,-
Sjóðheitt chili con carne
aðeins til 6. október

HEIMABAKARINN KYNNIR
Laugardag og sunnudag kl. 13-17 bjóðum við þér að smakka nýbakaðar brauð- og kanilstangir. Þær eru ómótstæðilegar!

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®